





SÉRBLAÐ FYLGIR
Europris
FRÁBÆR TILBOÐ!

FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT
23. nóvember 2005 — 296. tölublað — 5. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Sími: 550 5000

# Markús lofaði Jóni lóð í Kringlunni

**Markús Örn Antonsson staðfestir að Jón Ólafsson hafi fengið vilyrði fyrir lóð undir kvikmyndahús í Kringlunni. Hann segir Davíð Oddsson ekki hafa hindrað framgang málsins. Bréf vegna málsins sem talið var týnt hefur nú fundist.**

**DEILUR** „Jón vék að því í samtali við mig hvort Davíð Oddsson hafi komið nálægt málinu,“ segir Markús Örn Antonsson, sendiherra í Kanada. Jón Ólafsson athafnamaður hafði fengið vilyrði Markúsar Arnar Antonssonar, þá borgarstjóra, til þess að reisa kvikmyndahús á lóð við hlið Verslunarskólans í Kringlunni, árið 1992.

Jón hefur sagst hafa heimildir fyrir því að Davíð Oddson, þá forsætisráðherra, hafi komið að málinu og tjáð Markúsi Erni vanþóknun sína á þeim gjörningi að Jón ætti að fá lóð undir kvikmyndahús í Kringlunni. Þessu til staðfestingar bendir Jón á að bréf frá Markúsi til Þorvarðar Elíassonar, skólastjóra í Verslunarskólanum, um málið sé týnt jafnvel þótt bókun sé til um tilvist bréfsins hjá skjalasafni Reykjavíkurborgar.

„Strax í kjölfar útgáfu Jónsbókar leituðum við aftur að bréfinu, því okkur þótti náttúrulega ákaflega miður að þetta skyldi ekki finnast, og þá loks fundum við bréfið,“ segir Halla María Árnadóttir, forstöðumaður skjalasafns Ráðuhússins.

Í bréfi Markúsar til Þorvarðar segir Marskús að hann „...vilji beina því til forráðamanna Verslunarskólans að nýta eftir því sem kostur er þá vinnu sem lögð var í undirbúning vegna fyrirhugaðs kvikmyndahúss. Að því væri örugglega hagræði.“

Markús segir að ekki hafi verið um neitt samráð milli sín og Davíðs um þessi lóðamál. „Þegar á hólminn var komið var ekkert sem benti til þess að Verslunarskólinn hygðist eiga þetta samstarf við Jón um verkefnið. Þetta staðfestist aldrei og Verslunarskólinn sótti æ fastar að fá þessa lóð undir starfsemi skólans,“ segir Markús. Hann bendir á að mikill stuðningur hafi verið við þá hugmynd að Verslunarskólinn fengi lóðina enda hafi stjórn borgarinnar talið sig hafa ríkum skyldum að gegna við menntastofnun sem þegar hafði komið sér fyrir á svæðinu.

„Skömmu eftir þetta sá ég Jón á mynd með Davíð Oddssyni og fleiri forystumönnum Sjálfstæðisflokksins þegar Jón gaf út geisladisk fyrir flokkinn. Ég fékk ekki betur séð en að vel færi á með þeim félögum við þetta hátíðlega tækifæri,“ bætir Markús við. **- saj**



**VALT Á MIKLUBRAUT** Lögreglumenn rannsaka vettvang þar sem þessi fólksbíll valt á Miklubraut um hádegið í gær. Að sögn lögreglu missti bílstjórinn, sem var einn í bílnum, stjórn á honum með þessum afleiðingum. Óljóst var hvaða olli því að hann missti stjórnina. Bílstjórinn komst sjálfur út úr bílnum en hann var fluttur á slysadeild til skoðunar. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Kona á áttræðisaldri í hremmingum á bensínlausum bíl í Ártúnsbrekku:

# Beið í fimm tíma eftir hjálp

**ÓHAPP** Reykvísk kona á áttræðisaldri beið í fimm klukkustundir í bíl sínum í Ártúnsbrekkunni í fyrrinótt eftir að aðstoð bærist. Það var ekki fyrr en strætisvagnabílstjóri gerði lögreglu viðvart að konunni barst hjálp.

„Ég sat þarna í fimm klukkustundir og var orðin nokkuð þjökuð,“ segir konan, Vigfúsína Thorarensen Clausen við Fréttablaðið í gær. Hún var þá óðum að jafna sig eftir nóttina. Vistin í bílnum var óneitanlega köld þar sem bíllinn var bensínlaus og biðin löng.

Vigfúsína segist hafa verið að koma úr heimsókn úr Mosfellsbæ. Hún hafi villst af leið og stoppað síðan í Ártúnsbrekkunni. Þar varð bíllinn bensínlaus, farsíminn hennar heima og ekki um annað að ræða en að bíða þess að aðstoð bærist.

„Þá bar þarna að mann sem spurði hvort væri allt í lagi hjá mér,“ segir Vigfúsína. „Ég sagði honum að ég þyrfti aðstoð og bað hann að hafa samband við lögregluna. Eitthvað hefur farið úrskeiðis því sú hjálp barst aldrei.“

Fleiri vegfarendur stoppuðu hjá Vigfúsínu eftir þetta, en hún sagði þeim að hún væri búin að koma boðum um aðstoð áleiðis.

„Mér var orðið rosalega kalt,“ segir hún. „Ég var ekki manneskja til að fara út úr bílnum og ganga því ég er svo mikill baksjúklingur og geng við staf.“

Það var ekki fyrr en árvökull strætisvagnabílstjórinn tilkynnti um kyrrstæða bifreið í Ártúnsbrekkunni í gærmorgun að lögregla kom á staðinn.

„Það komu þarna tveir elskulegir lögregluþjónar, karl og kona, og óku mér heim,“ segir Vigfúsína. „Allt fór þetta vel að lokum og allt er gott sem endar vel. Hér eftir mun ég taka farsímann með mér þegar ég fer eitthvað því hann er óneitanlega mikið öryggistæki. Svona forláta verkfæri gerir ekkert gagn ef það er skilið eftir heima.“ **- jss**



**NETANYAHU** Stuðningsmenn Sharons segja Netanyahu skorta þann dug sem þeirra foringi býr yfir.

Likud-menn eru æfir:

## Saka Sharon um valdníðslu

**JERÚSALEM, AP** Kosningabaráttan fyrir þingkosningarnar í Ísrael í vor er þegar hafin. Stuðningsmenn Ariels Sharon forsætisráðherra, sem í fyrradag klauf Likud-bandalagið, ítrekuðu í gær markmið hins nýja flokks um að friðarsamkomulagi við Palestínumenn yrði náð og þeir fengju að stofna sjálfstætt ríki.

Fyrrum félagar Sharons í Likud-bandalaginu vönduðu honum hins vegar ekki kveðjurnar í gær. Benjamín Netanyahu, fyrrverandi forsætisráðherra og líklegur eftirmaður Sharons, sagði hann einræðisherra sem skildi ekki lýðræði og nýi flokkurinn væri fullur af strengjabrúðum. Sjá síðu 16

Öryrkjabandalagið:

## Ráðherrann tryggi bætur

**ÖRORKA** Öryrkjabandalag Íslands hefur sent Jóni Kristjánssyni heilbrigðisráðherra bréf þar sem óskað er eftir því að hætt verði við að fella niður bætur síðustu mánuði ársins til þeirra öryrkja sem hefðu fengið ofgreiddar bætur á árinu. ÖBÍ vísar til tveggja lagagreina sem segja að ekki megi taka meira en 20 eða 25 prósent af bótum hverju sinni.

Arnþór Helgason, framkvæmdastjóri ÖBÍ, segir að bandalagið telji niðurfellinguna ólöglega og siðferðislega ranga. Öryrkjabandalagið muni leita allra leiða til að fá þessu hnekkt og ekki séu neinar leiðir útilokaðar í því efni. Einkum komi tvennt til, að senda erindi til úrskurðarnefndar almannatrygginga eða leita til dómstóla. **- ghs**

> Markaðurinn
*Sögurnar ... tölurnar ... fólkið ...*
FYLGIR MEÐ FRÉTTABLAÐINU Í DAG




### Gekk undir nafninu Snædrottningin

Elva Ósk Ólafsdóttir og Örninn hirtu verðlaunin á Emmy-verðlaunahátíðinni

FÓLK 46



### Kominn í hring

Mike Pollock verður umkringdur ljóðskáldum í kvöld.

MENNING 70



### Friðsældin framundan

„Mislæg gatnamót eru manndómsvígsla, þar duga menn eða hika, tapa og drepast. Sá sem ekki tekur rétta hægri beygju á leið sinni til vinstri veit ekki fyrr en hann er lentur í Mosfellsbæ,“ segir Haukur Már Helgason.

Í DAG 20

### United í vondum málum

Stórlið Man. Utd er langt frá því að vera öruggt áfram í Meistaradeildinni eftir annað markalaust jafntefli á heimavelli. Að þessu sinni gegn Villarreal.

ÍÞRÓTTIR 42



### VEÐRIÐ Í DAG




**KÓLNANDI VEÐUR** fyrst um norðanvert landið. Skúrir eða slydduél sunnan og vestan til en snjóél á Norðurlandi. Úrkomulítið allra austast. Hiti 0-4 stig í dag en frystir víða í kvöld.

VEÐUR 4

SUÐVESTURHORNIÐ
Lestur kvenna á miðvikudögum*




*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup í júní 2005. Lestur meðal 25-54 ára kvenna.





## SPURNING DAGSINS

*Anna, áttu von á að komast í feitt?*

„Vonandi ekki í orðsins fyllstu merkingu.“

Anna Elísabet Ólafsdóttir, forstjóri Lýðheilsustöðvar, undirbýr umfangsmikla rannsókn á holdafari, streitu og geðheilbrigði þjóðarinnar.

Lögreglurannsókn á Akranesi vegna ólöglegra starfsmanna:

# Nýjar aðferðir við að brjóta kjarasamning

**VINNUMARKAÐUR** „Þetta mál hefur ekkert með starfsmannaleigur að gera og það gæti verið að rannsóknin leiddi í ljós alveg nýjar aðferðir vinnuveitanda við að fara á svig við kjarasamninga og borga erlendu vinnuafli mun minna en þeim ber,“ segir Vilhjálmur Birgisson formaður Verkalýðsfélags Akraness.

Hann óskaði eftir lögreglurannsókn á verktakafyrirtæki á Akranesi en þar starfa allnokkrir Litháar.

Tveir verkamannanna sem yfirheyrðir hafa verið reyndust vera án tilskilinna leyfa en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafa tíu aðrir verið yfirheyrðir. Að sögn Jóns Sigurðar Ólafssonar yfirlögregluþjóns er ekki enn vitað með vissu hversu margir starfsmenn tengjast málinu. „Við erum að fara yfir gögn, meðal annars frá Útlendingastofnun og Vinnumálastofnun svo það er enn of snemmt að segja nokkuð,“ segir Jón Sigurður.

Í fyrradag gerði Laufey Sigurðardóttir, heilbrigðisfulltrúi bæjarins, úttekt á aðbúnaði mannanna og segir hún að í dag muni hún funda með vinnuveitanda um þær úrlausnir sem hann verður að gera á aðstöðu þeirra. Ekki vildi hún þó lýsa því nánar að hvaða leyti aðbúnaðurinn væri ófullnægjandi. - jse



**FRÁ AKRANESI** Verkalýðsfélagið á Akranesi hefur staðið í stórræðum á þessu ári vegna málefna erlendra starfsmanna en þetta mál sem nú er upp komið á sér enga hliðstæðu segir formaðurinn.

Frumvarp lagt fram:

## Engin rök fyrir mismunun

**ALÞINGI** Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra mælti í gær fyrir nýju frumvarpi um bætt réttindi samkynhneigðra, en málið var kynnt opinberlega fyrir skemmstu.

Efnislega sagði Halldór að með frumvarpinu væri í raun verið að framfylgja jafnréttisákvæði stjórnarskrárinnar. Engin rök hefðu fundist sem réttlættu mismunun.

Frumvarpið kveður á um stöðu samkynhneigðra í sambúð og sambærilegan rétt og gagnkynhneigðir njóta að lögum. Einnig er kveðið á um ættleiðingar og að lesbískum pörum verði heimilt að undirgangast tæknifrjóvgun á sama hátt og gagnkynhneigðar konur. - jh

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Drengur datt af vinnupalli** Leikur drengja í nýbyggingu í Þorlákshöfn endaði um sexleytið í gærkvöld á því að einn þeirra datt niður af vinnupalli og var fluttur á slysadeild. Reyndist hann hafa hlotið minniháttar heilahristing, að því er lögreglan á Selfossi greindi frá.

## Ritskoðun

Sökum lögbanns sem sýslumaðurinn í Reykjavík setti á skrif Fréttablaðsins sem byggja á tölvupósti sem með einum eða öðrum hætti hefur haft viðkomu hjá Jónínu Benediktsdóttur, eru lesendur beðnir að athuga að blaðið getur þar með ekki skrifað fréttir um aðdraganda rannsóknar Baugsmálsins eins og það hefði kosið að gera. Sýslumaður hefur bannað Fréttablaðinu að endurbirta, í heild eða hluta, fyrri fréttir um sama mál. Þar sem fátt fréttnæmt var eftir óbirt í þeim gögnum sem hald var lagt á munu aðgerðir sýslumanns ekki skaða fréttaskrifin eins mikið og í fyrstu mætti ætla. -ritstj.

# Tíundi hver nemi haldinn átröskun

**Frumniðurstöður rannsóknar á tíðni átröskunareinkenna meðal framhaldsskólanema sýna að einn af hverjum tíu hefur einkenni lystarstols, lotugræðgi eða megrunar. Átraskanir virðast algengari en rannsakendur bjuggust við.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Frumniðurstöður nýrrar íslenskrar rannsóknir benda til að allt að einn af hverjum tíu nemendum í framhaldsskólum landsins sé haldinn átröskun eða hafi einhver einkenni átröskunar. Rannsóknina gerðu Guðlaug Þorsteinsdóttir geðlæknir og Lilja Ósk Úlfarsdóttir, doktor í sálfræði, en þær hlutu styrki meðal annars úr vísindasjóði Landspítala - háskólasjúkrahúss til að kanna faraldsfræði átraskana í framhaldsskólum á Íslandi.

„Við gerð þessarar rannsóknar notuðum við nýlegan spurningalista sem gefur vísbendingar um sjúkdómsgreiningar,“ segir Guðlaug. „Í ljósi frumniðurstaðna sýnist okkur að átröskun af einhverju tagi sé algengari í aldurshópnum sem er á framhaldsskólastigi en við bjuggumst við. Listinn var lagður fyrir nemendur í framhaldsskólum á höfuðborgarsvæðinu, nágrannasveitarfélögunum og nokkrum skólum úti á landsbyggðinni. Stærsta úrtakið var af höfuðborgarsvæðinu.“

Guðlaug segir ekki hægt að fullyrða að unglingum á þessum aldri sem hafa einkenni um átröskun hafi farið fjölgandi þar sem ekki hafi verið gerðar aðrar sambærilegar rannsóknir. Hins vegar benda margar erlendar rannsóknir til að tilfellum átraskana, sérstaklega vægari tegunda, hafi fjölgað mikið á síðustu árum. Átröskun sé örugglega jafntíð hér á landi og á hinum Norðurlöndunum. Hún segir enn fremur að bæði sé um stráka og stelpur að ræða, en stúlkurnar séu þó mun fleiri. Lotugræðgi sé mun algengari en lystarstol. Þá sé þriðja tilbrigðið, blandaðar átraskanir, sem eru vægari tegundir átraskana, stærsti hópurinn. Þar sé um einstaklinga að ræða sem séu með megrunaráráttu, séu alltaf að reyna að létta sig, haldi í við sig með mat, jafnvel framkalli uppköst, noti hægðalyf eða megrunarlyf og hamist í heilsurækt. Í þetta fari mikill tími og orka. Ástæður átraskana geti verið fjölþættar en aukna tíðni megi trúlega fyrst og fremst rekja til mikils félagslegs þrýstings á tiltekna staðlaða útlitsímynd sem sé forsenda fyrir velmegun og hamingju.

„Átröskun fylgir oft kvíði og þunglyndi og þessum einstaklingum líður illa,“ segir Guðlaug. „Það getur enginn verið fullkominn og þarna er verið að eltast við hið ómögulega í stað þess að leggja áherslu á líkamlegt heilbrigði og sterka sjálfsmynd. Fólk er mismunandi og allir hafa sín sérkenni, það geta ekki allir verið eins.“

Guðlaug undirstrikar að um algerar frumniðurstöður rannsóknarinnar sé að ræða og því beri að fara varlega með túlkun þeirra, þótt ákveðnar vísbendingar liggi fyrir. jss@frettabladid.is



**ÁTRÖSKUN** Rannsókn á átröskun í aldurshópum á framhaldsskólastigi hefur leitt í ljós að einn af hverjum tíu hefur einhver einkenni hennar. Fleiri stúlkur eru í þeim hópi heldur en drengir. NORDICPHOTO/AFP



**SLÖKKVILIÐ AÐ STÖRFUM** Rýma varð rannsóknarstofu í Actavis meðan efnakafarar unnu störf sín.

Rannsóknarstofa Actavis:

## Efnakafarar kallaðir til

**ÖRYGGISMÁL** Rýma varð rannsóknarstofu í lyfjafyrirtækinu Actavis í Hafnarfirði um klukkan eitt í gær eftir að sprunga kom á flösku með efnaúrgangi og léku þá gufur með efninu Etyleter lausum hala.

Að sögn fulltrúa slökkviliðsins var ekki vitað strax frá upphafi um hvaða efni væri að ræða og var því viðbúnaður settur á hæsta stig. Eiturefnakafarar fóru inn í salinn og hreinsuðu efnið með því að strá öðru efni um sem drekkur Etyleter í sig og svo var því efni sópað burt. Engum varð meint af og um klukkan þrjú gátu starfsmenn horfið til starfa í rannsóknarstofunni á nýjan leik.

Eld- og sprengihætta stafar af Etyleter sé það í miklum mæli en það er hættulítið í því magni sem það var í gær segir fulltrúi slökkviliðsins. - jse

## ÍRAK

**Tólf létust í sjálfsmorðsárás** Uppreisnarmenn bönuðu tólf manns utan við borgina Kirkuk í Norður-Írak í gær. Fyrst skutu þeir lögreglumann til bana og þegar fleiri lögreglumenn og vegfarendur komu á vettvang var bílsprengja sprengd þar rétt hjá með fyrrgreindum afleiðingum.

**Opinber heimsókn** Íranski leiðtoginn Ayatollah Ali Khamenei, hvatti Jalal Talabani, forseta Írak, að þrýsta á að erlendir hermenn færu frá Írak hið fyrsta. Þetta kom fram í opinberri heimsókn Talabani til Íran.


# Afhjúpaðu dulin tákn og merkingu drauma

Í bókinni finnurðu m.a. merkingu lita, hluta og fyrirbæra.




Einnig er greint frá því hvernig draumar geta hjálpað þér að túlka líf þitt og hvernig þú getur séð ástarsamband fyrir.

JPV ÚTGÁFA
www.jpv.is


Rannsókn Evrópuráðsins á meintu fangaflugi CIA:

# Engar sannanir fundnar enn

**PARÍS, AP** Stjórnandi rannsóknarinnar sem nú er í gangi á vegum Evrópuráðsins á ásökunum um að bandaríska leyniþjónustan CIA reki leynifangelsi í Austur-Evrópulöndum, greindi frá því í gær að verið væri að safna upplýsingum um grunsamlegar ferðir 31 flugvélar um evrópska flugvelli. Í þeim tilgangi væri meðal annars verið að reyna að komast yfir gerfihnattamyndir af vissum stöðum í Póllandi og Rúmeníu frá þeim tíma sem þessi flug áttu sér stað.

Svissneski þingmaðurinn Dick Marty, sem stýrir rannsókninni, tjáði AP-fréttastofunni að Evrópuráðinu stæði „siðferðileg skylda“ til að rannsaka ásakanirnar um meint leynifangelsi CIA. Marty sagði að rannsóknarnefndin hefði farið fram á það við Eurocontrol, flugumferðaröryggismálastofnun Evrópu sem hefur höfuðstöðvar í Brussel, afhendi allar upplýsingar sem hún hefur um ferðir umræddra flugvéla. Listinn yfir flugvélarnar 31 er annars kominn frá Mannréttindavaktinni (Human Rights Watch) í New York. Vitað er að nokkrar þessara flugvéla hafi millilent á Íslandi. Marty sagði engar óyggjandi sannanir liggja fyrir að svo stöddu um tilvist hinna meintu leynifangelsa en „ýmsar vísbendingar“ kölluðu á nánari rannsókn. - aa



**DICK MARTY** Svissneski þingmaðurinn sem stýrir rannsókn Evrópuráðsins. MYND/AP

# TVÆR FANTAGÓÐAR BÆKUR

*–tvær magnaðar skáldkonur*




Metsölulisti Eymundsson Skáldverk / 16. nóv




Metsölulisti Eymundsson Aðallisti / 16. nóv

Súsanna Svavarsdóttir fer hér ótroðnar slóðir. **Æsileg, blóðheit spennusaga** sem ögrar viðteknum gildum og **þenur taugar lesandans til hins ýtrasta.**

„**Spennandi og plottið flókið** … snjall textahöfundur.“

Sigríður Albertsdóttir / DV

„**Frábær** ... dásamlegt tækifæri fyrir konur að ná í sjálfar sig“

Úr lesendabréfi

„**Blússandi húmor … fín saga** … langt síðan ég hef lesið jafn fallega frásögn af samskiptum mæðgna.“

Sigríður Albertsdóttir / DV

„**Sterkur rithöfundur með tæran texta** og einstaklega skemmtilegan frásagnarmáta, húmor og gáfur. **Ég er stórhrifin.**“

Sirrý Arnardóttir / FÓLK

„**Kann galdurinn við að hrífa lesandann** með sér, ýta við honum og heilla hann upp úr skónum.“

Friðrika Benónýs / MORGUNBLAÐIÐ

„**Það er kraftur í þessari frásögn**, sterk löngun til að segja frá sem smitar lesandann og heldur honum við efnið, **dirfska til að takast á við erfiða hluti.**“

Halldór Guðmundsson / FRÉTTABLAÐIÐ

JPV ÚTGÁFA

www.jpv.is

## GENGIÐ

**GENGI GJALDMIÐLA 21.11.2005**

| | | KAUP | SALA |
|---|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | USD | 62,97 | 63,27 |
| Sterlingspund | GBP | 107,82 | 108,34 |
| Evra | EUR | 9,88 | 9,938 |
| Dönsk króna | DKK | 9,383 | ,439 |
| Norsk króna | NOK | 7,72 | 7,766 |
| Sænsk króna | SEK | 0,5278 | 0,5308 |
| Japanskt jen | JPY | 89,39 | 89,93 |
| SDR | XDR | 73,71 | 74,13 |

*Gengisvísitala krónunnar*

**104,124**

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Stjórnarandstæðingar tortryggja frumvarp um rannsóknir og nýtingu auðlinda:

# Telja fallvötnum ráðstafað

**AUÐLINDIR** Valgerður Sverrisdóttir iðnaðarráðherra mælti í gær fyrir frumvarpi til laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.

Frumvarpið er nú lagt fram öðru sinni án bráðabirgðaákvæðis um vald nefndar sem meðal annars átti að gera tillögur um virkjunarleyfi og nýtingu auðlinda.

Iðnaðarráðherra taldi brýnt að lögfesta frumvarpið en í því væru ákvæði um að rannsóknaraðili gæti fengið endurgreiddan rannsóknakostnað ef hann fengi ekki jafnframt leyfið til orkunýtingar. Hún vakti athygli á að með gildistöku raforkulaga frá 2003 hefði Landsvirkjun ekki sérstöðu og fleiri orkufyrirtæki sýndu áhuga á rannsóknum.

Steingrímur J. Sigfússon,formaður Vinstri grænna, sagði Valgerði óánægða með að orkufyrirtækin væru tregari til að stunda rannsóknir en henni þætti heppilegt. Taldi hann fullvíst að þau vildu hafa virkjunarleyfi fast í hendi þegar þau réðust í rannsóknir.

Fleiri stjórnarandstæðingar staðhæfðu að iðnaðarráðherra keyrði málið áfram vegna fyrirhugaðra stóriðjuáforma og spurðu hvort búið væri að ráðstafa fallvötnum í Skagafirði, Skjálfandafljóti eða Langasjó í þágu stóriðjuæðis stjórnvalda, sem svo var kallað. **-jh**



**VIÐ KÁRAHNJÚKASTÍFLU** Stjórnarandstæðingar spyrja hvort þegar sé búið að ráðstafa Skjálfandafljóti, Langasjó eða fallvötnum í Skagafirði.

Þýski togarinn Iris:

# Fékk tundurdufl í trollið

**LANDHELGISGÆSLAN** Hásetum á þýska togaranum Iris brá heldur í brún þegar tundurdufl kom úr trollinu þegar skipið var á Íslandsmiðum í fyrrinótt. Íris kom til hafnar á Eskifirði um hádegi í gær og var þá kallað eftir sprengjusérfræðingum frá Landhelgisgæslunni til að meðhöndla duflið. Þeir komu með flugvélinni Syn seinnipartinn í gær.

Að sögn lögreglunar á Eskifirði er orðið nokkuð algengt að togarar komi með tundurdufl að landi. Um þessar mundir landar togarinn á Eskifirði en aflinn er fluttur út í gámum. **-jse**

Fjárhagsáætlun Seltjarnarness:

# Skattar lækka og skuldir greiddar

**SVEITASTJÓRNARMÁL** Meirihluti bæjarstjórnar á Seltjarnarnesi hefur lagt til að skattar verði lækkaðir á næsta ári. Lagt er til að útsvar verði lækkað úr 12,46 prósentum í 12,35. Fasteignaskattur lækki úr 0,32 prósentum af fasteignamati í 0,3 prósent og að holræsagjald verði ekki innheimt.

Þetta er hluti af tillögu um fjárhagsáætlun bæjarins fyrir árið 2006 að því er fram kemur í tilkynningu frá Jónmundi Guðmarssyni bæjarstjóra. **-saj**





**Í TROMSØHÖFN** Spænski togarinn Monte Meixueiro í Tromsøhöfn.
NORDICPHOTOS/AFP

Norsk-spænsk milliríkjadeila:

# Deilt um lögsögu Svalbarða

**NOREGUR, AP** Milliríkjadeila var komin upp í gær á milli norska og spænskra stjórnvalda um það hvor hefði lögsögu til að saksækja í máli tveggja spænskra togara sem norska strandgæslan tók við meintar ólöglegar veiðar á Svalbarðasvæðinu um helgina.

Norðmenn lýstu því einhliða yfir árið 1977 að þeir færu með eftirlitsvald með veiðum á Svalbarðamiðum. Hvorki Ísland, Rússland né Evrópusambandið hafa viðurkennt lögsögutilkall Noregs á svæðinu. **-aa**



**SIGURÐUR TÓMAS MAGNÚSSON, SÉRSTAKUR RÍKISSAKSÓKNARI** Dómstóll hafnar forræði hans yfir átta ákæruliðum í Baugsmálinu.



**GESTUR JÓNSSON OG AÐRIR VERJENDUR Í BAUGSMÁLINU** Gestur telur bagalegt fyrir framhald málsins að fá ekki úrskurð um hæfi dómsmálaráðherra.

# Skipan dómsmálaráðherra er ógild

**Birni Bjarnasyni dómsmálaráðherra var ekki heimilt að skipa sérstakan saksóknara yfir ákæruliðina átta sem enn eru fyrir dómi í Baugsmálinu. Héraðsdómur telur að Bogi Nilsson ríkissaksóknari hafi ekki sagt sig frá þeim.**

**BAUGSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur úrskurðaði í gær að Sigurður Tómas Magnússon, sérstakur saksóknari í Baugsmálinu, væri ekki bær til þess að fara með ákæruvald í þeim hluta málsins sem ekki var vísað frá dómi í Hæstarétti.

Dómendur líta svo á að Bogi Nilsson ríkissaksóknari hafi aldrei sagt sig formlega frá þeim átta ákæruliðum Baugsmálsins sem enn eru til meðferðar í dómskerfinu, heldur aðeins tekið að sér athugun á þeim 32 ákæruliðum sem vísað var frá dómi.

Bogi Nilsson og Björn Bjarnason dómsmálaráðherra tjá sig ekki um málið og segja báðir að það sé enn í höndum Sigurðar.

„Ég hef þrjá sólarhringa til þess að ákveða hvort þetta verður kært til Hæstaréttar,“ segir Sigurður T. Magnússon en hann gerir ráð fyrir að ákvörðun sín liggi fyrir á fimmtudag.

„Dómararnir segja að sú ákvörðun dómsmálaráðherra að skipa Sigurð Tómas Magnússon sérstakan saksóknara í öllum fjórutíu liðunum sé einfaldlega umfram það sem að dómsmálaráðherra hafði heimild til,“ sagði Gestur Jónsson, verjandi Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, eftir að úrskurðurinn var birtur.

Í úrskurðinum segir að mikilsvert sé að enginn vafi leiki á því hver fari með ákæruvald í hverju máli og heimild ákæranda til þess að fara með það vald verði því að vera skýr og ótvíræð.

Þá segir að dómsmálaráðherra sé óheimilt að taka einstakt mál undan forræði ríkissaksóknara og setja yfir það sérstakan ríkissaksóknara nema hinn reglulegi ríkissaksóknari hafi áður vikið sæti. „...Verður að telja að ekki hafi verið heimilt að fela hinum sérstaka saksóknara að fara með þennan málshluta og sú stjórnarathöfn hafi jafnframt verið ógild að þessu leyti.“

Gestur Jónsson telur miður að ekki hafi fengist niðurstaða um hæfi Björns Bjarnasonar, en ekki reyndi á það úr því úrskurðað var að Sigurður væri ekki bær til að fara með ákæruliðina átta. „Það er mikilvægt að dæmt verði um hæfi dómsmálaráðherra því upp geta komið annmarkar á síðari stigum sem eyðilagt geta málsmeðferðina frá upphafi.“ **johannh@frettabladid.is**



**DRAGOLJUB OJDANIC** Serbneski hershöfðinginn fyrrverandi fyrir dómstólnum í Haag árið 2002. NORDICPHOTOS/AFP

Stríðsglæpadómstóll SÞ:

# Vill upplýsingar frá Íslandi

**STRÍÐSGLÆPIR** Stríðsglæpadómstóll Sameinuðu þjóðanna í Haag hefur sent Atlantshafsbandalaginu og stjórnvöldum í Bandaríkjunum, Kanada, Lúxemborg og á Íslandi beiðni um afrit af hleruðum fjarskiptum fyrrverandi yfirmanns júgóslavneska heraflans.

Beiðnin er send í tengslum við rannsókn á meintum stríðsglæpum hershöfðingjans fyrrverandi, Dragoljubs Ojdanic. Samkvæmt frétt Reuters-fréttastofunnar nær beiðnin til allra hleraðra símtala, tölvupósta, minnisblaða eða annars þar sem Ojdanic kemur við sögu og sem vitni gæti borið um athafnir hans og ákvarðanir á fyrri árshelmingi 1999, þ.e. meðan á Kosovostríðinu stóð.

Þeir talsmenn stjórnarráðsins sem Fréttablaðið náði tali af í gær sögðust ekki getað séð að hér á landi væru nokkrar þær upplýsingar að finna af því tagi sem dómstóllinn leitar eftir. **-aa**

## ÍRAK

**Al-Zarqawi líklega á lífi** Yfirmaður herafla Bandaríkjanna í Írak segir ekkert benda til að Abu Musab al-Zarqawi, oft sagður leiðtogi al-Kaída í landinu, hafi verið á meðal þeirra sem létust í átökum uppreisnarmanna og hersins í Mosul um helgina. Átta uppreisnarmenn dóu í bardögunum, svo og þrír íraskir lögreglumenn.

Færð þú jólagjöf frá ÓB-jólasveini?

Jólasveinar mæta á ÓB við **Fjarðarkaup** reglulega til jóla og gefa gjafir frá Nóa Síríusi, Senu eða JPV.

Fylgstu með á Rás 2!

Allt um leikinn á ob.is

ÓB ódýrt bensín

## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**SVELLKALT Á MORGUN** Hann er ákveðið að kólna samfara vaxandi norðanátt. Það verður þó víða frostlaust syðra fram eftir degi en víðast komið frost í kvöld. Hiti 2-5 stig. Við verðum því að þola kalt kvöld, nótt og morgundag en síðdegis á föstudag er líklegt að hlýni á ný.

**HORFUR Í HÖFUÐBORGINNI** Stíf vestlæg átt en norðlægari síðdegis. Skúrir eða slydduél fyrir hádegi. Hiti 0-3 stig.





| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 6°C hálfskýjað | París | 7°C hálfskýjað | Alicante | 19°C hálfskýjað |
| Osló | 2°C alskýjað | Berlín | 5°C hálfskýjað | Mílano | 9°C hálfskýjað |
| Stokkhólmur | 6°C alskýjað | Frankfurt | 4°C hálfskýjað | New York | 4°C léttskýjað |
| Helsinki | 3°C alskýjað | Madríd | 14°C hálfskýjað | San Francisco | 19°C heiðskírt |
| London | 9°C alskýjað | Barcelona | 13°C hálfskýjað | Orlando/Flórída | 18°C heiðskírt |

* Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

# Frábærar jólabækur

## Áhrifamikil og sönn

Ingólfur Margeirsson fékk heilablóðfall fyrir fáum árum og fjallar í þessari bók um baráttu sína við að öðlast bata á nýjan leik.

*Afmörkuð stund* er mögnuð frásögn af alvarlegum veikindum og einstakri baráttu úr faðmi dauðans til lífsins.

*Afmörkuð stund* er einstök lesning og mikil uppörvun öllum þeim sem lent hafa í alvarlegum skakkaföllum í lífinu. Bókin fjallar á góðu og auðskiljanlegu máli um hverfulleika lífsins og átök við brigðula tilveru.

**Lifandi og sönn frásögn eins og Ingólfi Margeirssyni er einum lagið**







## John Lennon

Það þarf ekki að kynna John Lennon, einn frægasti og áhrifamesti tónlistarmaður 20. aldar. Stormasamt líf hans var fullt af öfgum og andstæðum, hann var ýmist hetja eða skúrkur. Hrífandi ævisaga sem segir okkur heillandi sögu af sigrum og ósigrum, baráttu Lennons við djöfulinn í sjálfum sér, dópið og brennivínið og endalausar tilraunir hans við að gera upp við æsku sína. Steinþór Steingrímsson þýddi.

**Frábær bók sem varpar nýju ljósi á eina helstu rokkstjörnu 20. aldar.**




## Snilldartaktar!

Nýjasta bók Ians Rankin um lögreglumanninn John Rebus. Hér rannsakar Rebus morð á ólöglegum innflytjanda og dregst inn í heim kúgunar og ofbeldis. Anna María Hilmarsdóttir þýddi.

**Enn einn snilldarkrimminn frá Ian Rankin!**

Besta bók Rankins til þessa og það segir þó nokkuð!
– *Observer*

Rankin á sér engan jafningja þegar kemur að því að afhjúpa fordóma, hræðslu og fáfræði.
– *Good Book Guide*

**SKRUDDA**
Eyjarslóð 9 – 101 Reykjavík
s. 552 8866 – skrudda@skrudda.is
www.skrudda.is



## KJÖRKASSINN

*Á Alþingi að bjarga Byggðastofnun með aukafé?*

| | |
|---|---|
| 38,6% | Já |
| 61,4% | nei |

TREYSTIR ÞÚ HALLDÓRI ÁSGRÍMSSYNI SEM FORSÆTISRÁÐHERRA?

Danska umhverfisráðuneytið hrindir af stað umdeildri herferð:

# Danir spari vatn og rafmagn

**DANMÖRK** Umhverfisráðuneytið í Danmörku hefur hrundið af stað herferð til að fá landsmenn til að minnka vatns- og rafmagnsnotkun. Tilgangurinn er meðal annars sá að fá Dani til að skrúfa fyrir vatnið á meðan þeir tannbursta sig og bera á sig sápu í sturtunni. Einnig er skorað á fólk að hætta að þvo þvott á meira en 40 gráðu hita og hengja þvott til þerris í stað þess að nota þurrkara. Er fullyrt að meðalheimili í landinu geti sparað þúsundir króna á ári með því að fylgja þessum ráðum.

Haft er eftir umhverfisráðherra Danmerkur í dagblaðinu Politiken í gær að markmið ráðuneytisins í mengunarmálum náist ekki nema fólk dragi úr notkun á vatni og rafmagni innan heimilisins.

Umhverfisverndarsamtök gagnrýna hins vegar herferðina og segja að ríkið sé að kasta ábyrgðinni yfir á borgarana. Nær væri að fella niður opinber gjöld á umhverfisvænum vörum og efla almenningssamgöngur.

- ks



**STRIKIÐ** Fullyrt er að hver fjölskylda geti sparað þúsundir króna árlega með því að draga úr vatns- og rafmagnsnotkun.

Heilbrigðisráðherra:

## Skoðar mál öryrkja

**ÖRORKA** Jón Kristjánsson heilbrigðisráðherra hefur óskað eftir upplýsingum frá Tryggingastofnun um það hversu margir bótaþegar misstu allar tekjur sínar þegar örorkubætur þeirra féllu niður síðustu mánuði ársins. Hann býst við að fá þær síðar í vikunni og skoðar málið þá betur.

Jón segir að Tryggingastofnun vinni eftir reglugerð frá því í byrjun október og hún sé bara útfærsla á lögunum. Lögin kveði á um að bæturnar falli niður hjá þeim sem hafi haft ákveðnar tekjur á árinu.

- ghs

Þjónustutilskipun ESB:

## Samþykkt á Evrópuþinginu

**BRUSSEL, AP** Drög að hinni umdeildu þjónustutilskipun Evrópusambandsins voru samþykkt á Evrópuþinginu í gær. Verði tilskipunin endanlega samþykkt í ráðherraráðinu mun hún færa evrópskum fyrirtækjum, sem starfa í öðrum löndum á Evrópska efnahagssvæðinu, fært að starfa þar eftir þeim lögum sem gilda í heimalandi þeirra. Tilskipunin á einnig að taka gildi á Íslandi í gegn um EES-samninginn.■

KEA veitir sérkjör:

## 50 milljóna kaupauki

**VERSLUN** Kaupfélag Eyfirðinga hyggst verja 50 milljónum króna til að afla á áttunda þúsund félagsmönnum sínum sérstakra viðskiptakjara. Megnið af þeirri fjárhæð fer í tímabundið verkefni sem nefnist Kaupdagar og munu félagsmenn fá inneignarmiða í pósti, að fjárhæð sex þúsund krónur, sem þeir geta nýtt til greiðslu á vörum og þjónustu hjá 16 samstarfsaðilum á félagssvæði KEA fram til 18. desember.

- kk

# Skoða einn af hverjum hundrað gámum

**Alþingismaður segir að eitt prósent af tvöhundruð þúsund gámum sé skoðaður af tollgæslu. Hann hefur áhyggjur af fíkniefnainnflutningi og vill láta kaupa gegnumlýsingartæki. Það kostar um 80 milljónir króna.**

**TOLLGÆSLA** „Að mínu viti hefur verið illa að þessum málum staðið hingað til og ég tel orðið nauðsynlegt að kaupa slíkt tæki sem allra fyrst," segir Guðmundur Hallvarðsson alþingismaður. Hann hefur lagt fram fyrirspurn á Alþingi hvort til standi að kaupa gegnumlýsingartæki fyrir gáma fyrir tollgæsluna í því skyni að hefta innflutning á fíkniefnum.

Um er að ræða skanna sem getur tekið heilu gámana í gegn á nokkrum mínútum en einu slíku tæki tollgæslunnar í dag eru svo lítil að þau ráða ekki við að gegnumlýsa eitt vörubretti. Mikill tími fer í að opna gáma og taka úr þeim vörur sem nauðsynlegt er að handlanga í gegn og segir Guðmundur að aðeins eitt prósent þeirra tvö hundruð þúsund gáma sem hingað koma séu skoðaðir sökum þessa.

„Ég hef fyrst og fremst áhyggjur af fíkniefnum í þessu sambandi. Meðan ekki er hægt að leita betur, hraðar og markvissara en gert er í dag erum við að bjóða hættunni heim."

Sigurður Skúli Bergsson, forstöðumaður tollgæslusviðs tollgæslunnar, segir vissulega þörf fyrir slík tæki við helstu gámaflutningahafnir. „Með þeim tækjum sem við höfum getum við aðeins gegnumlýst stöku kassa og vissulega setur það okkur ákveðnar skorður."

Aðspurður um hvort eitthvað af þeim fíkniefnum sem tollgæslan lagði hald á við leit á síðasta ári hafi fundist með hjálp þeirra gegnumlýsingartækja sem þeir hafa yfir á að ráða sagði hann svo ekki vera. „Þetta eru fyrst og fremst hjálpartæki og leiki grunur á einhverju óeðlilegu þá er viðkomandi vöru rennt í gegn."

Guðmundur Hallvarðsson segist vita til þess að verið sé að skoða kaup á slíku tæki hjá fjármálaráðuneytinu en hvert slíkt tæki kostar um 80 milljónir króna. „Allar nágrannaþjóðir okkar eiga slík tæki enda nauðsynlegt að tollaeftirlit sé virkt og það er að mínu viti ekki hér á landi. Það segir sig sjálft að verðmæti stórra fíkniefnasendinga er það mikið að slíkur búnaður yrði fljótt búinn að borga sig ef slíkt næðist."

albert@frettabladid



**INNFLUTNINGSHÖFNIN Í SUNDAHÖFN** Tollgæslan getur aðeins rannsakað um eitt prósent þeirra 200 þúsund gáma sem hingað berast á ári hverju. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI




# JÖRUNDUR HUNDADAGA-KONUNGUR

Ævintýramaðurinn sem lagði Ísland undir sig.

Lygilegri en nokkur skáldskapur.

Frábær ævisaga.

SKRUDDA
Eyjarslóð 9 - Reykjavík
s. 5528866 - skrudda@skrudda.is

FJÖLSKYLDURÁÐ

## Að neyta eða njóta jólanna?

**Á morgun** fimmtudaginn 24. nóvember efnir Fjölskylduráð til morgunfundar í **Nýja bíói á Akureyri** og í Reykjavík undir yfirskriftinni: Að neyta eða njóta jólanna?

**Morgunfundur í Nýja bíói á Akureyri kl. 9 -10**

***Dagskrá***

- **Jólaminningar**. Sigrún Björk Jakobsdóttir, bæjarfulltrúi á Akureyri.
- **Jólin sem breyttust**. Björk Vilhelmsdóttir, borgarfulltrúi í Reykjavík og fulltrúi í fjölskylduráði.
- **Fæðingarorlof fyrir jólin, undirbúningur fjölskyldunnar**. Óskar H. Óskarsson, sóknarprestur á Akureyri.

Fundarstjóri Soffía Gísladóttir, framkvæmdastjóri SÍMEY og fulltrúi í fjölskylduráði.

Á báðum fundunum býður ráðið upp á kaffi og kleinur.
**Allir velkomnir.**

**Fjölskylduráð**


Alvarlegur árekstur strætisvagns og vörubíls í Reykjavík í ágúst:

# Trukknum ekið á 50 ekki 80

**DÓMSMÁL** Rannsókn hefur leitt í ljós að vörubíllinn sem lenti í árekstri við strætisvagn í ágúst með þeim afleiðingum að vagnstjórinn missti fæturna var á rúmlega 50 kílómetra hraða, en ekki 80 líkt og haldið hefur verið fram.

Í síðustu viku var þingfest mál á hendur Helga Pálma Aðalsteinssyni ökumanni vörubílsins fyrir að hafa meðal annars ekið gegn rauðu ljósi, en hann neitar sakargiftum.

Guðmundur Ágústsson, lögmaður vörubílstjórans, segir lestur af skífu sem nemur hraða bílsins hafa leitt í ljós að hann fór mun hægar en að hefur verið látið liggja. Hann segist harma fljótfærnislegan fréttaflutning af málinu og bætir við að í gögnum málsins sé ýmislegt sem renni stoðum undir frásögn umbjóðanda hans af atburðum.

„Svo kemur líka í ljós að strætisvagninn er hálfbremsulaus, að hann var aldrei alveg stopp á ljósunum og að hann keyrði inn í miðjan vörubílinn," segir hann bendir á að vörubílstjórinn sé ekki ákærður fyrir of hraðann akstur, heldur að hafa mögulega farið yfir á rauðu ljósi. „Þetta er ekki allt eins og fréttaflutningur til þessa hefur bent til."

Sjö voru fluttir á slysadeild eftir árekstur strætisvagnsins og vörubílsins, en vagnstjórinn var samt sá eini sem slasaðist alvarlega. Hann kastaðist út úr bílnum og dróst um 20 metra með vörubílnum. Hann missti báða fætur fyrir neðan hné.

Aðalmeðferð verður í málinu 13. janúar í Héraðsdómi Reykjavíkur.

- óká



**UMFERÐARSLYS** Af vettvangi alvarlegs umferðarslyss á mótum Suðurlands- og Kringlumýrarbrautar 19. ágúst síðastliðinn. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

www.toyota.is




ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS TOY 30133 11/2005

## Corolla Sedan á kostakjörum.

Betri notaðir Corolla Sedan eru bestu kaupin í nóvember og eru langt frá því að vera útkeyrðir. Sem fyrrverandi bílaleigubílar hafa þeir verið mikið dekraðir og undir stöðugu eftirliti. Ef þú vilt úthaldsmikinn bíl á hagstæðu verði fyrir veturinn þá er Corolla Sedan bíllinn fyrir þig.

**Verð frá 1.250.000 kr.**
**Mánaðarleg greiðsla frá 18.486 kr.***

Glitnir

* m.v. 10% útborgun og 75 mánaða bílasamning hjá Glitni. Gildir aðeins út nóvember.

BETRI NOTAÐIR BÍLAR TOYOTA

Áhyggjulaus og örugg bílaviðskipti - strangt skoðunarferli, 14 daga skiptiréttur, ókeypis skoðun eftir 1000 km, allt að 1 árs ábyrgð.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Toyota | Toyota Akureyri | Toyotasalurinn | Toyotasalurinn |
| Nýbýlavegi 4 | Baldursnesi 1 | Njarðarbraut 19 | Fossnesi 14 |
| KÓPAVOGUR | AKUREYRI | REYKJANESBÆR | SELFOSS |
| Sími: 570-5070 | Sími: 460-4300 | Sími: 421-4888 | Sími: 480-8000 |



## VEISTU SVARIÐ?

1 Hvað heitir nýr kanslari Þýskalands?

2 Hvað stóð lögreglurannsókn á olíufélögunum vegna samráðs lengi?

3 Hvaða íslenski knattspyrnumaður ökklabrotnaði á æfingu í Tyrklandi?

SVÖRIN ERU Á BLS. 46

Álit lögmanns Evrópusambandsins um samkomulag evrópskra og bandarískra stjórnvalda:

# Farþegalistasamningur ógildur

**BRUSSEL, AP** Samkomulag stjórnvalda í Evrópuríkjum, Íslands þar á meðal, við Bandaríkjastjórn um að bandarískum hryðjuverkavarnayfirvöldum skuli afhentir farþegalistar flugfélaga sem fljúga vestur um haf, er ólöglegt. Að þessari niðurstöðu hefur einn æðsti lögfræðiráðgjafi Evrópusambandsins komist.

Philippe Leger, yfirlögmaður við Evrópudómstólinn í Lúxemborg, tilkynnti um þessa niðurstöðu sína í gær, en með henni tekur hann afstöðu með Evrópuþinginu, sem hafði vísað málinu til dómstólsins. Að lögmaðurinn skuli hafa komist að þessari niðurstöðu þykir auka mjög líkurnar á því að dómstóllinn geri það líka þegar hann fellir sinn úrskurð í málinu, en hans er vænst eftir áramót. Dómstóllinn hefur farið að ráðum lögmannsins í átta af hverjum tíu málum sem hann hefur sagt álit sitt á.

Ógildi dómstóllinn samkomulagið yrði að semja upp á nýtt og í millitíðinni gætu evrópsk flugfélög, íslensk þar á meðal, lent í vandræðum með lendingarheimildir í Bandaríkjunum. Samkomulagið var gert í maí 2004 og átti að gilda til 2007. - aa



**FARÞEGAEFTIRLIT** Ferðalangur gengur hjá þungvopnuðum landamæravörðum í New York. Verði samningur um upplýsingagjöf um farþega evrópskra flugfélaga til bandarískra yfirvalda dæmdur ógildur gæti það valdið flugfélögunum vandræðum vestra. NORDICPHOTOS/AFP



**ÍHUGAÐI ÁRÁS** Bandarísku ríkisstjórninni gremst gagnrýninn fréttaflutningur al-Jazeera. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Bush Bandaríkjaforseti:

## Vildi sprengja upp al-Jazeera

**BANDARÍKIN** George W. Bush, forseti Bandaríkjanna, íhugaði að fyrirskipa sprengjuárás á höfuðstöðvar al-Jazeera sjónvarpsstöðvarinnar í Katar þegar umsátrið um borgina Falluja í Írak stóð sem hæst haustið 2004.

Tony Blair, forsætisráðherra Bretlands, fékk hann hins vegar ofan af því á fundi þeirra í Washington. Breska blaðið Daily Mirror kveðst hafa leyniskjöl undir höndum sem sanni þetta.

Peter Kilfoyle, þingmaður Verkamannaflokksins og fyrrverandi varnarmálaráðherra, hefur skorað á ríkisstjórnina að upplýsa um málið. Talsmenn stöðvarinnar hafa sömuleiðis farið fram á skýringar. ■

### AFRÍKA

**Allir á árarnar** Evrópuþjóðir verða að leggja meira af mörkum til að stuðla að stöðugleika í Afríku. Þetta sagði franski varnarmálaráðherrann Michelle Alliot-Marie í gær. Hún varaði við því að milljónir Afríkubúa gætu reynt að komast til Evrópu til að flýja átök í heimalöndum sínum.

# Fjörutíu milljarða jólahátíð

**Viðbótarútgjöld hverrar fjögurra manna fjölskyldu á Íslandi vegna jólavertíðarinnar verða tæpar 80 þúsund krónur samkvæmt spám Rannsóknarseturs verslunarinnar.**

**VERSLUN** Fjölmargt bendir til þess að jólaverslunin í ár verði með blómlegasta móti og reiknar rannsóknarsetur verslunarinnar að Bifröst með því að veltan geti numið allt að 39 milljörðum króna. Það samsvarar viðbótarneyslu á hvert mannsbarn um tæpar 20 þúsund krónur.

Rannsóknarsetur verslunarinnar hefur í fyrsta sinn gert áætlun um komandi jólavertíð byggt á upplýsingum frá fyrri árum en einnig vísbendingum úr efnahagslífinu. Fyrsta vísbendingin um að met verði slegið þetta árið er þróun veltu smásöluverslunar samkvæmt virðisaukaskattsuppgjöri. Má gera ráð fyrir að 8,4 prósenta aukningu á ársveltu miðað við síðasta ár sem þá var metár í jólaverslun miðað við núverandi stöðu. Aðrir þættir sem litið var til var almenn greiðslukortavelta almennings auk mikils vaxtar einkaneyslu í landinu og væntingum verslunarfólks sjálfs.

Jólaverslunin er mismikilvæg verslunum en gera má ráð fyrir að jafnaði að jólavelta margra sé um 20 prósentum meiri en aðra mánuði ársins. Sérstaklega er þetta mikilvægur tími fyrir gjafavörubúðir hvers konar.

Miðað við að greiðslukortavelta landsmanna um síðustu jól var rétt tæpir 35 milljarðar króna og var þá rúmum 17 prósentum hærri en árið áður gerir spá rannsóknarsetursins því ráð fyrir rúmlega tíu prósenta aukningu í viðbót nú um þessi jól. Telja má víst að gangi spá þeirra eftir munu flestir kaupmenn kætast í lok desember þegar sölutölur mánaðarins verða kunnar enda fátt sem bendir til að neysluæði landans sé yfirstaðið. - aöe

LÓFASPILARI TILNEFNDUR:

### SPÁÐ MIKLUM VINSÆLDUM

Rannsóknarsetur verslunarinnar hefur tekið upp á þeirri nýbreytni að tilnefna jólagjöf ársins hvert ár og fyrir valinu þetta árið eru lófaspilarar.

Lófaspilarar er íslenskt heiti tækja sem hafa margvíslegt not og hægt er að nota hvar og hvenær sem er við leik og störf. Dæmi um slík tæki eru PSP leikjatölvan frá Sony og nýjustu iPod spilararnir frá Apple.

Ástæðan fyrir því að lófaspilarar þykja vænlegur kostur sem jólagjöf ársins 2005 er að þeir hafa þróast mikið á stuttum tíma og í mörgum þeirra í dag er hægt að njóta tónlistar, leikja, kvikmynda, lesa stafrænar bækur eða vafra á vefnum vandræðalaust.



PSP leikjatölvunni er spáð vinsældum í jólapakkana í ár.



**KRINGLAN UM SÍÐUSTU JÓL** Metsala var í verslunum hérlendis um síðustu jól. Góðar líkur eru á að það met verði slegið í desember. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR


FJÖLSKYLDURÁÐ

## Að neyta eða njóta jólanna?

**Á morgun** fimmtudaginn 24. nóvember efnir Fjölskylduráð til morgunfundar í **Nýja bíói á Akureyri** og í Reykjavík undir yfirskriftinni: Að neyta eða njóta jólanna?

**Morgunfundur í Nýja bíói á Akureyri kl. 9 -10**

***Dagskrá***

- **Jólaminningar**. Sigrún Björk Jakobsdóttir, bæjarfulltrúi á Akureyri.
- **Jólin sem breyttust**. Björk Vilhelmsdóttir, borgarfulltrúi í Reykjavík og fulltrúi í fjölskylduráði.
- **Fæðingarorlof fyrir jólin, undirbúningur fjölskyldunnar**. Óskar H. Óskarsson, sóknarprestur á Akureyri.

Fundarstjóri Soffía Gísladóttir, framkvæmdastjóri SÍMEY og fulltrúi í fjölskylduráði.

Á báðum fundunum býður ráðið upp á kaffi og kleinur.
**Allir velkomnir.**

**Fjölskylduráð**


Bæjaryfirvöld í Garðabæ flytja börn í Sjálandsskóla:

# Hafa borgað 700 þúsund fyrir akstur

**GARÐABÆR** Bæjaryfirvöld í Garðabæ hafa látu aka 20-40 börnum í Ásahverfi og Sjálandshverfi í Sjálandsskóla í átta vikur í haust. Kostnaðurinn við rútuna nam um 90 þúsund krónum á viku og leggst sá kostnaður á bæjarsjóð eða rúmlega 700 þúsund krónur.

Oddný Eyjólfsdóttir grunnskólafulltrúi segir að ákveðið hafi verið að aka börnunum í skólann vegna þess að verktakinn hafi ekki verið búinn að ljúka við upphækkaða gönguleið í skólann. Henni hafi átt að vera lokið um miðjan ágúst.

Eiríkur Bjarnason bæjarverkfræðingur segir að verktakinn hafi ekki haft neina slíka skuldbindingu. Erfitt sé að fólk í verk og verktakinn hafi gengið í þetta verk um leið og hann hafi getað.

Helgi Grímsson, skólastjóri Sjálandsskóla, segir að skólayfirvöld vilji að börnin gangi í skólann en meðan tryggar gangbrautir hafi ekki verið fyrir hendi hafi börnunum verið ekið hafi þau viljað það. Önnur börn hafi viljað hjóla eða ganga í skólann. - ghs



**SKÓLALÓÐ Í GARÐABÆ** Börnum var ekið úr Ásahverfi og Sjálandshverfi í og úr Sjálandsskóla í átta vikur í haust.

Farsímar í stórhættu:

## Sturtað niður

**FINNLAND** Stöðugt furðulegri hlutir finnast í holræsi Helsinkiborgar, þar á meðal farsímar í svo miklu magni að hreinsunardeildin hefur beðið fólk að gæta sín á því að sturta ekki farsímum niður í klósettin. Þetta kemur fram á vef sænska blaðsins Aftonbladet.

Vandamálið er ekki bundið við Finnland. Norskur fréttavefur segir frá því að 600 þúsund farsímum sé sturtað niður í klósettin í Bretlandi á hverju ári. ■

Spænskir feður:

## Fá einnar viku feðraorlof

**SPÁNN** Spænskir feður munu í framtíðinni geta tekið sér einnar viku feðraorlof ef hugmyndir atvinnumálaráðherrans, Jesús Caldera, ná fram að ganga.

Í dag er ekki um eiginlegt orlof að ræða til handa feðrum. Þeim er heimilt að vera 48 stundir frá vinnu meðan á fæðingu stendur en hafa umfram það engan rétt á launum eða bótum. ■

# OFUR ÚTSALA

## – ENN MEIRI VERÐLÆKKUN!

**MMC Lancer 4x4 árg. 2000**
ek. 116.000, 5 gíra. Ásett verð: 790.000. Tilboð: 540.000.

**Suzuki Vitara árg. 2000**
ek. 73.000, 5 gíra. Ásett verð: 880.000. Tilboð: 640.000.

**Nissan Terrano II árg. 1998**
ek. 140.000, 5 gíra. Ásett verð: 1.040.000. Tilboð: 730.000.

**Renault Megane Scenic árg. 2000**
ek. 75.000, 5 gíra. Ásett verð: 990.000. Tilboð: 740.000.

**Suzuki Baleno árg. 1999**
ek. 122.000, 5 gíra. Ásett verð: 650.000. Tilboð: 360.000.

**Opel Astra árg. 2000**
ek. 108.000, 5 gíra. Ásett verð: 730.000. Tilboð: 360.000.

**Kia Shuma árg. 2000**
ek. 87.000, 5 gíra. Ásett verð: 490.000. Tilboð: 270.000.

**Hyundai Elantra árg. 1998**
ek. 146.000, 5 gíra. Ásett verð: 450.000. Tilboð: 190.000.

Tryggjum stöðugleika!
Vetrardekk fylgja öllum fólksbílum



**100%**
Allt að 100% lán á völdum bílum til allt að 60 mánaða

SP-FJÁRMÖGNUN

**Útsalan Klettshálsi opin frá kl. 10 til 18**

Laugavegi 174 | sími 590 5000 | Klettháls 11 | sími 590 5760 | www.bilathing.is

HEKLA
www.bilathing.is
bilathing@hekla.is

Einnig er útsala hjá söluumboðum okkar Selfossi, Reykjanesbæ og Akureyri

BÍLAÞING HEKLU
*Númer eitt í notuðum bílum*

HEKLA, Klettháls 11, sími 590 5760
www.hekla.is, hekla@hekla.is



**SVISSNESKA VARÐLIÐIÐ 500 ÁRA** Varðliði úr svissneska varðliðinu gengur hjá veggspjaldi í Páfagarði í gær, á blaðamannafundi um hátíðarhöld vegna 500 ára afmælis liðsins. MYND/AP

Jón Magnússon hæstaréttarlögmaður um vísitölu neysluverðs:

# Erum með tvo gjaldmiðla

**VERÐLAGSMÁL** Jón Magnússon hrl. segir að íslenska krónan hafi verið að styrkjast verulega gagnvart evrópsku gjaldmiðlunum ef þróunin fimm síðustu árin er skoðuð. Á sama tíma hafi vísitala neysluverðs til verðtryggingar hækkað enn meira, eða í raun um 20 prósent umfram krónuna.

Jón telur vísitölu neysluverðs vera sterkasta gjaldmiðilinn í landinu sem fólk borgi lán sín eftir. Hann telur óeðlilegt að slíkur gervigjaldmiðill sé fyrir hendi. Hann segir að krónan eigi að vera sá gjaldmiðill sem nota skuli í öllum viðskiptum óháð því hvort verið sé að kaupa mjólk eða borga lán.



**JÓN MAGNÚSSON** Telur út í hött að íslenskir lántakar þurfi að þola gríðarlega hækkun lána vegna verðtryggingar.

Jón bendir á að þegar verðtryggingin hafi verið tekin upp hafi verið 80 prósenta verðbólga á Íslandi og þeim óeðlilegu aðstæðum hafi þurft að bregðast við með óeðlilegum ráðstöfunum. Nú þegar umhverfið er orðið svipað og í nágrannalöndunum telur hann eðlilegt að íslenskir lánþegar fái sömu kjör og tíðkast þar.

Hann tekur dæmi um 10 milljóna króna lán sem var tekið í fyrra. Verðtryggingin gerir að verkum að lánin hafa hækkað um 500 þúsund án þess að nokkuð í þjóðfélaginu afsakaði slíkt. „Það er verið að færa peninga frá þeim sem skulda til þeirra sem lána og það er óeðlilegt. Til að geta borgað þetta þarf viðkomandi að hafa milljón í tekjur. Það er gjörsamlega út í hött að íslenskir lántakar þurfi að þola svona álögur,“ segir hann.

- ghs

Óöld ríkir enn á Haítí:

# Kosningum slegið á frest

**HAÍTÍ** Yfirvöld á Haítí hafa ákveðið að fresta forsetakosningum í landinu, sem fram áttu að fara frá desemberlokum, til loka janúar.

Stjórnarskrá landsins kveður á um að nýr forseti skuli settur í embætti ekki síðar en 7. febrúar á næsta ári og því er lítill tími til stefnu.

Mikill órói er enn í landinu og friðargæsluliðum gengur illa að stöðva ofbeldi, morð og limlestingar sem eru daglegt brauð í fátækari hverfum borga landsins. Er það meginástæða þess að kosningunum er frestað. ■

Feður axli ábyrgð á börnum:

# Bótunum skipt

**SVÍÞJÓÐ** Sænska ríkisstjórnin kynnti í gær lagafrumvarp um að fráskildir foreldrar geti skipt á milli sín barnabótunum sem þeir fá frá hinu opinbera ef börn þeirra búa hjá þeim til skiptis. Þetta er gert til að reyna að fá feðurna til að axla meiri ábyrgð á börnunum.

Í dag er kerfið þannig að barnabæturnar eru greiddar móðurinni ef foreldrarnir hafa skilið og barnið býr til skiptis hjá þeim. Ef foreldrarnir koma sér saman um það má greiða bæturnar til föðurins. ■

## KÓLUMBÍA

**Falsarar handteknir** Kólumbíska lögreglan gerði á dögunum þrjár milljónir dollara í fölsuðum peningaseðlum upptækar, jafnvirði 180 milljóna íslenskra króna, og handtók fimm manns í tengslum við málið. Talið er að fjörutíu prósent falsaðra seðla sem eru í umferð í heiminum séu framleidd í Kólumbíu.

Orrustuþotukaup Norðmanna:

# Skipta hugsanlega úr F-35 í Eurofighter

**ÓSLÓ, AP** Nýja vinstristjórnin í Noregi ætlar að endurskoða þátttöku Norðmanna í þróun nýju F-35 orrustuþotunnar sem Bandaríkjamenn hafa forgöngu um, og áskilur stjórnin sér rétt til að kaupa frekar evrópsku Eurofighter-þotuna. Norðmenn áforma að kaupa nýjar orrustuþotur árið 2008 fyrir andvirði 600 milljarða íslenskra króna.

Ríkisstjórn mið- og hægriflokka sem fór frá eftir kosningar í Noregi síðastliðið haust hafði heitið andvirði tíu milljarða króna til þróunar F-35 þotunnar, en að sögn Espen Barth Eide, aðstoðarvarnarmálaráðherra úr Verkamannaflokknum, hafa norsk fyrirtæki ekki fengið þá verkefnasamninga sem vonast var eftir og því full ástæða til að endurskoða þessa fjárfestingu. Hann tjáði dagblaðinu Morgenbladet að ákvörðunin um orrustuþotukaupin yrði tekin á hagkvæmniforsendum, ekki pólitískum.



**NORÐMENN AF F-35 LISTA?** Tom Burbage frá bandaríska hergagnaframleiðandanum Lockheed Martin heldur á hlut úr F-35 þotu með undirskriftum hershöfðingja níu þátttökulanda. NORDICPHOTOS/AFP

Nýju þoturnar eiga að leysa af hólmi bandarískar F-16 þotur norska flughersins, sem komnar eru til ára sinna.

- aa






**KANSLARASKIPTIN HANDSÖLUÐ** Gerhard Schröder og Angela Merkel handsala kanslaraskiptin við athöfn í kanslarahöllinni í Berlín í gær. MYND/AP

# Stóra samsteypa hefst handa

**Angela Merkel sór í gær embættiseið sem kanslari Þýskalands. Hún er fyrsta konan sem gegnir því embætti. Nýju samsteypustjórnarinnar bíður erfið glíma við atvinnuleysis-, efnahags- og kerfisvanda.**

**BERLÍN, AP** Angela Merkel tók við embætti í gær sem áttundi kanslarinn í sögu þýska Sambandslýðveldisins. Hún er fyrsta konan sem stýrir ríkisstjórn Þýskalands, en hún fer fyrir samsteypustjórn sem margir spá að verði erfitt að halda samstiga. Verkefnin sem bíða hennar eru stór; að stýra mesta efnahagsveldi Evrópu út úr stöðnun síðastliðinna ára er eflaust það vandasamasta.

Merkel, sem er 51 árs eðlisfræðingur frá Austur-Þýskalandi, leysir Gerhard Schröder af hólmi, en síðastliðin sjö ár stýrði hann samsteypustjórn jafnaðarmanna og græningja. Hann sagði af sér þingmennsku strax í gær. Merkel hlaut 397 atkvæði í kanslarakjörinu á Sambandsþinginu, en það þýðir að 51 þingmaður stjórnarflokkanna – kristilegra demókrata og jafnaðarmanna – kaus hana ekki. Hún þurfti hins vegar aðeins 308 atkvæði til að ná kjöri. 202 þingmenn greiddu atkvæði á móti henni, 12 sátu hjá. Atkvæðagreiðslan var leynileg svo að ekki var víst hverjir úr stjórnarliðinu hefðu „svikið lit“, en líklegast voru flestir „liðhlaupanna“ úr röðum jafnaðarmanna. Talsmenn þeirra sóru þó að ekkert myndi skorta á stuðning þingflokksins við stjórnarsamstarfið og kanslarann.

Eftir að hafa svarið embættiseiðinn sagði Merkel að Þjóðverjar biðuþessóþreyjufulliraðnýjaríkisstjórnin hæfist handa eftir margra mánaða óvissuskeið. „Væntingar fólks eru miklar,“ sagði hún. Nýi kanslarinn þakkaði jafnframt fyrirrennara sínum fyrir það sem hann hefði gert fyrir Þýskaland og vísaði þar til viðleitni hans til að hrinda í framkvæmd umbótum á velferðarkerfinu og stuðla að eflingu efnahagslífsins. Lýsti hún því yfir að nýja stjórnin myndi byggja á þeim áföngum að þessu marki sem hann hefði náð.

Merkel þarf nú að glíma við að fá hina ósamstæðu stjórn sína til að grípa til ráðstafana sem skila áþreifanlegum árangri í að ná niður atvinnuleysi og auka hagvöxt. Hún hefur líka við snúin mál að glíma í utanríkismálum, svo sem að koma tengslunum við bandamanninn stóra vestanhafs í betra horf. Meðal fyrstu staðanna sem Merkel hyggst heimsækja eftir embættistökuna er Hvíta húsið – en þó ekki fyrr en eftir viðkomu í Lundúnum og París.

audunn@frettabladid.is




Kostar aðeins
**1.499,-**

**Enn ein**
Metsölubókin?



# Landsliðsréttir

## Hagkaupa komin í verslanir!

**238 spennandi uppskriftir frá landsliði matreiðslumeistara**



**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*



**JÓLATRÉ ÚR MÁLMI** Brasilískir verkamenn hafa reist þetta 72 m háa jólatré úr málmrörum við Menningarhöllina í miðborg Varsjár, en sú bygging var gjöf Jósefs Stalín til pólsku þjóðarinnar eftir stríðið. MYND/AP

Íranar verða að líkindum ekki kærðir til öryggisráðs SÞ fyrir auðgun úrans:

# Rússar bjóða Írönum aðstoð

**VÍN, AP** Bandaríkjamenn og bandamenn þeirra munu ekki beita sér fyrir því að Íranar verði kærðir til öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna á fundi Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar IAEA í vikunni.

Stjórn IAEA kemur saman síðar í vikunni en fastlega var búist við að þar yrði ákveðið að biðja öryggisráð SÞ um að ákveða refsiaðgerðir gegn Írönum fyrir að halda áformum um auðgun úrans til streitu. Í staðinn ætla Rússar að þjóðast til að auðga úran fyrir Írana nægilega til að hægt sé að nota það í kjarnorkueldsneyti en ekki svo mikið að það megi nota í kjarnaodda.



**ÁBÚÐARFULLUR** Mahmoud Ahmadinejad, forseti Írans, er staddur í Írak þessa dagana til skrafs og ráðagerða. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Rússar njóta áhrifa í Teheran en aðalástæða ákvörðunarinnar er þó sögð sú að Bandaríkjamenn og Evrópuþjóðirnar í stjórn IAEA eru ekki vissar um að ná að koma málinu í gegn þar sem ný ríki, sem ekki eru jafn hliðholl Vesturlöndum, hafa tekið þar sæti, til dæmis Kúba og Sýrland. Ef Íranar hafna þessum skilmálum er erfitt fyrir bandamenn þeirra að standa gegn því að öryggisráðið fái málið til umfjöllunar.

Íranska þingið samþykkti á sunnudagaðbanna eftirlitsmönnum IAEA að heimsækja kjarnorkuver sín, færi svo að Íran yrði kært til öryggisráðsins. - shg

Sænska áfengiseinkasalan:

# Áfengið áfram í ríkiseinokun

**SVÍÞJÓÐ** Systembolaget, sænska áfengiseinkasalan, ætlar að berjast fyrir því að ríkiseinokuninni á áfengisölu verði haldið áfram þar í landi. Formælandi Systembolaget segir það ekki vera ætlun Svía að segja öðrum þjóðum hvernig fara eigi með áfengi, heldur að fá Evrópusambandsþjóðir til að sætta sig við þær leiðir sem Svíar fari í þeim efnum.

Evrópusambandið hefur lagt hart að stjórnvöldum í Svíþjóð að breyta fyrirkomulagi við sölu áfengis þar í landi en mikill meirihluti Svía er fylgjandi því að áfengi sé selt í verslunum á vegum ríkisins. ■

Skýrr og Fasteignamat ríkisins:

# Skýrr sér um Landskrá

**VIÐSKIPTI** Fyrirtækið Skýrr hefur tekið við tölvurekstrarþjónustu fyrir Fasteignamat ríkisins vegna Landskrár fasteigna. Hreinn Jakobsson, forstjóri Skýrr, og Haukur Ingibergsson, forstjóri Fasteignamats ríkisins, undirrituðu aðalskiptasamning þess lútandi í gær.

Meginþættirnir í þeirri þjónustu eru að hýsa og reka gagnagrunnþjón fyrir Landskrána með viðeigandi vöktun og þjónustu allan sólarhringinn, alla daga ársins. - jse

## NOREGUR

**Drukkinn í hjólastól** Karlmaður í Kristiansand í Noregi var nýlega tekinn af lögreglu fyrir að þvælast drukkinn um í hjólastól. Maðurinn, sem er 21 árs gamall, reyndi að stinga lögregluna af en tókst það ekki.

Stofnmæling Hafrannsóknastofnunar á grunnslóð á Vestfjörðum:

# Rækjustofnar í lágmarki

**HAFRANNSÓKNIR** Rækjustofnar á grunnslóð mældust í algjöru lágmarki og lítið var af rækju á hefðbundnum miðum. Þetta er niðurstaða Hafrannsóknastofnunarinnar eftir stofnmælingar rækju á grunnslóð á Vestfjörðum og á fjörðum og flóum norðanlands.

Einnig mældist þorskárgangurinn í ár sá minnsti á grunnslóð síðan 1991. Hins vegar mældist mikið af tveggja ára ýsu og var margfalt meiri ýsa á flestum slóðum en þorskur.

Hafrannsóknastofnun hefur lagt til að rækjuveiðar verði ekki leyfðar í vetur í Arnarfirði enda mældist rækjustofninn þar í lágmarki.

„Ég er alls ekki bjartsýn á að ástandið batni mikið í Arnarfirði, miðað við þróunina annars staðar og persónulega tel ég hæpið að rækjuveiðar geti hafist þar næsta vetur," segir Unnur Skúladóttir, verkefnisstjóri hjá Hafrannsóknastofnun.

Þar er unnið að verkefni sem Hafrannsóknastofnun stendur fyrir með það að markmiði að vernda rækjustofninn. Björn Björnsson, verkefnisstjóri þess, segir að enn verði haldið áfram með verkefnið þrátt fyrir þessar niðurstöður. - jse



**RÆKJUVINNSLA** Rækjustofnar á grunnslóð mældust í algjöru lámarki svo ekki er útlitið bjart fyrir rækjuverkendur.

Heilbrigðiseftirlitið á Ítalíu:

# Barnamjólk talin eitruð

**ÍTALÍA** Heilbrigðisyfirvöld á Ítalíu hafa bannað sölu á yfir þrjátíu milljón lítrum af smábarnamjólk sem Nestlé framleiðir undir ítölsku heiti.

Ekki lágu fyrir nákvæmar ástæður þess að bannið var sett á en samkvæmt ítölsku fréttastofunni ANSA var mjólkin talin óhæf til neyslu vegna eiturefna í umbúðum sem talið er geta blandast mjólkinni.

Nestlé brást skjótt við tilmælum yfirvalda og hefur framleiðslu verið hætt meðan málið er rannsakað ítarlegar. ■



**STARFSSTÖÐIN VÍGÐ**

Aukin þjónusta við geðsjúka:

# Ný starfsstöð tekin í notkun

**HEILBRIGÐISMÁL** Jón Kristjánsson, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra tók í gær í notkun starfsstöð, sem starfrækt verður á vegum Heilsugæslunnar, fyrir fólk með geðraskanir. Auður Axelsdóttir iðjuþjálfi sem mun starfa á stöðinni, segir að starfsemi stöðvarinnar eigi að stuðla að aukinni þjónustu við fólk með geðraskanir. Markmiðið er að aðstandendur, sjúklingar og vinir geti hist á starfsstöðinni og deilt sameiginlegri reynslu sinni. Þannig verður reynt að fyrirbyggja félagslega einangrun sjúklinga. - sk

Evrópubúar uggandi:

# Mikill skortur á jólatrjám

**NORÐURLÖND** Norskir framleiðendur jólatrjáa horfa björtum augum til framtíðar því skortur er á jólatrjám í Evrópu. Er búist við a ð jólatré muni skorta næstu átta ár.

Fjórar milljónir jólatrjáa þarf í ár til að fullnægja þörf Evrópubúa fyrir runnann græna.

Offramboð hefur verið á jólatrjám í Noregi undanfarin ár og eru því norskir framleiðendur ánægðir með þessa eftirspurn sunnar í Evrópu. ■



**JÓLATRÉ** Nú ber vel í veiði fyrir Norðmenn því að skortur er fyrirsjáanlegur sunnar í Evrópu fyrir jólin í ár.


Afmælistilboð

Stærstu fiskbúða landsins.

499,- kr/kg

Ýsuflök - Fiskfars – Fiskhakk

Ath: Tilboðið gildir aðeins í dag miðvikudag.

Fiskbúðin Vör – Fiskikóngurinn –
Höfðabakka 1 - sími 587 50 70

FISKBÚÐIN HAFBERG
Gnoðarvogi 44, sími 588 8686

WWW.SVAR.IS

# BESTU JÓLAGJAFIRNAR

## ERU Í HÖRÐU PÖKKUNUM!

### SAMSUNG — Samsung 42" Plasmasjónvarp

42"

Mynd í Mynd
Textavarp
2 ára ábyrgð

**Upplausn:** 852x480
**Skerpa:** 10.000:1
**Birta:** 1500 cd/m2
**Tengi:** 2x Scart, DVI, Component, S-Video, RGB, Audio R/L
**Hátalarar:** 2x8W Nicam Stereo

**Verð: 239.900-**

### SAMSUNG — Samsung 20" LCD sjónvarp

20"

Textavarp
2 ára ábyrgð

**Upplausn:** 640x480
**Skerpa:** 500:1
**Birta:** 450 cd/m2
**Tengi:** Loftnet, Scart, S-Video, VGA, Höfuðtól
**Hátalarar:** 2x3W Stereo

**Verð: 69.900-**

### LG — LG 17" LCD Sjónvarp

17" HD ready

Mynd í Mynd
Mynd við Mynd
Textavarp
2 ára ábyrgð

**Upplausn:** 1280x768
**Skerpa:** 600:1
**Birta:** 450 cd/m2
**Tengi:** S-Video, Composite, Component, DVI-D, Scart
**Hátalarar:** 6W

**Verð: 64.900-**

### Panasonic — DVD Upptökutæki DMR EH50

DVD spilari með 80GB hörðum disk til upptöku.
Rúmar allt að 142klst. af efni.
Spilar flestar gerðir DVD diska.
**Tekur upp á:** DVD-RAM, DVD-RW(video), DVD-R, DVD+R

**Verð: 64.900-**

### Panasonic — DVD Upptökutæki DMR EH60

DVD spilari með 200GB hörðum disk til upptöku.
Rúmar allt að 335klst. af efni.
Spilar flestar gerðir DVD diska.
**Tekur upp á:** DVD-RAM, DVD-RW(video), DVD-R, DVD+R

**Verð: 79.900-**

### Panasonic — DVD Spilari S29

Fjölkerfa DVD spilari // Adv. Progressive Scan
**Spilar:** DVD,DVDRAM,HighMAT,CD,VCD, SVCD,JPEG,MP3,WMA
**Tengi:** Scart(RGB), Component, Hljóð út, Coaxial hljóð út
Fjarstýring

**Verð: 12.900-**

### Panasonic HT-845 - Heimabíó

**800W RMS Magnari** // DVD Spilari // FM Tuner með RDS
Fjórir hátalarar (4 x 70W) auk miðjuhátalara (260W) og bassabox (260W)
**Tengi:** Scart, S-Video, Video-Out, Audio-In

**Verð: 49.900-**

### Panasonic HT-885 - Heimabíó

**1000W RMS Magnari** // DVD Spilari // FM Tuner með RDS
2 x framhátalarar (2 x 170W), 2 x bakhátalarar (2 x 70W) auk miðjuhátalara (260W) og bassabox (260W)
**Tengi:** Scart, S-Video, Video-Out, Audio-In

**Verð: 69.900-**

### Panasonic HT-885W - Heimabíó // Þráðlaust

**1000W RMS Magnari** // DVD Spilari // FM Tuner með RDS
2 x framhátalarar (2 x 170W), 2 x bakhátalarar (2 x 70W) auk miðjuhátalara (260W) og bassabox (260W)
**Tengi:** Scart, S-Video, Video-Out, Audio-In

**Verð: 89.900-**

### acer — Acer Aspire E500

Intel Pentium 4 - 3,4 Ghz. // 512 GB DDR2 vinnsluminni
200 GB Harður Diskur // CD Skrifari/DVD skrifari
PCI Express x16 ATI Radeon X200 // Windows XP Home
Aukabúnaður á mynd: skjár

**Verð: 99.900-**

### acer — Acer 17" 1716S

**Skjár:** 17" LCD
**Upplausn:** 1280x1024
**Litir:** 16,7 milljón
**Birta:** 300 cd/m2
**Skerpa:** 500:1
**Svartími:** 8 msec
**Tengi:** VGA (D-Sub)
**Þyngd:** 4.6 kg

**Verð: 24.900-**

### acer — Acer 4101 WLMi

3 ÁRA ÁBYRGÐ

Intel Pentium M 1.6Ghz - Centrino // 512mb DDR2
60GB Ultra ATA 100 // CD Skrifari / DVD Skrifari
15" XGA TFT (1024x768 uppl.) // ATi Radeon X600 64mb
Windows XP Home

**Verð: 109.900-**

svar tækni

SÍÐUMÚLA 37 - SÍMI 510 6000 - WWW.SVAR.IS

## „ORÐRÉTT“

*Einmitt*

**„Ég held að Halldór sé í bullandi sókn eins og reyndar Framsóknarflokkurinn.“**

**Hjálmar Árnason framsóknarmaður í Fréttablaðinu um óvinsældir Halldórs Ásgrímssonar forsætisráðherra.**

*Já vissi alþjóð þetta?*

**„Og nú er staðan orðin þessi, eins og alþjóð veit, að kirkjukórarnir eru að verða búnir að eyðileggja allt safnaðarstarf á Íslandi. Og er þá vægt til orða tekið.“**

**Magnús Ólafs Hansson í grein um kirkjukóra í Morgunblaðinu.**

*nær og fjær*

# tilveran

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** GUÐNÝ SVERRISDÓTTIR, SVEITARSTJÓRI Á GRENIVÍK

## *Ný íþróttamiðstöð vígð*



„Við vorum að vígja nýja íþróttamiðstöð hjá okkur. Það er það sem er númer eitt í mínum huga,“ segir Guðný Sverrisdóttir, sveitarstjóri á Grenivík, þegar hún er spurð fregna að norðan. Íþróttamiðstöðin, sem er um fimmhundruð fermetrar, var vígð á sunnudag fyrir viku að viðstöddu fjölmenni. Séra Pétur Þórarinsson blessaði miðstöðina, Ármann Einarsson húsvörður sá um knattleiki fyrir börn og fullorðna og Jóhann Ingólfsson, framkvæmdastjóri Sæness ehf., tilkynnti að fyrirtækið hefði ákveðið að festa kaup á líkamsræktartæki í nýju aðstöðuna.

Af öðrum fréttum segir Guðný að íbúafundur verði haldinn á næstu vikum um hvort hitaveita verði lögð frá Reykjum í Fnjóskadal. „Það er búið að gera áætlanir og arðsemismat á hitaveitu en nú hitum við bara með rafmagni.“ Á meðan önnur sveitarfélög eru að selja sínar hitaveitur, þykir það kannski skjóta skökku við að reisa nýja veitu en Guðný segir að það sé bara misjafnt hvernig sveitarfélög standa fjárhagslega. „Við erum bara fjandi vel stödd,“ segir hún.

Það er nóg um að vera á Grenivík og segir Guðný að félagslífið sé einnig rosalega gott. „Það er alltaf eitthvað um að vera. Fólk sem er á höfuðborgarsvæðinu trúir því nú varla að það sé alltaf eitthvað. En við höfum mjög öflugan kirkjukór og svo er fólk duglegt að hreyfa sig.“ Vegna nálægðar við Akureyri segir Guðný að minna sé um leiklist fyrir vikið, en öflugt leiklistarstarf hafi verið áður. „Svo er rjúpnaveiðin að klárast og ég held hún hafi bara verið mátulega góð.“

Á endanum er Guðný spurð um þá tvo sem kusu með sameiningu sveitarfélaga þann 8. október, en eins og frægt var þá höfnuðu allir íbúar Grenivíkur sameiningunni nema tveir. „Þessir tveir eru enn ófundnir,“ segir Guðný glettin. „Ætli þá hafi ekki fennt í kaf. Að minnsta kosti hafa þeir ekki gefið sig fram enn.“



**KOMDU SÆLL OG BLESSAÐUR** Mongólíumaður, klæddur eins og hermaður fyrr á öldum, og Bush, forseti Bandaríkjanna, heilsast á hátíð í höfuðborginni Ulan Bator. Heimsókn Bush til fjögurra Asíuríkja lauk í gær í Mongólíu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**VÍGALEGIR TRUKKAR** Piltarnir í Bandímannafélaginu Viktor hugsa sig nú kannski tvisvar um áður en þeir kasta bandístúlkum á dyr. Nú standa þeir frammi fyrir þessum Trukkum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


## Hugaðu að heilsunni

Í salti eru fjölmörg steinefni sem líkaminn þarfnast til þess vaxa og dafna. Matarsalt sem hefur verið mikið unnið er snautt af þeim næringarefnum sem við þurfum og ríkt af sódíum klóríð, efni sem líkaminn þarf ekki mikið af. Lífræn krydd eru hins vegar uppfull af næringarefnum. Í ofanálag eru þau bragðríkari en maður á að venjas að nota minna af þeim heldur en hefðbundnum kryddum.

Komdu í Fræið í Fjarðakaupum og náðu þér í krydd í tilveruna.




FRÆIÐ Í FJARÐARKAUPUM
SÉRVERSLUN MEÐ HEILSUVÖRUR
FK FJARÐARKAUP


# Trukkarnir ætla að láta Viktor finna til tevatnsins

**Tvö bandífélög eru starfrækt í Menntaskólanum í Reykjavík. Þrjár stúlkur sem fengu óblíðar móttökur þegar þær mættu á æfingu hjá Bandímannafélaginu Viktori snéru vörn í sókn og stofnuðu Bandífélagið Trukkana.**

„Þær Sigríður Marta, Anna Kristín og Perla sættu sig náttúrulega ekki við að vera vísað af æfingu Viktors svo þær stofnuðu bara nýtt bandífélag,“ segir Íris Ösp Vésteinsdóttir, sem var óvísfalaust skipuð ritari bandífélagsins nýja. Með stofnun þess gerðu þær Viktorsmönnum talsverðan grikk því áður sátu þeir einir að þeim tveimur æfingatímum sem ætlaðir eru til bandíiðkunar en Trukkarnir fengu annan tímann til umráða.

„Við lítum á þetta sem okkar innlegg í jafnréttisbaráttuna, við erum meira að segja með okkar eigin slagorð sem er: frelsi, jafnrétti og systralag,“ segir Íris Ösp og verður riddaraleg í fasi. „Og þar sem við erum jafnréttissinnar dytti okkur ekki í hug að vísa karlmanni á dyr ef hann mætti á æfingu hjá okkur.“

Trukkastúlkur gleðjast yfir þeirri staðreynd að þær eru óumdeildir bandímeistarar kvenna við Menntaskólann í Reykjavík og jafnvel á landinu. En þær er jafnframt farið að þyrsta í keppinaut svo þær geti farið að vinna fyrir þessum titlum. „Það verður bandímót á vorönninni og þá ætlum við að láta karlremburnar í Viktori finna til tevatnsins,“ segir ritarinn riddaralegi og hvetur um leið stúdínur úr öðrum skólum til að stofna bandífélög svo hægt verði að halda fleiri mót.



**ÍRIS ÖSP VÉSTEINSDÓTTIR**

**jse@frettabladid.is**

Sameiningu sveitarfélaga á Austurlandi fylgir landsbyggðarmet í fjölda vínbúða:

# Þrjár vínbúðir í Fjarðabyggð

Þrjár vínbúðir verða reknar í sveitarfélaginu Fjarðabyggð, frá og með 9. júní í sumar, þegar sameining Fjarðabyggðar, Austurbyggðar, Fáskrúðsfjarðarhrepps og Mjóafjarðarhrepps hefur tekið gildi. Það eru fleiri vínbúðir en í nokkru öðru byggðarlagi utan Reykjavíkur en í höfuðborginni eru sex vínbúðir.

Í Fjarðabyggð eru tvær vínbúðir; í Neskaupstað og á Reyðarfirði. Þriðja vínbúðin er svo á Fáskrúðsfirði.

Einar Einarsson, framkvæmdastjóri sölu- og markaðssviðs Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins, segir að ekki hafi verið tekin ákvörðun um að fækka vínbúðum eystra í ljósi breyttra aðstæðna en með tilkomu Fáskrúðsfjarðarganga tekur um fimmtán mínútur að aka á milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar.

„Því er hins vegar ekki að leyna að rekstur lítilla vínbúða úti á landi getur verið erfiður og sumar búðirnar hafa verið reknar með tapi,“ segir Einar.

Eskifjörður og Stöðvarfjörður verða vínbúðarlausir þéttbýliskjarnar í sameinaðri Fjarðabyggð og segir Einar að ekki standi til að opna þar vínbúðir. **- kk**




**VÍNBÚÐIN Á FÁSKRÚÐSFIRÐI** Í sumar verða þrisvar sinnum fleiri vínbúðir í Fjarðabyggð en á Akureyri en þó verða Akureyringar fjórum sinnum fleiri en íbúar Fjarðabyggðar.



# ORMSSON

SKRIFSTOFU- OG HLJÓMTÆKJADEILD
ORMSSON ER FLUTT ÚR LÁGMÚLA 8
Í SÍÐUMÚLA 9

**SÍÐUMÚLI 9**
SÍMI 530 2800

**SMÁRALIND**
SÍMI 530 2900

# BROT AF ÞVÍ BESTA

12 MÁNAÐA VAXTALAUSAR RAÐGREIÐSLUR



**PIONEER PDP-506XDE/FDE**
**PLASMASKJÁR**
• Skjá stærð 127 cm (50 tommur). Skjáhlutfall 16:9
• Upplausn 1280 x 768 punktar
• HD Ready/2x HDMI
• Pureblack/Pure drive 2HD
• Contrast 4.000:1
• Þyngd 31,8 kg
• **Eisaverðlaun 2005-2006**
**Verð frá kr.: 499.900,-**

12 MÁNAÐA VAXTALAUSAR RAÐGREIÐSLUR



**PIONEER PDP-436XDE/FDE**
**PLASMA SKJÁR**
• Skjá stærð 109 cm (43 tommu). Skjáhlutfall 16:9
• Upplausn 1024 x 768 punktar
• HD ready/2 X HDMI
• Pureblack/Pure drive 2HD
• Contrast 3.000:1
• Þyngd 25,8 kg
**Verð frá kr.: 399.900,-**

12 MÁNAÐA VAXTALAUSAR RAÐGREIÐSLUR



**PIONEER DCS-232**
**HEIMABÍÓKERFI**
• Magnari 360 W (5x60 W) RMS
• 60 W Bassabox/Dolby Digital/DTS, MP3, JPEG og DivX
• FM útvarp með 30 stöðva minni og RDS
**Verð kr.: 33.900,-**

Vegna mikillar sölu er nú biðlisti eftir PIONEER PLASMA sjónvörpum. Þetta „ánægjulega vandamál“ verður leyst vel fyrir jól. Vinsamlegast ráðfærið ykkur við sölumenn okkar í Síðumúla 9 og í Smáralind.

12 MÁNAÐA VAXTALAUSAR RAÐGREIÐSLUR



**PIONEER VSX-1015**
**HEIMABÍÓMAGNARI**
• 7x150 W (6 ohm)
• THX/Dolby Digital/DTS-ES/Dolby Prologic II
• AM/FM útvarp með RDS 30 stöðva minni
• Forritanleg fjarstýring
• **Eisaverðlaun 2005-2006**
**Verð kr.: 79.900,-**

12 MÁNAÐA VAXTALAUSAR RAÐGREIÐSLUR



**PIONEER VSX-515**
**HEIMABÍÓMAGNARI M/ÚTVARPI**
• 6.1 rása heimabíómagnari (6x100 RMS @ 8 ohm)
• Styður Dolby Digital, Dolby Digital EX, DTS, DTS-ES Discrete 6.1, DTS-ES Matrix 6.1, DTS Neo:6, DTS 96/24, ProLogic, ProLogicII og ProLogic IIx
• FM/AM útvarp með RDS
• Sjálfvirk uppsetning með Auto-MCACC (hljóðnemi fylgir)
**Verð kr.: 39.900,-**

12 MÁNAÐA VAXTALAUSAR RAÐGREIÐSLUR



**PIONEER DCS-333**
**HEIMABÍÓKERFI**
• Magnari 6x100 W RMS
• 100 W Bassabox/Dolby Digital/DTS, MP3, JPEG og DivX
• FM útvarp með 30 stöðva minni og RDS
**Verð kr.: 49.900,-**

12 MÁNAÐA VAXTALAUSAR RAÐGREIÐSLUR



**PIONEER DVR-530**
**DVD SKRIFARI m/HÖRÐUM DISKI**
• DVD upptökutæki með 160GB hörðum diski
• Allt að 455 klst. upptaka á harða diskinn
• Allt að 24 tíma upptaka á einn dual-layer DVD disk (12 tímar á venjulega diska)
• DV inn- og útgangur
• 48x hraða afritun af hörðum disk á DVD
• Chase Play: samhliða afspilun og upptaka
• Ný og betri MPEG-2 þjöppun með VBR (Variable bit-rate)
• Spilar og skrifar DVD-Video, DVD-R/RW, DVD+R/RW, Dual-layer DVD-R, CD, VCD, SVCD, CD-R/RW,MP3, WMA og JPEG
• **Eisaverðlaun 2005-2006**
**Verð kr.: 69.900,-**

12 MÁNAÐA VAXTALAUSAR RAÐGREIÐSLUR



**PIONEER DVR-433**
**DVD SKRIFARI m/HÖRÐUM DISKI**
• DVD upptökutæki með 80GB hörðum diski
• Allt að 270 klst. upptaka á harða diskinn
• Allt að 24 tíma upptaka á einn dual-layer DVD disk (12 tímar á venjulega diska)
• DV inn- og útgangur
• 48x hraða afritun af hörðum disk á DVD
• Chase Play: samhliða afspilun og upptaka
• Ný og betri MPEG-2 þjöppun með VBR (Variable bit-rate)
• Spilar og skrifar DVD-Video, DVD-R/RW, DVD+R/RW, Dual-layer DVD-R, CD, VCD, SVCD, CD-R/RW, MP3, WMA og JPEG
**Verð kr.: 54.900.-**



**PIONEER DV-380**
**DVD SPILARI**
• Fjölkerfa DVD spilari með DivX
• Progressive scan - flöktfrí mynd
• Spilar DVD, VCD, SVCD, CD-R/RW og DVD-R/RW diska
• Spilar MP3, WMA tónlist og JPEG myndir
108Mhz/12-bit Video D/A breytir
**Verð kr.: 12.900,-**




Pioneer

**NJÓTTU ÞESS BESTA HEIMA HJÁ ÞÉR UM JÓLIN**

SJÁ NÁNAR Á WWW.ORMSSON.IS

RADIONAUST
FURUVÖLLUM 5 • AKUREYRI • SÍMI 461 5000

Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu

## Svona erum við

> MEÐALALDUR FORELDRA ÞEGAR FYRSTA BARN FÆÐIST




**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** TÖLVUORMAR, VÍRUSAR OG ÖNNUR ÓVÆRA Á INTERNETINU

# *Dularfull viðhengi í tölvupósti*

Ný útgáfa af tölvuorminum Sober dreifir sér nú hratt um heiminn, en vírusvarnafyrirtæki hafa mörg hver varað sérstaklega við honum. Þessi útgáfa villir á sér heimildir í tölvupósti og reynir að fá fólk til að keyra upp sýkt viðhengi.

**Hvað heitir óværan?**
Í tilkynningu frá vírusvarnafyrirtækinu Trend-Micro kemur fram að WORM_SOBER.AG, eins og útgáfan kallast fullu nafni, hafi farið mikinn í Bandaríkjunum, Belgíu, Kanada, Brasilíu og Nýja-Sjálandi. Í gær var líka þó nokkuð um að sýkt skeyti væru í umferð hér. Í sýktum tölvum sendir ormurinn afrit af sjálfum sér í tölvupósti og þarf notandinn þar hvergi að koma nærri og veit því jafnvel ekki af vandanum.

**Hvernig er fólk platað?**
Texti skeytisins er á ensku, en meðal þess sem pósturinn þykist innihalda eru myndir af Paris Hilton og Nicole Richie, upplýsingar um aðgangsorð og eins er áberandi falsviðvörun frá Alríkislögeglunni Bandarísku þar sem fólk er beðið að svara spurningum í viðhengi. Ef viðhengið er keyrt upp kemur gervivillumelding þannig að fólk haldi að skráin sé ónýt, þegar tölvan er í raun þegar sýkt af óværunni. Ormurinn hefst svo handa við að gera aðrar varnir tölvunnar óvirkar, svo sem Microsoft Windows Malicious Software Removal Tool.

**Hvað er til ráða?**
Til að forðast að lenda í vandræðum þurfa tölvunotendur að gera tvennt, huga að öryggismálum tölva sinna og vera svo almennt vakandi fyrir því að stundum berst óumbeðinn sóðaskapur í tölvupósti. Sumir tölvuormar eru þannig að þeir bora sér leið um internetið og þurfa ekki einu sinni hjálp tölvupóstsins til að fjölga sér, bara tölvur án eldveggja og viðunandi vírusvarna. En svo skiptir heldur engu máli hversu góðar varnirnar eru ef fólk klaufast til að keyra upp sýkt viðhengi sem varnirnar eru ekki enn farnar að kveikja á.




## SPURT & SVARAÐ

ERFÐABREYTT MATVÆLI

# *Skiptar skoðanir*



ÞORVARÐUR ÁRNASON
Heimspekingur

Deilt hefur verið um ágæti erfðabreyttra matvæla. Vísindafélag Íslendinga, í samvinnu við Reykjavíkurborg, hélt í gær opinn fund um málið. Þorvarður Árnason, heimspekingur og náttúrufræðingur við Háskólann á Hólum, hélt erindi á fundinum.

**Af hverju er matvælum erfðabreytt?** Það felast ýmsir möguleikar framyfir hefðbundnar kynbætur þegar matvælum er erfðabreytt. Hægt er að ná fram aukinni uppskeru og nýjum eiginleikum sem geta verið jákvæðir.

**Eru erfðabreytt matvæli hættuleg?** Það eru skiptar skoðanir um það. Í fyrsta lagi er deilt um hvers konar matvæli eða áhrif séu hættuleg. Einnig er deilt um hverju, ef þá einhverju, stafi hætta af erfðabreyttum matvælum. Eru þau hugsanlega hættuleg mönnum, samfélögum manna, dýrum, plöntum eða vistkerfum? Þetta er flókið mál sem verður áfram deilt um.

**Verður haldið áfram að þróa erfðabreytt matvæli?** Mér finnst það ekki ósennilegt. Það er hins vegar grundvallaratriði að rétt sé staðið að málunum svo að þau nýtist sem skyldi.

# Gambíturinn gæti borgað sig

**Brotthvarf Ariel Sharon úr Likud-bandalaginu markar upphaf nýs kafla í stjórnmálasögu í Ísrael. Ljóst er að þessi aldni haukur tekur umtalsverða áhættu með þessu bragði sínu en skoðanakannanir benda þó til að flétta forsætisráðherrans geti vel gengið upp.**

Síðastliðið sumar var bent á kaldhæðni þess að Ariel Sharon skyldi verða sá forsætisráðherra Ísraelsríkis sem léti leggja niður landnemabyggðir á Gaza-ströndinni þar sem fáir hafa barist jafn ötullega fyrir landnámi gyðinga á herteknu svæðunum og hann. Á sama hátt urðu í fyrradag margir til að benda á að nú hefði maðurinn sem tók þátt í að stofna Likud-bandalaginu farið langt með að reka því náðarhöggið.

### Hröð atburðarás

Enda þótt brotthvarf Sharon úr Likud-bandalaginu eigi sér nokkurn aðdraganda má segja að Amir Peretz, hinn nýkjörni leiðtogi Verkamannaflokksins, hafi hrundið atburðarásinni af stað á sunnudaginn með því að slíta stjórnarsamstarfinu við Likud-bandalagið. Sharon, sem í sívaxandi mæli hafði lent í útistöðum við sína fyrrum félaga vegna ýmissa mála, sá sér leik á borði, yfirgaf flokkinn og fór fram á við Moshe Katsav forseta að þing yrði rofið og boðað yrði til kosninga. Lunganum úr mánudeginum eyddi Sharon svo í að sannfæra bandamenn sína um að fylgja sér yfir í hinn nýstofnaða Þjóðarábyrgðarflokk. Þegar hafa fjórtán þingmenn Likud tekið áskoruninni en auk þess vonast Sharon til að einhverjir liðsmenn Verkamannaflokksins, jafnvel Shimon Peres, gangi til liðs við sig þótt það sé reyndar talið ólíklegt.

### Útlitið nokkuð bjart

Þrjár skoðanakannanir sem gerðar voru í gær sýna að Þjóðarábyrgðarflokkurinn nýtur umtalsverðs fylgis á meðal Ísraela. Tíðindi mánudagsins virðast ekki hafa gert Verkamannaflokknum skráveifu en Likud-bandalagið biði afhroð ef kosið yrði nú. Í könnun dagblaðsins Haaretz um fylgi við einstaka stjórnmálamenn - en Ísraelar kjósa forsætisráðherra beinni kosningu - kemur í ljós að 37 prósent aðspurðra telja Sharon heppilegastan til starfans, 22 prósent Peretz og fimmtán prósent vilja hvern þann sem verður leiðtogi Likud-bandalagsins.

Kannanir frá því fyrir helgi sýndu raunar þá þegar að Sharon myndi vegna vel ef hann stofnaði eigin flokk. Reuven Adler, einn nánasti ráðgjafi Sharon, viðurkenndi í samtali við tímaritið Time í gær að kannanirnar hefðu einmitt ráðið úrslitum um að hann kaus að bjóða sig fram.

Þótt Sharon sé langvinsælasti stjórnmálamaður landsins er samt ólíklegt að meðbyrinn muni haldast. Reynslan sýnir frekar að fljótlega fjarar undan klofningsflokkum, eins og til dæmis Rafi-flokki David Ben Gurion forsætisráðherra, sem Ísraelar halda nánast í dýrlingatölu, í kosningunum 1965. Því ríður á fyrir Sharon að kosningar verði haldnar sem allra fyrst.

### Vill deila og drottna

Auðvelt er að skilja hvað vakir fyrir Sharon. Hann var farinn óttast að flokkurinn sem hann átti orðið í stöðugt harðvítugri deilum við ætlaði sér að losa sig hann að loknum næstu kosningum. Afar ólíklegt er að Verkamannaflokkurinn eða Likud-bandalagið fái hreinan meirihluta í þeim kosningum og við formannsskiptin í Verkamannaflokknum varð nánast jafn ólíklegt að þessar hreyfingar mynduðu samsteypustjórn. Því ákvað Sharon einfaldlega að taka slaginn og stofna öflugan flokk á miðjunni sem er opinn í báða enda, ekki ósvipað og Framsóknarflokkurinn hérlendis.

Á þessari stundu er líklegra að Sharon myndi ríkisstjórn með Peretz að loknum kosningum. Yaron Metrazi, stjórnmálaprófessor í Jerúsalem sagði í viðtali við breska blaðið Guardian í gær að án Sharon virðist Likud-bandalagið í augum kjósenda vera orðinn of hægrisinnað til að líkur séu á að því takist að ná friði við Palestínumenn. Þrátt fyrir áherslumun í efnahagsmálum tala þeir Sharon og Peretz hins vegar á svipuðum nótum um hvernig friði skuli náð, þ.e.a.s. með því að fylgja friðarvegvísinum svonefnda sem gerir ráð fyrir sjálfstæðu ríki Palestínumanna, auk þess að taka á hryðjuverkamönnum af hörku.

Framganga Sharon hingað til hvað fyrrnefnda liðinn varðar gefur raunar ekki tilefni til mikillar bjartsýni en eins og Ben Casbit, dálkahöfundur ísraelska dagblaðsins Maariv, bendir á þá eru síðustu forvöð fyrir hinn 77 ára gamla klækjaref til að reisa sér pólitískan minnisvarða. „Ef honum tekst ætlunarverk sitt þá gæti hann skyggt á sjálfan Ben Gurion. Ef honum misheppnast verða örlög hans þau svipuð Shimonar Peres, nema talsvert hraksmánarlegri."



**TEKUR SLAGINN** Áhættan sem Ariel Sharon tekur er umtalsverð því bregði til beggja vona getur endirinn á pólitískum ferli hans orðið heldur sneypulegur.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP



FRÉTTASKÝRING
SVEINN GUÐMARSSON
sveinng@frettabladid.is

## FYLGI STÆRSTU STJÓRNMÁLAFLOKKANNA

> samkvæmt skoðanakönnun þriggja ísraelskra miðla í gær







CR-V

HONDA
The Power of Dreams

# 4x4xinnkaupakerra



HÉR & NÚ / SÍA

Verðlaun
Eftirsóttasti borgarjeppinn í sínum flokki (Edmunds.com)
Bestu kaupin í sínum flokki (IntelliChoice)
Hæsta endursöluverðið í sínum flokki (Automotive Lease Guide)
Fyrsti borgarjeppinn til að fá 5 stjörnur í fram- og hliðarárekstrarprófi (NHTSA)

Fullbúinn CR-V LS, verð aðeins
2.749.000 kr.
28.715 kr. á mánuði*

* Bílasamningur Lýsingar - 30% innborgun og eftirstöðvar á 84 mánuðum. ** Bíll á mynd er CR-V Executive

**Komdu í Bernhard, Vatnagörðum**
**og kynntu þér bestu kaupin á borgarjeppa í dag**

honda.is

Fjórhjóladrifinn Honda CR-V er bíllinn með rými og drifgetu fyrir allan afraksturinn úr innkaupaleiðangrinum. Áreiðanlegur, aflmikill og tæknibúinn, endurhannaður að innan sem utan. ABS hemlar ásamt vali um spólvörn, skrikvörn og loftpúðagardínur eru meðal þeirra atriða sem tryggja öryggi og akstурseiginleika eins og best verður á kosið. CR-V kemur á 16 tommu felgum með nýtt drifkerfi og endurbætta fjöðrun sem gerir hvern leiðangur leikandi léttan.
**Honda CR-V er glæsilegt dæmi um Honda áreiðanleika og Honda fjölhæfni á Honda-góðu verði.**

BERNHARD
Vatnagarðar 24-26 • Sími 520 1100
**www.bernhard.is**

Umboðsaðilar: Reykjanesbær, Bílavík, sími 421 7800 - Akranes, Bílver, sími 431 1985 - Akureyri, Höldur, sími 461 6020 - Vestmannaeyjar, Bragginn, sími 481 1535

# Beðið er ákvörðunar um ákærur

**Ríkissaksóknari fer þessa dagana yfir rannsókn efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra á samráði olíufélaganna. Þess er beðið hvort og hversu umfangsmiklar ákærur verði gefnar út í málinu. Rannsökuð voru meint brot félaganna og stjórnenda þeirra á samkeppnislögum frá 1993, en við stórfelldum brotum liggur allt að fjögurra ára fangelsi.**

Í tilkynningu ríkislögreglustjóra um lok rannsóknarinnar, sem staðið hefur í rétt rúm tvö ár, kemur fram að ætluð brotatilvik nemi hundruðum. Áttatíu manns voru yfirheyrðir, sumir ítrekað.

Vandræðagangur einkenndi upphaf rannsóknar lögreglu síðla árs 2003 og marka lok rannsóknarinnar nú því nokkur tímamót. Eftir að rannsókn samkeppnisyfirvalda hófst kom upp ágreiningur milli stofnunarinnar og ríkislögreglustjóra og virtist lengi vel sem lögreglan vildi ekkert af málinu vita. Meðal annars neitaði ríkislögreglustjóri að taka við gögnum Samkeppnisstofnunar í júní árið 2003, liðlega einu og hálfu ári eftir húsleit stofnunarinnar hjá olíufélögunum. Hálfu ári eftir húsleitina tilkynnti Samkeppnisstofnun þó að hún teldi sig hafa komið upp sannanir um lögbrot einstaklinga við samráðið.



### Rannsókn var lengi í gang

Töluvert áður en Samkeppnisstofnun lét til skarar skríða gegn olíufélögunum höfðu henni borist ábendingar um verðsamráð, án þess að aðhafst væri. Haustið 2001 fór Magnús Kristinsson, formaður Útvegsbændafélags Vestmannaeyja, fram á það með bréfi til stofnunarinnar að rannsókn hæfist á samráði. Magnús var einnig varamaður í stjórn Olíufélagsins. Þá var meint samráð einnig mjög til umræðu á aðalfundi LÍÚ sama ár. Kristján Ragnarsson, þáverandi formaður, var harðorður og krafðist opinberrar rannsóknar.

Meðferð samkeppnisyfirvalda á málum olíufélaganna lauk að mestu með úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála núna í byrjun árs, þar sem sektargreiðslur sem samkeppnisráð hafði lagt á félögin voru lækkaðar um nálægt því milljarð króna. Þó er sú undantekning á að Samkeppniseftirlitið, eins og það heitir nú, hefur enn til skoðunar hvort ástæða sé til að taka upp þátt Bensínorkunnar. Í úrskurði áfrýjunarnefndarinnar var komist að þeirri niðurstöðu að ekki hefði verið gætt andmælaréttar Bensínorkunnar og því felldur úr gildi sektarúrskurður upp á 40 milljónir króna.



SAMKEPPNISSTOFNUN LEGGUR HALD Á GÖGN HJÁ SKELJUNGI Í DESEMBER 2001 Gerð var húsleit og haldlögð gögn hjá olíufélögunum 18. desember árið 2001. Í kjölfarið var nokkuð hart deilt á rannsóknarheimildir Samkeppnisstofnunar og kallaði Verslunarráð meðal annars eftir því að viðskiptaráðuneytið legðist yfir málið. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

### Einkamál í pípunum

En olíumálinu er fjarri því lokið því verði gefnar út ákærur má gera ráð fyrir því að það velkist lengi í réttarkerfinu, bæði í héraði og Hæstarétti. Þá eru bæði í bígerð og komin í gang ýmis einkamál á hendur olíufélögunum þar sem krafist er skaðabóta fyrir samráð þeirra.

Lögmaður Reykjavíkurborgar á í samræðum við lögmenn olíufélaganna þriggja um hvort samkomulag geti náðst um skaðabótagreiðslu frá þeim vegna samráðs við útboð á vegum borgarinnar árið 1996. Náist ekki lending í málinu hefur borgin lýst því yfir að hún muni fara í mál við félögin. Borgin krefst rúmlega 150 milljóna króna í bætur fyrir samráðið, en viðræðurnar hafa nú staðið yfir síðan um miðjan október.

Á vegum Neytendasamtakanna hefur þegar verið höfðað eitt mál til skaðabóta vegna verðsamráðsins, en byrjað var á máli eins félagsmanns samtakanna sem passaði vel upp á allar bensínnótur. Væntanlega fer það svo eftir niðurstöðu þess máls hvort höfðuð verða fleiri, eða hvort aðrir geta á grundvelli dómsins samið við félögin um bætur. Aðrir sem íhuga hvort lögsækja beri félögin eru til dæmis útgerðarmenn, Flugleiðir, Landhelgisgæslan og mögulega dómsmálaráðuneytið vegna löggregluembætta landsins. Þá er vitað til þess að Vegagerðin fylgist með framvindu mála, en í úttektum samkeppnisyfirvalda kemur fram að heilmikið var svindlað á henni. Jón Rögnvaldsson vegamálastjóri hefur þó lýst því yfir að ekkert hafi verið ákveðið þar á bæ um mögulegt skaðabótamál.

### Grundvallaratriði í saksókn

Jón H. Snorrason, sem bæði er saksóknari og yfirmaður efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra, segist ekki sjálfur taka ákvörðun um saksókn í því vegna þess að taka þurfi afstöðu til grundvallaratriða í málinu sem rétt sé að ríkissaksóknari geri. Þessi atriði segir hann snúa að því að hversu miklu leyti skuli taka tillit til fyrri rannsókna samkeppnisyfirvalda þegar smíðaðar eru ákærur.

Ljóst má þó vera að ekkert gamanmál er að fá á sig ákæru fyrir stórfelld brot gegn samkeppnislögum, en það hlýtur jú olíusamráðið að teljast, enda upphæðir allar gríðarháar og brot ná yfir langan tíma. Í 42. grein laganna segir að brot gegn þeim, auk reglna og fyrirmæla settum samkvæmt þeim, varði fésektum eða fangelsi í allt að tvö ár. „En fangelsi allt að fjórum árum ef sakir eru miklar,“ segir í lögunum. Þá geta menn auk fangelsisvistar átt yfir höfði sér fésektir, enda virðist um suma að minnsta kosti eiga við skilyrði 49. greinar almennra hegningarlaga um að þeir hafi „aflað sér eða öðrum fjárvinnings með brotinu.“



FRÉTTASKÝRING
Óli Kristján Ármannsson
olikr@frettabladid.is

FL GROUP UM SKAÐABÆTUR:

## LÖGMENN SKOÐA MÁLIÐ



Guðjón Arngrímsson, upplýsingafulltrúi FL Group, segir að ekki hafi enn verið tekin ákvörðun um hvort fyrirtækið kæri olíufélögin. Hann segir að lögmönnum fyrirtækisins hafi verið falið að skoða málið og gæta réttar þess.

LÍÚ AÐSTOÐAR ÚTGERÐIR:

## FLEIRI ÚTGERÐIR KÆRA



Friðrik Jón Arngrímsson, framkvæmdastjóri LÍÚ, segir að nokkrar útgerðir hafi ákveðið að bætast í hóp útgerðarfélaga sem hyggjast leggja fram kæru vegna ólöglegs samráðs olíufélaganna. Að hans sögn getur LÍÚ ekki gert beina kröfu um skaðabætur heldur er það í höndum einstaka útgerða að krefjast þeirra. LÍÚ mun hins vegar aðstoða útgerðarfélögin í málarekstrinum óski þau eftir því.

LANDHELGISGÆSLAN KÆRIR:

## RÁÐUNEYTI FÆR GÖGN



Georg Lárusson, forstjóri Landhelgisgæslunnar, segir að gögn vegna kæru Landhelgisgæslunnar á hendur olíufélögunum hafi verið send til dómsmálaráðuneytisins. Hann segir að gögnin séu þar til skoðunar og að Landhelgisgæslan hafi ekki fengið nein viðbrögð frá dómsmálaráðuneytinu enn sem komið er.

### TÍMASETNINGAR Í OLÍUMÁLINU

***18. desember 2001*** Samkeppnisstofnun gerir húsleit hjá olíufélögunum.

***janúar 2002*** Verslunarráð kallar eftir því að viðskiptaráðuneyti kanni aðferðir Samkeppnisstofnunar.

***13. febrúar 2002*** Ráðuneytið hafnar erindi Verslunarráðs.

***1. mars 2002*** Olíufélagið ákveður að starfa með Samkeppnisstofnun.

***3. maí 2002*** Hæstiréttur hafnar kröfum Skeljungs um að Samkeppnisstofnun eyði afritum af rafrænum gögnum.

***16. júní 2003*** Ríkislögreglustjóri neitar að taka við frumskýrslu Samkeppnisstofnunar þegar fulltrúar hennar reyna að kynna embættinu niðurstöður sínar í málinu.

***17. júlí 2003*** Fréttablaðið birtir ágrip úr frumskýrslu Samkeppnisstofnunar.

***22. júlí 2003*** Tæknimaður Símans er rekinn fyrir að senda Kristni Björnssyni, forstjóra Skeljungs, harðorðan tölvupóst á bréfsefni Símans um meint samráð olíufélaganna.

***28. júlí 2003*** Samkeppnisstofnun og Ríkislögreglustjóri funda án niðurstöðu.

***21. ágúst 2003*** Ríkissaksóknari fer fram á að ríkislögreglustjóri afli fullnægjandi gagna frá Samkeppnisstofnun til að unnt sé að athuga hvort hefja þurfi opinbera rannsókn.

***september 2003*** Efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra móttekur gögn frá Samkeppnisstofnun.

***október 2003*** Hafin er opinber rannsókn hjá embætti ríkislögreglustjóra á ætluðum brotum olíufélaganna, félögunum, æðstu stjórnendum og millistjórnendum.

***26. nóvember 2003*** Fjárlaganefnd Alþingis leggur til aukafjárveitingu vegna aukins umfangs starfa efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra.

***5. desember 2003*** Forsvarsmenn olíufélaganna fá afhentan seinni hluta frumskýrslu Samkeppnisstofnunar um ólöglegt samráð þeirra.

***29. janúar 2004*** Samkeppnisstofnun veitir olíufélögunum frest fram í apríl til að skila andmælum vegna skýrslu stofnunarinnar um samráð þeirra.

***3. maí 2004*** Skeljungur skilar Samkeppnisstofnun andmælum við síðari frumathugun á samráði olíufélaganna.

***4. maí 2004*** Olíufélagið skilar andmælum sínum, degi of seint vegna bilunar í tölvukerfi.

***10. maí 2004*** Olíufélag Íslands skilar andmælum sínum, eftir að hafa fengið frest framlengdan um vikutíma.

***28. október 2004*** Samkeppnisráð sektar olíufélögin um rúma 2,6 milljarða króna fyrir brot gegn samkeppnislögum.

***1. nóvember 2004*** Tölvupóstur fer um eins og eldur í sinu þar sem fólk er hvatt til að kaupa ekki smásöluvarning af brotlegum olíufélögum, heldur einskorða viðskipti sín við bensín.

***nóvember 2004*** Dæmi eru um að viðskiptavinir séu dónalegir við bensínafgreiðslufólk vegna uppljóstrana um verðsamráð olíufélaganna.

***desember 2004*** LÍÚ fær lögfræðiálit þar sem fram kemur að olíufélögin kunni að vera bótaskyld við útgerðarfélög.

***desember 2004*** Á vettvangi Neytendasamtakanna er einnig verið að kanna mögulegan flöt á bótakröfu fyrir hönd félagsmanna.

***29. janúar 2005*** Áfrýjunarnefnd samkeppnismála gefur út úrskurð sinn og lækkar sektir félaganna um rúman milljarð, í 1,5 milljarða króna. Ker og Olíuverslunin fá afslátt fyrir samstarf við samkeppnisyfirvöld. Skeljungur fær engan afslátt af sekt sinni.

***september 2005*** Reykjavíkurborg kannar mögulegan bótarétt vegna samráðs olíufélaganna í útboðum borgarinnar.

***30. júní 2005*** Þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur mál Kers á hendur ríkinu til niðurfellingar sekta vegna verðsamráðs Essó við hin olíufélögin.

***30. júní 2005*** Í Héraðsdómi Reykjavíkur er einnig þingfest skaðabótamál Neytendasamtakanna á hendur Keri vegna samráðs Essó við hin félögin. Málið er höfðað sem prófmál fyrir hönd eins félagsmanns samtakanna.

***júlí 2005*** Olís og Skeljungur leggja inn stefnur á hendur ríkinu til niðurfellingar eða lækkunar sekta samkeppnisyfirvalda.

***22. september 2005*** Á fundi borgarráðs Reykjavíkur er kynnt bótakrafa borgarinnar á hendur olíufélögunum þremur upp á rúmar 150 milljónir króna vegna samráðs í útboði sem fram fór árið 1996. Félögin fá frest fram í miðjan október til að svara.

***september 2005*** Eitt útgerðarfélag hefur ákveðið að höfða mál á hendur olíufélögunum til skaðabóta vegna samráðs þeirra. Önnur eru enn að kanna málið.

***október 2005*** Viðræður lögmanna olíufélaganna og lögmanns Reykjavíkurborgar um skaðabótakröfu borgarinnar hefjast.

***17. nóvember 2005*** Efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra sendir ríkissaksóknara niðurstöðu lögreglurannsóknar á samráði olíufélaganna.

***21. nóvember 2005*** Ríkislögreglustjóri sendir út tilkynningu um lok rannsóknarinnar og upplýsir að málið sé komið til ríkissaksóknara.


Aðalfundur hverfafélags Hlíða og Laugardals

Aðalfundur Hverfafélags Hlíða og Laugardals verður haldinn fimmtudaginn 24. nóvember nk. Fundurinn verður haldinn í Þróttaraheimilinu í Laugardal og hefst kl. 20.



**Stefán Jón Hafstein** mætir á fundinn og talar um stjórnmálin í borginni.

Samfylkingarfélagar í hverfum 104 og 105 eru hvattir til að mæta.

SffR Samfylkingarfélagið í Reykjavík


Könnun á afstöðu almennings vegna samráðsins:

## *Nær allir vildu forstjórana fyrir dóm*



Óvenjumargir tóku afstöðu til spurningar um hvort forstjórar olíufélaganna ættu að svara til saka fyrir ólöglegt verðsamráð þeirra, í könnun sem blaðið gerði í byrjun nóvember í fyrra. Könnunin var gerð í kjölfar sektarákvörðunar samkeppnisráðs. 96,7 prósent vildu svara og taka með því afstöðu til málsins.
99 prósent þeirra sem svöruðu vildu láta draga forstjórana til ábyrgðar. Eitt prósent var því ósammála.
800 manna úrtak, með jöfnu kynjahlutfalli og hlutfallsskiptingu eftir kjördæmum svaraði spurningunni: Eiga stjórnendur olíufélaganna að svara til saka vegna verðsamráðanna?

Mat manna var að könnunin endurspeglaði hug almennings og áhuga á málinu. Þá höfðu samkeppnisyfirvöld nýverið upplýst um fjölda tilvika sem félögin voru sektuð fyrir og mörgum sem greinilega þótti blasa við að hægt væri að sakfella einstaklingana við stjórnvölinn á grundvelli þeirra upplýsinga.
Í sömu könnun var fólk spurt hvort það teldi að Þórólfur Árnason, þáverandi borgarstjóri, ætti að segja af sér vegna olíumálsins og töldu 55,6 prósent hann eiga að gera það. Enda fór það svo í byrjun sama mánaðar og lét hann af störfum um næstu mánaðamótin.

# Ótrúlegt verð

## á sófasettum á vaxtalausu tilboði

Eingöngu fáanlegt í Hagkaupum Smáralind og á markaði Hagkaupa Óseyri 1 Akureyri

**Sérsmíðaðir hornsófar á jóla-tilboði**

þú velur áklæði, stærð og gerð og við smíðum fyrir þig.




**Vaxtalaus verðsprengja!**
aðeins
**9.990** kr*
á mán. í 10 mánuði
Verð nú 99.900,-**
Verð áður 149.900,-

**Púðahornsófi** 2+h+2 Paris

**Hornsófi** 2+h+2 bycast

** Sérsmíðaðir hornsófar 2+h+2

## Öll sófasett fást á VAXTALAUSUM GREIÐSLUM



verð 149.980.-
**Leðurhornsófi** 3+1+1 3166



verð 179.980.-
**Leðursófasett** 3+1+1 Nice



verð 174.980.-
**Leðursófasett** 3+1+1 Relax



verð 149.980.-
**Leðurhornsófi** 2+h+2 3130



verð 149.980.-
**Leðursófasett** 3+1+1 M6217



verð 149.980.-
**Leðursófasett** 3+1+1 Dany



verð 149.980.-
**Leðursófasett** 3+1+1 3057



verð 149.980.-
**Leðursófasett** 3+1+1 G1982



verð 99.980.-
**Leðursófasett** 3+1+1 3002

*Stimpil- , seðil- og lántökugjald ekki innifalið.

Gildir til 1. desember eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
Skemmtilegast að versla

# skoðun

SJÓNARMIÐ
JÓN KALDAL

Íbúar Reykjavíkur hafa sýnt að þeir hafa mikinn áhuga á því hvernig borgin þeirra á að líta út í framtíðinni.

## Er Reykjavík framtíðarinnar langt undan?

Skipulagsmál í Reykjavík hafa góðu heilli verið mönnum hugleikin undanfarnar vikur og mánuði. Sérstaklega hafa fulltrúar stóru flokkanna í borginni verið iðnir við að spila út hugmyndum um hvernig Reykjavík framtíðarinnar gæti litið út. Þetta er mikið fagnaðarefni því breytingar á gömlum hverfum og bygging nýrra þarf að ræða og velta fyrir sér á alla kanta áður en óhætt er að taka fyrstu skóflustunguna.

*Þetta er skipulag sem á lítið skylt við þá framtíðarsýn að í Vatnsmýrinni geti risið þéttbýlt hverfi í ætt við Þingholtin með sínum húsalengjum, götum og strætum*

Sjálfstæðismenn riðu á vaðið í vor með frísklegum en þó ansi útópískum tillögum um byggð á landfyllingum og í eyjunum úti fyrir strönd borgarinnar. Þótt litlar líkur séu á að þær hugmyndir komist á koppinn næstu áratugina, eins og foringi flokksins, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, hefur látið hafa eftir sér, var þetta smart og viðbrögð borgarbúa sýndu að ekki skortir áhuga á framtíðarsýn höfuðborgarinnar af þeirra hálfu.

Þessu virðist formaður skipulagsráðs Reykjavíkur, Dagur B. Eggertsson borgarfulltrúi R-listans sáluga, hafa gert sér grein fyrir en á því rúma ári sem hann hefur gegnt starfinu hefur hann gengið óvenju hraustlega til verka.

Nýjasta afrek Dags er að fá Íslenska aðalverktaka til að bjóðast til að stranda straum af kostnaði við að leggja Miklubraut í stokk frá Snorrabraut til Grensásvegar gegn því að fá að byggja á lóðunum sem þar með myndast ofanjarðar. Þetta er gömul flott hugmynd, sem leit út fyrir að yrði aldrei meira en það, þar til þetta tilboð ÍAV kom fram í vikubyrjun. Tilboðið á eftir að fá efnislega meðhöndlun í borgarkerfinu og er ekki ástæða til annars en að ætla að fulltrúar allra flokka veiti því brautargengi, enda mál sem tæplega reynir á flokkslínur.

Þá er líka full ástæða til að hrósa því frumkvæði Dags að ná saman helstu hagsmunaraðilum á flugvallarsvæðinu í nefnd sem skoðar möguleika sem eru í boði um framtíð vallarins. Nefndin boðaði á dögunum að hún myndi flýta störfum sínum og kynna tillögur strax næsta sumar, eða innan við ári eftir að hún var sett á laggirnar.

Verra mál er hins vegar deiluskipulagið sem var samþykkt árið 2003 fyrir Valssvæðið. Þar er gert ráð fyrir svipuðum blokkum og eru nú við Eskihlíð, upp á fimm hæðir með stórum görðum á milli, í bland við álíka stór skrifstofuhús, eða nokkurs konar framhald af núverandi byggð við Eskihlíð og Skógarhlíð. Í tillögunum er gert ráð fyrir að ryðja þurfi upp verulegum hljóðmönum og gróðurbeltum vegna nálægðar við umferð.

Þetta er sem sagt skipulag sem á lítið skylt við þá framtíðarsýn að í Vatnsmýrinni geti risið þéttbýlt hverfi sem er frekar í ætt við Þingholtin með sínum húsalengjum, götum og strætum en úthverfaskipulagið sem er ráðandi annars staðar á höfuðborgarsvæðinu.

Valsmenn og borgaryfirvöld ræða nú möguleika á að endurskoða þetta skipulag frá grunni með það fyrir augum að það gefi tóninn fyrir það sem koma skal þegar flugvöllurinn fer úr Vatnsmýrinni. Vonandi næst saman í þeim viðræðum, svo glórulaust er núverandi skipulag svæðisins.

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Meiri fjölbreytni?

Egill Helgason sjónvarpsmaður reifar efasemdir um þróunina á fjölmiðlamarkaði í pistli á vefsíðu sinni á Vísi í gær. „Er það til marks um fjölbreytni að hafa hundrað sjónvarpsstöðvar, flestar með nokkurn veginn því sama? Raunveruleikaþáttum, sápum og fréttum. Ég er ekki viss um það“ segir hann. Hann er ekki sammála þeim sem telja að lífið hafi verið fábreytt fyrir þrjátíu árum. Vissulega hafi þá aðeins verið ein sjónvarpsstöð, ekkert sjónvarp á fimmtudögum, sjónvarpsfrí í júlí. „En á sama tíma komu út sex dagblöð. Fullt af menningartímaritum. Það starfaði miklu meira af alls kyns félögum en nú; átthagafélög, áhugaleikfélög, kórar, Lions og Kiwanis. Þátttaka í stjórnmálastarfi var meiri; stjórnmálaflokkarnir höfðu innan sinna vébanda ótal félög sem héldu vel sótta fundi á kvöldin.

Hið sama má segja um verkalýðshreyfinguna; virkni félaga var meiri en nú. Í kvenfrelsisbaráttunni var mikill uppgangur sem náði hámarki í kvennafrídeginum 1975“ skrifar Egill.

### Gróska í stjórnmálum

Agli finnst að gróska í stjórnmálum hafi ekki verið minni hér áður fyrr. „Á vinstri vængnum starfaði margháttaður félagsskapur sem einkum barðist gegn heimsvaldastefnunni, en hægra megin var í gerjun uppreisn frjálshyggjunnar; það kom út samnefnd bók sem vakti mikla athygli. Þetta var alvöru hugmyndabarátta. Mötunin var langt í frá einhliða. Vilmundur Gylfason fór hamförum og vildi bylta íslensku þjóðfélagi. Helgarpósturinn var stofnaður að nokkru leyti eftir forskrift hans; einhver óháðasti fjölmiðill sem hefur verið til á Íslandi.“

### Minni neysla

Egill nefnir að gróska hafi einnig verið á ýmsum öðrum sviðum, svo sem í tónlist, meira hafi verið lesið af bókum þá en nú og „listaskáldin vondu“ hafi fyllt samkomuhús út um allt land. „Ókei. Það var ekki jafnmikið úrval af neysluvarningi og nú, bílarnir voru ekki jafn fínir, það var ekki farið jafn oft til útlanda. „Maður er nefndur“ var í sjónvarpinu.“ Fólk hafi enn verið hamingjusamlega grunlaust um að til yrði fyrirbæri sem nefndist „markaðssetning“. Og Egill segir enn fremur: „Meiri fréttir eru heldur ekki alltaf réttari fréttir; kannski þvert á móti.“



gm@frettabladid.is

# Friðsældin framundan

ÍDAG
MISLÆG GATNAMÓT



HAUKUR MÁR HELGASON

Brátt verður búið að ryðja byggð úr vegi Reykjavíkur og rýma fyrir mislægum gatnamótum. Því er rétt, áður en við brunum öll endanlega austur nýju Hringbrautina, út á Leifsstöð og burt, að athuga hver það er sem erfir land, hvaða mann landneminn hefur að geyma, ef svo má segja. Hvað eru mislæg gatnamót?

1. Mislæg gatnamót eru fullkomnun þeirrar vegagerðar sem sjálf skapar fjarlægðirnar sem hún yfirstígur. Þannig hefur verið sýnt fram á að ef göngu- og hjólabrautir kæmu í stað vega innan höfuðborgarsvæðisins styttust fjarlægðir milli húsa svo að göngufært yrði á milli enda borgarinnar á tíu mínútum. Sem er umtalsvert styttri tími en tekur að ganga yfir meðalstórt bílastæði.

2. Mislæg gatnamót birtast þar sem áður voru krossgötur. Á krossgötum mátti standa, anda, horfa til allra átta, og ákveða svo hvert leiðinni væri heitið og hefði djöfullinn eitthvað til málanna að leggja var honum það fúst og frjálst. Á mislægum gatnamótum er ekki tóm til að staldra við og tala við djöfla.

3. Einhver orðaði það eitt sinn svo að helvíti væri hinir – í öllu falli eru djöflarnir hinir. Mislæg gatnamót eru einmitt til þess gerð að enginn þurfi nokkru sinni að verða var við aðra. Mislæg gatnamót gera mögulegt að ferðast milli vinnu, heimilis og verslana án þess að staðnæmast einu sinni á rauðu ljósi meðan aðrir fara hjá. Mislæg gatnamót eru að því leyti fullkomnun og endastöð þeirrar rökvísi einkabílsins að samneyti við ókunnuga sé til trafala, óþægilegt eins og sígarettureykur, og þeir, aðrir, séu betur geymdir í sjónvarpinu.

4. Mislæg gatnamót eru yfirlýsing um endalok stjórnmála og sögu, ytri mörk línulegs tíma, og fögnuður þeirrar nýju rökvísi að til að komast til hægri skuli maður beygja til vinstri. Til að rugla ekki þá í ríminu sem gætu þurft að yfirgefa bíla sína um stundarsakir og ganga, til dæmis vegna vélarbilunar, hefur sama rökvísi nú verið heimfærð á nýja hönnun göngubrúa, sem berja má augum í Vatnsmýri – rétta leiðin yfir Hringbraut er burt frá henni.

*Sá sem ekki tekur rétta hægribeygju á leið sinni til vinstri veit ekki fyrr en hann er lentur í Mosfellsbæ. Sú saga er raunar sögð að láti maður kylfu ráða kasti og gæti ekki að því hvar og hvenær maður beygi á gatnamótum borgarinnar endi maður undantekningarlaust á bílastæðinu við Smáralind.*

5. Mislæg gatnamót eru manndómsvígsla, þar duga menn eða hika, tapa og drepast. Sá sem ekki tekur rétta hægribeygju á leið sinni til vinstri veit ekki fyrr en hann er lentur í Mosfellsbæ. Sú saga er raunar sögð að láti maður kylfu ráða kasti og gæti ekki að því hvar og hvenær maður beygi á gatnamótum borgarinnar endi maður undantekningarlaust á bílastæðinu við Smáralind.

6. Mislæg gatnamót eru manifestó, yfirlýsing, og þau segja: það er ekki leiðin eða ferðalagið sem skiptir máli, heldur aðeins áfangastaðurinn. Aðeins áfangastaðurinn. Á leiðinni er enda bara útvarp, á áfangastaðnum verður þráðlaust net og dvd spilari.

7. Mislæg gatnamót eru sjálfsprottin, þau reisa sig sjálf í nokkurs lags spíralhreyfingu gegnum skrifræði, fjármagn og mýrlendi, án þess mannshöndin komi þar nokkurs staðar nálægt. Hafi mannshönd komið þar nálægt, til dæmis hönd gatnamálastjóra, skipulagsfræðings, hendur nefnda eða verkfræðinga, munu þeir vilja koma fleiri mislægum gatnamótum upp þar til engin leið er að rata um borgina, inn í hana eða út úr henni, svo þeir finnist aldrei, aldrei nokkurn tíma, heldur geti andað rólega einhvers staðar á milli vega. Þeir munu vita hvenær við erum farin og þeir geta um frjálst höfuð strokið, það mun birtast í fréttum.

8. Eins og gatnamótin sjá að mestu, ef ekki öllu, leyti um sig sjálf munu bílarnir vafalaust halda áfram að sprella um göturnar þegar við erum farin – og útvarpsstöðvum mun trúlega ganga ágætlega að fylla dagskrárbilin á milli auglýsinga, þó mannskepnurnar hypji sig.

9. Það fer tvennum sögum af því hvort mislæg gatnamót voru veitt með fulltingi djöfulsins og því hafi hann svo hljótt um sig núna að fáu sé við að bæta, eða hvort hann stendur svekktur í súldinni á umferðareyju eða undir brúarsporði. Sjái hann einhver í vegkanti væri fallega gert að henda til hans brauði.

10. Heyrst hefur að íslensk verktakafyrirtæki muni brátt senda pólska starfsmenn sína til að reisa mislæg gatnamót í Írak, þar sem bensínverð er lágt, og því lægt að keyra meira. Samið hefur verið við CIA um afnot af flugvélum til að ferja starfsmennina. Það er ekki leiðin sem skiptir máli heldur áfangastaðurinn en við vitum líka öll hvert ferðinni er heitið, er það ekki? ■


www.lyfja.is

LYFJA
- Lífið heil

Líttu eftir húðinni!



FEDTCREME®
• Á þurra og sprungna húð
• Inniheldur ekki ilm- eða litarefni

REPAIR®
• Á mjög þurra og illa farna húð
• Inniheldur ekki rotvarnar-, ilm- eða litarefni

Garðatorgi - Grindavík - Keflavík - Kringlunni - Lágmúla - Laugavegi - Setbergi - Smáralind - Smáratorgi - Spönginni - Egilsstöðum - Höfn - Fáskrúðsfirði - Seyðisfirði - Neskaupstað - Eskifirði - Reyðarfirði - Ísafirði - Bolungarvík - Patreksfirði - Borgarnesi - Grundarfirði - Stykkishólmi - Búðardal - Húsavík - Kópaskeri - Raufarhöfn - Þórshöfn - Sauðárkróki - Blönduósi - Hvammstanga - Skagaströnd - Selfossi - Laugarási

MARKAÐURINN
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA

Mest lesna viðskiptablaðið



Gallup könnun fyrir 365 prentmiðla maí 2005.

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000



FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

Við opnum
bianca



Í tilefni af opnun bianca bjóðum við
15% afslátt fimtudag og föstudag!

Nýbýlavegi 12, Kópavogi, Sími 554 3533

# Það hefur verið níðst á öryrkjum

UMRÆÐAN
ÖRYRKJAR



BJÖRGVIN GUÐMUNDSSON

Öryrkjabandalag Íslands hefur enn á ný farið í mál við ríkisstjórnina vegna vanefnda á greiðslum til öryrkja. Fyrir alþingiskosningarnar 2003 gerði Öryrkjabandalagið samkomulag við ríkisstjórnina um 1,5 milljarða kr. hækkun á aldurstengdum bótum til öryrkja.En þegar kom að því að efna samkomulagið vildi ríkisstjórnin ekki greiða meira en 1 milljarð í hækkun á bótum. Öryrkjar gáfu ríkisstjórninni langan frest til þess að efna samkomulagið og vildu fremur fara samkomulagsleið en dómstólaleið. En allt kom fyrir ekki.

Nýlega lét heilbrigðisráðuneytið Hagfræðistofnun háskólans gera skýrslu um fjölgun öryrkja á ákveðnu árabili. Var rekið upp mikið ramakvein þegar skýrslan kom út og sagt, að öryrkjum hefði fjölgað gífurlega mikið og kostnaður vegna lífeyrisgreiðslna til þeirra hefði stóraukist. Öryrkjabandalagið segir, að fjöldi öryrkja hér sé svipaður og í nálægum löndum. Vakti það mikla undrun hvers vegna heilbrigðisráðuneytið gat ekki sjálft flett því upp hvað öryrkjum hefði fjölgað mikið hér eða fengið tölurnar frá Tryggingastofnun ríkisins en þær liggja allar fyrir í staðtölum Tryggingastofnunar. Eina skýringin á þessu háttalagi ráðuneytisins er sú, að ætlunin hafi verið að gera mikið áróðursmál úr því að öryrkjum hefði fjölgað mikið og um leið gera það tortryggilegt að æ fleiri yrðu öryrkjar. Vantaði ekki að hagfræðistofnun og ráðuneytið réðust með miklu offorsi að stöðu og kjörum öryrkja er skýrslan kom út. Ekki er ljóst hvað þessum aðilum gengur til, þar eð enginn er úrskurðaður öryrki hjá Tryggingastofnun nema að undangengnu örorkumati læknis og fara þau mál öll gegnum tryggingayfirlækni Tryggingastofnunar ríkisins.

Þegar fjárlagafrumvarpið var lagt fram kom í ljós að heilbrigðisráðuneytið hafði fellt niður bensínstyrk til hreyfihamlaðra. Var það helsta sparnaðarráðstöfun ráðuneytisins. Þessi ráðstöfun mæltist mjög illa fyrir innan þings sem utan og varð heilbrigðisráðherra að draga þessa ákvörðun sína til baka. En þessi ráðagerð sýndi afstöðu ráðuneytsins til öryrkja. Þegar mál þetta og mál öryrkja almennt voru rædd á alþingi sagði heilbrigðisráðherra, að öryrkjum hefði fjölgað mikið á árinu. Var ráðherra mikið niðri fyrir og hann sagði með hækkuðum rómi: Öryrkjum hefur fjölgað um 3 á dag undanfarið.

Það þýðir ekkert að óskapast yfir fjölgun öryrkja eða sjúklinga. Þetta eru staðreyndir sem verður að horfast í augu við. Nær væri að athuga hver orsökin er fyrir fjölgun öryrkja. Orsökin er m.a. sú, að ríkisstjórnin hefur skapað hér á landi ómanneskjulegt atvinnulíf. Það ríkir svo mikil harka í dag í rekstri fyrirtækja, græðgissjónarmiðin eru svo allsráðandi að ekki er rúm fyrir starfsmenn sem ekki standa sig 100%. Ef eitthvað smávegis er að hjá starfsmanni er hann umsvifalaust rekinn. Og það getur reynst erfitt fyrir slíkan aðila að fá vinnu hjá öðrum atvinnurekanda. Ef hann fær ekki vinnu fer hann á atvinnuleysisskrá og getur brotnað niður. Og það er einmitt það sem gerst hefur í mörgum tilvikum. ■

## AF NETINU

### Gömlu sveitaráðin

Samfylkingin segist vera nútímalegur jafnaðarmannaflokkur og er alltaf að gefa í skyn að hún sé ekki fyrir gömlu sveitaráðin. Og þegar Samfylkingin segir eitthvað má yfirleitt treysta því að hún meinar eitthvað allt annað. Anna Kristín notaði það sem röksemd fyrir auknum fjárveitingum til Byggðastofnunar úr ríkissjóði að eiginfjárhlutfall stofnunarinnar væri komið niður fyrir 8%. Hvers vegna ætli það sé? Er það vísbending um að stofnunin eigi að fá meira fé að henni hefur haldist illa á fé hingað til?

**Vefþjóðviljinn á andriki.is**

### Borgararnir blæða

Það væri nær að staðsetja Háskólann í Reykjavík á mótum Garðabæjar og Hafnarfjarðar og skoða uppbyggingu hátæknisjúkrahúss við Vífilsstaði. Það ætti að flytja flugvöllinn úr Vatnsmýrinni, tengja Álftanesið við vesturbæ Reykjavíkur og huga fljótlega að byggingu ofarbyggðarvegs. Það ætti að gera svo margt en það gerist ekki því pólitíkusarnir tala ekki saman, þeir horfa ekki á byggðarlagið sem eina heild. Fyrir það blæðum við borgararnir sem sitjum föst í umferðinni og óskum þess að geta geislað okkur á áfangastað.

**Haukur Agnarsson á sellan.is**

### Kjarnagreinar

Vissulega mun stytting náms krefjast niðurskurðs í einhverjum greinum, en sá niðurskurður er ekki endilega verulegur.
Ef nemandi telur sig fara varhluta af námi í einhverri tiltekinni grein í framhaldsskóla, eins og t.d. þriðja máli, íslenskri bókmenntasögu, jarðfræði eða samfélagsfræði ætti hann að getað lagt stund á þessar greinar í háskóla. Það er óþarfi að þröngva þessu upp á alla, sama hvort þeir hafa áhuga eða ekki.

**Þórður Gunnarsson á djoflaeyjan.com**

# Hugmynd að nýjum málshætti

UMRÆÐAN
FJÁRHAGSSTAÐA HÍ





ANNA PÁLA SVERRISDÓTTIR
OG ÁSGEIR RUNÓLFSSON

Nýr málsháttur gæti auðveldlega fest sig í sessi á íslensku. „Háskóli Íslands er vænn skóli en vantar fé.“ Erfitt verður að eigna ákveðinni persónu þessa setningu því hún hefur á undanförnum árum verið brúkuð oft og af mörgum. Hugsanlega er orðið um klisju að ræða – hvernig væri að háskólaborgarar brydduðu upp á skemmtilegra umræðuefni til tilbreytingar?

### Fjárskortur er staðreynd

Sannleikurinn er sá að góð vísa verður ekki of oft kveðin, meðan hún á svona vel við. Starfsfólk og stúdentar við HÍ kysu vissulega að þurfa ekki að eyða svo miklu af tíma sínum í fjárhagsáhyggjur og röfl vegna þeirra. Röfl, segjum við, af því að undirtektirnar verða oftast á þá leið að menntamálayfirvöld berja þessa pirrandi broddflugu frá sér og vitna undantekningarlaust í tölur um að Ísland sé nú að auka framlög til háskólastigsins mest allra ríkja innan OECD. Því miður svarar sú fullyrðing ekki spurningunni um það hvers vegna Háskóli Íslands líður enn skort. Og það er grafalvarlegt að stjórnvöld hafi leitt fjárhagsvanda skólans hjá sér.
Aðalhöfundur skýrslu evrópskrar sérfræðinganefndar sem gerði úttekt á skólanum, gengur svo langt að segja að það sé ekki matsatriði heldur bláköld staðreynd að HÍ fái ekki nægt fjármagn (e. under-funded). Það sést ef fjárhagsstaða sambærilegra skóla á Norðurlöndum og í Evrópu er skoðuð, líkt og gert var í skýrslu Ríkisendurskoðunar sem kynnt var fyrr á árinu. Þessari staðreynd vilja menntamálayfirvöld gera sem allra minnst úr en tölurnar tala fyrir sig. Skólinn fær i mörgum tilvikum tvöfalt og allt að því þrefalt minna fjármagn úr ríkissjóði en samanburðarskólarnir.

### Í hvað eyðum við?

Ábyrgir skattborgarar spyrja sig að sjálfsögðu að því hvað HÍ vilji gera með það aukna fjármagn sem krafan stendur um. Fyrir liggur, samkvæmt þremur nýlegum úttektum á skólanum, meðal annars skýrslu evrópsku sérfræðinganefndarinnar, að skólinn stendur sig gríðarlega vel. Afköst

*Aðalhöfundur skýrslu evrópskrar sérfræðinganefndar sem gerði úttekt á skólanum, gengur svo langt að segja að það sé ekki matsatriði heldur bláköld staðreynd að HÍ fái ekki nægt fjármagn.*

í vísindastarfi, sem og gæði þess, eru mikil og stjórnsýslan fámenn og ódýr. Hvers vegna þarf meira fjármagn ef vel er með farið? Svarið er einfaldlega það að við núverandi aðstæður hefur með afar fórnfúsu starfi, tekist að halda vel í horfinu og um leið byggja upp á mörgum sviðum. HÍ er eini innlendi háskólinn sem hefur raunhæfan möguleika á að verða alhliða alþjóðlegur rannsóknaháskóli í hæsta gæðaflokki.

En um leið hefur þurft að skera niður víða og þar er ekki um að ræða heilbrigðar aðhaldsaðgerðir heldur aðgerðir sem svíður undan. Deildir skólans glíma flestar við viðvarandi hallarekstur þrátt fyrir þær aðgerðir. Vissulega er skerfur skólans af fjárlögum næsta árs nokkuð hærri en að undanförnu. En það er bara ekki nóg.

Í kjölfar úttektanna þriggja skipaði Kristín Ingólfsdóttir rektor starfshóp um viðbrögð við niðurstöðum þeirra. Hópurinn lagði nótt við dag í sumar og skilaði skýrslu sinni nú í byrjun nóvember. Þar eru kynntar um níutíu tillögur að bættri starfsemi. Nú stendur yfir öflug stefnumótunarvinna innan skólans fyrir næstu fimm ár. Hefur rektor m.a. kynnt það háleita markmið að útskrifuðum doktorsnemum fjölgi fimmfalt á næstu fimm árum, en fjöldi þeirra er talin ein helsta vísbendingin um gæði vísindastarfs við háskóla. Í uppbyggingu öflugs framhaldsnáms liggja helstu tækifæri HÍ. Til þess þarf fjármagn.

Vitaskuld þurfa yfirvöld skólans, stúdentar og starfsfólk skólans að vera duglegt að líta í eigin barm og beita sér fyrir betri skóla, líkt og verið er að gera. Staðreyndin sem ekki má samt gleymast er að framlög ríkisins þurfa að stórhækka svo skólinn búi við sambærilega fjármögnun og aðrir norrænir rannsóknaháskólar. Það verður ekki lagað með sparnaðaraðgerðum innan skólans. „Við erum öll sammála um að við viljum búa til rannsóknaháskóla í fremstu röð,“ segir menntamálaráðherra. Til þess þarf fjármagn.

*Höfundar sitja í Stúdentaráði fyrir hönd Röskvu.*




# Ármann Kr. Ólafsson krafinn svara

FULLTRÚAR STARFSMANNAFÉLAGS REYKJAVÍKURBORGAR HJÁ STRÆTÓ BS, SKRIFA UM FJÁRHAGSSTÖÐU STRÆTÓ BS.

Nýlega gat að líta viðtal við Ármann Kr. Ólafsson fulltrúa Kópavogsbúa í stjórn Strætó bs. í Fréttablaðinu. Tilefnið var bág fjárhagsstaða fyrirtækisins á yfirstandandi ári og mögulegar ástæður þess. Taldi Ármann að aðalástæða þessa væri að einkaaðilar sæju ekki um reksturinn. Nefndi hann (ímyndaða?) reynslu annarra af rekstri tvöfalds vagnakerfis sem hann sagði að myndi spara stórar fjárhæðir.
Ármann leggur til að bæði séu í boði stórir og litlir vagnar. Stóru vagnarnir séu keyrðir á annatímum og þeir litlu þegar minna er umleikis. Hvað gerist þá þegar stórir hópar fólks þurfa að ferðast utan álagstíma? Á fólk að bíða eftir stærri vagni frá höfuðstöðvum? Okkur sýnist að þá þurfi að kaupa svona áttatíu til hundrað vagna og fjölga mannskap til muna til að skipta vögnunum út á annatímum. Við biðjum Ármann að sýna okkur og öðrum þær staðreyndir sem liggja fyrir til grundvallar fullyrðingum hans.
Í Fréttablaðinu sunnudaginn 13. nóvember var lítil frétt sem varðar þetta málefni. Þar er borinn saman rekstur strætisvagna annarsvegar í Kaupmannahöfn og hinsvegar í Árósum. Í niðurlagi fréttarinnar segir: „Ný skýrsla leiðir í ljós að einkavæðing strætisvagnarekstursins í höfuðborginni hefur reynst mun verri kostur samanborið við Árósa.“
Lesendum til glöggvunar eru fjögur fyrirtæki sem sinna almenningssamgöngum á Reykjavíkursvæðinu, þar af eru þrjú einkarekin svo ekki verður Ármanni Kr. Ólafssyni skotaskuld úr að sanna mál sitt.

*Höfundar eru trúnaðarmenn starfsmanna Strætó bs: Valdimar Jónsson, Úlfur Einarsson, Magnús M. Hansson, Heimir L. Fjeldsted, Inga Fanney Jónasdóttir og Einar Kristinn Friðriksson.*




HVAÐ ÞARF TIL AÐ STOPPA ÞIG?
HVÍTA HÚSIÐ / SÍA
AKTU ALDREI UNDIR ÁHRIFUM!
UMFERÐARSTOFA
VÍNBÚÐ

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15 5.009 +0,60%**

**Fjöldi viðskipta:** 340
**Velta:** 4.943 milljónir

MESTA HÆKKUN

**FL Group +4,00%**
**Bakkavör +1,52%**
**Össur +1,40%**

MESTA LÆKKUN

**Jarðboranir -2,13%**
**Mosaic Fashions -0,59%**
**SÍF -0,24%**

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:**
**ACTAVIS 46,30 +0,70%** ... Bakkavör 46,90 +1,50% ... FL Group 15,60 +4,00% ... Flaga 5,40 +0,00% ... HB Grandi 9,35 +0,50% ... Íslandsbanki 16,50 +1,20% ... Jarðboranir 23,00 -2,10% ... KB banki 639,00 +0,00% ... Kögun 55,00 +0,00% ... Landsbankinn 23,80 +0,00% ... Marel 64,00 +0,20% ... SÍF 4,14 -0,20% ... Straumur-Burðarás 15,40 +0,70% ... Össur 109,00 +1,40%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn*

Krónan veiktist í gær um 1,46 prósent. Er þetta annar dagurinn í röð sem krónan veikist. Veiking krónunnar er að hluta til rakin til þess að búist er við tilkynningu um hækkun vaxta hjá Íbúðalánasjóði í dag. Það leiðir til þess að fasteignamarkaður kólnar eitthvað og væntingar um verðbólgu minnka. Það leiðir aftur til þess að ekki er eins mikill þrýstingur á Seðlabanka Íslands að hækka vexti nú í byrjun desember þegar Peningamál koma út. Vaxtahækkanir hafa yfirleitt leitt til styrkingar á gengi krónunnar.

Á föstudaginn sagði bankastjóri Seðlabanka Evrópu að stjórn bankans væri tilbúin að hækka vexti. Með því minnkaði vaxtamunur sem líklega veikir krónuna.



**Stjórnarmanni hafnað**

Skúli Valberg Ólafsson, starfsmaður Straums, kemur nýr inn í stjórn Árvakurs, útgáfufélags Morgunblaðsins ásamt Ragnhildi Geirsdóttur. Stjórnin var kynnt skilmerkilega á vef Morgunblaðsins, en svo virtist sem Moggamenn hefðu þegar hafnað nýjum stjórnarmanni undir fyrirsögninni „Millinafninu Valberg hafnað“. Hér var reyndar á ferðinni frétt um niðurstöðu mannanafnanefndar, en skondið að sjá fréttirnar hlið við hlið.

## MARKAÐSPUNKTAR

Alþjóðlega matsfyrirtækið Fitch Ratings tilkynnti í dag lánshæfiseinkunnir fyrir Kaupþing banka hf. Fitch gefur bankanum langtímaeinkunnina A og skammtímaeinkunnina F1, óháða einkunn B/C og stuðningseinkunn 2. Horfur eru stöðugar.

Alþjóðlega matsfyrirtækið Fitch Ratings hækkaði í dag einkunn fyrir fjárhagslegan styrkleika Íslandsbanka í B/C en hún var áður C. Fitch Ratings staðfestir lánshæfismat sitt fyrir Íslandsbanka.

Lilja Dóra Halldórsdóttir, varamaður í stjórn Dagsbrúnar, keypti hlut í félaginu í gær. Alls var um að ræða 1,9 milljónir hluta og var gengið í viðskiptunum 5,4.





**Það þarf ekki að kosta mikið að verða stór**

Navision Small Business er viðskiptahugbúnaður sem getur vaxið og þróast með fyrirtæki þínu. Ef fyrirtækið þitt stækkar og stækkar, getur Navision Small Business orðið Navision Big Business!
Taktu rétta ákvörðun strax. Veldu Navision Small Business.

**Nú á aðeins kr. 115.038**

Nú getur þú tryggt þér öruggan og hnökralausan aðgang að fjárhags- og viðskiptaupplýsingum fyrirtækisins í eitt skipti fyrir öll. Það gerir þú með Navision Small Business.

**Hafðu samband núna!**
**Hringdu í síma 550-9000** og fáðu réttu lausnina fyrir þitt fyrirtæki

Landsteinar Strengur er stærsti sölu- og þjónustuaðili Microsoft viðskiptahugbúnaðar á Íslandi. Sérfræðingar okkar aðstoða þig við að ná markmiðum þínum í rekstri þannig að þitt fyrirtæki geti vaxið og dafnað.

Landsteinar Strengur
Ármúla 7 | 108 Reykjavík | www.landsteinarstrengur.is

Microsoft GOLD CERTIFIED Partner



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ




# Lágmarksgjald 2.000 krónur

**Viðskiptavinir KB banka geta ekki átt hlutabréfaviðskipti í heimabanka.**

Gjald sem Íslandsbanki tekur af viðskiptavinum sínum þegar þeir kaupa eða selja hlutabréf í heimabanka er 0,75 prósent af þeirri fjárhæð sem verslað er með. Gjaldið fer þó aldrei niður fyrir 2.000 krónur. Samkvæmt upplýsingum frá bankanum leggst enginn annar kostnaður á viðskiptavininn fyrir einstök viðskipti.
Sama hlutfall fer í kostnað hjá Landsbankanum, eða 0,75 prósent af upphæð viðskiptanna. Lágmarksgjald er 1.950 krónur en við bætast 275 krónur í afgreiðslugjald. Samanlagt gerir það 2.225 krónur.

KB banki býður viðskiptamönnum sínum ekki upp á viðskipti með hlutabréf í heimabanka.

Bæði Landsbanki og Íslandsbanki bjóða upp á hlutabréfakaup í Bandaríkjunum. Samkvæmt upplýsingum frá Landsbankanum kosta hver viðskipti með bréf í Bandaríkjunum á bilinu 17,95 til 22,95 dali og fer upphæðin eftir umfangi viðskiptanna. Kaup og sala bandarískra hlutabréfa í heimabanka Íslandsbanka kosta hins vegar á bilinu 24,95 til 29,95 dali. Fer upphæðin eftir því hvort viðskiptavinurinn er í virkri fjárfestingu eða ekki.

Landsbankinn býður jafnframt viðskiptavinum að kaupa hlutabréf í sænsku, finnsku og dönsku kauphöllinni. - bg



**ÞAÐ FÆRIST Í VÖXT AÐ HLUTABRÉF SÉU KEYPT OG SELD Í GEGNUM HEIMABANKA.**



**HULDA FER ÚR STJÓRN** Hulda Valtýsdóttir og fjölskylda hennar hafa um árabil verið stærstu hluthafar Árvakurs. Hulda fer nú úr stjórn Árvakurs, útgáfufélags Morgunblaðsins.

# Ragnhildur og Skúli í stjórn Árvakurs hf.

**Tveir nýir voru kjörnir í stjórn Árvakurs hf. á framhaldshluthafafundi félagsins sem haldinn var í gær.**

Ragnhildur Geirsdóttir, fyrrverandi forstjóri FL Group, og Skúli Valberg Ólafsson, hjá Straumi-Burðarási, eru meðal nýrra stjórnarmanna í Árvakri hf., útgáfufélagi Morgunblaðsins. Þau voru kjörin í stjórn á framhaldshluthafafundi félagsins sem haldinn var í gær. Ragnhildur er kjörin í stjórn sem fulltrúi Forsíðu ehf., sem er í eigu Ólafs Jóhanns Ólafssonar í New York. Hann, ásamt Straumi-Burðarási, festi nýlega kaup á hlut í Árvakri. Aðrir í stjórn voru kjörnir Stefán P. Eggertsson, Kristinn Björnsson og Halldór Þór Halldórsson. Stjórnin hefur skipt með sér verkum og er Stefán formaður stjórnar og Kristinn varaformaður. Stjórnin var sjálfkjörin. ■

| Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag | |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 10.22 | 13.14 | 16.06 |
| Akureyri | 10.25 | 12.59 | 15.32 |

Heimild: Almanak Háskólans

# allt

FRÉTTABLAÐIÐ

Góðan dag!
Í dag er miðvikudagur 23. nóvember, 327. dagur ársins 2005.



**JÓLAUNDIRBÚNINGUR** Að mörgu er að hyggja í aðdraganda jólanna bls. 2

ferðir o.fl. **NÁMSKEIÐ** Ísklifur fyrir byrjendur bls. 3

bílar o.fl. **MINI COOPER** Blæjubíll sem vekur athygli bls. 4




## KRÍLIN





**SMÁAUGLÝSINGAR**

**Flokkar**

- Bílar & farartæki
- Keypt & selt
- Þjónusta
- Heilsa
- Skólar & námskeið
- Heimilið
- Tómstundir & ferðir
- Húsnæði
- Atvinna
- Tilkynningar



SMÁAUGLÝSINGAR SÍMI: 550 5000

ÞÚ GETUR PANTAÐ SMÁAUGLÝSINGAR Á visir.is

vísir




Pálmi, leiðbeinandinn á námskeiðinu, með hressum nemendum sínum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Eldri borgarar í tónlistarnámi

***Tónlistarskólinn Tónsalir í Kópavogi hefur verið með námskeið fyrir eldri borgara á undanförnum vikum. Þetta er í fyrsta skipti sem eldri borgurum er boðið upp á slíkt námskeið.***

Ólafur Kristjánsson, stjórnandi Tónsala, segir að honum hafi þótt synd að skólinn væri tómur fyrri part dags. ,,Þetta var eiginlega tilraun hjá okkur. Við vildum athuga hvort það væri áhugi hjá eldri borgurum að mæta á stutt námskeið þar sem ekki væri verið að kenna háakademískt nám heldur meira til gagns og gamans,“ segir Ólafur glaðbeittur. Hann segir að nemendurnir hafi ekki haft neina sérstaka grunnkunnáttu.

Nemendurnir eru þrjár eldri konur og segir Ólafur að af hlátrasköllunum að dæma sé mjög gaman hjá þeim og stefna þær á frekara nám.

Leiðbeinandinn á námskeiðinu heitir Pálmar Ólason og segir Ólafur að hann hafi ætlað að taka þessu svolítið rólega. ,,Hann var búinn að finna bók sem hann ætlaði að nota. Henni var skipt í sex kafla sem passaði því þá gat hann tekið einn kafla á hverjum tíma. Í öðrum tíma kláruðu þau hins vegar bókina, áhuginn var það mikill,“ segir Ólafur og hlær.

Konurnar þrjár luku við námskeiðið í seinustu viku en strax eftir áramót stefnir Ólafur á að bjóða upp á enn fjölbreyttara nám fyrir eldri borgara. Þá hyggst skólinn bjóða upp á harmonikku-, píanó-, gítar- og jafnvel munnhörpunám. Ólafur segir að það fari eftir áhuga og að hæfir leiðbeinendur finnist. ,,Við höldum ótrauðir áfram eftir áramót og vonandi verða hér allir morgnar fullir.“

## LIGGUR Í LOFTI

**[FERÐIR - JÓL - BÍLAR]**

Jólakortin frá Geðhjálp eru komin í sölu. Kortin eru myndskreytt af Guðnýju Svövu Strandberg og er myndin af aðstöðu Geðhjálpar á Túngötu í jólalegri vetrarumgjörð. Einnig er hægt að kaupa kort frá fyrri árum. Ágóði kortanna fer í að styrkja annars öflugt starf Geðhjálpar.

Norræn mótaröð í skíðagöngu var stofnuð í Holmenkollen í Noregi fyrr í mánuðinum af fulltrúum frá Alþjóðlega skíðasambandinu (FIS) úr fjórum norrænum skíðagöngumótum en þar á meðal er Fossavatnsgangan á Ísafirði. Mótaröðin ber heitið FIS Nordic Ski Marathon Cup og göngurnar fjórar eru í Noregi, Finnlandi, Svíþjóð og Íslandi. Fossavatnsgangan var fyrst þreytt árið 1935 og er hún elsta skíðamót sem enn er haldið hér á landi og einnig lengsta og fjölmennasta almenningsganga á landinu.

Ferðafélag Íslands er á leið upp á Skjaldbreið laugardaginn 26. nóvember. Lagt verður af stað klukkan átta um morguninn og komið heim sama kvöld. Ekið verður um Þingvelli, Uxahryggjaleið, beygt hjá Brunnum, ekið að Skjaldbreið og gengið upp að gíg. Þátttaka er ókeypis og farið verður á einkabílum.

Bílaþingsmenn hjá Heklu eru að tapa sér í jólagleðinni þessa dagana og hafa boðað til ofurútsölu á notuðum bílum. Auk þess fylgja vetrardekk með öllum fólksbílum og þeir bílar sem eru á útsölu eru á stórlækkuðu verði.


**Einhyrningurinn minn**
**Undarlegir atburðir**

**Fjórða bókin í vinsælum flokki**



Er draugagangur í kofanum í skóginum? Lára vill komast að því hvað þar er á seyði.

**Spennandi saga!**

**Hundurinn sem átti að verða stór**
eftir Irmu Lauridsen og teiknarann Jens Ahlbom

**Skemmtileg og falleg bók sem komið hefur út í átta löndum!**



Manninn í gula húsinu langaði til að eiga stóran og grimman varðhund – en hvolpurinn sem hann keypti vildi miklu heldur vera lítill og indæll….

**Kossinn sem hvarf**
eftir metsöluhöfundinn David Melling
– sem nefndur var til Kate Greenaway-verðlaunanna fyrir bókina).

**Yndisleg bók fyrir prinsa og prinsessur!**

**“Þetta er dásamleg saga.**



Myndskreytingar Mellings eru eins snjallar og smellnar og texti hans.”
*The Guardian*

BÆ BÓKAÚTGÁFAN ÆSKAN

**Aðventan** er að byrja og því er tímabært að fara að búa til aðventukrans. Þeir sem ekki búa til kransa sjálfir geta keypt þá tilbúna og svo eru til fallegir aðventukertastjakar sem koma að sama gagni.








## Barnahjálp }

### Til hjálpar börnum

ABC BARNAHJÁLPIN HEFUR GEFIÐ ÚT JÓLAKORT NÚ SEM ENDRANÆR.

Kortin frá ABC barnahjálpinni sem fást hér á landi eru teiknuð af börnum sem Íslendingar styrkja bæði til framfærslu og náms. Þau fást á ýmsum stöðum hér á landi og rennur ágóðinn af sölu þeirra óskiptur til samtakanna. Sölustaðir eru flestar verslanir Hagkaupa, verslanir Lyfju, AHA Kringlunni og bókabúðirnar í Hamraborg, Grímsbæ, á Hlemmi, Bóka- og ritfangaverslunin Úlfarsfell við Hagamel og bókaverslunin Gríma á Garðatorgi. Svo er hægt að fara inn á heimasíðu barnahjálparinnar www.abc.is og kaupa jólakort og minningarkort. Þar eru líka til sölu sérstök jólagjafakort með föstum upphæðum; kr. 1.000, 2.500, 5.000 og 10.000.



Snjókarl. Kortið er teiknað af Latha Sompangi á Heimili litlu ljósanna á Indlandi. Hún er í 9. bekk.



# Gátlisti jólaundirbúnings

***Nú eru jólin farin að nálgast ískyggilega. Ekki líður á löngu þar til verslunargötur og -miðstöðvar verða troðnar af brjáluðum neytendum. Allir hafa sama markmið; að fylla plássið undir jólatrénu, og lítið þarf til að verða undir í baráttunni.***

**Skipulagning**

Skipulagningin skiptir öllu. Gerðu lista yfir það þú ætlar að kaupa og reyndu að fá óskalista hjá þeim sem þú gefur gjafir. Þegar þú hefur gert þér hugmynd um hvað þú ætlar að kaupa nýtist dagurinn betur í stað þess að ráfa um verslunarmiðstöðvarnar eins og barn í óskilum.



**Þú átt að kaupa gjafir handa öðrum en þér**

Margir falla í þá gryfju í jólabúðarápinu að sjá eitthvað fagurt handa sjálfum sér og finnst stórgóð hugmynd að gefa sjálfum sér að gjöf. Það er svo sem gott og blessað en getur orðið algjör martröð fyrir þá sem ætla að gefa þér gjafir. Þú veist aldrei nema þú sért að kaupa þér akkúrat það sem ættmenni hefur þegar ákveðið að setja í jólapakkann þinn. Það er líka best að nota janúar til eigin kaupa.

**Veldu rétta tímann**

Vertu í stuði til að kaupa gjafir þegar þú loks ferð af stað. Hafðu líka á bak við eyrað að flestir eru í búðunum eftir klukkan sex og fram á lokun. Reyndu að fá að skjótast úr vinnunni til að kaupa eina og eina gjöf. Mikil mannmergð hægir á ferlinu, þjónustan er hægari og göngustígarnir troðnir.

**Aðskildu pakkaferð og krakkaferð**

Börnin hlakka hvað mest til jólanna og hafa ótrúlega gaman að því að komast í Kringluna eða bæinn til að skoða ljósin og rauða sveina. Til að jólainnkaupin gangi betur er ákjósanlegt að fara með börnin í sérferð þar sem þau geta notið sín en þurfa ekki að dragast með mömmu og pabba í listagallerí og heimilistækjabúðir. Farðu eina ferð án barnanna og gakktu frá stærstu atriðunum. Seinni ferðin verður þá ánægjulegri fyrir alla.



**Kauptu stóru pakkana fyrst**

Gott er að ganga fyrst frá stærstu gjöfunum. Hafir þú hug á að gefa ættingjum matarstell, rúm eða aðra hluti sem þarf oft á tíðum að sérpanta skaltu hafa vaðið fyrir neðan þig. Það er ekkert mál að finna sitthvað að gefa í stað húfunnar sem var uppseld en annað mál að finna eitthvað í stað plasmaskjásins sem var það eina á óskalistanum.

**23. og 24. desember**

Þessir tveir dagar eru ekki kjörnir til jólagjafakaupa. Margir hafa lent illa í því að kjósa að gera jólakaupin þessa daga. Margt getur út af brugðið, varan er uppseld eða eitthvað heldur þér frá búðunum. Jólagjöfum verður illa reddað eftir að síðasta búðin skellur í lás á aðfangadag. Hins vegar er ekkert að því að eiga eftir að kaupa smáræði eins og konfekt eða snakk til að hafa ástæðu til að upplifa jólastemninguna í verslununum.

**Mundu eftir gjafapokunum**

Eitt sinn heyrðist saga af barþjóninum sem ávallt var á bakvakt á aðfangadag til að opna staðinn fyrir fólki sem hafði gleymt jólagjöfunum undir borðunum kvöldið áður. Oft er gaman í innkaupum, maður hittir marga og stundum sest maður niður í spjall um piparkökur og jólakölur - mundu bara að hafa jafn marga poka í hendinni þegar þú gengur út af barnum og þú hafðir þegar þú komst inn.



johannas@frettabladid.is








Viltu veita þér og þínum forskot í námi eða starfi?

Minnum á hin vinsælu gjafabréf Hraðlestrarskólans

"Enginn ætti að láta þetta framhjá sér fara. Á skipulegan og skjótvirkan hátt er hægt að margfalda lestrarhraða án þess að það bitni á skilning. Samfara lestri er námstækni sem nýtir aukin afköst lesturs og tryggir að það sem lesið er gleymist ekki."

Þorvaldur H., 24 ára lögfræðinemi.

Gjafabréfið gildir á eitthvert þeirra námskeiða sem haldið verður 2006 og hverju gjafabréfi fylgir 3.000 kr. inneign inn á bók frá JPV-útgáfu.

JPV ÚTGÁFA

Hægt er að panta gjafabréfið í síma 586-9400 og á www.h.is

...næsta námskeið 5. janúar 2006

HRAÐLESTRARSKÓLINN






**Jólaferðir** eru kostur sem æ fleiri velja. Það getur verið gott að komast að heiman um jólin og flatmaga á sólarströnd yfir hátíðirnar frekar en að standa yfir pottunum allan tímann.




Jarðböðin við Mývatn hlutu verðlaun Ferðamálasamtaka Íslands.

# Uppskeruhátíð norðlenskrar ferðaþjónustu

***Mikið var um dýrðir á uppskeruhátíð norðlenskra ferðaaðila. Hátíðinni var ætlað að stuðla að samtakamætti ferðaþjónustuaðila á Norðurlandi.***

Uppskeruhátíð ferðaþjónustuaðila á Norðurlandi var haldin fyrir skömmu. Um hundrað manns tóku þátt. Helsta markmið hátíðarinnar var að efla samkennd og samvinnu milli norðlenskra ferðaþjónustuaðila og gefa þeim tækifæri til að kynnast því sem önnur svæði bjóða upp á í ferðaiðnaði. Baðfélag Mývatnssveitar, sem rekur Jarðböðin við Mývatn, hlaut viðurkenningu Ferðamálasamtaka Íslands og verðlaun voru veitt fyrir áhugaverða nýjung í ferðaþjónustu en þau hlaut væntanlegt Selasetur Íslands á Hvammstanga. Tveir einstaklingar fengu viðurkenningu fyrir áralangt starf að ferðaþjónustu, þeir Erlingur Thoroddsen, hótelstjóri á Hótel Norðurljósum, og Jón Eiríksson, sem er betur þekktur undir viðurnefninu Drangeyjarjarlinn. Markaðsskrifstofa Ferðamála á Norðurlandi veitti verðlaunin.

Námskeið }



## Ísklifurnámskeið fyrir byrjendur

ÍSLENSKIR FJALLALEIÐSÖGUMENN STANDA FYRIR BYRJENDANÁMSKEIÐI Í ÍSKLIFRI Í SAMSTARFI VIÐ ÍSLENSKA ALPAKLÚBBINN.

Námskeiðið hefst miðvikudaginn 23. nóvember með kennslu í bóklegum hluta. Farið verður yfir hvernig á að binda hnúta og haldin kynning á hugtökum og búnaði í ísklifri. Laugardaginn 26. nóvember verður svo ísinn leitaður uppi og nemendurnir fá tækifæri til að æfa sig í alvöru klifri. Farið verður í ís í nágrenni höfuðborgarinnar þar sem aðstæður eru bestar. Fyrir utan klifurtækni verður kennt að tryggja línur, nota ísskrúfur og margt fleira.
Skráning fer fram hjá Íslenskum fjallaleiðsögumönnum. Verð er fimmtán þúsund krónur en tíu þúsund krónur fyrir félaga í Ísalp.

Fiat Punto eða sambærilegur
Vika á Spáni
frá 12.500 kr. - ótakmarkaður akstur, kaskó, þjófavörn, flugvallargjald og skattar.
Bókaðu bílinn heima
- og fáðu 500 Vildarpunkta
www.hertz.is
Hertz
Sími: 50 50 600
ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS HER 30009 10/2005

allt tíska
Alla fimmtudaga

# Ormsskrínið

***Vilji til að vekja athygli á Lagarfljótsorminum.***

Ormsskrínið er lítill hópur fólks á Egilsstöðum og nágrenni sem hefur stofnað félag sem ætlað er að vekja athygli á Lagarfljótsorminum.

„Við viljum halda minningu ormsins í heiðri," segir formaður félagsins, Skúli Björn Gunnarsson.

Félagið hefur sett upp skilti með upplýsingum um orminn og hvar fólk telur sig hafa séð hann í Lagarfljóti og vinnur þessa dagana að uppsetningu vefsíðunnar www.ormur.com.

Framtíðarstefnan er að setja upp safn sem innihaldi bæði náttúrulegar og yfirnáttúrulegar upplýsingar um orminn og umhverfi fljótsins.

# Gistinóttum fjölgar

***Gistinóttum á hótelum í september fjölgaði um rúm þrettán prósent á milli ára.***

Gistinætur á hótelum í september í ár voru 92.900 en voru 81.900 í sama mánuði árið 2004. Þeim fjölgar því um rúm þrettán prósent. Hlutfallslega varð mesta aukningin á Suðurnesjum, Vesturlandi og Vestfjörðum, eða 22,8 prósent, þar sem gistinætur fóru úr 7.300 í 8.900.

Fjölgun gistinátta á hótelum í september árið 2005 er nánast eingöngu vegna útlendinga. Þær fóru úr 64.600 í 75.500 milli ára. Gistinóttum Íslendinga fjölgaði um tæpt eitt prósent.

Í septembermánuði á þessu ári voru 75 hótel með opið allt árið en á sama tíma fyrir ári voru þau sjötíu. Hótelum fjölgaði um tvö á höfuðborgarsvæðinu, tvö á Vesturlandi og eitt á Norðurlandi eystra.

Athygli skal vakin á því að hér er átt við gistinætur á hótelum sem opin eru allt árið.

*(AF VEF HAGSTOFUNNAR)*

Fyrstar í búðirnar




Þú ert í forgangi hjá Avis

Bókaðu bílinn hérna heima og fáðu um leið **Forgangskort** hjá Avis. Þá færðu forgang þegar þú sækir bílinn á flugvellinum og þú nýtur um leið bestu kjara.

Með **Forgangskorti** Avis þarftu ekki að bíða eftir bílnum - bíllinn bíður eftir þér.

Minneapolis - verð frá kr.18.100 á viku
m.v. A flokk - innifalið í verði: ótakmarkaður akstur, tryggingar, flugvallargjald, 1 tankur af bensíni, 1 aukabílstjóri og skattar.




We try harder.
Við leggjum okkur fram
AVIS
Knarravogi 2 / Sími: 591 4000 / www.avis.is
hausverk / SIA

**Baksýnisspeglar** koma sér vel þegar bakkað er út úr stæði eða skipt er um akrein. Það skiptir miklu máli að speglarnir séu alltaf hreinir og þegar frost er úti getur þurft að skafa af þeim.



Tilboð vikunnar
4x60w
fjarstýring
CD spilar MP3
FM-AM tuner
3 RCA
iPOD tengi
Verð áður 22.995,-
Tilboð 14.995,-
ÁG Mótorsport - Klettháls 9
110 Reykjavík - s. 587 5547
Verslun á netinu : www.agmotorsport.is

PRAMAC GROUP
Staflarar
einnig úrval af pallettutjökkum
Sturlaugur Jónsson & Co ehf
• Lágmúli 9 / 108 Reykjavík
• Sími: 533 2845 / GSM: 896 0515
• www.sturlaugur.is

Glóðarkerti í flestar gerðir bifreiða
FAI Auto Parts
VÉLAVERKSTÆÐIÐ KISTUFELL VARAHLUTAVERSLUN
kistufell@kistufell.com
www.kistufell.com Tangarhöfða 13 Sími 577 1313

Aukin ökuréttindi
Fleiri réttindaflokkar / pallbílar
ÖKUSKÓLINN Í MJÓDD
Nýir réttindaflokkar fyrir minni vöru- og hópbifreiðar
Kennum einnig á leigu- vöru- hópbifreið- eftirvagn
Næsta námskeið hefst 30. nóvember
Upplýsingar og innritun í síma:
567-0300
www.bilprof.is

allt bílar
Alla laugardaga



Ólafur Þórir Hall og nýi blæjubíllinn hans, sem er af gerðinni Mini Cooper. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Golfsettið í aftursætið

***Mini Cooper-blæjubílinn hans Ólafs Þóris Hall hefur vakið athygli á götum höfuðborgarinnar síðan hann kom til landsins fyrr í þessum mánuði, enda mikil ástæða til.***

„Þetta er Mini Cooper Capriolette blæjubíll, með S-looki, og er alveg afbragðsbíll,“ segir Ólafur Þórir Hall, sem vinnur á bílasölunni Bílalífi á Kletthálsi. „Þetta er lítill bíll, en þó komast fjórir vel fyrir í honum og auk þess er smá skott. Ég hugsa þó að golfsettið kæmist ekki í það, maður yrði bara að smella því í aftursætið.“

Bíllinn kom til landsins um miðjan þennan mánuð en Ólafur Þórir flutti hann inn notaðan frá Þýskalandi. Hann segist hafa séð hann á netinu og fallið fyrir útlitinu.

„Hann var bara svo flottur, og ég þarf ekki stóran bíl,“ segir Ólafur Þórir.

Bíllinn er af árgerðinni 2005, svartur að lit og hefur verið ekið 5.000 kílómetra. Vélin er 116 hestöfl og 1600 cc.

Mikið lúxusyfirbragð er á bílnum, enda fallegt leðuráklæði á sætunum og toppblæjan rafknúin. Blæjan er ákaflega þétt, svo miðstöðin hitar bílinn upp á örskotsstund jafnvel þótt kalt sé í veðri, og eins er hávaðinn í lágmarki sem fylgir þéttum blæjum.

Hann er á sautján tommu felgum, hefur diskabremsur á öllum fjórum hjólum og liggur afskaplega vel á vegi, að sögn Ólafs Þóris. Jafnframt er bakkskynjari á bílnum, sem varar ökumann við ef eitthvað er fyrir sem hann hefur ekki komið auga á í speglunum þegar bakkað er, og er það mikill kostur. „Maður sér ekki svo vel aftur fyrir sig í honum,“ útskýrir Ólafur Þórir.

Upphaflega ætlaði Ólafur Þórir sér að halda bílnum sjálfur, en segir þó að ef einhvern langi nógu mikið í hann muni hann láta hann frá sér.



Ford Mustang er einn af hinum vinsælu bílum Ford sem ekki fást með afslætti.

# Falskur kaupauki

***Stríð ríkir á Bandaríkjamarkaði um kaupauka og tilboð á nýjum bílum.***

Risarnir þrír á Bandaríkjamarkaði, Ford, General Motors og Chrysler, berjast nú um hylli kaupenda en greint var frá kaupauka Chrysler hér á síðum blaðsins fyrir nokkrum dögum síðan. Að sögn CNN eru því þessir kaupaukar ekki að skila sér eins vel í buddu neytenda og fyrirtækin halda fram og því meira talsýnir en raunverulegur afsláttur.

Ford býður nú ágætis afslátt á mörgum bílum fyrirtækisins en enginn af vinsælustu bílum þess er með afslætti.

General Motors býður viðskiptavinum sínum upp á að kaupa nýja bíla með sama afslætti og starfsmenn fyrirtækisins fá. Hins vegar skilar þessi afsláttur sér ekki að öllu leyti til viðskiptavinarins þar sem margir hefðu hvort sem er fengið afslátt eða hefðu getað samið um hann.

Chrysler býður hins vegar viðskiptavinum sínum upp á um 3.400 dollara kaupauka sem felst í fríu uppihaldi og hárri bensíninneign. Áður höfðu nokkrir umboðssalar Chrysler reyndar boðið upp á sama kaupauka nema þá í formi afsláttar þannig að nú er kaupaukinn sá sami nema þú getur ekki ráðstafað honum jafn mikið að vild.

## Pirelli-dagatalið }



Gisele Bündchen er ein af mörgum sem prýða dagatal Pirelli fyrir árið 2006.

## Pirelli samt við sig

DEKKJAFRAMLEIÐANDINN PIRELLI HELDUR ÁFRAM AÐ BIRTA MYNDIR AF FÁKLÆDDUM KONUM.

Dagatöl Pirelli eru hálfgerð költfyrirbæri en þau hafa komið út síðustu fjörutíu ár. Dagatalið fyrir árið 2006 er prýtt myndum ljósmyndaranna heimsfrægu Mert Alas og Marcus Piggot. Myndirnar voru flestar teknar á frönsku Riveriunni í sixtís-stíl.

Heimsfrægar fyrirsætur prýða dagatalið, sem alls telur 27 myndir. Þar má helst nefna Jennifer Lopez, Gisele Bündchen, Guinevere van Seenus, Kate Moss, Karen Elson og Natalia Vodianova. Það er samt alltaf jafn erfitt að finna tenginguna á milli bíladekkja og fáklæddra kvenna.



Hægt er að fara með þennan ónýta vatnskassa og láta hann upp í nýjan, sem mundi þá kosta um 14.500 krónur.

# Mikilvægt að skipta reglulega um frostlög

***Vatnskassinn er ein af mikilvægustu lífæðum bílsins. Huga þarf vel að honum, sérstaklega á þessum tíma árs þegar kalt er í veðri.***



Hér vantar vatnskassann í bílinn, sem gerir hann óstarfhæfan því án hans mundi vélin bullsjóða á örskotsstundu.

Þorsteinn Úlfarsson, starfsmaður Stjörnublikks, segir að helstu vandamálin sem komi upp í tengslum við vatnskassa séu að þeir tærist eða stíflist. Hann segir að það helsta sem fólk þurfi að athuga þegar kemur að uppihaldi vatnskassa sé að huga að frostleginum. „Smurstöðvar virðast oft gleyma að skipta alveg um frostlöginn. Oftast er bara mælt frostþolið en vörnin er kannski engin. Ástandið á frostleginum miðast nefnilega ekki við frostþolið. Það er mjög gott að skipta alveg um frostlög einu sinni á ári þannig að þegar fólk fer með bílinn í smurningu á haustin að láta skipta um frostlög í leiðinni.“

Þorsteinn bætir við að passa verði upp að það að nú er komið mikið af álvatnskössum í bíla og það er ekki sami frostlögur sem notast í þannig vatnskassa og notast í aðra vatnskassa. Að sögn Þorsteins er einnig gott að skola vatnskassann reglulega að utan sökum þess að þeir geta tærst að utan vegna saltsins á götum bæjarins.

Ef vatnskassinn hins vegar skemmist er hægt að kíkja til Stjörnublikks þar sem gamli vatnskassinn er tekinn upp í nýjan. Það eina sem fólk þarf að gera er að taka vatnskassann sjálft úr bílnum og koma með hann á verkstæðið. Þorsteinn segir að í flestum bílum sé mjög einfalt að losa vatnskassann úr bílnum en sumir lendi þó í einhverjum erfileikum. Verðið á nýjum vatnskössum er frá um tólf þúsund krónum og upp úr.

# Fjöldauppsagnir

***Stærsta fyrirtæki heims, General Motors, stendur frammi fyrir miklum fjárhagsvanda.***



General Motors, stærsta fyrirtæki heimsins, má muna sinn fífil fegri.

General Motors hafði áður gefið það út að fyrirtækið þyrfti hugsanlega að segja upp um 25 þúsund manns en sú tala hefur nú hækkað um fimm þúsund. Fátt hefur gengið fyrirtækinu í haginn að undanförnu en helstu ástæður uppsagnanna segja forsvarsmenn fyrirtækisins að séu minna sala, mikil hækkun launa verkamanna og minni markaðshlutdeild.

Lokað verður fyrir ýmsa starfsemi fyrirtækisins í bæði Bandaríkjunum og Kanada en talið er að þessi niðurskurður spari General Motors um sjö milljarða dala á ársgrundvelli.


Upplifðu Ísland
með Iceland Excursions Allrahanda



Við aðstoðum við skipulagningu á hvataferðum, óvissuferðum, íþróttaferðum, starfsmannaferðum o.fl.
Ekkert er of stórt eða of smátt fyrir okkur!

Gerum góð tilboð í allar hópferðir

Hafðu samband í síma 540 1313 eða í gegnum tölvupóst iea@iea.is

Icelandexcursions Allrahanda — GRAY LINE

Höfðatún 12 · 105 Reykjavík · Sími 540 1313 · Fax 540 1310 · www.allrahanda.is · iea@iea.is



Stilling - betri en bestir
Bílavarahlutir

THULE® SWEDEN
Ferða- og skíðabox



Ocean 100 / 360 lítrar
Apollo 100 / 350 lítrar
Ocean 600 / 330 lítrar
NÝTT
Spirit 820 / 480 lítrar

Stilling Bílavarahlutir
AÐALNÚMER · SÍMI 520 8000
SKEIFUNNI 11 RVÍK. · SÍMI 520 8001
DRAUPNISGATA 1 AK · SÍMI 520 8002
DALSHRAUNI 13 HFN. · SÍMI 520 8003
SMIÐJUVEGI 68 KÓP. · SÍMI 520 8004
BÍLDSHÖFÐA 16 RVÍK. · SÍMI 520 8005
EYRARVEGI 29 SELF. · SÍMI 520 8006
www.stilling.is



Kynnum Nýjan 2006 Mercedes Benz R 350 4x4

Leðurinnrétting, 7 þrepa, sjálfskipting, 6 manna, 17 álfelgur, allt rafknúið, loftkæling, hraðastillir o.fl.

Okkar verð 6.204 þús.



Sparibíll
Skúlagötu 17
Sími 577 3344
www.sparibill.is



NOTUÐ TÆKI
10 ára 1994 - 2004



Hyundai 170
árg.2004 Vst.2.440
verð 6.500.000 kr. +vsk.



JCB 330 Beltavél
árg.1999 Vst.7.600
verð 5.700.000 kr. +vsk.



Komatsu PC340LC
árg.1996 Vst.8.900
verð 4.200.000 kr. +vsk.



LCB 3D
árg.1991 Vst.16.000
verð 1.000.000 kr. +vsk.



JCB 3cx Super
árg. 1996 Vst.12.500
verð 2.100.000 kr. +vsk.

VÉLAVER HF
Símar 588 2600 og 893 1722
www.velaver.is

# MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Miðvikudagur 23. nóvember 2005 – 34. tölublað – 1. árgangur

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000 vísir



MAXWELL HOUSE

Gott til síðasta dropa


**Leiðtogafundur SÞ**

Fartölva á sex þúsund



8




12-13

**Simply frá Vodafone**

Einfalt alla leið



15

## Margir vilja Atlas

Að minnsta kosti þrjú íslensk fyrirtæki eru meðal áhugasamra kaupenda að danska fasteignafélaginu Atlas Ejendommer. Félagið á fasteignir fyrir um þrjátíu milljarða íslenskra króna, jafnt íbúðar- og atvinnuhúsnæði í miðborg Kaupmannahafnar og víðar.

Danska viðskiptablaðið Børsen greinir frá því að þrjú til fimm íslensk félög hafi áhuga á félaginu en meðal þeirra sem hafa verið nefnd eru EIK fasteignafélag og Exista í samstarfi við það, Straumur - Burðarás og Baugur Group. Einnig hhefur verið nefndur Sigurjón Sighvatsson, sem keypti fasteignafélagið VG Investment í Danmörku á dögunum, en samkvæmt heimildum Markaðarins mun hann ekki hafa áhuga á Atlas-fasteignafélaginu. Þá er talið að meðal þeirra sem skoðað hafa kaup sé Jón Snorrason, kenndur við Húsasmiðjuna.

Børsen greinir frá því að búast megi við að niðurstöður um hver verði kaupandi að félaginu muni liggja fyrir á föstudaginn. Mikael Goldschmidt er stofnandi og eigandi félagsins til tuttugu og fimm ára. **- hb**

Útrásarvísitala Markaðarins:

## Útrásarfyrirtæki hækka

Breska tískuvörufyrirtækið French Connection hækkar mest allra félaga í útrásarvísitölu Markaðarins á milli vikna, um 5,1 prósent. Næstmest hækkaði deCode, um 4,3 prósent. Útrásarvísitalan hækkaði um 1,01 prósent á milli vikna og mælist nú 115,79 stig.

Fyrirtæki í vísitölunni hækkuðu að meðaltali um 0,7 prósent en þau hafa mismikið vægi í vísitölunni. Mest lækkaði finnska fjarskiptafyrirtækið Saunalahti, um 3,8 prósent, og þá danska fasteignafélagið Keops, um 1,6 prósent. **- hb**

### FRÉTTIR VIKUNNAR

**Engin verðbólga** | Greiningardeild KB banka gerir ráð fyrir að verðbólgan fari á ný niður fyrir efri þolmörk verðbólgumarkmiðs Seðlabankans í desember.

**Dýrt að byggja** | Það er 3,9 prósentum dýrara að byggja í desember en á sama tíma árið 2004 samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar.

**Færeyingar tapa** | Atlantic Petroleum, færeyska olíuleitarfélagið sem er skráð í Kauphöll Íslands, tapaði um sextán milljónum króna á þriðja ársfjórðungi.

**Múrinn rofinn** | Úrvalsvísitala Kauphallarinnar fór yfir 5.000 stig í fyrsta sinn á föstudag eftir miklar hækkanir á innlendum hlutabréfamarkaði.



**Ekki í stjórn** | Ólafur Jóhann Ólafsson hefur keypt 16,7 prósenta hlut í Árvakri, útgáfufélagi Morgunblaðsins. Straumur - Burðarás keypti jafnstóran hlut.

**Til Danmerkur** | Ferðaskrifstofan Heimsferðir hefur keypt dönsku ferðaskrifstofuna Bravo Tours sem er fjórða stærsta ferðaskrifstofa Danmerkur.

**Allir fá kauprétt** | Stjórn KB banka hefur ákveðið að veita öllum 2.300 starfsmönnum bankans rétt til að kaupa hlutabréf í bankanum á genginu 600.

**Símagjöld hækka** | Samræmd vísitala neysluverðs sýnir að síma- og póstgjöld hafa hækkað á Íslandi um 4,9 prósent síðustu tólf mánuði en lækkað í ríkjum ESB.

**Eignast meirihluta** | Atorka Group á nú 56,25 prósent í Jarðborunum eftir kaup á 12,4 prósenta hlut á miðvikudag. Öðrum hluthöfum verður gert yfirtökutilboð.

# Íbúðalánasjóður hækkar vexti

**Félagsmálaráðherra hefur heimilað Íbúðalánasjóði að afnema uppgreiðsluálag. Í kjölfar útboðs í gær hækka vextir sjóðsins því minna en í stefndi og verða í kringum 4,45 prósent.**

**Björgvin Guðmundsson**
skrifar

Félagsmálaráðherra hefur tekið ákvörðun um að heimila Íbúðalánasjóði að afnema svokallað uppgreiðsluálag af lánum sínum kjósi lántakendur að greiða frekar uppgreiðslugjald komi til uppgreiðslu lánsins. Nemur álagið 0,25 prósentum sem hefur hingað til lagst ofan á almenna vexti íbúðalána. Getur Íbúðalánasjóður því lækkað vexti sem því nemur. Ofan á markaðsvextina leggst hins vegar 0,35 prósenta álag vegna rekstrarkostnaðar sjóðsins og afskriftaráhættu. Með uppgreiðslugjaldinu hefur álagið á markaðsvextina verið 0,6 prósent.

Íbúðalánasjóður efndi til útboðs á íbúðabréfum í gær til að fjármagna íbúðalán sín. Stefndi sjóðurinn að því að taka tilboðum fyrir allt að þrjá milljarða króna. Áskildi hann sér rétt til að hækka útboðsfjárhæðina, taka hvaða tilboði sem er eða hafna þeim öllum. Þau kjör sem sjóðurinn fær í útboðinu leggja grunn að vöxtum íbúðalána. Stjórnin kom saman síðdegis í gær til að taka ákvörðun um vexti á lánum fyrir framtíðarlántakendur. Hefur Íbúðalánasjóður verið nokkuð gagnrýndur fyrir að hækka ekki vexti af Íbúðalánum í takt við markaðsaðstæður eins og Landsbankinn gerði nýverið. Vextir af íbúðalánum Landsbankans eru nú 4,45 prósent.

Stjórnendur Íbúðalánasjóðs hafa haldið því fram að miðað við síðustu fjármögnun hafi þeir ekki þurft að hækka vexti til að standa undir fjármögnun útlána. Í gær var hagstæðasta ávöxtunarkrafa íbúðabréfa í kringum 4,1 prósent. Leggist 0,6 prósenta álag á það verða vextir íbúðabréfa að vera 4,70 prósent en hafa verið 4,15 prósent í nokkurn tíma. Sé uppgreiðsluálaginu sleppt eiga vextir að vera 4,45 prósent, sem er það sama og Landsbankinn leggur á sín íbúðalán.

Samkvæmt reglum sjóðsins ber stjórninni þó einnig að taka tillit til fjármagnskostnaðar uppgreiddra lána, sem hægt er að endurlána. Það er því ekki sjálfgefið að leggja 0,6 prósent eða 0,35 prósent ofan á þá markaðsvexti sem Íbúðalánasjóður fær í útboðinu.

Þeir sem Markaðurinn ræddi við töldu fullvíst, gengi útboðið eftir, að Íbúðalánasjóður myndi tilkynna hækkun vaxta á íbúðalán í dag. Miðað við ávöxtunarkröfu á markaðnum í gær má búast við að vextirnir verði í kringum 4,45 prósent. Eru það þá kjörin sem nýir lántakendur fá þegar þeir fjármagna sín íbúðakaup hjá Íbúðalánasjóði.

# Kaupir norskt fjármálafyrirtæki

**Íslandsbanki hefur keypt norska fjármálafyrirtækið Norse Securities.**

Íslandsbanki hefur keypt norska fjármálafyrirtækið Norse Securities ASA. Samkvæmt upplýsingum Markaðarins er kaupverðið tæpur milljarður íslenskra króna. Fyrirtækið var stofnað árið 1974.

Norse Securities miðlar meðal annars hlutabréfum í norsku kauphöllinni ásamt því að sinna fyrirtækjabankastarfsemi að einhverju leyti. Helstu viðskiptavinirnir eru millistórir og stórir fjárfestar, hvort sem er einstaklingar eða sjóðir. Aðstoðar Norse þessa aðila við að byggja upp eignasafn og ávaxta það.

Innan fyrirtækisins vinna fjórir starfsmenn við greiningar fyrirtækja og viðskiptavinum er veitt fjárfestingaráðgjöf. Norse á einnig viðskipti með verðbréf í Svíþjóð og Bandaríkjunum auk Noregs. Starfsmenn eru í dag í kringum 35, allir staðsettir í Osló. Þá fjárfestir Norse Securities einnig fyrir eigin reikning.

Fyrir á Íslandsbanki BN bank, KredittBanken og FactoNor í Noregi. Bankinn eignaðist KredittBanken í fyrrahaust, en heildareignir hans eru um 37 milljarðar króna. BNbank eignaðist Íslandsbanki að fullu síðastliðið vor. Hann er fjórði stærsti viðskiptabanki Noregs með eignir upp á rúma 400 milljarða króna og sérhæfir sig eingöngu í lánveitingum til íbúðakaupa og kaupa á atvinnuhúsnæði.

„Við skilgreinum Ísland og Noreg sem okkar heimkynni,“ sagði Bjarni Ármannsson, forstjóri Íslandsbanka, í viðtali við Markaðinn í sumar. **- bg**





Peningabréf eru fjárfestingarsjóður í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir skv. lögunum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðinn, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðsins, vísast til útboðslýsingar og útdráttar úr útboðslýsingu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbanka Íslands hf. auk upplýsinga á heimasíðu bankans, www.landsbanki.is.

*Nafnávöxtun á ársgrundvelli frá 1. október-31 október 2005.

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | www.landsbanki.is

**GENGISÞRÓUN**

| | Vika | Frá áramótum |
|---|---|---|
| Actavis Group | 5% | 19% |
| Bakkavör Group | 3% | 91% |
| Flaga Group | 30% | -11% |
| FL Group | 2% | 52% |
| Grandi | -1% | 16% |
| Íslandsbanki | 4% | 46% |
| Jarðboranir | 6% | 16% |
| Kaupþing Bank | 7% | 45% |
| Kögun | -1% | 18% |
| Landsbankinn | 2% | 97% |
| Marel | 0% | 30% |
| SÍF | -5% | -15% |
| Straumur | 2% | 60% |
| Össur | 10% | 41% |

*Miðað við gengi í Kauphöll á mánudaginn

# Hagnaður minnkar mengun

Ekki má gleyma því í allri umræðunni um umhverfismál og sjálfbæra þróun að hagnaður er undirstaðan í þessu samhengi. Þetta er meðal þess sem kom fram í erindi Þorgeirs Baldurssonar, varaformanns Samtaka atvinnulífsins, á Umhverfisþingi á dögunum.

„Hagnaður í atvinnulífinu er undirstaða alls hagvaxtar og allrar sjálfbærrar þróunar. Án hagnaðar greiða fyrirtæki ekki skatta, þau hækka ekki laun starfsmanna sinna og bæta ekki umhverfi sitt. Það er því lykilatriði og á ekkert frekar við hér á landi en annars staðar að stjórnvöld



**TENGIVIRKI** Undirstaða allrar sjálfbærar þróunar er hagnaður af rekstri fyrirtækjanna.

skapi atvinnustarfseminni sem bestan efnahagslegan ramma þar sem atvinnufrelsi, einkaeign og samkeppni ríkir á sem flestum sviðum,“ sagði Þorgeir. - hb

# Fitch hækkar Íslandsbanka

Alþjóðlega matsfyrirtækið Fitch Ratings hækkaði í gær einkunn Íslandsbanka fyrir fjárhagslegan styrkleika. Einkunn Íslandsbanka er eftir hækkunin B/C en var áður C. Bankinn fær A fyrir skuldbindingar til langs tíma, F1 fyrir skammtímaskuldbindingar og 2 fyrir stuðningseinkunn.

Fitch telur að arðsemi bankans fyrir árið 2004 og fyrstu níu mánuði ársins 2005 skýrist að hluta af sölu eigna og gengishagnaðar sem Fitch lítur á sem óstöðugar tekjur. Ef þær eru teknar út er hagnaðarmyndin engu að síðu enn góð. - hb




**ÍSLANDSBANKI** Matsfyrirtækið Fitch hefur hækkað einkunn Íslandsbanka fyrir fjárhagslegan styrkleika.

# EasyJet flýgur hátt

Breska lággjaldaflugfélagið easyJet skilaði betri afkomu á síðasta rekstrarári, sem lauk í september, en spáð hafði verið. Hækkuðu hlutabréf í félaginu, sem FL Group á um sextán prósenta hlut í, um átta prósent fljótlega eftir opnum markaða. Gengi easyJet var komið upp í 330 pens á hlut og hefur ekki verið hærra í um tvö ár.

Því var spáð að félagið myndi hagnast um 63 milljónir punda fyrir skatta en raunin varð 68 milljónir punda. Hagnaður félagsins árið áður var um 62 milljónir punda. Þrátt fyrir að eldsneytisverð hafi hækkað talsvert á tímabilinu tókst stjórnendum félagsins að skera annan kostnað niður auk þess að hækka tekjur af hverjum farþega. Farþegum fjölgaði um 21 prósent á milli ára og var sætanýtingin um 85 prósent. Alls ferðuðust um þrjátíu milljónir farþega með félaginu.

Nýjum áfangastöðum var fjölgað um 72 á tímabilinu og flýgur félagið nú á 212 staði.

Ray Webster, forstjóri félagsins, skaut föstum skotum að aðalkeppinautinum Ryanair í tilkynningu félagsins: „Á undanförnum áratug höfum við stækkað í að vera flugfélag sem flytur um þrjátíu milljónir farþega á ári. Það tók Ryanair tvöfalt lengri tíma að ná þeim áfanga.“

Ætla má að hlutur FL Group hafi hækkað um tvo milljarða króna í gær. - eþa

# Tíu prósent kvótans skiptu um hendur

## Brim færði frá sér um sex þúsund tonn af varanlegum aflaheimildum og leigði frá sér önnur sex þúsund tonn.

**Eggert Þór Aðalsteinsson**
skrifar

Á síðustu tveimur fiskveiðiárum hafa útgerðarfyrirtæki selt frá sér 9,21 prósent varanlegra aflaheimilda í botnfiski en það samsvarar um 33 þúsund tonnum. Þetta kom fram í svari sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Jóhanns Ársælssonar um flutning veiðiheimilda fiskveiðiárin 2003-04 og 2004-05.

Erfitt er að áætla markaðsvirði þessara viðskipta, enda kemur ekki fram í svari ráðherra hvaða fisktegundir er um að ræða en það gæti legið á bilinu 1,5-3 milljarðar króna.

Í svarinu kemur fram að Brim hf. hafi á þessu tímabili flutt frá sér til annarra útgerða um 1,68 prósent varanlegra aflaheimilda í botnfiski, sem eru um 6.060 tonn, þar af um 5.560 tonn á síðasta fiskveiðiári. KG Fiskverkun á Hellissandi fékk til sín mestar aflahlutdeildir eða um 0,9 prósent, sem jafngilda rúmlega 3.200 tonnum, en í öðru sæti var Útgerðarfélagið Tjaldur í Reykjavík, sem er í eigu sömu aðila og Brim. Það fékk til sín langmest á síðasta fiskveiðiári, 6.600 tonn.

Samherji hf. flutti mest aflamark frá sér allra íslenskra útgerðarfyrirtækja fiskveiðiárin 2003-04 og 2004-05. Samherji leigði frá sér um tíu þúsund þorskígildistonn en Vinnslustöðin og Brim fylgdu í kjölfarið með yfir sex þúsund tonn hvor útgerð um sig.

Nesfiskur ehf. í Garði var aftur á móti það fyrirtæki sem flutti mesta aflamarkið til sín á þessum tveimur fiskveiðiárum, um 4.800 þorskígildistonn. Á síðasta fiskveiðiári leigði útgerðin til sín um 2.750 þorskígildistonn. Fiskvinnslan Kambur ehf. fékk til sín um 3.500 tonn og kom næst á eftir Nesfiski.

Í svari ráðherra við fyrirspurn Jóhanns kemur fram að eitt hundrað stærstu útgerðirnar fluttu um 71.190 þorskígildistonn meira frá sér af aflaheimildum en þær fluttu til sín þessi tvö fiskveiðiár. Tveimur árum áður var þessi flutningur samtals um 59 þúsund þorskígildistonn.

Einnig kom fram í svari ráðherra að mestar aflaheimildir voru fluttar frá Akureyri og Vestmannaeyjum þegar litið er á flutning aflaheimilda milli einstakra sveitarfélaga. Um 16.000 þorskígildistonn voru flutt frá Akureyri en um tíu þúsund frá Vestmannaeyjum.

Aðilar í Grundarfirði og í Garði fluttu aftur á móti mest til sín um fimm þúsund tonn.

# Skjár einn tapaði 182 milljónum

## Uppsafnað tap upp á 1,7 milljarða.

Íslenska sjónvarpsfélagið, sem rekur Skjá einn, tapaði 182 milljónum króna á síðasta ári, þar af nam rekstrartap fyrir afskriftir um 110 milljónum króna. Þetta kemur fram í ársreikningi Íslenska sjónvarpsfélagsins fyrir árið 2004.

Eiginfjárstaðan var neikvæð um 291 milljón króna um áramót. Skuldir og eigið fé námu um 345 milljónum króna en skammtímaskuldir voru um hálfur milljarður króna.

Fyrirtækið átti uppsafnað skattalegt tap að upphæð 1.675 milljónir króna og var áætluð inneign tekjuskatts vegna þessa taps um 302 milljónir króna.

Um tuttugu aðilar áttu hlutabréf í félaginu en félög í eigu Símans áttu yfir meirihluta um áramót. Síminn hefur síðan aukið hlut sinn á þessu ári og á nú um níutíu prósent hlutafjár. Í ágúst greindi Markaðurinn frá því að 750 milljóna króna skuld Skjás eins við Símann hefði verið breytt í hlutafé og því er mjög líklegt að eigið fé Íslenska sjónvarpsfélagsins sé orðið jákvætt. - eþa



**MAGNÚS RAGNARSSON, SJÓNVARPSSTJÓRI SKJÁS EINS** Fyrirtækið tapaði um 182 milljónum á síðasta ári og var eigið féð neikvætt um 290 milljónir króna.

# Big TV í lokaval um rásir

Sænska sjónvarpsstöðin Big TV, sem er meðal annars í eigu Sigurjóns Sighvatssonar, Sigurðar Hjálmarssonar og Björns Steinbekk, er komin í lokaúrtak hjá sænsku útvarpsréttarnefndinni við útgáfu nýrra sjónvarpsrása í Svíþjóð. Sænska nefndin úthlutar alls þremur til sex leyfum fyrir stafrænar útsendingar af sjónvarpsefni sem verður aðgengilegt í gegnum lofnet í Svíþjóð en alls voru tíu rásir valdar fyrir lokaúrtakið af 34 sjónvarpsstöðvum.

Auk Big TV má nefna viðskiptasjónvarpsstöð sænska dagblaðsins Dagens Industri, CNN, BBC Prime og stórborgarsjónvarp Aftonbladet. Big TV verður sjónvarpsstöð fyrir ungt fólk og er eina stöðin af þeim tíu sem komust í lokaúrtakið sem er sérstaklega hönnuð fyrir ungt fólk. Stöðin mun sýna tvær klukkustundir á dag af sérstaklega gerðu efni fyrir ungt fólk sem tekið verður í Svíþjóð og framleitt af stöðinni.

Sigurjón Sighvatsson segir að þetta séu afar ánægjuleg tíðindi og hann er bjartsýnn. „Ég hef fulla trú á Big TV og held það væri skemmtilegt innlegg í þá flóru sem er þegar fyrir í Svíþjóð,“ segir Sigurjón. - hb



**SIGURJÓN SIGHVATSSON** Sjónvarpsstöð hans er komin í lokaval á sænska sjónvarpsmarkaðnum.

# Velta eykst í dagvöruverslun

Velta í dagvöruverslun var átta prósentum meiri í október síðasta en í sama mánuði ársins 2004 á föstu verðlagi. Á hlaupandi verðlagi var hækkunin hins vegar 6,4 prósent. Þetta kemur fram við mælingar Rannsóknarseturs verslunarinnar á Bifröst.

Sala á áfengi dróst saman um 2,2 prósent á föstu verðlagi en 2,3 prósent á hlaupandi verðlagi.

Óveruleg aukning var á veltu dagvöruverslana frá fyrri mánuði samkvæmt sömu mælingum. - hb

„Ef við byrjum saman í dag verðum við komin með 15.961.867 kr. eftir 35 ár.*“

Mótframlagið þitt

Komdu þér í samband við mótframlagið þitt strax í dag í 410 4000 eða á landsbanki.is.

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

Lífeyrissparnaður Landsbankans

*Lokainneign fyrir skatta við 60 ára aldur. Miðað við 25 ára einstakling með 240.000 kr. í mánaðarlaun.

GOTT FÓLK McCANN


HARÐUR
PAKKI
að verðmæti 300.000 kr. innifalinn í verði
32" breyting · 17" álfelgur · heilsársdekk · samlit varadekkshlíf
MMC
HVÍTA HÚSIÐ / SÍA 4755
PAJERO GLS/DAKAR 4.990.000 kr.
3,2 l dísil sjálfsk. 161 hö. / 3,5 l bensín sjálfsk. 202 hö.
PAJERO GLX 4.490.000 kr.
3,2 l dísil sjálfsk. 161 hö.
Gerðu góðan jeppa enn glæsilegri með 32" breytingu;
17" álfelgum, heilsársdekkjum og samlitri varadekkshlíf.
Þessi pakki fylgir með öllum Pajero GLS/Dakar og Pajero GLX.
Takmarkað magn!
MITSUBISHI PAJERO
DRIVE ALIVE
MITSUBISHI MOTORS
Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666
HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416
HEKLA, Laugavegi 174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is

# Fleiri gestir á Laxnes

Um tíu þúsund manns hafa það sem af er ári fengið sér reiðtúr á hestaleigunni í Laxnesi í Mosfellsdal. „Það er mikill vöxtur í þessari starfsemi,“ segir Þórarinn Jónasson, framkvæmdastjóri hestaleigunnar.

„Ég hef þrisvar sinnum fleiri gesti í ár en í fyrra. Þetta skýrist meðal annars af því að erlendir ferðamenn vilja komast í meiri tengsl við náttúruna og ég er hér í nágrenni höfuðborgarsvæðisins og svo koma Íslendingar í sífellt auknum mæli til mín. En annars held ég að það hljóti að vera almennt mikil uppbygging í þessum geira. Þetta er afþreyingarstarfsemi í náttúru og það er nokkuð sem verður alltaf eftirspurn eftir,“ segir Þórarinn. - hb



**ÍSLENSKI HESTURINN** Fleiri sækjast eftir félagsskap hans í fallegu umhverfi og hestaferðir verða vinsælli með hverju árinu.

# Stækkun Norðuráls gengur vel

„Þessu miðar vel áfram hjá okkur. Við erum á áætlun bæði kostnaðarlega og tímanlega,“ segir Ragnar Guðmundsson, framkvæmdastjóri hjá Norðuráli hf. Áætluð framleiðslugeta álversins mun fara úr 90.000 tonnum í 220.000 tonn á ári eftir stækkun og segir Ragnar að vel gangi að ráða í störf sem tengist stækkuninni. „Við auglýstum nú nýverið eftir fimmtíu manns til viðbótar við þá 120 sem við höfum þegar ráðið. Af þessum fimmtíu er um helmingur ráðinn tímabundið við gangsetningu og annað slíkt.“

Áætlað er að verklok verði í júlí en gangsetning hefjist í febrúar. „Þetta verður allt komið í gang í ágúst,“ segir Ragnar. - hb



**NORÐURÁL Í HVALFIRÐI** Stækkun álversins gengur vel.

# Hækka verðmat á bönkum

Landsbankinn hefur gefið út nýtt verðmatsgengi á KB banka upp á 622 krónur á hlut og hækkar mat sitt úr 531. Mælir bankinn með að fjárfestar haldi bréfum sínum í KB banka en gengi hans stendur í 640 krónum á hlut.

Þá hefur Landsbankinn uppfært mat sitt á FL Group. Hljóðar það upp á 14,7 krónur á hlut en gengi FL fór yfir 15,5 krónur í gær.

Þá hefur KB banki gefið út nýja greiningu á verðmæti Íslandsbanka. Fær KB banki út verðmatsgengið 16,8 krónur og mælir með kaupum á bréfum í Íslandsbanka sem standa nú í genginu 16,4. - eþa

# Engin skuldabréfaútgáfa

## Beðið eftir útgáfu Peningamála.

Engin skuldabréfaútgáfa í íslenskum krónum var hjá erlendum aðilum í síðustu viku. „Þetta kemur svolítið á óvart því það eru allir hvatar til staðar,“ segir Steingrímur Arnar Finnsson, sérfræðingur í greiningardeild KB banka. Hann segir að forsendurnar séu enn til staðar fyrir erlenda aðila. „Hugsanlega eru fjárfestar að bíða eftir útgáfu Peningamála á föstudaginn í næstu viku en samhliða búast menn auðvitað við að Seðlabankinn hækki stýrivexti,“ segir Steingrímur.

Hann segir að í kjölfar þess að dregið hafi úr verðbólguhækkunum hafi sumir velt því fyrir sér hvort Seðlabankinn muni jafnvel lækka vexti um aðeins 25 punkta.

Gengisvísitalan náði ekki að fara niður fyrir 100 stig í lokagildi eins viðskiptadags eins og margir höfðu búist við en Steingrímur segir að ljóst sé að þegar og ef skuldabréfaútgáfa erlendra aðila eykst á ný megi búast við því að hún geti lækkað. „Þetta helst í hendur.“ - hb



**STEINGRÍMUR ARNAR FINNSSON** Segir að engin skuldabréfaútgáfa hafi verið hjá erlendum aðilum í íslenskum krónum í síðustu viku.

# Eitt félag á ISEC við opnun

„Undirbúningurinn gengur vel og við áformum að stofna markaðinn í desember,“ segir Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallar Íslands, en að undanförnu hefur verið unnið að stofnun ISEC-markaðarins sem á að veita fjárfestum tækifæri til að kaupa og selja bréf í smáum og millistórum fyrirtækjum á skipulögðum verðbréfamarkaði.

„Það er ljóst að það verður eitt fyrirtæki skráð í desember og svo eru nokkur fyrirtæki önnur að velta fyrir sér skráningu á þennan markað, þannig að við reiknum með að miðað við þær undirtektir sem við höfum fengið að það verði nokkur fyrirtæki sem skrá sig á markaðinn á næsta ári og vonandi fljótlega strax á fyrsta ársfjórðungi,“ segir Þórður.

Hann segir að skráningarferlið og skilyrði til skráningar séu talsvert frábrugðin því sem er á ICEX-markaðnum þar sem ekki er gerð krafa um lágmarksverðmæti félaganna. „Það er hins vegar gerð krafa um að stjórn gefi út yfirlýsingu um að það sé fullt rekstrarfé til rekstur félagsins næstu tólf mánaða auk þess sem það eru hömlur á sölu stjórnenda á sínum hlut í félaginu.“

Kostnaðurinn við að skrá félag á ISEC er skráningarlýsing sem gefin er út í Kauphöllinni og 400.000 króna þóknun til Kauphallarinnar. Fyrirmynd ISEC er sótt til AIM-markaðarins í London og segir Þórður að mjög góð reynsla sé af þeim markaði sem Íslendingar geti nýtt sér við opnun hins nýja markaðar. - hb

# Ágreiningur um fjárfestingar fjármálafyrirtækja

## Fjármálafyrirtæki mega einungis eiga tímabundið í félögum í öðrum atvinnugreinum.

**Björgvin Guðmundsson**
skrifar

Forstjóri Fjármálaeftirlitsins segir ágreining um heimild fjármálafyrirtækja til að stunda tímabundna starfsemi, sem er ekki í eðlilegu framhaldi af fjármálaþjónustu fyrirtækjanna. Nokkur slík mál séu til skoðunar hjá eftirlitinu.

Samkvæmt lögum er viðskiptabönkum, sparisjóðum og lánafyrirtækjum aðeins heimilt að stunda aðra starfsemi en um getur í starfsheimildum þeirra ef hún er tímabundin og í þeim tilgangi að ljúka viðskiptum eða til að endurskipuleggja starfsemi viðskiptaaðila.

Allar fjárfestingar fjármálafyrirtækja í öðrum atvinnugreinum, eins og í sjávarútvegsfyrirtækjum eða flugvélarekstri, skal flokka sem tímabundna starfsemi samkvæmt lögum. Er fyrirtækjunum skylt samkvæmt tilmælum Fjármálaeftirlitsins að gera áætlun um fjárfestinguna, meðal annars hvað varðar markmið og útgöngu. Skulu fyrirtækin senda skýrslu til Fjármálaeftirlitsins tvisvar á ári um þess háttar verkefni. Jónas Fr. Jónasson, forstjóri FME, hefur sagt misbrest á því. Eigi fjármálafyrirtæki slíkar eignir í lengri tíma en átján mánuði ber því að gera Fjármálaeftirlitinu grein fyrir ástæðum þess og áætlaðri útgöngu.

„Við flokkum allar okkar fjárfestingar samkvæmt reglum sem gilda og skilum skýrslu tvisvar á ári til Fjármálaeftirlitsins. Þar er gert grein fyrir því hvort við ætlum að hafa einhver afskipti af félögum sem við fjárfestum í og hvernig ef það á við. Áður en við förum inn í okkar fjárfestingar skilgreinum við þann tíma sem við ætlum að vera inni, hvað við ætlum að gera og hvernig við ætlum að fara út,“ segir Aðalsteinn E. Jónasson, framkvæmdastjóri lögfræðisviðs Straums – Burðaráss.

KB banki skilaði skýrslu til Fjármálaeftirlitsins um þátttöku í öðrum atvinnurekstri í síðustu viku en ber að gera það í lok júní og lok desember. Upplýsingagjöf bankans hefur ekki verið fullnægjandi að mati Fjármálaeftirlitsins. Er deilt um framsetningu og flokkun fjárfestinga.

Sjá nánar bls. 10



Fréttablaðið/Valgarður

**JÓNAS FR. JÓNSSON** „Í lögum um fjármálafyrirtæki er kveðið á um starfsheimildir þeirra og þeim sett ákveðin mörk,“ sagði forstjóri Fjármálaeftirlitsins á ársfundi stofnunarinnar 7. nóvember síðastliðinn.

spron
VERÐBRÉF

Engin umsýslugjöld hjá SPRON

Viðskiptavinir okkar greiða engin umsýslugjöld af viðbótarlífeyrissparnaði, ólíkt því sem tíðkast hjá viðskiptabönkunum.




Taflan birtist í Fréttablaðinu 10. nóvember 2005.

Ármúla 13a - 108 Reykjavík - 550 1310 - verdbref@spron.is - www.spron.is

# NÝTT MEISTARAVERK LEXUS IS 250




ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS TOY 30209 11/2005

**Nýr Lexus IS 250** er lúxusbíll sem vekur aðdáun vandlátra sérfræðinga og bílunnenda um allan heim.

**Nýr Lexus IS 250** er algjört eðaltæki, einstök listasmíði þar sem hápróuð tækni, þægindi og öryggi eru í öndvegi. Hann býður þeirra sem gera kröfur um framúrskarandi gæði.

Verð frá 3.800.000 kr.

LEXUS
The pursuit of perfection

Nýbýlavegur 6 • 200 Kópavogur • 570 5400 • www.lexus.is

**ÚTRÁSARVÍSITALA 115,79 1,01%**

| Fyrirtæki | Land | Gengi | Gjald-miðill | (Gengi gjaldmiðils) | Breyting |
|---|---|---|---|---|---|
| BTC | Búlgaría | 10,30 | Lev | 37,22 | -1,41% |
| Carnegie | Svíþjóð | 110,00 | SEK | 7,63 | 3,29% |
| Cherryföretag | Svíþjóð | 25,60 | SEK | 7,63 | 0,00% |
| deCode | Bandaríkin | 9,80 | USD | 61,83 | 3,75% |
| EasyJet | Bretland | 3,07 | Pund | 106,26 | -3,49% |
| Finnair | Finnland | 10,50 | EUR | 73,04 | -1,10% |
| French Connection | Bretland | 2,55 | Pund | 106,26 | 3,05% |
| Intrum Justitia | Svíþjóð | 70,00 | SEK | 7,63 | 2,56% |
| Keops | Danmörk | 19,00 | DKR | 9,79 | -1,46% |
| Low & Bonar | Bretland | 1,12 | Pund | 106,26 | -0,66% |
| NWF | Bretland | 6,20 | Pund | 106,26 | -1,99% |
| Sampo | Finnland | 13,91 | EUR | 73,04 | 2,03% |
| Saunalahti | Finnland | 2,50 | EUR | 73,04 | -3,73% |
| Scribona | Svíþjóð | 16,00 | SEK | 7,63 | -1,23% |
| Skandia | Svíþjóð | 43,60 | SEK | 7,63 | 2,11% |

Miðað við gengi bréfa og gjaldmiðla á mánudag

# Charlton Athletic í góðum gír

Enska úrvalsdeildarfélagið Charlton Athletic skilaði um 140 milljóna króna hagnaði á síðasta keppnistímabili. Félagið jók tekjur sínar á hvern leikdag um tólf prósent á milli ára.

Félagið hefur verið fyrirmynd margra annarra knattspyrnufélaga hvað varðar frammistöðu innan sem utan vallar. Frá því að liðið kom upp í úrvalsdeildina árið 2000 hefur það aldrei endað neðar en í fjórtánda sæti. Markaðsvirði Charlton, sem er skráð í bresku kauphöllinni, er um tveir milljarðar króna.

Charlton, sem Hermann Hreiðarsson leikur með, hóf leiktíðina mjög vel en hefur verið að dragast aftur úr að undanförnu. - eþa



**HEMMI FAGNAR** Charlton skilaði góðri afkomu á síðustu leiktíð og hefur byrjað tímabilið vel.

**SÖGUHORNIÐ**

# Johnson tekur við embætti

Hinn 23. nóvember árið 1963 hóf Lyndon Baines Johnson störf sem forsæti Bandaríkjanna, þá 55 ára að aldri. Hann hafði tekið við embættinu daginn áður, einungis tveimur klukkustundum eftir að John F. Kennedy forseti var myrtur. Johnson tók við embættinu í forsetaflugvélinni Air Force One og var eiginkona hans, Claudia Alta Taylor Johnson, viðstödd embættistökuna. Þar var einnig stödd Jacqueline Kennedy, ekkja Kennedys, sem enn hafði blóð eiginmanns síns á klæðum sínum.

Johnson var kennari áður en hann fékk vinnu sem ritari þingmanns árið 1931. Þannig komst hann í kynni við ýmsa áhrifamenn og aflaði sér virðingar þeirra með hæfileikum sínum. Meðal þeirra voru menn tengdir Franklin Roosevelt forseta, sem sá fljótlega að í Johnson bjuggu miklir hæfileikar. Roosevelt tilnefndi hann formann æskulýðshreyfingar í Texas (Texas National Youth Administration) árið 1935. Í þeirri stöðu gafst honum færi á að finna menntunar- og atvinnutækifæri fyrir ungt fólk.

Árið 1948 var Johnson kosinn í öldungadeild bandaríska þingsins eftir að hafa setið í fulltrúadeildinni í sex ár. Þar reis stjarna hans hratt og hann gegndi mörgum mikilvægum stöðum. Eitt helsta afrek hans var að koma frumvarpi um borgararéttindi gegnum þingið árið 1957 þrátt fyrir andstöðu hans eigin flokks. Hann lét einnig mikið að sér kveða í málefnum aldraðra, húsnæðismálum og öðrum málum er vörðuðu félagslegar umbætur.

Árið 1960 tapaði Johnson fyrir John F. Kennedy í kjöri um forsetaframbjóðanda demókrata en gerðist þá varaforsetaefni og svo varaforseti í stjórn Kennedys. Eftir að Johnson tók við forsetaembættinu naut hann mikilla vinsælda og fékk mikið fylgi í endurkjöri árið 1964. Johnson var ekki hrifinn af togstreitunni í Víetnam sem hann hafði erft frá Kennedy en var þó þeirrar skoðunar að Ameríka mætti ekki sýnast veik frammi fyrir augum heimsins. Því setti hann stöðugt meira í stríðsrekstur á árunum 1964 til 1968. Vinsældir hans fóru stöðugt dvínandi eftir því sem fleiri bandarískir hermenn létust. Árið 1968 lét hann undan þrýstingi um að hætta sprengjuárásum á Norður-Víetnam. Við sama tilefni tilkynnti hann að hann myndi ekki óska eftir endurkjöri. Árið 1969 settist hann í helgan stein, birti endurminningar sínar árið 1971 og lést 22. janúar árið 1973, þá 64 ára gamall.



**SVER EMBÆTTISEIÐINN** Lyndon Johnson tók við forsetaembættinu einungis tveimur tímum eftir morðið á Kennedy.

# Dýrkeypt endurreisn General Motors

Ameríski bílaframleiðandinn General Motors hefur tilkynnt að þrjátíu þúsund störf verði lögð niður í Norður-Ameríku og níu verksmiðjum lokað. Niðurskurðurinn er hluti af endurreisnaráætlun fyrirtækisins, sem stendur frammi fyrir gífurlegu tapi. Þetta ætti ásamt öðrum aðhaldsaðgerðum að lækka kostnað um sjö milljarða Bandaríkjadala fyrir 2006. Rekstur General Motors hefur verið þungur sökum hækkunar á launa- og hráefniskostnaði, vaxandi samkeppni frá erlendum aðilum, minnkandi eftirspurn eftir jeppling-um og of mikilli framleiðslugetu verksmiðja. - hhs



# Cadbury selur í Evrópu

Cadbury Schweppes PLC hefur samþykkt að selja af sér evrópska gosdrykkjarhluta fyrirtækisins fyrir 1,85 milljarða evra til fjárfestingarsjóðanna Blackstone Group og Lion Capital. Fyrirtækið mun nú einbeita sér að sætindagerð sinni og gosdrykkjamörkuðum annars staðar en í Evrópu. Sérfræðingar telja að salan muni rýra tekjur fyrirtækisins um sex prósent en Cadbury standi þrátt fyrir það sterkara eftir. Með þessu er Cadbury að losa sig við anga sem hefur ekki verið mjög spennandi undanfarin misseri. Kalt og blautt sumar síðasta árs olli því meðal annars að evrópskir neytendur eyddu minna í gosdrykki. - hhs




Sérfræðingar í lagi



Við byggjum á fólki og færni!

Hjá ANZA starfar hópur sérfræðinga á sviði tölvumála: Fræðsluráðgjafar, forritarar, ráðgjafar og upplýsingafræðingar svo dæmi séu tekin. Allir hafa þeir breiðan bakgrunn og víðtæka reynslu.

ANZA býður upp á enn fleiri þjónustuþætti. Kynntu þér Lausnir, Rekstur, Öryggi og Sérþekkingu á heimasíðu okkar www.anza.is eða í síma 522 5000.

ANZA sérhæfir sig í rekstri og uppbyggingu tölvukerfa. Hvort sem það er á sviði öryggismála, samspils forrita, útvistunar eða tölvustýringar getur þú reitt þig á hugvit, hæfileika og færni starfsfólks ANZA.

ANZA • Öruggur rekstur tölvukerfa

ARGUS / 05-0721





Verndum heyrn

Skoðaðu úrval af heyrnahlífum á www.66north.is/heyrn

66° NORÐUR

66°Norður - Miðhraun 10 - 210 Garðabæ - Sími: 535 6600 - Fax: 535 6601

NISSAN
# PRIMASTAR

SKIPT_um væntingar




## FLYTJUM FJÖLL – MEÐ ÁNÆGJU!

Loksins er kominn verulega skemmtilegur vaskbíll! Nissan Primastar er traustur, rúmgóður og hagkvæmur. En hann er líka fallegur, afburðavel hannaður innan jafnt sem utan, þægilegur í akstri og umgengni og hentar til flutninga á nánast hverju sem er. Skoðaðu Primastar og sjáðu hvernig snjöll hönnun getur gefið þér ástæðu til að mæta hverjum degi með eftirvæntingu.



**Verð 2.190.000 kr.**

**Vetrardekk fylgja með**

Fíton/SÍA

**Ingvar Helgason** | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Hrísmýri 2a**<br>800 Selfossi<br>482-3100 | **Eyrarlandi 1**<br>530 Hvammstanga<br>451-2230 | **Sæmundargötu 3**<br>550 Sauðárkróki<br>453-5141 | **Holtsgötu 52**<br>260 Njarðvík<br>421-8808 | **Dalbraut 2b**<br>300 Akranesi<br>431-1376 | **Víkurbraut 4**<br>780 Höfn í Hornafirði<br>478-1990 | **Búðareyri 33**<br>730 Reyðarfirði<br>474-1453 | **Sindragötu 3**<br>400 Ísafirði<br>456-4540 | **Óseyri 5**<br>603 Akureyri<br>461-2960 |

# Stöðugur vöxtur Google

## Hlutir í Google hafa farið úr 85 í 400 dollara á fimmtán mánuðum.

**Hver hlutur í internetrisanum Google kostar nú meira en 400 dollara. Vöxtur fyrirtækisins hefur verið gríðarlegur undanfarin misseri og er markaðsvirði þess nú meira en Coca-Cola og Disney. Hlutabréf í Google voru metin á 85 dollara þegar fyrirtækið var skráð á Nasdaq-hlutabréfamarkaðinn fyrir einungis fimmtán mánuðum síðan. Google hefur verið duglegt við að koma fram með nýjar vörur og virðast vaxtarmöguleikar þess óþrjótandi. Hagnaður fyrirtækisins samkvæmt síðasta árshlutauppgjöri tók mikinn kipp og var 381,2 milljónir dollara úr 52 milljónum dollara á sama tímabili árið á undan. Stærsti hluti tekna Google er af sölu auglýsinga.** - hhs

**GOOGLE VEX OG DAFNAR** Markaðsvirði Google er nú meira en risanna Coca-Cola og Disney.

# Xbox 360 loks komin á markað

## Verður vinsæl jólagjöf.

Vetrarkuldinn vestanhafs kom ekki í veg fyrir að tölvuleikjaunnendur röðuðu sér upp í bið eftir nýjasta útspili Microsoft, Xbox 360. Microsoft stefnir að því að selja að minnsta kosti þrjár milljónir af þessari vinsælu leikjatölvu sem kostar um 400 Bandaríkjadali eða rétt rúmlega 24.000 íslenskar krónur.

Beðið hefur verið eftir leikjatölvunni víða um Bandaríkin og héfu stærstu verslanirnar að selja tölvurnar þegar á miðnætti á mánudagskvöldið. Búist er við að tölvan verði ein af vinsælustu jólagjöfunum vestanhafs fyrir ungu kynslóðina. - hb



**XBOX 360** Beðið hefur verið eftir tölvunni með nokkurri eftirvæntingu en hún er nú komin á markað vestanhafs.



Fréttablaðið/Getty Images

**VIÐ FARTÖLVUNA** Unnið er að framleiðslu á fartölvu sem á að kosta rétt um sex þúsund íslenskar krónur og er einkum ætluð til notkunar meðal ungmenna í fátækari hlutum heimsins.

# Fartölva á sex þúsund krónur

**Hjálmar Blöndal**
skrifar

Ef að líkum lætur verður fyrsta hundrað dollara fartölvan seld strax á næsta ári en kaupandinn verður að líkindum ekki heppinn íbúi hér á landi eða í nágrannalöndunum. Á leiðtogafundi Sameinuðu þjóðanna um upplýsingasamfélagið, sem haldinn var í Túnis í liðinni viku, var kynnt frumútgáfa af fartölvu sem á að kosta aðeins hundrað Bandaríkjadali, um sex þúsund íslenskar krónur.

Það er bandaríski frumkvöðullinn Nick Negroponte sem hefur hannað frumútgáfuna af fartölvunni og ætlar sér að markaðssetja hana til þriðja heims landa með aðstoð og fulltingi manna eins og Bill Gates, Steve Jobs og Michael Dell.

Fartölvunni er ætlað að veita ungu fólki í hinum vanþróuðum löndum tækifæri til að læra á ritvinnsluforrit og sækja upplýsingar í gegnum netið. Fartölvan verður einföld að gerð enda sem minnstu kostað til við gerð hennar. Hún verður þó með öllu því helsta sem þarf til að nýta sér aðgang að netinu. Sjö tommu skjár, forrit til ritvinnslu og netvafri eru meðal þess helsta sem tölvan mun verða búin. Hún hefur engan harðan disk.

Brasilíski forsetinn hefur þegar pantað milljón tölvur og Chile, Argentína og Taíland eru að búa sig undir að leggja inn pantanir. Það er fyrirtæki Negropontes, One Laptop Per Child, sem framleiðir tölvurnar og fjölmiðlakóngurinn Rupert Murdoch og eigendur leitarvélarinnar Google hafa þegar lagt fram tvær milljónir Bandaríkjadala hvor til verkefnisins.

Beðið er eftir frekari fregnum af þessari litlu og ódýri fartölvu sem á að veita hinum fátækari þjóðum aðgang að því sem hinar ríkari hafa nú þegar til þess að auka þekkingu og auðvelda fræðslu.




VOLVO S40 VOLVO V50 VOLVO S60 VOLVO V70 VOLVO S80 VOLVO XC70 AWD VOLVO XC90 AWD

# SÖÐLAÐU UM. VERTU HVORU TVEGGJA.

Vertu á brú milli fólksbíls og jeppa. Volvo XC70. Tveir fyrir einn. Söðlaðu um, breyttu um stíl. Komdu í Brimborg og spurðu sérfræðinga Volvo á Íslandi um „jeppafólksbílinn“. Þú velur öryggi, öðruvísi hönnun og einstaka aksturseinginleika. Volvo XC70.

**Þú nýtur verndar**

Volvo XC70 er útbúinn margvíslegum tækninýjungum í þeim tilgangi að vernda þig og þína. AWD-fjórhjóladrifið er undratækni sem stöðugt vakir yfir ástandi vegar. Sjálfvirkt meta skynjarar veggripið fyrir þig; tapi hjól afli, taka hin við. Tapi þrjú hjól afli, tekur það fjórða við. TRACS-spólvörnin tryggir að þú komist auðveldlega af stað úr kyrrstöðu í snjó og hálku. Nýja stöðugleikastýrikerfið DSTC leiðréttir mistök í akstri og minnkar líkurnar á því að bíllinn skriki til. Veldu Volvo XC70.

Vertu á brú milli fólksbíls og jeppa. Komdu í Brimborg og reiknaðu út Volvo XC70 - skoðaðu smáatriðin, þyngdarpunktinn, þyngdardreifinguna og veghæðina sem er jafnvel hærri en veghæð jeppa.

Skoðaðu sætin sem helstu sérfræðingar í beinabyggingu líkamans hönnuðu. Kynntu þér WHIPS bakhnykksvörnina í framsætum sem minnka líkur á meiðslum á hnakka og hálsi um meira en 50 prósent. Öryggi er lúxus.

**Umhverfið nýtur verndar**

Tryggt er að Volvo bílar hafi sem minnst áhrif á umhverfið. Þú kynnir þér sérstaka tækni Volvo sem vaktar gæði andrúmsloftsins umhverfis Volvo XC70. Tækni sem breytir 75 prósent af slæmu ósóni (sem liggur við jörðu) í hreint súrefni. Þú finnur sérvalið tau- eða leðurefni í stýri, lyklum og öðrum snertiflötum sem hafa verið ofnæmisprófuð samkvæmt alþjóðastaðli Öko-Tex og eru laus við ofnæmisvaka. Spurðu um skynvædda miðstöð Volvo XC70 sem hindrar að mengun berist inn í farþegarýmið. Hugsaðu um börnin. Lifðu í lúxus. Veldu Volvo.



*Vertu á brú milli fólksbíls og jeppa. Komdu í Brimborg og reiknaðu út Volvo XC70 - skoðaðu smáatriðin.*




GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL



* Brimborg og Volvo áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

# Komin hálfa leið til Mars

## NASA nálgast takmarkið.

**Hjálmar Blöndal**
skrifar

Geimfar bandarísku geimvísindastofnunarinnar, NASA, er hálfnað í ferð sinni til Mars en ætlunin er að safna upplýsingum um lífríkið og náttúruna á plánetunni rauðu.

Geimfarið er eitthvert hið best búna sem hefur verið sent í rannsóknarleiðangur sem þennan. Það er búið fullkomnum myndavélum sem eiga að festa á mynd lögun plánetunnar og gerð og eiga þær að geta sent sex megabit á sekúndu. Geimför hafa áður sveimað hringinn í kringum Mars og lent á plánetunni frægu til að taka myndir og hafa tugþúsundir mynda birst undanfarin ár. Aðeins tvö prósent myndanna hafa þó verið í nægilega góðri upplausn og úr því á nú að bæta.

Geimfarið mun taka sér kyrrstöðu á sporbauginum í kringum plánetuna rauðu þar sem þegar sveima um þrjú önnur geimför. Allen Halsell, aðstoðarleiðangursstjóri í höfuðstöðvum NASA í Pasadena í Kaliforníu, segir að geimfarið eigi eftir að fínstilla leiðarkerfið í tvígang áður en verkefnið hefjist fyrir alvöru.

Í rannsóknarleiðangrinum á einnig að leita að sönnun þess hvort vatn finnist á Mars og kanna grundvöllinn fyrir því að á Mars muni verða hægt að staðsetja vélmenni sem eiga að geta sent gögn til jarðarinnar.

Áætlað er að ferð geimfarsins kosti um 750 Bandaríkjadali eða um 46,5 milljarða íslenskra króna.



**FRÁ MARS** NASA kannar nú grundvöllinn fyrir því að setja vélmenni á Mars.




# Intel og Micron í samstarf

Örgjörvaframleiðandinn Intel og Micron sem sérhæfir sig í framleiðslu minniskubba ætla í samstarf. Snýst það um framleiðslu á flash-minni sem notað er í iPod-spilara og stafrænar myndavélar. Fyrirtækin munu hvort um sig leggja til 1,2 milljarða Bandaríkjadala til samstarfsins eða 74,4 milljarða króna. Flash-minnið er ódýrt í framleiðslu og getur geymt mun meira magn af tónlist og myndböndum en þau minniskort sem Intel framleiðir nú. Með samstarfinu vonast fyrirtækin til að öðlast mikla þekkingu sem hjálpi þeim að ná mikilli markaðshlutdeild hratt og örugglega. **- hhs**

# Notkun leitarvéla eykst

YAHOO!

Fjöldi þeirra sem notast við leitarvélar við upplýsingaleit á netinu hefur aukist undanfarið ár. Þetta kemur fram í bandarískri könnun sem greint var frá á vefsíðu CNN. Af þeim 94 milljónum Bandaríkjamanna sem notuðu netið á tilteknum haustdegi nú í ár notuðu 63 prósent leitarvél, miðað við 56 prósent í júní 2004. Notkun leitarvéla kemur nú fast á hæla tölvupósts yfir þau verkefni sem leyst eru á netinu. Fram til þessu hefur heimsókn á fréttasíður og notkun leitarvéla verið svipuð. Skýrist aukningin að hluta til af því að breiðbandstengingar verða sífellt algengari. **- hhs**



VOLVO
for life

*Öll erum við einstök, hvert og eitt okkar. Enginn á sinn líkan. Fyrir okkur ert þú miðja alheimsins. Þegar þú ert annars vegar er takmark okkar bara eitt: að uppfylla óskir þínar og þarfir á þann hátt að þú litir á Brimborg sem öruggan stað til að vera á. Við erum með þér alla leið!*

Jólatilboð Brimborgar
Jólin nálgast
Kynntu þér greiðslukjörin
Komdu í Brimborg

brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | Brimborg Reykjanesbæ: Njarðarbraut 3, sími 422 7500 | www.volvo.is



Fréttablaðið/Vilhelm

**LÖGIN SETJA BÖNKUNUM TAKMÖRK**
Bankar þurfa að skila skýrslu til Fjármálaeftirlitsins þar sem þeir tilgreina þátttöku í öðrum atvinnugreinum.

# Bönkunum eru sett mörk

## Stóru viðskiptabankarnir eiga stóra eignarhluti í alls kyns fyrirtækjum. Fjármálaeftirlitið segir spurningar hafa vaknað um mörk eiginlegrar fjármálastarfsemi og annars reksturs. *Björgvin Guðmundsson* skoðar lög um fjármálafyrirtæki og heimildir þeirra til að eiga í öðrum félögum.

Misbrestur hefur verið á því að fjármálafyrirtæki veiti Fjármálaeftirlitinu (FME) fullnægjandi upplýsingar um þátttöku í annarri atvinnustarfsemi, að mati Jónasar Fr. Jónssonar, forstjóra FME. Markaðurinn greindi frá því í síðustu viku að KB banki væri á meðal þeirra fyrirtækja sem hefðu ekki skilað fullnægjandi skýrslum til Fjármálaeftirlitsins eins og reglur kveða á um.

Jónas sagði á ársfundi Fjármálaeftirlitsins 7. nóvember síðastliðinn að ágreiningur væri um túlkun á heimildum fjármálafyrirtækja til hliðar- eða tímabundinnar starfsemi. Nokkur tilvik væru til skoðunar hjá eftirlitinu.

„Eftir því sem fjármálafyrirtæki verða áhrifameiri í viðskiptalífinu, jafnvel hreyfiafl breytinga, vakna spurningar um mörk eiginlegrar fjármálastarfsemi og annars reksturs svo sem fasteignaumsýslu eða flugvélarekstur svo dæmi séu tekin,“ sagði Jónas við þetta tækifæri.

### RAUNVERULEG DÆMI

KB banki og FL Group reka saman félag sem stundar flugvélarekstur og skrifað var undir samning um leigu á flugvél til Singapore Airline Cargo í október síðastliðinn. KB banki á 51 prósent í því félagi en FL Group 49 prósent.

Þá hefur Markaðurinn einnig greint frá því að stjórnendur Intrum Justitia, sem KB banki, Landsbanki og sparisjóðirnir eiga stærstan hluta í, ætli að opna fasteignasölur undir nafninu Domus. Félag fasteignasala hefur óskað eftir að eftirlitsnefnd á þeirra vegum kanni hvort bankarnir ætli sér að reka fasteignasölur hér á landi með beinum eða óbeinum hætti.

Þetta eru tvö raunveruleg dæmi og sambærileg þeim sem Jónas nefndi á ársfundinum í byrjun þessa mánaðar. Svo þarf ekki annað en að skoða stærstu eigendurna í félögum skráðum í Kauphöll Íslands til að sjá hversu fyrirferðarmiklir bankarnir eru í íslensku atvinnulífi. Jónas vildi ekki útskýra mál sitt frekar þegar eftir því var leitað og vísaði í ræðu sína. Virðist hann vera að brýna fyrir stjórnendum fjármálafyrirtækja að fara eftir þeim leikreglum sem gilda á markaðnum.

Jónas sagði enn fremur: „Í lögum um fjármálafyrirtæki er kveðið á um starfsheimildir þeirra og þeim sett ákveðin mörk, meðal annars til að stunda svokallaða hliðarstarfsemi eða tímabundna starfsemi, það er atvinnuþátttaka í þeim tilgangi að ljúka viðskiptum eða endurskipuleggja starfsemi viðskiptaaðila. Ástæður þessa eru fyrst og fremst að takmarka áhættutöku, koma í veg fyrir hagsmunaárekstra og stuðla að viðunandi áhættustýringu. Tilkynna ber Fjármálaeftirlitinu um slíka starfsemi.“

### LÖGIN TÓKU GILDI 2003

Lögin sem Jónas vísar í eru ekki gömul; voru samþykkt á Alþingi 13. desember 2002 og tóku gildi 1. janúar 2003. Byggjast þau meðal annars á tilskipunum Evrópuráðsins og -þingsins.

Þegar frumvarp til laga um fjármálafyrirtæki var til meðferðar í sölum Alþingis höfðu átökin í kringum stofnfjárhluti Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis (SPRON) staðið sem hæst. Mest af efnislegri umræðu í þingsal auk vinnu efnahags- og viðskiptanefndar þingsins, sem Vilhjálmur Egilsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, stýrði, fór í að ræða þessa löggjöf út frá hagsmunum sparisjóðanna. Vildu margir verja þá fyrir yfirtökutilraunum í takt við þá sem Búnaðarbankinn hafði reynt varðandi SPRON.

Viðmælendur Markaðarins segja að engin almennileg umræða hafi farið fram um heimild fjármálafyrirtækja til þátttöku í öðrum atvinnurekstri og eðli slíkrar þátttöku þegar lögin voru samþykkt. Þetta hafi hreinlega gleymst í sparisjóðsatinu. Sjálfsagt sé að huga að þessu atriði, meðal annars með tilliti til áhættustýringar og hættu á hagsmunaárekstrum, en ekki beri að takmarka frelsi bankanna til að eiga í félögum í óskyldum rekstri. Einn viðmælandinn orðaði það þannig að hinn frjálsi markaður tryggði besta aðhaldið; orðsporið væri fjármálafyrirtækjum dýrmætt og það væri fljótt að fréttast ef hagsmunaárekstrar yrðu.

Þess ber einnig að geta að íslensk fjármálafyrirtæki vilja fá sem mestar tekjur fyrir ákveðin verkefni. Í einstökum verkefnum kaupa bankarnir jafnvel sjálfir hluti í fyrirtækjunum, taka áhættu með eigendum fyrirtækjanna og hagnast ef vel gengur. Tekjur af verkefnum eru því fyrir mismunandi þætti; fyrir ráðgjöf, lánapakka, sölutryggingu hlutafjár og svo jafnvel hagnaður vegna stöðutöku svo dæmi séu nefnd.

### HEIMILD FJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA

Spurningin er hvað fjármálafyrirtækjum er heimilt að gera. Séu skýringar með lögum um fjármálafyrirtæki skoðaðar kemur fram að bönkum og sparisjóðum er heimilt að stunda hliðarstarfsemi sé hún í eðlilegu framhaldi af fjármálaþjónustu fyrirtækisins. Á þetta við um starfsemi sem ekki telst fjármálaþjónusta en verður engu að síður að vera samþýðanleg þjónustu fyrirtækisins. Til dæmis væri rekstur almennrar fasteignasölu eða bílasölu ekki heimill samkvæmt þessum lögum. Fjármálafyrirtæki mætti hins vegar reka fasteignafélag sem ætti húsnæði fyrirtækisins og ræki fasteignir þess.

Vandinn og að hluta til ágreiningur banka og Fjármálaeftirlitsins er flokkun á eignum fjármálafyrirtækja í félögum sem eru í óskyldum rekstri. Það sem ekki félli undir beinar starfsheimildir bankanna og hliðarstarfsemi sem tengdist þeim yrði samkvæmt þessu að flokka sem tímabundna starfsemi.

„Viðskiptabönkum, sparisjóðum og lánafyrirtækjum er því aðeins heimilt að stunda aðra starfsemi en þá sem um getur í þessum kafla að það sé tímabundið og í þeim tilgangi að ljúka viðskiptum eða til að endurskipuleggja starfsemi viðskiptaaðila,“ segir í 22. grein laganna. Fjármálaeftirlitið segir þetta ákvæði eiga við fjárfestingarbankastarfsemi sem felist í því að kaupa hluti í fyrirtækjum í því skyni að sameina annarri starfsemi, skrá viðkomandi félag og selja almenningi.

„Hafi þátttaka í atvinnustarfsemi sem fellur undir 22. grein staðið lengur en 18 mánuði skal gera grein fyrir ástæðum þess og áætlaðri útgöngu,“ segir í leiðbeinandi tilmælum Fjármálaeftirlitsins. Samkvæmt þessu verður fjármálafyrirtæki að gefa skýringar eigi það í óskyldu félagi lengur en átján mánuði og greina frá áætlaðri útgöngu.

### SEGJA FULLNÆGJANDI SKÝRSLUM SKILAÐ

Haukur Þór Haraldsson, framkvæmdastjóri hjá Landsbankanum, segir að öll skýrsluskil Landsbankans til Fjármálaeftirlitsins séu samkvæmt reglum sem gildi. Eftirlitið hafi ekki gert athugasemdir við þá upplýsingagjöf.

Þröstur Kristjánsson, fjármálastjóri hjá Íslandsbanka, segir engan efnislegan ágreining um upplýsingagjöf Íslandsbanka til Fjármálaeftirlitsins varðandi þátttöku bankans í öðrum rekstri.

Aðalsteinn E. Jónasson, framkvæmdastjóri lögfræðisviðs Straums – Burðaráss, segir að allar fjárfestingar séu flokkaðar samkvæmt reglum og skýrslum skilað til Fjármálaeftirlitsins tvisvar á ári. Upplýsingagjöfin sé því fullnægjandi og athugasemdalaus af hálfu eftirlitsins.

ÍSLENSK VERÐBRÉF
EIGNASTÝRING ER OKKAR FAG!
460 4700 · www.iv.is
Verðbréfasjóður skv. lögum nr. 30/2003
Góð ávöxtun vegur þungt
– og þar erum við á toppnum!
10,4%*
Peningamarkaðssjóður ÍV
*Nafnávöxtun frá 1. okt. 2005 - 31. okt. 2005 á ársgrundvelli
Rekstrarfélag verðbréfasjóða ÍV hf.



# Við viljum fá þig til að prófa þjónustuna okkar

## *Við bjóðum fyrirtækjum frían bíl í heila viku*

**Þjónusta er aðalsmerki Avis og til að leyfa þér og fyrirtæki þínu að upplifa hana af eigin raun bjóðum við ykkur án nokkurs kostnaðar afnot af bíl úr bílaflota Avis í 7 daga. Við erum þess fullviss að við eigum eftir að eiga gott og farsælt samstarf í kjölfarið og þú munir kunna að meta þjónustu okkar eins og fjölmörg önnur fyrirtæki gera.**

Grandi
Hafnarfjarðarbær
Karl K. Karlsson
Icelandic Group
Ístak
Penninn
Rarik
Kaupás
Húsasmiðjan
Dagsbrún
Hitaveita Suðurnesja
OgVodafone
K. Rikter
Landsvirkjun
Reykjanesbær
Marel
Íslensk erfðagreining
KPMG
SÍF
Össur

We try harder.®

*Við leggjum okkur fram*

Knarravogi 2 / Sími: 591 4000 / www.avis.is

AVIS

hausverk / SÍA



**HART BARIST** Arsenal og Chelsea greiða leikmönnum sínar háar fjárhæðir í laun og bónusa. Þótt liðin hafi verið sigursæl á síðustu árum er rekstur þeirra mjög ólíkur.

# *Fótbolti* er meira en leikur

Margt bendir til þess að stjórnendur knattspyrnuliða í ensku úrvalsdeildinni séu smám saman að ná tökum á rekstrinum eftir mikla vaxtarverki og að greinin sé að verða alvöru bisness. Launakostnaður sem hlutfall af veltu fer minnkandi en tekjur haldast nokkuð stöðugar. *Eggert Þór Aðalsteinsson* lítur á gang mála í enska boltanum og kemst að því að lengra verður ekki seilst í vasa hvers stuðningsmanns.

Á hverju ári gefur endurskoðunarfyrirtækið Deloitte út skýrslu um fjármál enskra knattspyrnuliða sem er afar áhugaverð lesning. Síðasta sumar kom út skýrsla fyrir leiktíðina 2003-04 þar sem rekstur félaganna er krufinn til mergjar. Þótt nokkuð sé liðið frá því að rekstur liðanna var kynntur telja skýrsluhöfundar að rekstur knattspyrnuliða sé á góðri leið að ná jafnvægi og stöðugleika eftir mikinn vöxt á seinni hluta síðasta áratugs og fyrstu árum þessa. Á þeim tíma tjölduðu mörg lið til einnar nætur, fjárfestu eins og brjálæðingar í leikmönnum sem stóðu ekki undir nafni og lentu í alvarlegum rekstrarerfiðleikum þegar árangurinn á vellinum stóð ekki undir væntingum.

Meginniðurstaða skýrsluhöfunda er sú að útlitið sé nokkuð bjart. Þrátt fyrir að dregið hafi úr þeirri miklu veltuaukningu sem einkennt hefur enska boltann er ljóst að eigendur og stjórnendur knattspyrnuliða hafa náð betri tökum á rekstrinum og lækkað launakostnað, sem er langstærsti útgjaldaliður atvinnumannaliða.

**TEKJUPÓSTAR FÉLAGSLIÐA Í EFSTU DEILDUM NOKKURRA LANDA (UPPHÆÐIR Í MILLJÓNUM KRÓNA) OG HLUTFALL ÞEIRRA AF HEILDARTEKJUM**

| Land | Miðasala | | Sjónvarp | | Styrktaraðilar/ auglýsendur/annað | | Alls tekjur |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| England – Premiership | 42.924 | 30% | 64.532 | 45% | 36.792 | 25% | 144.248 |
| Ítalía – Serie A | 13.578 | 16% | 46.136 | 55% | 23.725 | 29% | 83.439 |
| Þýskaland – Bundesliga | 15.111 | 20% | 31.428 | 28% | 40.880 | 52% | 87.419 |
| Frakkland – Ligue 1 | 8.760 | 18% | 22.338 | 47% | 16.717 | 35% | 47.815 |

*Heimild: Deloitte*
*Miðað við að gengi evrunnar sé 73 kr.*

**HÆGIR Á VELTUAUKNINGU**

Enska úrvalsdeildin ber höfuð og herðar yfir hinar stóru evrópsku deildirnar í fjárhagslegu tilliti og virðist bilið milli hennar og hinna fara stækkandi með hverju árinu sem líður. Það er ekki nóg með að ensku liðin velti mestu, þau eru einnig betur rekin en félagslið annars staðar.

Félagsliðin tuttugu sem mynda úrvalsdeildina veltu yfir 140 milljörðum króna leiktíðina 2003-04 sem var sjö prósenta aukning frá leikárinu áður. Þetta reyndist vera í fyrsta skipti frá því að deildinni var komið á fót árið 1992 að veltuaukning náði ekki tveggja stafa tölu milli leikára. Deloitte spáir því að tekjur vaxi hægt næstu árin en ekkert bendi til þess að velta dragist saman.

Sjónvarpssamningar skipta eflaust mestu um uppgang enskrar knattspyrnu á undanförnum áratug. Frá því að úrvalsdeildin var sett á fót hafa verið gerðir fjórir sjónvarpssamningar sem færðu félögunum auknar tekjur í hvert sinn sem blekið þornaði. Á ellefu keppnistímabilum, frá 1995-'96 til loka yfirstandandi leiktíðar, gerir endurskoðunarfyrirtækið ráð fyrir því að velta hafi vaxið í ensku deildinni um átján prósent á ári en um



fjórtán prósent í deildunum í Þýskalandi og á Spáni, sem koma næst á eftir. Velta liðanna sem áttu sæti í ensku úrvalsdeildinni leiktíðina 2003-04 jókst í mörgum tilvikum margfalt þegar litið var yfir undangengin fimm keppnistímabili, nema hjá Leeds United, sem fór tæknilega í gjaldþrot. Einkum átti það við þau félög sem höfðu nýlega unnið sér sæti í úrvalsdeildinni. Lið á borð við Portsmouth og Fulham juku tekjur sínar nær fimmfalt.

Ensku liðin fá bæði meiri tekjur af sjónvarpssamningum og frá stuðningsmönnum í gegnum miðasölu og sölu á ýmiss konar fótboltavarningi en knattspyrnulið annarra þjóða. Þegar tekjumyndunin er könnuð kemur í ljós að þrjátíu prósent tekna enskra úrvalsdeildarliða koma að jafnaði frá svokölluðum leikdagstekjum, það er af miðasölu og fótboltavarningi, sem er mun hærra hlutfall en á Ítalíu, Þýskalandi, Spáni og Frakklandi. Um fjórðungur kemur frá styrktaraðilum og auglýsendum og um 45 prósent tekna falla til vegna sjónvarpssamninga.

Bilið á milli stóru klúbbanna og hinna hefur einnig farið vaxandi á Englandi þótt það sé engan veginn hægt að bera það saman við aðrar deildir í Evrópu, enda er tekjum af sjónvarpssamningum dreift tiltölulega jafnt á milli allra. Þetta gæti hæglega breyst en líklegt má telja að stórkarlar á borð við Roman Abramovich, eiganda Chelsea, og Malcom Glazer, sem fer fyrir Manchester United, geri tilkall til stærri hlutdeildar í tekjum af sjónvarpssamningum þegar samið verður um réttinn næst. Þessi félög, ásamt Arsenal, Liverpool, Newcastle United og Tottenham Hotspur, munu benda á að mestu auglýsingatekjurnar og mesta áhorfið er þegar þau spila og þau eigi því að fá meira úr býtum.

**GRÓÐI Í SJÓNMÁLI**

Fjárfesting í knattspyrnuliðum hefur sjaldan þótt skynsamleg fjárfesting – í það minnsta hafa margir brennt peningunum sínum á hlutabréfakaupum í slíkum félögum. „Hlutabréf knattspyrnuliða hafa lækkað gríðarlega í verði. Þeim einu sem dettur í hug að kaupa bréfin eru aðdáendur liðanna og þar ræður ekki gróðavon för heldur ást á klúbbnum,“ segir Harry Philip hjá ráðgjafafyrirtækinu Inner Circle Sports. Mörg voru hreinlega ofmetin þegar þau fóru á markað á svipuðum tíma og netbólan fór illa með alþjóðlega hlutabréfamarkaði. Mörg félög sem hafa verið skráð á hlutabréfamarkað hafa lækkað gríðarlega í verði þótt viss breyting hafi orðið á síðustu árum og endurspeglast klárlega í yfirtöku Malcolms Glazer og fjölskyldu hans á Manchester United. Þá er talið líklegt að Aston Villa verði brátt yfirtekið.

Kannski gæti orðið breyting hér á. Í skýrslu Deloitte kemur í ljós að afkoma ensku úrvalsdeildarliðanna batnar jafnt og þétt og biðja skýrsluhöfundar lesendur um að bera knattspyrnurekstur ekki saman við eitthvað sem tengist netbólunni dot.com. Enda hefur hagnaður liða í ensku úrvalsdeildinni af reglulegri starfsemi – það er án þess að taka í reikninginn viðskipti með leikmenn – stóraukist á undanförnum árum. Leiktíðina 2003-04 nam hann um um sextán milljörðum króna, sem var um ellefu prósent af veltu liðanna, og sýndu aðeins fjögur lið tap af hefðbundinni starfsemi. Þetta var um fimmtungi betri rekstrarafkoma en árið áður. Þar sem Chelsea tapaði um 2,5 milljörðum króna af reglulegri starfsemi er ljóst að afkoma annarra félaga var enn betri. Manchester United sýndi metafkomu og skilaði um 5,4 milljarða rekstrarhagnaði en þetta sigursæla félag ber einnig höfuð og herðar yfir keppinautana þegar rekstrarárangur síðustu ára er tekinn saman í eitt. Arsenal og Newcastle skiluðu rekstrarhagnaði yfir tveimur milljörðum en önnur félög voru nokkuð á eftir.

Helmingur liða í deildinni sýndi hagnað fyrir skatta leiktíðina 2003-'04 en aðeins fimm árið áður. Heildartap fyrir skatta nam nærri fjórtán milljörðum króna, sem var nokkuð minna tap en árið áður.

**100 MILLJÓNIR Í ÁRSLAUN**

Langstærsti útgjaldaliður úrvalsdeildarliðanna er launakostnaður, sem er um sextíu prósent af veltu félaganna. Hlutfallið hefur verið mun hærra hjá félögunum í neðri deildunum, nokkuð yfir sjötíu prósentum, og var um tíma um níutíu prósent.

Frá stofnun úrvalsdeildarinnar árið 1992 óx launakostnaður gríðarlega á hverju ári, um 23 prósent að meðaltali. Hins vegar dró verulega úr þessu launaskriði 2003-04 þegar aukningin nam sjö prósentum á milli ára – og dróst reyndar lítillega saman ef Chelsea er undanskilið. Á sama tíma jókst kaupmáttur launa almennt á Bretlandi um 3,8 prósent.

Þessar miklu launahækkanir fylgdu auðvitað gríðarlegri veltuaukningu og gott betur en það. Eins og áður var getið höfðu sjónvarpssamningar mikil áhrif á rekstur liðanna en þáttur Bosman-dómsins í desember árið 1995 – um frjálst flæði leikmanna – lagði sennilega grunninn að því að laun knattspyrnumanna hækkuðu eins mikið og raun ber vitni.

Alls greiddu úrvalsdeildarfélögin tuttugu um 87 milljarða króna til leikmanna sinna, þar af Chelsea um 6,5 milljónir punda en það var hæsti launakostnaður á heimsvísu. Chelsea hefur verið sér á parti en þar á bæ virðast menn hafa fengið nóg af miklum launakostnaði og ætla að losa sig við leikmenn í janúar. Sem hlutfall af veltu var kostnaður vegna launa lægstur hjá Manchester United og Bolton Wanderers – um helmingur af veltu.

Leikmaður í ensku úrvalsdeildinni hafði að meðaltali um 900 þúsund pund í laun á ári, um sautján þúsund pund á viku. Þetta jafngildir árslaunum upp á eitt hundrað milljónir króna. Skattgreiðslur fótboltamanna eru mun lægri í Bretlandi en hjá leikmönnum í stóru deildunum annars staðar í Evrópu, sem hefur að mati Deloitte haft mikið að segja um áhuga stórstjarna að leika þarlendis. Til dæmis þarf leikmaður í Frakklandi að hafa 44 prósentum hærri tekjur en breskur kollegi hans til að bera jafn mikið úr býtum eftir að keisarinn hefur fengið sinn skerf.

**STUÐNINGSMENNIRNIR ÞURRAUSNIR**

Þótt Deloitte áætli að velta úrvalsdeildarliða aukist ekki með sama hætti og áður bendir fyrirtækið á að mikil sóknarfæri liggi í því að auka tekjur á leikdögum. Þar er bent á þann möguleika að stækka og/eða endurbæta leikvangana enn frekar og bæta sætanýtingu, sem þó verður að teljast allhá, eða um 94 prósent á síðustu leiktíð.

Arsenal tekur í notkun næsta haust um sextíu þúsund manna leikvang – Emirates Stadium – sem kostar um tuttugu milljarða króna og yfirgefur Highbury þar sem aðeins 38 þúsund manns komast fyrir. Önnur stórlið hafa í hyggju að stækka sína velli. Manchester United stefnir að því að bæta við um átta þúsund sætum á næstunni og fara upp í 75 þúsund sæti. Chelsea mun einnig stækka sinn völl eins og stóru liðin frá Bítlaborginni, Everton og Liverpool, sem líklega munu fara í stórframkvæmdir á næstunni.

Áhorfendamet á einni leiktíð í úrvalsdeildinni var sett keppnistímabilið 2002-'03 þegar 13,5 milljónir stuðningsmanna sóttu leiki liðanna. Á síðustu leiktíð komu um 12,9 milljónir manna á leikina, sem skýrist aðallega af því að færri sæti voru í boði fyrir áhorfendur. En nú ber það hins vegar við að mörg lið hækkuðu miðaverð allhressilega fyrir núverandi leiktíð. Stjórnendur meistaraliðsins Chelsea tóku þá ákvörðun að hækka miðaverð á sumum sætum um meira en helming og fleiri félög gerðu það sama. Þeir sem hafa fylgst með boltanum í vetur hafa tekið eftir því að margir leikir eru leiknir fyrir hálftómum leikvöngum. Ætla má að stuðningsmönnum þyki orðið nóg um hvað þeir eyða miklu í það að horfa á fótbolta og kjósi því frekar að eyða peningunum sínum á annan hátt. Lengra verður því ekki seilst í buddur stuðningsmanna þannig að áform þeirra félaga sem ætla að auka tekjur sínar á leikdögum hljóta að miða að því að bæta við sig nýjum áhangendum.

# Konan í brúnni

Í karlaheimi ensku Úrvalsdeildarinnar njóta fáir framkvæmdastjórar meiri virðingar en hin glæsilega 36 ára gamla Karren Brady sem hefur haldið utan um rekstur knattspyrnuliðs Birmingham City í tólf ár. Á sama tíma og sambærileg knattspyrnulið hafa barist í bökkum fjárhagslega hefur rekstur Birmingham-liðsins verið í miklum blóma og félagið hefur verið í hópi best reknu félagsliða Englands á undangengnum árum. Þar að auki hefur árangur liðsins úti á velli verið með miklum ágætum þrátt fyrir að fáar stórstjörnur séu á mála hjá liðinu.



**KARREN BRADY, FRAMKVÆMDASTJÓRI HJÁ BIRMINGHAM CITY**
Hefur stýrt rekstri Birmingham frá unga aldri með góðum árangri. Hún hefur sýnt og sannað að það er hægt að reka knattspyrnulið með góðum hagnaði.

Karren keypti Birmingham árið 1993, fyrir hönd yfirmanns síns Davids Sullivan sem varð ríkur á því að gefa út íþrótta- og klámblöð. „Ég leit á aðstæður á föstudegi og keypti liðið á mánudegi,“ segir hún. Félagið var í miklum öldudal en þau sáu mikil tækifæri í því að rífa það upp. „Styrkur Birmingham lá á tveimur vígstöðvum: Annars vegar á félagið stóran stuðningsmannahóp og hins vegar er það í stórborg.“

Henni hefur tekist að breyta Birmingham úr miðlungsgóðu fyrstu deildar liði, sem spilaði á hrörlegum heimavelli og barðist ár eftir ár um að komast upp í deild þeirra bestu, í eitt af sterkari félagsliðum Englands. Birmingham endaði í tólfta sæti á síðustu leiktíð og nú er markið sett á Evrópusæti, sem telja verður reyndar ólíklegt að takist miðað við gengi liðsins það sem af er vetri.

Karren, sem er gift fótboltamanninum knáa Paul Peschisolido, situr í stjórnum Mothercare og Channel 4 auk þess að reka fótboltafélag og ráða og reka knattspyrnustjóra.

**REKSTUR LIÐA Í ENSKU ÚRVALSDEILDINNI 2003-'04 (Í MILLLJÓNUM KRÓNA)**

| Félag | Hagnaður fyrir skatta | Hagnaður af reglulegri starfsemi | Laun og bónusar |
|---|---|---|---|
| Manchester United | 3.014 | 5.589 | 8.302 |
| Charlton Athletic | 1.201 | 393 | 3.231 |
| Arsenal | 1.142 | 2.171 | 7.548 |
| Birmingham City | 609 | 1.560 | 2.501 |
| Leicester City | 570 | 791 | 2.604 |
| Wolverhampton Wanderers | 559 | 1.281 | 2.082 |
| Newcastle United | 456 | 2.287 | 4.847 |
| Portsmouth | 362 | 861 | 2.759 |
| Southampton | 321 | 906 | 2.841 |
| Bolton Wanderers | 285 | 593 | 2.356 |
| Tottenham Hotspur | -266 | 1.051 | 3.732 |
| Fulham | -280 | 101 | 3.337 |
| Blackburn Rovers | -552 | -776 | 3.381 |
| Aston Villa | -1.150 | 785 | 3.647 |
| Everton | -1.661 | -287 | 3.582 |
| Manchester City | -1.811 | 433 | 4.076 |
| Middlesbrough | -2.354 | 257 | 3.110 |
| Liverpool | -2.366 | 1.146 | 7.089 |
| Leeds United | -2.401 | -1.056 | 4.005 |
| Chelsea | -9.485 | -2.663 | 12.397 |
| **Alls** | **-13.807** | **15.423** | **87.427** |

*Heimild: Sky Sports Football / DeloitteTouche*
*Miðað við að gengi pundsins sé 108 kr.*

## FÓLK Á FERLI



**BÖÐVAR ÞÓRISSON** hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri Einstaklingsssviðs Sjóvá. Böðvar hafði frá árinu 1998 starfað hjá Medcare Flögu hf., nú síðast sem forstjóri Medcare Gmbh í Þýskalandi, ásamt því að vera ábyrgur fyrir allri sölu- og markaðsstarfsemi utan Bandaríkjanna. Hann starfaði áður hjá FBA og Seðlabanka Íslands. Einstaklingssvið Sjóvá ber ábyrgð á þjónustu og sölu til einstaklinga á sviði líf- og skaðatrygginga ásamt því sem útibú og umboðsnet félagsins og netviðskipti tilheyra einnig sviðinu. Böðvar, sem er 39 ára hagfræðingur, er giftur Hrefnu Ösp Sigfinnsdóttur viðskiptafræðingi og eiga þau 2 börn.



**FRIÐJÓN RÚNAR SIGURÐSSON** hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri Fjárfestingasviðs Sjóvá. Friðjón Rúnar starfaði áður sem framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðsins Lífiðnar en hann hafði starfað þar frá árinu 1998. Fjárfestingar Sjóvá í hluta- og skuldabréfum eru á ábyrgð Fjárfestingarsviðs. Friðjón er 37 ára viðskiptafræðingur, giftur Isól Fanney Ómarsdóttur og eiga þau 2 börn.



**GUÐRÚN ÝR GUNNARSDÓTTIR** hefur verið ráðin til Actavis sem sérstakur verkefnisstjóri í sameiningarferli Actavis og samheitalyfjastarfsemi alþjóðlega lyfjafyrirtækisins Alpharma Inc., sem Actavis keypti í haust. Guðrún Ýr mun leiða verkefnisstjórnunarteymi samþættingarferlisins sem auk hennar er skipað Guðbjörgu Eddu Eggertsdóttur, framkvæmdastjóra Sölu til þriðja aðila hjá Actavis, Dough Drysdale frá Alpharma og Jennýju Björgvinsdóttur frá KPMG. Verkefnisstjórnunarteymið styður við hópstjóra samþættingarferlisins og heldur utan um greiningu, áætlanagerð, stöðumat, upplýsingagjöf og eftirfylgni.
Guðrún Ýr var áður forstjóri Icepharma. Hún er lyfjafræðingur að mennt frá Háskóla Íslands og með MBA-gráðu frá BI-viðskiptaháskólanum í Ósló í Noregi.






# Laxnes í örum vexti

## Hestar og menn hafa unnið saman í Laxnesi í Mosfellsdal í hartnær fjörutíu ár. Póri í Laxnesi hefur staðið vaktina frá fyrsta degi og gerir enn enda vill hann hvergi annars staðar vera. *Hjálmar Blöndal* tók hús á Póra og fræddist um hestaleiguna á Laxnesi sem Nóbelsskáldið kenndi sig við og bjó í nágrenni við.

Þórarinn Jónasson eða Póri í Laxnesi eins og hann er oftast kallaður, rekur hestaleiguna í Laxnesi í Mosfellsdal og hefur staðið vaktina allt frá árinu 1968. „Ég ætlaði mér fyrst að reka hérna kántríklúbb. Hér var níu holu golfvöllur, mini-golf, sundlaug og fleira í þeim dúr. Ég var að vinna á Loftleiðum á þessum árum og Sigurður Magnússon, þáverandi blaðafulltrú Loftleiða, bað mig um að fara með blaðamenn frá þýska blaðinu Stern í reiðtúr. Eftir það varð ekki aftur snúið,“ segir Póri.

Laxnes í Mosfellsdal er hestaleiga sem býður reiðtúra allan ársins hring. Sjálft Nóbelsskáldið kenndi sig við bæinn og reið á hestum um nærliggjandi sveitir. Settist svo að í grenndinni þar sem nú er safn til minningar um hann. Starfsemin hefur vaxið gríðarlega hin síðustu ár og segir Póri að gestum hafi farið fjölgandi mjög hin síðustu ár. „Núna í ár er um 200 prósenta aukning á gestum hér á bæinn frá því á síðasta ári. Ég held ég hafi verið með þeim fyrstu til að selja afþreyingarferðir hér á landi og þetta var erfitt í upphafi en það gengur vel núna,“ segir hann.

Hann segir að í fyrstu hafi fólki fundist það hálfgert glapræði að hefja starfsemi sem þessa og á þessum stað. „Fólki fannst þetta of langt. Þetta var allt ómalbikað þá en auðvitað malbikað núna. Þetta eru tuttugu kílómetrar frá miðbænum og það var bara of langt fyrir marga. Ég sótti fólk á hótelin og fyrst um sinn voru þetta bara ferðir að sumri til. Ég þurfti að vinna með þessu, vann hjá Loftleiðum og síðar Flugleiðum og kenndi svo í gagnfræðaskólanum í Mosfellsbæ. Núna erum við með ferðir allar ársins hring og því nóg að gera hjá mér,“ segir hann.

**Hestaleigan Laxnesi**
Stofnuð: 1962
Framkvæmdastjóri: Þórarinn Jónsson, f. 1944
Starfsmenn á veturna: Fjölskyldan, 5 manns
Starfsmenn á sumrin: 8 manns

Hlöðunni breytti Póri í veislusal fyrir nokkru og þar tekur hann á móti hópum. „Það geta um 200 manns setið þarna og þá pöntum við mat eins og óskað er eftir, til dæmis Grillvagninn. Þetta verður sífellt vinsælla og sem dæmi get ég nefnt að nokkur erlend fyrirtæki hafa pantað salinn fyrir ráðstefnur á næsta ári. Þessir hópar fara á hestbak að morgni, borða svo hádegismat og svo er fundað. Vilja losna frá hótelráðstefnuforminu og komast í náttúruna því maður verður svo miklu hressari og kátari þegar maður er í tengslum við náttúruna og hestana,“ segir Póri. Þar eru einnig haldin hvers kyns aðrar veislur, hvort sem er afmæli eða brúðkaup. „Það er eitthvað svo skemmtilegt að vera í svona hlöðu. Fólk er orðið svo vant því að vera í steinsteyptum veislusölum allan ársins hring að við bjóðum upp á tilbreytingu.“

Hann segir að fyrst um sinn hafi það verið erlendir ferðamenn sem fóru í skipulagða reiðtúra. Svo hafi það breyst og núna séu Íslendingar helmingur allra gesta og erlendir ferðamenn helmingur.

„Ég er með um hundrað hesta og við finnum þann rétta fyrir hvern og einn. Fólk bara kemur og við útvegum því allan hlífðarbúnað, hvort sem þurrt er eða væta, og svo leiðbeinum við um val á hestunum. Reiðleiðirnar eru þær bestu í nágrenni Reykjavíkur og það er hægt að fara bæði stuttar leiðir og svo dagstúra. Það er hægt að fara á hestbak hvenær sem er ársins og það getur verið alveg jafn skemmtilegt að fara að vetri og að sumri. Hingað hafa komið um tíu þúsund manns það sem af er árinu og við erum afskaplega ánægð með hvað það hefur fjölgað mikið,“ segir hann. Fyrirtæki koma gjarnan og fara í styttri reiðtúra og borða svo og skemmta sér í hlöðunni þar sem er pallur fyrir hljómsveit og hægt að halda alvöru hlöðuball. Segir Póri að stemningin geti vart orðið betri en þegar fólk kemur saman og skemmtir sér og borðar góðan mat eftir reiðtúr dagsins. Barinn er á sínum stað í hlöðunni og kántrístemningin engu lík.

Fræga fólkið kemur líka. „Það er gaman að segja frá því að þegar Viggo Mortensen kom hingað fékk hann sinn hest eins og aðrir. Við áttuðum okkur ekki á því þegar hann kom til baka að þarna var á ferðinni Aragorn sjálfur úr Lord of the Rings,“ segir Póri. Björk tók síðast upp myndband í hlöðunni og staðurinn er vinsæll hjá fræga fólkinu.

„Þetta er skemmtilegt starf og ég held ótrauður áfram að gera það besta fyrir fólk sem vill njóta þess að fara á hestbak á góðum hestum í fallegu umhverfi,“ segir Póri í Laxnesi.



Fréttablaðið/GVA

**PÓRI Í LAXNESI** Hestaleigan á Laxnesi hefur verið rekin allt frá árinu 1968 og hafa um tíu þúsund manns farið á hestbak það sem af er ári. Póri segir ekkert lát á uppbyggingunni og ætlar sér að halda áfram að bjóða upp á ferðir á góðum hestum í fallegu umhverfi.






## BESTA RÁÐIÐ

# Skrifleg markmið nauðsynleg

Hermann Guðmundsson, markaðsstjóri Kringlunnar, segir að það heillaráð sem hafi haft hvað mest áhrif á líf hans og störf sé að setja sér skrifleg markmið. „Til þess að leggja mat á árangur þurfa markmið að vera mælanleg eins og allt annað. Að skrifa markmiðin niður hefur hjálpað mér mikið við að ná þeim, hvort sem þau eru persónuleg eða starfstengd.“ Hermann ber alltaf með sér svarta skruddu og í hana hripar hann niður og tímasetur öll sín markmið. Hann segist bæði setja sér þau til langs tíma, til að mynda um hvar hann sjái sig eftir tíu ár, og einnig skipuleggi hann styttri tímabil. Þannig skráir hann hjá sér í hvaða farvegi hann vilji sjá þau mál sem hann starfar að eftir ákveðinn tíma. Reglulega leggur hann svo mat á árangurinn og gerir endurbætur á áætluninni.

Ráðið er eitt af fjölmörgum sem Hermann fékk frá Thomasi Möller, fyrrum yfirmanni sínum hjá Olís. Thomas er fullur af fróðleik að Hermanns sögn og kom iðulega með ráð og skemmtileg orðatiltæki sem nýttust í lífi og starfi. Auk þessa ráðs lagði Thomas mikla áherslu á forgangsröðun verkefna, sem Hermann segir jafnframt hafa nýst sér vel. „Það er eitt af því sem maður þarf stöðugt að gera ef maður ætlar að komast í gegnum þau verkefni sem eru á borðinu hjá manni.“ - hhs



**HERMANN GUÐMUNDSSON, MARKAÐSSTJÓRI KRINGLUNNAR** Segir það gera gæfumuninn að setja sér skrifleg markmið í lífinu.

# Einfalt alla leið

Og Vodafone hefur hafið sölu á Simply-farsímum frá Vodafone Global Plc. Simply-símtækin sækja nýjung sína í einfaldleikann og hafa símarnir fengið góðar viðtökur í Bretlandi. Sala á þeim hefst á Íslandi í lok vikunnar.



**VODAFONE SIMPLY-SÍMINN ER EINFALDUR Í HÖNNUN** Þrír höfuðtakkar eru efst á símanum sem auðvelda notkun hans. Breitt er á milli hnappanna og skjárinn er stór og auðlesanlegur.

„Simply-símarnir eru hannaðir fyrir fólk sem vill hafa einfaldleikann í fyrirrúmi,“ segir Gísli Þorsteinsson, upplýsingafulltrúi Og Vodafone. „Margir nota símann sinn eingöngu til að hringja og senda skilaboð og eiga jafnvel í erfiðleikum með að læra á símann þó þeir séu bara að nota þessa tvo þætti.“ Að sögn Gísla hefur markaðssetning og sala Simply-símans gengið vel, en hann var þróaður í samstarfi við Sagem-símaframleiðandann.

Símarnir eru ódýrari og þeim mun fylgja eitt gjald hvort sem hringt er í GSM eða fastalínu innan eða utan kerfis Og Vodafone.

Hönnunin hefur einfaldleikann að leiðarljósi. Í símanum er einfalt leiðakerfi og getur notandi komist í ráðadálk í öllum valmyndum Simply-símans. Skjárinn er stór og auðlesanlegur og hnappaborðið aðgengilegt. Þrír höfuðhnappar eru á hnappaborðinu sem vísa notandanum á upphafsskjá, í tengiliðaskrána og í símtöl og SMS. Stillihnappar eru á hlið símtækjanna og ljós kviknar um leið og notandi missir af símtali eða þegar skilaboð berst. Með þessum hætti er hægt að láta notandann vita og leiðbeina honum í gegnum þær aðgerðir sem eru fyrir hendi. „Þetta fylgir allt hugmyndafræðinni um Simply-símana,“ segir Gísli. „Einfalt alla leið.“ - jóa



**GÍSLI ÞORSTEINSSON** Upplýsingafulltrúi Og Vodafone með nýju Simply-símana.


Jólagjafir fyrirtækisins
Stílhreinar jólagjafir sem allar er hægt að merkja með þínu „logo“.



Klukka m/bíl sem hreyfist
Verð: 1.195 kr.



Golfæfingasett m/Pútter
Verð: 3.862 kr.



Fjölhæfur skiptilykill
Verð: 1.295 kr.



Borðklukka m/snúningskúlu
Verð: 1.550 kr.

Verðin miðast við magn 1-100 stk. Merking innifalin.
Mun meira úrval í boði. Vinsamlega hafið samband við sölumenn.
LogoPrent Höfðabakki 3 | 110 Reykjavík | Sími 557-8200 | www.logoprent.is




Upplýsingar og miðasala: 551 1200 – Fax: 585 1201 – midasala@leikhusid.is – www.leikhusid.is

ÓGREIDDIR REIKNINGAR Á ÖÐRUM KANTINUM OG HAUGAR ÚTISTANDANDI HINUM MEGIN?

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • 1414



Er ekki kominn tími til að peningarnir þínir vinni fyrir þig?

Það er sama sagan hjá mörgum fyrirtækjum. Á sama tíma og umtalsverðar fjárhæðir eru útistandandi er verulegur fjármagnskostnaður að safnast upp annars staðar. Midt Factoring brúar þetta bil.

80% reikninga greidd strax
Í hvert sinn sem þú sendir frá þér reikning greiðum við þér stóran hluta upphæðarinnar um leið og vara er afhent. Að jafnaði er það hlutfall 80%. Afgangurinn er síðan borgaður þegar reikningur hefur verið greiddur að fullu til Midt Factoring.

Hafðu samband og kynntu þér þjónustuna nánar.
Við látum peningana þína vinna fyrir þig.

MidtFactoring á Íslandi

Midt Factoring á Íslandi hf. var stofnað árið 2000 og er dótturfyrirtæki Midt Factoring A/S sem er eitt stærsta og virtasta fyrirtæki í Danmörku á sínu sviði. Suðurlandsbraut 20 - 553 6300 - www.mfi.is.

MARKAÐURINN
Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Góðærið hefur ýmsar neikvæðar hliðarverkanir:

# *Nýgræðingurinn að kafna*

**Hafliði Helgason**

Styrkur krónunnar hefur ýmsar alvarlegar hliðarverkanir fyrir framtíð athafnalífs hér á landi.

Enda þótt það hljómi kaldranalega getur það ástand sem nú varir haft ákveðna hagræðingu í för með sér sem felst í því að fyrirtæki sem eiga tæpast möguleika á að lifa til langframa fá náðarhöggið vegna sterkrar krónu. Vari ástandið lengi leiðir það hins vegar til þess að lífvænleg fyrirtæki leggja upp laupana, þrátt fyrir mikla hagræðingu í rekstri

Það sem er enn verra er að við núverandi aðstæður í hagkerfinu á nýgræðingur á akri viðskiptalífsins afar erfitt uppdráttar. Samtök iðnaðarins efndu til morgunverðarfundar í síðustu viku þar sem staða hátækniiðnaðar var rædd. Sú mynd sem þar var dregin upp er ekki sérlega björt. Margar verulega góðar viðskiptahugmyndir hafa kviknað á undanförnum árum og margir frumkvöðlar hafa með fádæma einbeitni og dugnaði komið fyrirtækjum á legg þrátt fyrir erfið ytri skilyrði. Útaldið er ekki endalaust og þolinmótt fé skortir til að hlú að nauðsynlegri nýsköpun í atvinnulífinu.

Á síðustu áratugum hafa orðið til öflug frumkvöðlafyrirtæki sem þrátt fyrir sterkan gjaldmiðil hafa náð að skila góðri afkomu. Nægir þar að nefna fyrirtæki eins og Actavis, Marel og Össur sem öll eru komin á legg og hafa sannað sig í alþjóðlegum viðskiptum. Eðlilegt er fyrir þá sem láta sig framtíðarhagvöxt varða hvar séu næstu Actavis, Marel og Össur. Vísir að slíkum fyrirtækjum er þegar til, en mörg þeirra eiga nú um stundir afar erfitt uppdráttar.

Lausnir þessara fyrirtækja þurfa hvorki að vera flóknar né dýrar. Opinber sjóður er ekki sú lausn sem líklegust er til þess að leysa vandann og byggja upp til framtíðar. Almennar aðgerðir sem nýtast jafnt yfir hópinn eru líklegri til þess að skila meiru og að hafrar skiljist frá sauðum snemma í ferlinu.

Lausnir þessara fyrirtækja þurfa hvorki að vera flóknar né dýrar. Opinber sjóður er ekki sú lausn sem líklegust er til þess að leysa vandann og byggja upp til framtíðar. Almennar aðgerðir sem nýtast jafnt yfir hópinn eru líklegri til þess að skila meiru og að hafrar skiljist frá sauðum snemma í ferlinu. Þar gæti verið um að ræða skattalegar ívilnanir bæði fyrir fyrirtækin sjálf og fyrir fjárfesta sem kjósa að setja þolinmótt fé inn í fyrirtæki sem eru að stíga sín fyrstu spor.

Annað sem þarf að huga að er sá grunnur sem slík starfsemi hvílir á. Menntun og rannsóknir eru lykilatriði þess að nýir hlutir verði til. Efla þarf grunnrannsóknir í háskólum, en auk þess þarf að tryggja rannsóknarfé til fyrirtækjanna sjálfra. Hið fyrrnefnda er til þess fallið að efla þekkingarstigið í háskólum sem styður við atvinnulífið, en hið síðara tryggir að hluti rannsóknarfjár fari til verkefna sem eru á góðri leið með að verða að söluvöru.

Þær áhyggjur sem Samtök iðnaðarins hafa af nýsköpun í landinu eru ekki ástæðulausar. Innlendur kostnaður er að sliga mörg fyrirtæki sem undir eðlilegum kringumstæðum ættu bjarta framtíð í íslensku atvinnulífi. Slík sóun á hugviti, menntun og frumkvöðlaorku mun koma í bakið á okkur. Núverandi hagvaxtarskeið má ekki verða til þess að efnileg fyrirtæki deyi drottni sínum, án þess að reynt sé að spyrna við fótum.

bjorgvin@markadurinn.is | hjalmar@markadurinn.is | eggert@markadurinn.is
haflidi@markadurinn.is | holmfridur@markaðurinn.is

# Líflegur hlutabréfamarkaður

## ORÐ Í BELG



**Jafet S. Ólafsson,** framkvæmdastjóri Verðbréfastofunnar hf.

Það eru ekki margar vikur síðan að rætt var um að virkir fjárfestar á markaðnum væru farnir að fara hægar í sakirnar með hlutabréfakaup. Áhugi væri orðinn mun meiri á skuldabréfum, enda hefur ávöxtun verið að hækka á þeim markaði. Ef allt væri eðlilegt þá ætti hækkun stýrivaxta Seðlabankans að leiða til minni áhuga á hlutabréfum og meiri áhuga á skuldabréfum.

Síðustu dagar á hlutabréfamarkaðnum hafa svo sannarlega afsannað þessa kenningu. Áhugi fjárfesta á hlutabréfum er ekkert að dvína, nýtt verðmat hefur litið dagsins ljós t.d. í Íslandsbanka sem hefur hækkað gengi hans verulega.

Mesta athygli undanfarna daga vekja þó mikil viðskipti stærstu hluthafa í KB banka með bréf í bankanum. Jafnframt er starfsmönnum gefinn kostur á kaupum á genginu 600 sama dag og stórir hluthafar keyra gengið í 650. Reyndar lækkaði gengið daginn eftir, ég minnist þess ekki að hafa séð jafnkröftug kauptilboð og voru í KB banka þennan ágæta miðvikudag.

Það er í sjálfu sér góð tilfinning fyrir hinn litla fjárfesti að stóru fjárfestarnir dragi vagninn en spurningin er hvort þetta var eðlileg markaðsmyndun í ljósi þess sem verið hefur að gerast undanfarnar vikur. Engar nýjar fréttir eða upplýsingar lágu fyrir, en væntingarnar eru miklar.

Nýlokið er útboði Flugleiða, markaðurinn tók þessu útboði mjög vel, örugglega fór það fram úr björtustu vonum þeirra FL manna. Það er mikið lagt undir og vonandi verður uppskeran góð. Rekstur evrópskra flugfélaga hefur almennt verið að batna og mörg hver verið með ágætis afkomu eins og nýlegar tölur frá Finnair bera með sér.

Risinn SAS á norræna markaðnum er loks að rétta úr kútnum enda hefur mikil hagræðing verið í gangi. Samstarf SAS og FL ætlar að halda þrátt fyrir kaup FL manna á Sterling, þetta hlýtur að vera mikilvægt fyrir FL hópinn. Fjárfestingageta FL er veruleg og fróðlegt verður að sjá í hvaða farveg henni verður beint, félagið er þegar orðið nokkuð stór fjárfestir í Straumi/Burðarás og Íslandsbanka.

Það eru hins vegar ekki allir fréttir góðar af hlutabréfamarkaðnum, uppgjör SÍF vekur til að mynda enga hrifningu hjá fjárfestum þótt greina megi smávegis rekstrarbata. Það eru ekki nema 8 mánuðir síðan KB banki stóð fyrir miklu útboði á hlutabréfum í SÍF, þær áætlanir sem þar voru kynntar hafa því miður ekki staðist. Gengi bréfa í félaginu hefur lækkað nokkuð og áhugi fjárfesta er afar takmarkaður. En vonandi hressist Eyjólfur.

Hlutabréfavísitalan í Kauphöllinni náði nýjum hæðum 17. nóvember. Uppgjör Bakkavarar var glæsilegt – mjög gott greiðslustreymi. Átökunum um Íslandsbanka er ekki lokið, reikna má með að Straumur/Burðarás vilji klára það mál fyrir áramót.

Ýmsir hafa verið nefndir sem hugsanlegir kaupendur, pakkinn er stór og eigið fé verður að vera nokkuð þegar um slík kaup er að ræða. Kaupin á hlutabréfunum í Íslandsbanka, sem gætu verið ríflega fjórðungur bankans, gæti sett af stað umtalsverða sölu á öðrum eignum. Það er líflegur hlutabréfamarkaður framundan.



Það eru hins vegar ekki allir fréttir góðar af hlutabréfamarkaðnum, uppgjör SÍF vekur til að mynda enga hrifningu hjá fjárfestum þótt greina megi smávegis rekstrarbata. Það eru ekki nema 8 mánuðir síðan KB banki stóð fyrir miklu útboði á hlutabréfum í SÍF, þær áætlanir sem þar voru kynntar hafa því miður ekki staðist. Gengi bréfa í félaginu hefur lækkað nokkuð og áhugi fjárfesta er afar takmarkaður. En vonandi hressist Eyjólfur.

## UM VÍÐA VERÖLD

### *Ilmandi kínverskir farsímar*

**Fortune** | Stærsti PC-framleiðandi Kína, Lenovo, sem jafnframt er sjötti stærsti farsímaframleiðandi landsins, setti nýverið á markað ilmandi farsíma. Í hvert sinn sem kveikt er á símanum sprautast úr litlu hólfi í símanum örlítið af uppáhaldsilmi eigandans. Nýjungin hefur mælst sérstaklega vel fyrir í minni borgum Kína þar sem vestrænar snyrtivörur eru að skapa sér sess hjá miðstéttarkonum. Ólíklegt er að síminn fari í sölu á heimsvísu þar sem vinsældir hans hafa verið minni í heimsborgunum Peking og Shanghai. Þykir það gefa vísbendingar um hvernig heimsborgarar annarra landa munu taka honum. Lenovo setti jafnframt nýja ThinkPad-tölvu á markaðinn fyrir skemmstu sem hlaut mikið lof.

Vestrænir tölvu- og farsímaframleiðendur mega búast við harðri samkeppni frá Kína á næstunni ef marka má viðtökur á vörum Lenovo. Sérstaklega er horft til þess þegar Lenovo sameinar krafta farsíma- og tölvutækni sína í smartsíma fyrir kínverska neytendur sem margir hverjir eiga hvorugt nú.

### *Eftirleikur óeirðanna*

**The Economist** | Frakkland er nú að rétta úr sér eftir óeirðirnar sem geisuðu þar nýlega. Ýmsar hugmyndir eru uppi um næstu skref sem verði að taka til að vinna á því samfélagsmeini sem olli óeirðunum. Thierry Breton, fjármálaráðherra Frakklands, hefur kynnt hugmyndir um að auka efnahagsumsvif í úthverfum. Fyrirtækjum eru nú í auknum mæli boðnir ýmsir hvatar til að byggja upp starfsemi sína í ákveðnum hverfum. Eru þeim boðnar skattaívilnanir í skiptum fyrir að ráða til starfa fólk úr hverfunum til vinnu. Annað sem verður gert er að bjóða fjórtán ára unglingum þessara hverfa starfsþjálfun til að hindra að þeir flosni upp úr skóla.

Jacques Chirac, forseti Frakklands, hefur brýnt fyrir löndum sínum að nauðsynlegt sé að viðurkenna fjölbreytni fransks samfélags. Fyrirtæki, verkalýðsfélög, stjórnmálaflokkar og fjölmiðlar eigi að endurspegla samfélagið eins og það er í dag.

GÓÐAR GJAFIR STYRKJA GOTT SAMBAND
GLEÐJUM STARFSMENN OG VIÐSKIPTAVINI MEÐ VÖNDUÐUM GJÖFUM UM JÓLIN

Stormtech, göngubakpoki.

Stormtech, microfleece peysa.

Isosteel, hitabrúsi.

Rosendahl, vatnskarafla, tvö glös.
Við höfum áralanga reynslu af sölu á jólagjöfum til fyrirtækja og stofnana. Hafðu samband og athugaðu hvað við getum gert fyrir þig. Erum með fjölbreytt úrval gjafa frá þekktum framleiðendum.
BROS AUGLÝSINGAVÖRUR - með þínu merki
BROS AUGLÝSINGAVÖRUR
SÍÐUMÚLA 33 108 REYKJAVÍK
SÍMI 581 4141

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Hafliði Helgason RITSTJÓRN: Björgvin Guðmundsson, Eggert Þór Aðalsteinsson, Hjálmar Blöndal, Hólmfríður Helga Sigurðardóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Jónína Pálsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@markadurinn.is** og **auglysingar@markadurinn.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Markaðinum er dreift ókeypis með Fréttablaðinu á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Markaðurinn áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

# Hallinn minnkar en er enn umtalsverður

Viðskiptahallinn er eitt skýrasta merki um þenslu og einkaneysluna. Greining Íslandsbanka fjallar um hallann á vöruskiptum við útlönd. „Útlit er fyrir að halli á vöruskiptum í október hafi verið á bilinu 6-8 ma.kr., sem er töluvert minni halli en undanfarna mánuði. Innflutningur minnkaði til muna milli mánaða, en á móti kemur að líkur eru á að útflutningur sjávarafurða hafi verið með rýrara móti, bæði vegna minna verðmætis sjávarafla og birgðasöfnunar.“

„Talsverður samdráttur varð í

**ÞJÓÐARBÚSKAPURINN**

botnfiskafla í október ef miðað er við fyrra ár, og miklu munar einnig um kolmunnaafla, sem var óverulegur í ár en töluverður í fyrra. Síldarafli jókst raunar um rúmlega 14% að aflaverðmæti milli ára, en nokkuð treglega hefur reynst að selja síldina og bíður hluti hennar enn útflutnings í frystigeymslum. Í heild dróst aflaverðmæti saman um tæp 14% miðað við sama mánuð fyrra árs á föstu verðlagi. Lítils háttar samdráttur aflaverðmætis varð einnig í september frá fyrra ári, auk þess sem gengisþróun hefur vegið upp hækkun heimsmarkaðsverðs sjávarafurða síðustu 12 mánuði. Því bendir flest til þess að töluverður samdráttur verði í verðmæti útfluttra sjávarafurða í október ef miðað er við sama mánuð 2004. Einnig heldur hátt gengi aftur af aukningu í útflutningsverðmæti iðnaðarvara.“

„Innflutningur í mánuðinum var u.þ.b. 21,5 ma.kr. samkvæmt bráðabirgðatölum frá fjármálaráðuneyti. Er það töluverður samdráttur frá fyrri mánuði og helsta skýringin mun vera minni innflutningur eldsneytis. Samt sem áður verður vöruskiptahalli umtalsverður, þótt met síðustu mánaða í þeim efnum verði ekki slegin að sinni. Áfram mun svo verða töluverður halli á vöruskiptum við útlönd, a.m.k. meðan gengi krónu helst jafn hátt og nú er raunin,“ segir Greining Íslandsbanka.

**Innflutningur í mánuðinum var u.þ.b. 21,5 ma.kr. samkvæmt bráðabirgðatölum frá fjármálaráðuneyti. Er það töluverður samdráttur frá fyrri mánuði og helsta skýringin mun vera minni innflutningur eldsneytis. Samt sem áður verður vöruskiptahalli umtalsverður, þótt met síðustu mánaða í þeim efnum verði ekki slegin að sinni.**

**SPÁKAUPMAÐURINN**

# Þeir lengi lengi lifi

Staðan á markaðnum þessa dagana er sú að það eru nokkrir playerar sem halda þessu öllu uppi. Bakkabræður með Exista, Hannes og Jón Ásgeir með FL Group, Karl Werners með Milestone, Bjöggarnir og Baugur eru stóru hreyfiöflin á markaðnum.

Þessir aðilar hafa orðið gríðarlega hagsmuni af því að hlutabréfaverðið sé í sæmilegu lagi. Það nægir mér. Ég er því óhræddur ennþá inni á markaðnum og veit að þessir aðilar vaka yfir velferð minni á hverju sem dynur.

Maður verður bara að vona að þeir lifi sem lengst, því þeir eru allir stórir inni á markaðnum og enginn þeirra á leiðinni að innleysa, enda hvert ættu þeir svo sem að fara eða hver ætti að kaupa. Þeir geta ekki selt neinum nema hver öðrum eða einhverjum útlendingum.

Fyrir utan almennan velvilja sem felst í óskinni um langlífi bætast við hreinir hagsmunir. Þetta eru allt strákar á mínum aldri og ég hef einsett mér að hafa það gott í ellinni. Það versta sem gæti hent er að önnur kynslóð tæki við þessu. Þá fer allt á hreyfingu og þá hverfur þessi dásamlegi stöðugleiki úr þessu öllu.

Fyrir mig er þetta ástand eins og best verður á kosið. Stóru fjárfestingarfélögin verða að skila viðunandi arðsemi af starfsemi sinni. Þetta þýðir að þau selja ekki hluti sína nema að markaðurinn sé þeim mun sterkari og taki vel við. Það mun enginn rugga bátnum á næstunni. Hagsmunirnir eru einfaldlega of miklir. Eina sem maður sér hreyfast er hlutur Straums í Íslandsbanka. Hvað sem tautar og raular í því máli þá er Jón Ásgeir líklegasti kaupandinn, enda þótt margir séu á því að Bjöggarnir vilji ekki selja honum. Ég held þeir geri það samt. Þeir eru mjög praktískir menn og á endanum ræður það ákvörðuninni, hvað sem öðrum löngunum þeirra líður.

Svo er ég ekki í vafa um að ný hrina skuldabréfaútboða fer af stað þegar Seðlabankinn hækkar vextina fyrir jólin. Þá styrkist krónan og lífið verður áfram dásamlegt.

**Spákaupmaðurinn á horninu**

MARKAÐURINN

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

Himinn og haf / SÍA

pósthúsið

– skapandi samkeppni

Pósthúsið ehf. er ungt og öflugt dreifingarfyrirtæki á sviði blaða-, bréfa- og vörudreifingar en þar starfa um 2000 manns. Stjórnendur búa yfir yfirgripsmikilli reynslu og þekkingu á þessu sviði og nú þegar er Pósthúsið stærsti dreifingaraðili blaða og tímarita á landinu.

**Ódýrari valkostur**

Þrátt fyrir víðtækt dreifinet og mikinn starfsmannafjölda er yfirbygging í lágmarki og mikil áhersla lögð á hagkvæmni í rekstri. Þess vegna getur Pósthúsið boðið þjónustu sína á betra verði, án þess að nokkursstaðar sé slegið af kröfum um öryggi, traust eða áreiðanleika.

Markpóstur
Fjölpóstur
Magnpóstur
Blöð og tímarit
Markhópagreining
Prentun, umslög og frágangur
Plastpökkun
Vörudreifing

Pósthúsið ehf | Suðurhrauni 12a | 210 Garðabæ | Sími: 585 8300 | posthusid.is

AURASÁLIN

## Þar sem góðmennskan ríkir ein

**Aðdáendur peninga** og gróða hljóta að gleðjast mjög um þessar mundir. Úrvalsvísitalan hefur nú loksins rofið fimm þúsund stiga múrinn. Hækkanirnar á markaði eiga sér mjög eðlilegar skýringar og eru fullkomlega eðlilegar og í raun hóflegar ef litið er til þeirrar gríðarlegu verðmætasköpunar sem á sér stað í bönkum og fjármálafyrirtækjum landsins um þessar mundir.

**Margir vinir Aurasálarinnar** í bönkunum eru þess fullvissir að þess sé ekki langt að bíða að Úrvalsvísitalan rjúfi hundrað þúsund stiga múrinn. Þegar það gerist verða Íslendingar orðnir svo ríkir að enginn þarf lengur að vinna. Þess í stað munu menn skiptast á hlutabréfum og sinna stjórnarsetu í hinum ýmsu fjárfestingarfélögum.

**Til þess að Úrvalsvísitalan** nái hundrað þúsund stiga múrnum er nauðsynlegt að áframhald verði á þeirri skynsamlegu þróun sem átt hefur sér stað í íslensku athafnalífi. Besta dæmið er vitaskuld hin stórkostlega uppfinning að breyta öllum fyrirtækjum úr framleiðslu- og þjónustufyrirtækjum í fjárfestingarfyrirtæki. Eimskipi var breytt í Burðarás og varð umsvifalaust mjög verðmætt. Hið sama má segja um Flugleiðir sem breyttust í FL Group og í ljós kom að starfsemi bókhaldsdeildarinnar skilaði miklu meiri verðmætum en allt þetta flug sem fávísir menn héldu að rekstrurinn gengi út á.

**Ó nei.** Það græðir enginn lengur á því að framleiða vörur eða selja þjónustu enda gerir það ekki nokkur heilvita maður í dag. Til hvers að græða milljarð á ári í rekstri flugfélags ef hægt er að græða tíu milljarða á ári með hlutabréfakaupum? Það eina sem Aurasálin á erfitt með að skilja er af hverju FL Group hættir ekki þessu flugbrölti sínu og einbeitir sér algjörlega að því að kaupa og selja hlutabréf.

**Niðurstaðan hlýtur að vera** sú að ákveðin góðmennska ráði þessum ákvörðunum í FL Group. Þrátt fyrir að flugið sé algjör aukabúgrein hjá félaginu hafa stjórnin og forstjórinn greinilega ákveðið af gæsku sinni og miskunnsemi að bjóða okkur Íslendingum að eiga möguleika á að fljúga á milli landa þótt augljóst sé að nánast enginn ávinningur sé af því fyrir félagið sjálft.

**Annað dæmi** um góðmennsku er Baugur Group. Fyrirtækið græðir tugi milljarða á því að kaupa búðir í útlöndum en tapar stórkostlega á rekstri búða sinna á Íslandi. Það væri nær að láta stjórnendur fyrirtækisins fá fálkaorðu og ríkisstyrki fyrir að halda úti verslunum sínum á Íslandi í stað þess að leggja þá í einelti, greyið mennina.

# Fyrirtæki eru eins og samfélög

**Þórdís J. Sigurðardóttir** var kosin stjórnarformaður Dagsbrúnar og er þar með eina konan sem er stjórnarformaður í skráðu félagi í Kauphöllinni. Dagsbrún setur markið hátt og skoðar útrás allra þátta starfseminnar. *Hafliði Helgason* ræddi við Þórdísi um umhverfi fyrirtækisins og framtíðina.




**ÚTRÁS Á MÖRGUM SVIÐUM** Þórdís J. Sigurðardóttir, stjórnarformarðu Dagsbrúnar, segir að þótt samþætting sé á milli dótturfélaganna geti hvert þeirra um sig farið í útrás.

Þórdís J. Sigurðardóttir er eina konan sem gegnir stjórnarformennsku í fyrirtæki í Kauphöll Íslands. Fyrirtækið er Dagsbrún, móðurfélag Og Fjarskipta og 365 miðla sem meðal annars gefa út Markaðinn.

Hún er alin upp í Stykkishólmi en fór síðan suður í menntaskóla og síðan í háskóla. „Ég byrjaði í lögfræði en fann mig ekki þar," segir Þórdís. Stjórnmálafræðin varð ofan á og síðan félagsfræði eftir störf hjá Rannsóknarstofnun menntamála.

Síðan lá leiðin til Brussel. „Ég ætlaði í doktorsnám í félagsfræði, en fann ekki nógu spennandi verkefni, þannig að ég fór í MBA-nám. Það var ekki aftur snúið eftir það."

### STJÓRN EJS VAR VENDIPUNKTUR

Þórdís segist alltaf hafa haft mikinn áhuga á samfélagsmálum, fólki og stjórnmálum. Viðskiptin eru ekki langt þar frá. „Fyrirtæki eru eins og samfélag. Maður getur skoðað menningu í fyrirtæki rétt eins og menningu í löndum. Ég hef áhuga á öllu sem lýtur að stjórnun og að skapa eitthvað."

Þórdís vann hjá EJS og fór síðan til Háskólans í Reykjavík. „Þetta var rétt að byrja þegar ég kom þangað. Það var gríðarlega spennandi verkefni að koma að því að móta MBA-námið. Frábær reynsla og skilur eftir sig mikil og góð tengsl."

Þegar Þórdís hætti hjá EJS var hún beðinn um að setjast í stjórn fyrirtækisins og ári síðar varð hún stjórnarformaður. „Það var ákveðinn vendipunktur fyrir mig. Það er upphafið að því að ég kem að stjórnum fyrirtækja."

Þórdís hætti hjá HR og sinnti ráðgjöf og kynntist í gegnum hana Og fjarskiptum og 365. „Mér finnst þetta ótrúlega spennandi félag. Krafturinn og það sem er að gerast ótrúlega áhugavert. Ég sá það reyndar ekki fyrir mér að ég ætti eftir að verða stjórnarformaður fyrirtækisins," segir hún og brosir.

**Þórdís J. Sigurðardóttir**
Starf: Framkvæmdastjóri Norrænna fjárfestinga Baugs
Fæðingardagur: 2. febrúar 1968
Maki: Kristján Vigfússon
Börn: Jökull f. 1986, Svanhildur, f.1993, Vigdís, f. 1998

Þórdís var ráðin til Baugs í kjölfar ráðgjafarverkefnisins sem framkvæmdastjóri Norðurlandafjárfestinga félagsins og er stjórnarformaður Dagsbrúnar í krafti eignarhlutar Baugs í félaginu.

Þórdís segir mörg spennandi tækifæri liggja í félaginu. „Það er svo stutt síðan við byrjuðum að nota farsíma og hann er á þeim tíma orðinn svo stór hluti af lífi okkar."

### MARGVÍSLEGIR ÚTRÁSARMÖGULEIKAR

Hún segir að eitt af því sem sé spennandi í fjarskiptafyrirtækinu sé samstarfið við erlenda félagið Vodafone. „Við erum að sjá núna hluti eins og Blackberry, Vodafone live og Vodafone world. Við eigum eftir að sjá miklu meira af slíku samstarfi en áður."

Hún segir einkavæðingu Símans jákvætt skref og þar sé á ferð verðugur keppinautur sem gaman sé að keppa við á jafnréttisgrundvelli.

Íslensk fyrirtæki hafa sótt til útlanda í leit að fleiri tækifærum. „Eitt af því sem er spennandi fyrir Dagsbrún er að við getum farið í útrás á svo mörgum sviðum. Ekki bara með símahlutann, heldur einnig fjölmiðlana, Saga film og jafnvel prentun. Enda þótt það sé samþætting á milli fyrirtækjanna eru þetta líka sjálfstæðar einingar sem geta farið sjálfstætt í útrás."

Þórdís segir fyrirtækið hafa breytt landslagi á fjölmiðlamarkaði. „Fyrst með Fréttablaðinu og svo núna með NFS. Fréttablaðið er nýtt fyrirbæri og hefur náð gríðarlegum árangri. Við mótum landslagið og það er alltaf gaman að taka þátt í því að móta nýja hluti. Við teljum að með þessu höfum við margt fram að færa erlendis og við höfum markvisst verið að skoða ákveðin mál þar, fyrst og fremst í blaðhlutanum."

### FRUMKVÖÐLASTEMNINGIN MIKILVÆG

Þórdís segir sífellt verið að leita nýjunga í fyrirtækjunum. „Ég hef oft heyrt gagnrýni á 365 miðla að alltaf sé verið að koma með eitthvað nýtt. Mér finnst mikilvægt að viðhalda þessum frumkvöðlaanda. Við erum óhrædd við að prófa nýja hluti, en við erum líka óhrædd við að taka þá til baka ef þeir ganga ekki."

Dagsbrún keypti Saga film og Þórdís segist einnig sjá mikil tækifæri í því félagi. Samkeppnisstofnun setti ákveðin skilyrði fyrir kaupunum. „Þau skilyrði hafa engin áhrif á okkur, því markmið okkar með kaupunum lutu ekki að því sem Samkeppnisstofnun úrskurðaði um." Saga film hefur verið brautryðjandi á ýmsum sviðum og unnið verkefni fyrir erlend kvikmyndafyrirtæki. Þórdís segir að með því að styrkja og efla Saga film opnist tækifæri til þess að takast á við stærri og viðameiri verkefni sem fyrirtækið hafi haft takmarkaða möguleika til að ráðast í áður. „Við erum strax farin að sjá árangur af því að hafa sett hluta af starfsemi Stöðvar 2 inn í Saga film."

### MÁ EKKI KÆFA EINKAFRAMTAKIÐ

Fyrirtækin sem heyra undir Dagsbrún starfa í umhverfi sem tekur hröðum breytingum. Samkeppni er við ýmist fyrirtæki og Þórdís er ekki jafn hrifin af henni allri. „Það er fáránlegt að ríkið sjái þörf í því að halda uppi þessari starfsemi í fjölmiðlum. Ríkið er á fullum krafti á auglýsingamarkaði og með hlutafélagavæðingu fær það aukna fjármuni. Maður spyr sig hvert sé hlutverkið. Við erum að leggja mikinn metnað í okkar fjölmiðla og ríkisfjölmiðillinn má ekki verða þannig að einkaframtakið sé kæft. Þetta er ekki eðlilegt samkeppnisumhverfi."

Dagsbrún er ekki eina verkefni Þórdísar. Hún situr fyrir Baug í stjórnum félaga á Norðurlöndunum. Því fylgja ferðalög og fjarvistir frá heimili. Hún segist reyna að hafa ferðirnar stuttar. „Þetta hefur gengið ótrúlega vel upp. Með samstilltu átaki er þetta alveg hægt." Hún segir starfið gefandi og skemmtilegt og það hjálpi við að hafa orku fyrir annað. Fjölskyldan reynir að fara saman á skíði og svo á Þórdís sumarbústað með bróður sínum rétt við Geysi í Haukadal. „Það er ofsa gaman hjá okkur þegar við förum þangað."

HÁDEGISVERÐURINN

*Með Þórdísi J. Sigurðardóttur*
*framkvæmdastjóra hjá Baugi*

*Hádegisverður fyrir tvo á Vox*

*Hádegishlaðborð*

Drykkir
*Pepsi Max*
*Vatn*
*Kaffi*
*Alls krónur 5.960*






**KRÓNAN SVÆFÐ** Hjörleifur Valsson fiðluleikari lék nokkra ljúfa tóna eftir Vivaldi á morgunverðarfundi sem Lýsing efndi til um stöðu íslensku krónunnar. Hent var á lofti að leikur Hjörleifs hefði verið tilraun til að svæfa krónuna.

# Spáð í gengi krónunnar

## Tilraun gerð til að svæfa krónuna á morgunverðarfundi Lýsingar.

Lýsing stóð fyrir morgunverðarfundi á dögunum undir yfirskriftinni „Hvað er að gerast með gengi íslensku krónunnar?“. Fyrir svörum sat Steingrímur Arnar Finnsson, hagfræðingur hjá Greiningardeild KB banka, sem staðfesti meðal annars þá skoðun margra fundarmanna að krónan væri allt of sterk um þessar mundir og að það væri viðbúið að hún myndi leita jafnvægis á ný.

Hjörleifur Valsson fiðluleikari lék nokkra ljúfa tóna fyrir fundargesti til að vekja athygli á styrktartónleikum sem haldnir verða 29. og 30. nóvember í Grafarvogskirkju. Miðaverð á tónleikana er 2000 krónur og mun aðgangseyrir renna óskertur til þess að reisa viðbyggingu við húsnæði BUGL. Lýsing mun taka að sér að greiða listamönnunum, húsaleigu og leigu á hljóðkerfi, auk annars tilfallandi kostnaðar. Forsala aðgöngumiða er í verslunum Skífunnar og á midi.is.

# Landkrabbarnir Lego-meistarar

Hópurinn Landkrabbarnir úr Smáraskóla sigraði í keppni um að leysa þrautir með vörum frá Lego um síðustu helgi. Samtök iðnaðarins, Verkfræðideild HÍ, Marel og Barnasmiðjan eru bakhjarlar keppninnar. Um 200 börn í tuttugu liðum hafa á undanförnum tveimur mánuðum forritað og sett saman vélmenni úr Lego-kubbum.

Keppnin er hluti af alþjóðlegri keppni sem heitir „First Lego League“ og er haldin af samtökunum FLL á Íslandi. Samtökin voru stofnuð fyrr á þessu ári og beita sér fyrir því að gera raunvísindi áhugaverð og skemmtileg fyrir börn og unglinga með sterkum tengslum við atvinnulífið.

Tryggðu alla þætti
fyrirtækisins!



F i t o n / S Í A F I 0 1 5 1 0 5

**Atvinnutryggingar VÍS**

Tryggðu framgang fyrirtækisins með því að huga að **öllum** þáttum í rekstri þess. Vátryggingar eru nauðsynlegur þáttur í rekstri og er mikilvægt að rekstraraðilar geri sér grein fyrir þeirri áhættu sem þeir geta staðið frammi fyrir og skyldum sem þeir þurfa að uppfylla. VÍS býður fyrirtækjum og einstaklingum með atvinnurekstur vátryggingavernd sem lögð er að þörfum hvers atvinnurekanda.

Vátryggingafélag Íslands hf. · Ármúla 3 · 108 Reykjavík · Sími 560 5060 · www.vis.is

BlackBerry® frá Vodafone

Mobile Office
FRÁ OG VODAFONE

Alvöru ferðaskrifstofa

**BlackBerry® frá Vodafone** er fremsta þráðlausa samskiptatækið í dag og gerir notendum mögulegt að vera í stöðugum samskiptum við viðskiptavini og samstarfsmenn. Auk þess að vera GSM sími veitir **BlackBerry frá Vodafone** notendum aðgang að tölvupósti, dagbók, tengiliðalista og Vefnum, allt í rauntíma.

**Með BlackBerry frá Vodafone er hægt að gera flest það sem þú gerir á skrifstofunni, óháð stað og stund.**

- **BlackBerry frá Vodaone** er alltaf tengdur og tölvupóstur berst og er sendur samstundis
- Stór skjár sem hentar vel við að skoða viðhengi
- Aldrei þarf að uppfæra upplýsingar á milli farsímans og tölvunnar
- **BlackBerry frá Vodafone** uppfyllir ítrustu öryggisstaðla
- **BlackBerry frá Vodafone** er einstaklega vel hannaður fyrir kerfisumsjón

**BlackBerry frá Vodafone** er hluti af **Mobile *Office***, heildstæðu þjónustuframboði Og Vodafone fyrir viðskiptalífið sem gerir fólki mögulegt að miðla upplýsingum óháð stað og stund. Hraði, öryggi og einfaldleiki eru einkunnarorð okkar í þeim lausnum sem við bjóðum fyrirtækjum.



KOMIÐ
Vodafone Mobile Connect

NÓVEMBER
Global Hotspots

DESEMBER
Vodafone World

Nánari upplýsingar veitir **Fyrirtækjaþjónusta Og Vodafone,** Síðumúla 28, í síma 599 9500. Einnig er hægt að senda tölvupóst á 5999500@ogvodafone.is

og vodafone
Heyrumst!

B2B ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR VIÐSKIPTALÍFSINS

# Atvinnuleitin hefst hér!







Yfir 150.000 lesendur

Hvort sem þú ert einstaklingur í atvinnuleit eða stjórnandi að leita að góðum starfskrafti er **allt – atvinna** lausnin fyrir þig. **allt – atvinna** er dreift með Fréttablaðinu inn á **95 þúsund heimili** alla sunnudaga.

FRÉTTABLAÐIÐ

– stærsti fjölmiðillinn!



**ERLA VIGNISDÓTTIR OG GUÐRÚN ÞÓRISDÓTTIR TAKA VIÐ „BLUE DIAMOND DEDICATION AWARD“ FYRIR HÖND ICELAND EXCURSIONS ALLRAHANDA – GRAY LINE ICELAND.** Iceland Excursions Allrahanda – Gray Line Iceland hlaut verðlaun á ársfundi Gray Line Worldwide sem haldinn var í Vancover í Kanada nýlega. Verðlaunin eru veitt fyrir framúrskarandi kynningu á árinu þar sem lögð er áhersla á metnaðarfull markmið samtakanna. Gray Line Worldwide er stærstu samtök í heiminum á sviði skoðunar- og pakkaferða en meðlimir eru um 150 fyrirtæki sem þjónusta yfir 25 milljónir ferðamanna á ári.

# Nýtt ráðgjafarfyrirtæki hefur starfsemi

Nýtt ráðgjafarfyrirtæki er að hefja starfsemi undir nafninu INVESTIS ehf. Fyrirtækið mun sérhæfa sig í fyrirtækjamiðlun, ráðgjöf henni tengdri og ráðgjöf í virðisstjórnun sem miðar að því að auka verðmæti fyrirtækja. INVESTIS hyggst einnig eiga frumkvæði að og taka að sér gangsetningu þróunarverkefna, gerð viðskiptaáætlana og umsjón með fjármögnun fyrirtækja og verkefna.

Stofnendur INVESTIS eru Haukur Þór Hauksson rekstrarhagfræðingur, Sigurbjörn Magnússon, hrl. og löggiltur fasteigna- og fyrirtækjasali, Gunnar Jóhann Birgisson hrl. og Jóhannes Rúnar Jóhannsson hrl.



**BJARNI ÁRMANNSSON, FORSTJÓRI ÍSLANDSBANKA** Íslandsbanki hefur hlotið viðurkenningu fyrir mikla söluaukningu í kröfukaupum.

# Verðlaun fyrir kröfukaup

Á aðalfundi International Factoring Group sem haldinn var í Lissabon í október síðastliðnum var Íslandsbanka veitt viðurkenning fyrir mikla söluaukningu í kröfukaupum. IF Group eru alþjóðleg samtök aðila sem stunda kröfukaup og að samtökunum standa 60 aðilar frá 46 löndum. Erlend kröfukaup hafa á síðustu árum orðið vinsæll kostur þeirra sem stunda viðskipti milli landa og jukust kröfukaup á heimsvísu um 43 prósent á milli áranna 2003 og 2004. Íslandsbanki hefur um skeið boðið viðskiptamönnum sínum að selja erlendar viðskiptakröfur með kröfutryggingu en í því felst fjármögnun á viðskiptakröfum, innheimta þeirra og tryggingar.




Markaðsvaktin - Veist þú hvað er að gerast á markaðnum í dag?

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi.
Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com.
Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 7 | | 9 | | | | | 8 |
| 8 | 1 | 2 | 7 | | | 6 | | |
| | | | 6 | | | | | |
| 1 | 9 | | | | | | 2 | |
| | | 8 | | | | 3 | | |
| | 2 | | | | | | 5 | 4 |
| | | | | | 4 | | | |
| | | 1 | | | 9 | 5 | 8 | 7 |
| 9 | | | | | 5 | | 1 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 6 | | 5 | 7 | | | 9 | |
| | | 5 | | | 8 | | 6 | |
| 9 | | | | | | | | 3 |
| | | | | 2 | | | | 6 |
| | | 8 | | | | 4 | | |
| 6 | | | | 9 | | | | |
| 4 | | | | | | | | 9 |
| | 5 | | 7 | | | 2 | | |
| | 7 | | | 6 | 4 | | 3 | 1 |

# STUÐ MILLI STRÍÐA Vaknað í London

**BORGHILDUR GUNNARSDÓTTIR** VILL EKKI TAKA ÞÁTT Í KLÁMMYNDAÁHORFI ANNARRA.



Var stödd í London um daginn og vaknaði eina nóttina við frekar leiðinlegt hljóð. Stunur. Ég varð ansi pirruð yfir því að vera neydd til að vita svona mikið um einkalíf þessara hótelnágranna minna og reyndi án árangurs að sofna aftur.

Stóð upp og lokaði gluggum og baðherbergishurðinni í von um að hljóðið myndi minnka, án árangurs. Lá því með koddann ofan á hausnum og heyrði óljóst: Ó Nick, ó Nick, ó Nick...ó ó ó og fleira skemmtilegt. Varð mjög fegin þegar stunurnar hættu og rokktónlist tók við og náði loks að slappa af. Ég var alveg að sofna aftur þegar ég heyrði tvær kvenraddir ræða saman. Fannst þetta örlítið skrítinn tími fyrir parið að fá vinkonu sína í heimsókn þar sem klukkan var um þrjú og þau nýbúin að vera afar innileg hvort við annað.

Enn þá skrítnara fannst mér þegar stunurnar byrjuðu aftur og í þetta sinn stunur tveggja kvenna. Það hvarflaði að mér eitt augnablik að í herberginu við hliðina væri einhvers konar orgía í gangi en stuttu seinna áttaði ég mig á því að auðvitað var þetta einhver ógeðslegur kall að horfa á klám í sjónvarpinu. Mér létti örlítið en áttaði mig á því að þetta gæti gengið alla nóttina. Sem betur fer fékk hann leið á kláminu eftir tvo tíma og fór að horfa á bílaþátt og ég sofnaði um leið. Hvernig væri að sleppa því að horfa á klám með hljóðið hátt stillt á hótelum?

Ég veit það vel að ég er algjör tepra þegar kemur að einhvers konar klámi, finnst það subbulegt. Ég kemst aldrei hjá því að hugsa um það hvað viðkomandi leikarar hljóta að vera illa settir fyrst þeir neyðast til að framfleyta sér með þessum hætti. Varla eru þeir með annars konar tilboð í röðum, hafnandi tannkremsauglýsingum svo þeir geti leikið í klámmyndum og stundað innihaldslaust kynlíf með fólki sem þeir þekkja ekki! Jæja, ég bið að minnsta kosti um það eitt að fólk sjái sóma sinn í að leyfa mér að sofa á meðan það stundar þessa kjánalegu iðju sína.

## myndasögur

### ■ Pondus

Eftir Frode Overli




### ■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### ■ Pú og pa

Eftir SÖB




### ■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### ■ Barnalán

Eftir Kirkman/Scott



# ALLT Á EINUM STAÐ

## FYRIR AÐVENTUNA



PAKKATILBOÐ

Aðventukrans

**1.690 kr.**

- Nýjar hugmyndir að aðventuskreytingum, - pakkatilboð!
- Pakkatilboð á hefðbundnum aðventukrönsum!
- Endalaust úrval af föndur- og skreytingarefni fyrir þá sem vilja gefa hugmyndafluginu lausan tauminn!
- Úrval tilbúinna aðventuskreytinga og kransa hannaða af blómaskreytum Garðheima!



PAKKATILBOÐ

Aðventuskreyting

**950 kr.**



PAKKATILBOÐ

Aðventuskreyting

**2.850 kr.**



**20% afsláttur**
af öllum kertum í aðventukransa á tilboðstorginu

SIRIUS

**40 LJÓSA ÚTISERÍUR ALLIR LITIR 595 kr.**

**80 LJÓSA ÚTISERÍUR ALLIR LITIR 795 kr.**

## LANDSINS MESTA ÚRVAL AF LJÓSASERÍUM!



Aðventuljós

**795 kr.**

áður 1.390 kr.

Tilboð!

Aðventukerta-skreyting

**990 kr.**

Tilboð!




Lukku stund!

-LENDIR ÞÚ Á LUKKUSTUND?

GARÐHEIMAR

*heimur skemmtilegra hluta og hugmynda*

OPIÐ TIL KL. 22.00 FRAM AÐ JÓLUM!

Stekkjarbakka 6 - Sími 540 3300 - www.gardheimar.is - gardheimar@gardheimar.is

**Kl. 20.00**
***Lúðrasveit Reykjavíkur** heldur tónleika í Neskirkju. **Sóley Þrastardóttir** leikur einleik á þverflautu en stjórnandi er **Lárus Halldór Grímsson.***

# menning

menning@frettabladid.is

## *Persónur í Drauganeti*

Lýðveldisleikhúsið frumsýnir á morgun í Tjarnarbíói harmræna gleðileikinn Drauganet eftir Benóný Ægisson. Aðeins þessi eina sýning verður á verkinu.

Benóný segir verkið gerast í hugskoti höfundar sem er að reyna að skapa leikpersónur. „Hann gerir ýmsar tilraunir á þeim og vekja þær sjaldnast mikla hrifningu leikpersónanna sem eru ofurseldar duttlungum höfundarins.“

Persónur verksins þrá það heitast að komast í leikrit en eru svo óheppnar að lenda hjá duglausum höfundi. Hann á erfitt með að koma verkunum frá sér enda hefur hann ekki hugmynd um að persónurnar eiga sér sjálfstætt líf utan vitundar hans. Hann veit ekki hvaða óleik hann er að gera þeim.

Leikarar eru Aðalbjörg Þóra Árnadóttir, Benóný Ægisson, Brynja Valdís Gísladóttir, Gunnar Eyjólfsson, Höskuldur Sæmundsson, Ingibjörg Stefánsdóttir, Ingibjörg Þórisdóttir, Kolbrún Anna Björnsdóttir, Ólafur Guðmundsson, Páll Sigþór Pálsson, Valgeir Skagfjörð, Þórunn Clausen og Þröstur Guðbjartsson. Leikstjóri er Darren Foreman. Sviðshreyfingar eru eftir Kolbrúnu Önnu Björnsdóttur en tónlist eftir Benóný Ægisson.



DRAUGANET - LEIKSÝNING

## > Ekki missa af ...

... tónleikum **Lúðrasveitar Reykjavíkur** í Neskirkju í kvöld. Stjórnandi sveitarinnar er **Lárus Halldór Grímsson** en einleik á þverflautu leikur **Sóley Þrastardóttir**.

... sýningunni **Ný íslensk myndlist II** í Listasafni Íslands, þar sem fjölmargir ungir myndlistarmenn takast á við rýmið í safninu.

... sýningu á vatnslitamyndum eftir þýska listamannin **Bernd Koberling**, sem nú stendur yfir í Listasafni Reykjavíkur. Myndirnar eru málaðar í Loðmundarfirði.



**JÓNAS INGIMUNDARSON PÍANÓLEIKARI OG ETERI GVAZAVA SÓPRANSÖNGKONA** Þau flytja rússneska tónlist á tónleikum í Salnum í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Syngur enn í Salnum

Síberíska sópransöngkonan Eteri Gvazava er komin aftur til landsins, að þessu sinni með rússneska efnisskrá í farteskinu. Hún kemur fram með Jónasi Ingimundarsyni píanóleikara á Tíbrár-tónleikum í Salnum í Kópavogi í kvöld.

Þau ætla að flytja söngva eftir rússnesk tónskáld frá 18. og 19. öld með höfuðsnillinginn Modest Mussorgskí í broddi fylkingar. Eftir hann flytja þau lagaflokkinn Barnaherbergið, við texta tónskáldsins.

Eteri hefur komið nokkrum sinnum fram á tónleikum hér á landi síðustu misseri, nú síðast á Listahátíð í Þjóðleikhúsinu á síðasta ári, og þá lék Jónas Ingimundarson með henni, rétt eins og nú.

Eteri Gvazava á þegar að baki glæstan söngferil, hefur sungið víða um lönd og alls staðar vakið aðdáun og athygli. Hún er frá borginni Omskí Rússlandi en hefur búið í Þýskalandi undanfarin ár ásamt eiginmanni sínum, íslenska bassasöngvaranum Bjarna Thor Kristinssyni.

Sumarið 2000 söng Eteri síðan hlutverk Violettu í La Traviata í beinni sjónvarpsútsendingu frá París. Þessi útsending sem m.a. fékk Emmy-verðlaunin og náði til meira en 100 landa, hefur tvisvar verið á dagskrá Ríkissjónvarpsins.

# Ljóðræn afmælisveisla

**Megas, Bragi Ólafsson, Geir Svansson, Kristján Kormákur og Didda ætla að lesa upp á ljóðakvöldi á Café Rosenberg ásamt Mike Pollock, sem heldur um leið upp á afmælið sitt. Mike hefur einnig lokið upptökum á þriðju sólóplötu sinni.**



**MIKE POLLOCK** Segist vera kominn heilan hring í tónlistinni, nú sé hann að byrja aftur á byrjuninni með röddina sína og gítarinn að vopni.

Tónlistarmaðurinn og ljóðskáldið Mike Pollock hefur fengið góða gesti til þess að lesa upp á ljóðakvöldi á Café Rosenberg í kvöld. Auk Mikes mæta á sviðið Megas, Bragi Ólafsson, Geir Svansson, Kristjón Kormákur og Didda, auk fleiri upplesara.

Mike hefur haldið vikuleg ljóðakvöld á Café Rosenberg í vetur, en í kvöld verður aðeins meira haft við í tilefni þess að sjálfur á Mike afmæli í dag. Hann segist vart geta fundið betri stað til að halda upp á afmælið, umkringdur ljóðskáldum og tónlist.

Í dag eru liðin heil 52 ár síðan Mike Pollock fæddist í bænum Marysville í Norður-Kaliforníu, en hér á Íslandi hefur hann búið býsna lengi.

„Faðir minn var í flughernum svo ég var alltaf mikið á hreyfingu, við vorum að flytja út um allt og vorum líka með annan fótinn hér á landi,“ segir Mike, sem áttaði sig um síðir á því að hér vildi hann helst vera. „Ég á greinilega heima á Íslandi, það er eini staðurinn sem ég finn fyrir söknuði til.“

Mike hefur annars nýlega lokið við upptökur á nýjum geisladiski sem hann kallar Universal Roots. Öll lögin nema tvö eru eftir hann sjálfan og umgjörðin er einföld í alla staði.

„Þetta er bara röddin mín og gítarinn, alveg eins og þegar ég byrjaði. En ég tók mér fjórtán mánuði í að gera þennan disk og hann er nákvæmlega eins og ég vil hafa hann,“ segir Mike, sem segist vera kominn heilan hring í tónlistinni.

„Ég byrjaði svona, en síðan fór ég út í ýmis ævintýri og hef spilað alls konar tónlist, bæði rokk og ról, blús og tilraunamúsík alls konar. En núna finnst mér ég vera að byrja aftur á byrjuninni.“

Elsta lagið á disknum samdi hann þegar hann var ekki orðinn þrettán ára. Það heitir I Can't Tell You og kom í leitirnar fyrir fáeinum árum þegar pabbi hans gaf honum gamlar upptökur.

„Ég var alltaf að semja og pabbi hefur tekið þetta upp. Hann gaf mér svo þessar upptökur fyrir tveimur árum og þar eru alls konar lög, en svo klárast teipið þegar tveir þriðju eru búnir af þessu lagi.“

Mike tók sig til og kláraði lagið og nú er það komið á diskinn.

Tvö lögin á disknum eru eftir Hank Williams, sem alla tíð hefur verið í miklu uppáhaldi hjá Mike.

„Ég heyrði í honum þegar ég var í bleium. Pabbi var alltaf að spila Hank og enn í dag líður mér ekki almennilega nema ég fái skammtinn minn af honum.“

Mike veit ekki ennþá hvort einhver muni gefa diskinn út. Hann fer alveg öfuga leið við það sem áður tíðkaðist, þegar menn gerðu plöturnar fyrst og kynntu þær síðan, því hann byrjar á því að kynna diskinn, hefur sett lög í spilun í útvarpi og á netinu er hægt að hlusta á nokkur þeirra á www.myspace.com/michaelpollock.

„Ég vandaði mig vel og vildi hafa þetta hreinskilið og einlægt. Þetta er þriðja sólóplatan mín, en sú fyrsta sem ég er fullkomlega ánægður með. Ég gæti dáið á morgun þess vegna,“ segir hann, en bætir þó snarlega við að hann sé hreint ekki á leiðinni að hrökkva upp af.

„Ég held bara áfram að búa til mína tónlist.“


# Debussy og Ravel

*Helgidansar* Tippets, ásamt verkum eftir Ravel og Debussy, eru á efnisskrá Sinfóníuhljómsveitarinnar að þessu sinni. Leyndir kraftar náttúrunnar, orka skógarins og fornir helgisiðir á tónleikum sem Rumon Gamba mælir sérstaklega með.

RAUÐ TÓNLEIKARÖÐ Í HÁSKÓLABÍÓI

FIMMTUDAGINN **24. NÓVEMBER** KL. 19.30

Hljómsveitarstjóri ::: Rumon Gamba

Claude Debussy ::: Forleikur að Síðdegi skógarpúkans
Michael Tippett ::: Helgidansar (Ritual Dances)
Maurice Ravel ::: Daphnis et Chloé, svítur 1 og 2



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS
SÍMI **545 2500** ::: WWW.**SINFONIA.IS**


# Algjörlega frjáls í glugganum

Hulda Vilhjálmsdóttir segist hafa algerlega frjálsar hendur í glugganum, sem hún hefur leigt sér sem sýningaraðstöðu. Hún nefnir gluggan The Blue Room, bláa herbergið, enda virðist blái liturinn vera ríkjandi í verkum hennar um þessar mundir.

„Stefnan er að láta vaða þó stundum sé það erfitt vegna áhorfandans, en ekkert er látið kyrrt liggja,“ segir Hulda.

Sýningarglugginn var opnaður í sumar, er til húsa á Laugaveginum, húsi númer 34 sem er beint á móti Safni. Þar má iðulega sjá hana festa upp verk og vinna við þau.

„Raðað er í gluggann eftir því sem hentar,“ segir Hulda. „Allt er í gangi, vinnandi listamaður að festa verkin á verk og á vegg. Ekkert skreyti, bara flögrandi fjaðrir sem merkja að eitthvað svífi um loftin.“

Glugginn var opnaður í sumar og verður í gangi eitthvað áfram, en Hulda gerði leigusamning til hálfs árs.



**HULDA Í GLUGGANUM SÍNUM** Hulda Vilhjálmsdóttir hefur síðan í sumar sýnt verk sín í glugga við Laugaveginn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# TYPPATAL MEÐ AUDDA

LEIKSTJÓRN: SIGGI SIGURJÓNS



## NASA VIÐ AUSTURVÖLL

**Fimmtudagur 24. nóvember - Uppselt**
Þriðjudagur 29. nóvember
Miðvikudagur 30. nóvember
Fimmtudagur 1. desember

FORSALA ER HAFIN Í VERSLUNUM
SKÍFUNNAR OG Á midi.is

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

NÓVEMBER

20 21 22 23 24 25 26

**Miðvikudagur**

### TÓNLEIKAR

☐ 12.30 **Gunnar Björnsson** sellóleikari og **Jörg Sondermann** píanóleikari flytja verk eftir Antonio Vivaldi og Johannes Brahms á Háskólatónleikum í Norræna húsinu.

☐ 18.00 Tryllingsrokkararnir í **DR. Spock** sjá um upphitun fyrir hina ungu og efnilegu hljómsveit **Levenova** á lokatónleikum Pepsírokks á þessu ári á Bar 11.

☐ 20.00 **Lúðrasveit Reykjavíkur** heldur tónleika í Neskirkju. **Sóley Þrastardóttir** leikur einleik á þverflautu, en stjórnandi er **Lárus Halldór Grímsson**.

☐ 20.00 **Strengjasveit Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar** flytur verk eftir Couperin, Bach og Händel í Seltjarnarneskirkju. Í einleikshlutverkum eru nemendur skólans og stjórnandi strengjasveitarinnar er Örnólfur Kristjánsson.

☐ 20.00 Síberíska sópransöngkonan **Eteri Gvazava** syngur á TÍBRÁR-tónleikum í Salnum ásamt **Jónasi Ingimundarsyni**. Á efnisskrá eru rússneskir söngvar eftir Aliabiev, Warlamov, Guriviov, Dargomischskí, Bulachov, Glier, Wlasov og hinn einstæði lagaflokkur Barnaherbergið eftir Mussorgskí við texta tónskáldsins.

☐ 22.00 Hljómsveitirnar **Ampop** og **Worm is Green** spila á Nasa.

☐ 22.00 Hljómsveitirnar **Ég** og **Mammút** spila á Gauknum.

### FYRIRLESTRAR

☐ 20.00 **Stefán Jóhannsson** fjölskylduráðgjafi heldur fyrirlestur um jólakvíða í sal Flugvirkjafélags Íslands, Borgartúni 22.

☐ 20.00 Opinn fræðslufundur **Samtaka foreldra og aðstandenda samkynhneigðra**, FAS, verður í fundarsal Þjóðarbókhlöðunnar. Dr. **Sigrún Sveinbjörnsdóttir** sálfræðingur flytur erindið Er kynhneigðin áunnin eða meðfædd gjöf lífsins?

### SAMKOMUR

☐ 22.00 **Megas, Bragi Ólafsson, Geir Svansson, Kristjón Kormákur, Didda, Mike Pollock** og fleiri koma fram á ljóðakvöldi á Café Rosenberg.

### SÝNINGAR

☐ **Reykjalín** heldur sína þriðju sýningu á veitingastaðnum Galileo. Á sýningunni eru 25 verk, kolateikningar og olíuverk.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

# Fyrsta afurð Traktorsins

Bókaforlagið Traktor hefur sent frá sér sína fyrstu afurð, bókina Áferð sem jafnframt er fyrsta skáldsaga Ófeigs Sigurðssonar.

„Traktor er að rifna af stolti,“ segir Eiríkur Örn Norðdahl, útgáfustjóri Traktors. Útgáfufyrirtækið Traktor er starfrækt á Ísafirði en var stofnað fyrr á árinu af bókaútgáfunni Bjarti. Verkefni þess er einkum að gefa út bækur eftir nýliða í rithöfundarstéttinni og hikar ekki við að gefa út bækur sem ýta við lesendum með ferskum bókmenntalegum óknyttum og skelmisbrögðum.

Eiríkur Örn segir Áferð vera sögu sem „kreistir geðdeyfðina úr lesendum sínum, snýr niður hross og gægist upp í rassgatið á vannærðum hundum. Áferð er ekki allra og er ekki ætlað að vera allra – til þess höfum við Bítlana og Hemma Gunn.“

Ófeigur Sigurðsson er þrítugur rithöfundur, ljóðskáld, heimspekinemi og tónlistarmaður. Eftir hann liggja ljóðabækurnar Skál fyrir skammdeginu og Handlöngun. Hann hefur átt ljóð og þýðingar í tímaritum og er meðlimur í Nýhil. ■



**TRAKTORSTJÓRINN** Eiríkur Örn Norðdahl er að rifna úr stolti.



**GUNNAR BJÖRNSSON** Gunnar ætlar að leika Vivaldi og Brahms í Norræna húsinu ásamt Jörg Sondemann.

## Sellóleikur í hádeginu

Sóknarpresturinn á Selfossi, séra Gunnar Björnsson, dregur fram sellóið sitt í hádeginu í dag og kemur fram á Háskólatónleikum í Norræna húsinu. Með honum leikur Jörg E. Sondemann píanóleikari, sem einnig er organisti í Hveragerðiskirkju.

Þeir ætla að flytja verk eftir Antonio Vivaldi og Johannes Brahms.

Tónleikarnir í Norræna húsinu hefjast klukkan 12.30 og standa í um það bil hálfa klukkustund.



**AMPOP** Hljómsveitirnar Ampop og Worm is Green halda útgáfutónleika á Nasa í kvöld.

## Útgáfutónleikar í kvöld

Hljómsveitirnar Ampop og Worm is Green halda útgáfutónleika í kvöld á Nasa við Austurvöll. Ampop gaf nýverið út plötuna My Delusions sem hefur fengið mjög góðar viðtökur bæði hér heima og á Englandi. Samnefnt smáskífulag verður m.a. spilað hjá hinum virta útvarpsmanni Jonathan Ross næstkomandi laugardag í breska ríkisútvarpinu, BBC2. Lagið er gefið út hjá Relentless Records í Englandi sem gefur m.a. einnig út tónlist Josh Stone og KT Tunstall.

Worm is Green hefur gefið út sína aðra plötu sem nefnist Push Play. Platan kemur út í Bandaríkjunum snemma á næsta ári og í kjölfarið fer sveitin þangað í tónleikaferð. Worm is Green hefur fært sig töluvert frá raftónlistinni í átt að poppaðri hljómi, auk þess sem söngur er meira áberandi á nýju plötunni.

Útgáfutónleikarnir í kvöld hefjast stundvíslega klukkan 22.00 en húsið opnar klukkutíma fyrr.

Glæsilegt tilboð fyrir VISA kreditkorthafa

MANNTAFL
Í BORGARLEIKHÚSINU
Einleikur með Þór Tulinius

SPENNANDI
FRÁ UPPHAFI
...TIL ENDA!!



**VISA** kreditkorthöfum bjóðast einstök kjör*
**á fjórar sýningar**: 12., 17., 24. og 30. nóvember.
Nánari upplýsingar á www.visa.is og í miðasölu
Borgarleikhússins: **568 8000**

VISA

*Afslátturinn gildir aðeins ef greitt er með VISA kreditkorti og bókað í gegnum síma.

BORGARLEIKHÚSIÐ
ÞÍBILJA

JÓLABLAÐIÐ 2005

Nú styttist í jólin og Fréttablaðið verður með veglegt jólablað 29. nóvember.

Efni blaðsins verður fjölbreytt og af ýmsum toga. Vönduð gjafaumfjöllun. Fagmenn jafnt sem leikmenn gefa góðar uppskriftir að jólamat og ljúffengum aðventuréttum. Þjóðkunnir einstaklingar rifja upp eftirminnileg jól og segja frá hefðum sinnar fjölskyldu.

Í stuttu máli verður blaðið skemmtilegt, líflegt og eigulegt!



107.000 EINTÖK MEÐ FRÉTTABLAÐINU

Upplýsingar veita
Hinrik Fjeldsted • Sími 550 5837 • GSM 662 5829 • hinrik@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ
– stærsti fjölmiðillinn

fjörið ... **Fólk**
folk@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Britney Spears** er í viðræðum þess efnis að leika í sýningu á Broadway. Samkvæmt áreiðanlegum heimildum er söngkonan við það að landa stóru hlutverki í söngleik sem ber nafnið Sweet Charity. Leikkonan Christina Applegate leikur aðalhlutverkið í honum um þessar mundir. Samkvæmt miðlinum Access Hollywood er Britney mjög spennt fyrir þessu sem og framleiðendur sýningarinnar sem vilja að sögn gera nánast hvað sem er til þess að fá hana til liðs við sýninguna.



**George Clooney** slasaðist illa á dögunum, við tökur á næstkomandi mynd sinni sem hefur fengið nafnið Syriana. Í einu atriði myndarinnar átti hann að sparka í borð en þá vildi ekki betur til en svo að hann rak hausinn á sér all hressilega í með þeim afleiðingum að mænuvökvi fór að renna út úr munni hans. Þrátt fyrir tvær aðgerðir hefur hausverkjunum sem komu í kjölfar óhappsins ekki linnt. „Ég fæ enn mjög slæma hausverki þrátt fyrir að um ár sé liðið frá óhappinu,“ segir leikarinn góðkunni.





**MIKLABRAUTIN Á MORGUN?** Miklabrautin séð frá Lönguhlíð vestur að Snorrabraut. Verði gatan sett undir stokk gæti hverfið mögulega litið út einhvern veginn svona. FRÉTTABLAÐIÐ/ VALLI

# Miklabrautin stokkuð upp

**Íslenskir aðalverktakar hafa boðið borgaryfirvöldum að leggja Miklubrautina í stokk frá Grensásvegi vestur að Snorrabraut, gegn því að fá lóðirnar ofan á. Fréttablaðið leitaði álits fjögurra íbúa á höfuðborgarsvæðinu.**



**André Bachmann** Strætisvagnabílstjóri.

## *Góð hugmynd*

Mér líst bara mjög vel á þessa hugmynd. Miklabrautin er ekki keyrandi eins og þetta er núna því umferðin stíflast alltaf á álagstímum og það þarf eitthvað meira til en mislæg gatnamót að mínu mati. Vagnarnir kæmu auðvitað til með að aka ofanjarðar, það þýðir ekkert að hafa þá lokaða í stokknum því þeir þurfa að vera þar sem fólkið er. Umferðin myndi minnka og byggðin þéttast og það myndi að sjálfsögðu flýta för fyrir okkur.



**Egill Helgason** Sjónvarpsmaður.

## *Haltur leiðir blindan*

Það er fínt ef það er hægt að losna við þessar stóru götur en mér finnst þetta æði mótsagnarkennt. Það var ekki hægt að koma því við að setja Hringbrautina í stokk en nú kemur verktakafyrirtæki og býðst til að borga stokkinn og þá er rokið til. Ég held það séu líka brýnni verkefni sem eigi að njóta forgangs, til dæmis Sundabrautin og svo þarf auðvitað að leiðrétta mistökin á Hringbrautinni. Þetta mál allt sýnir að haltur leiðir blindan í skipulagsmálum og ráðaleysið er algjört.



**Björk Jakobsdóttir** Leikkona.

## *Klúður*

Þótt ég búi í Hafnarfirði keyri ég þarna um daglega og tel að bæði Hringbrautin og Miklabraut eigi að fara í stokk. Það var í fyrsta lagi þvílíkt klúður að færa og stækka Hringbrautina og segja svo nánast daginn eftir að þetta þyrfti að fara undir stokk. Þetta ferlíki klýfur hverfið algjörlega í tvennt. Ég myndi til dæmis ekki taka í mál að senda krakkana mína hlaupandi yfir hraðbraut svo þau komist á fótboltaæfingu hjá Val. Stokkur myndi bæði hjálpa Hlíðahverfinu sem og skipulagsmálum vestur í bæ til lengri tíma litið.



**Baldur Trausti Hreinsson** Leikari og íbúi í Barmahlíð.

## *Gott fyrir Hlíðarnar*

Ég held að stokkur undir Miklubrautina sé eitthvað það besta sem getur komið fyrir íbúa í Hlíðunum, því eftir þessa fáránlegu framkvæmd sem Hringbrautin er, hefur ástandið versnað og umferðin þyngst. Það væri heldur ekki úr vegi að fækka akreinum á Lönguhlíð, því það hefur aukist að menn stytti sér leið eftir henni, upp á Bústaðarveg og til baka.

Ég myndi ekki vilja sjá byggingar ofaná stokknum; þarna ætti að leggja útivistarsvæði, leiksvæði, hjólastíga og svo framvegis. Við megum ekki við að fækka grænum blettum í þessari borg.



**MIKLABRAUTIN Í DAG** Íslenskir aðalverktakar hafa boðist til að leggja götuna í stokk frá Grensásvegi að Snorrabraut.

ÞAKKARGJÖRÐAR-
KALKÚNN
Á HÓTEL CABIN

Í tilefni Þakkagjörðardagsins 24. nóvember 2005 bjóðum við upp á hina árlegu kalkúnaveislu að hætti Bandaríkjamanna.
Einungis þrjú skipti.
Í hádeginu fimmtudaginn 24. nóvember og föstudaginn 25. nóvember.

Nýjung í ár:
Kalkúnaveisla föstudagskvöldið 25. nóvember.

Eftirréttur og kaffi að loknu kalkúnahlaðborði



Verð einungis
1.750 kr. í hádeginu
2.200 kr. föstudagskvöld (nýtt)

Borðapantanir í síma 511 6030
Ath! Í fyrra komust færri að en vildu. Pantið tímanlega.

Hótel Cabin
Borgartúni 32 • 105 Reykjavík



**ÓLAFUR PÁLL GUNNARSSON** Ólafur hefur haft umsjón með þættinum Rokklandi á Rás tvö í tíu ár.

# Brot af því besta á árinu

Safnplatan Rokkland 2005 kemur út á föstudag. Þetta er fimmta árið í röð sem Rokkland sendir frá sér plötu. Með plötunni fylgir veglegur 36 síðna bæklingur með upplýsingum um alla flytjendurna. Ólafur Páll Gunnarsson hefur stjórnað Rokklandi á Rás tvö í rúm tíu ár og er hæstánægður með nýju plötuna. „Lagavalið er auðvitað mitt fyrst og fremst. Þetta eru allt lög sem ég held upp á og hafa glatt mig á árinu. Ég veit líka að þau hafa glatt fjölmarga aðra, bæði hér heima og annars staðar, og þó víðar væri leitað,“ segir Óli Palli. „Þetta er brot af því besta sem heyrðist í útvarpinu árið 2005 að mínu mati. Ég hef trú á því að fólk eigi eftir að geta gripið í þennan disk eftir tíu til tuttugu ár og sagt: Já, það var svona sem árið 2005 hljómaði; bara nokkuð gott ár í músík,“ segir hann.

Á meðal laga á plötunni, sem er tvöföld, eru Speed of Sound með Coldplay, Sæglópur með Sigur Rós, Murr Murr með Mugison, Somebody Told Me með The Killers, Maria með Trabant og Do You Want To með Franz Ferdinand.

MÁNUDAGUR 21. NÓVEMBER

# *Rokk og táfýla*

**Egill Rafnsson, trommari Sign, bloggar frá tónleikaferð hljómsveitarinnar um Ísland frá 21. nóv. til 10. des.**

Dagurinn byrjaði með fundi hljómsveitarinnar og umboðsmanna þar sem farið var yfir stöðu mála fyrir túrinn. Ég og Zólberg fórum þaðan í viðtal upp á rás 2 til að kynna nýju Umyx smáskífuna okkar sem er hægt að fá frítt á visi.is. Ætlunin var að leggja af stað kl. 17 úr bænum til þess að geta verið mættir tímanlega í Keflavík þar sem tónleikar kvöldsins voru. Nema hvað að þegar klukkan var fimm átti ég eftir að finna trommusettið mitt sem var á víð og dreif um borgina og hljómsveitin átti eftir að græja hljóðkerfið fyrir kvöldið. Það þurfti síðan að finna Adda G. gítarleika sem var á skytteríi einverstaðar í rassgati og svo var brennt í Keflavík. Tónleikarnir hófust stundvíslega 20.37 þegar hljómsveitin LENA fór á svið.

Við byrjuðum svo að spila upp úr kl. 21. Tónleikarnir gengu ágætlega þangað til í laginu „Thank god for silence“ að bassinn hans Silla ákvað að hætta í hljómsveitinni og neitaði alfarið að láta í sér heyra. Því var reddað með því að stelast í brotinn bassa upphitunarbandsins. Sjálfum tókst mér að „opna“ á mér fingur í öllum látunum en ég lét það ekki á mig fá og spilaði eins og herforingi (hvernig sem að þeir spila svo sem). Eftir skrautlega tónleika fórum við félagar í áritun fram í anddyri og þangað komu strákar sem höfðu rænt öllum nýju trommukjuðunum mínum. Þeir fengu mig síðan til að skrifa á þá áður en ég fattaði glæpinn. Þegar í bæinn var komið bauð Addi G. upp á sannkallaða skötuveislu í skónum sínum, sem enginn reyndar þáði en leiddi hins til þess að að hann var neyddur í fótabað. Næst Akranes og svo norður í Sjallann á föstudag.

**Egill**






## FRÉTTIR AF FÓLKI

Ofurrokkarinn og heróínfíkillinn **Pete Doherty** hefur, að sögn vina sinna, gert sér grein fyrir því að líferni hans er að ganga af honum dauðum. Af þeim ástæðum hefur hann innritað sig á meðferðarstofnun til að vinna bug á fíkn sinni. Er þetta sama stofnun og kærasta hans, Kate Moss, lagðist inn á vegna kókaínfíknar sinnar. Að sögn vina hefur Kate neitað að hitta söngvarann skrautlega nema að hann komist í gegnum meðferðina og hætti alfarið neyslu vímuefna. Talsmaður söngvarans hefur staðfest að hann hafi skráð sig í meðferðina.



Popparinn **Robbie Williams** hefur keypt sér lúxussnekkju sem kostar litlar 8 milljónir punda. Að sögn The Sun notast Robbie við eigin upphafsstafi í nafnið á snekkjunni. Mun hún heita því frumlega nafni MY RW. Að sögn talsmanns söngvarans er aðal ástæðan fyrir kaupunum sú að Robbie fannst þetta vera tilvalin leið til þess að fara í frí án þess að verða fyrir sífelldum truflunum.












## FRÉTTIR AF FÓLKI

Hjartaknúsarinn Justin Timberlake hefur hannað eigin fatalínu. Línan, sem ber nafnið Willian Rast, leggur áherslu á gallabuxur og boli sem koma í búðir fljótlega. „Ég vildi fara hægt í sakirnar og því byrjum við á þessum einföldu vörum“ sagði Timberlake, sem hannar allar flíkurnar í samvinnu við bestu vinkonu sína, Trace Ayala. Nú þegar eru áætlanir um að framleiða undirföt, ilmvötn og jakkaföt undir sama merki.



Samband leikaranna Heath Leadger og Michelle Williams hjálpaði til við tökur á myndinni Brokeback Mountain að sögn framleiðandans James Schamus. Leikararnir, sem báðir léku stór hlutverk í myndinni, urðu ástfangnir við tökur. „Það hjálpar alltaf til að hafa smá rómantík á tökustað og í þetta skiptið gerði það andrúmsloftið enn betra í vinnunni“ sagði framleiðandinn.

Ofurfyrirsætan Heidi Klum, sem nýlega varð móðir í annað sinn, er strax komin aftur til starfa. Þessi 32 ára fyrirsæta tók þátt í að sýna undirföt fyrir Victoriu Secret aðeins nokkrum vikum eftir að hafa alið sinn fyrsta son. „Ég vildi í rauninni ekki fara aftur að vinna. Mig langaði að vera áfram heima. Þær vikur sem ég var heima með strákinn flugu hjá. En ég reyni að skipuleggja tímann vel og vera eins mikið heima og ég mögulega get núna fyrstu mánuðina. Maðurinn minn hjálpar mér einnig mikið“ segir hún að lokum en hún er gift söngvaranum Seal.



Leikkonan Jennifer Beals, sem er hvað þekktust fyrir hlutverk sitt í kvikmyndinni Flashdance þar sem hún logsauð og dansaði með miklum tilþrifum, hefur eignast sitt fyrsta barn með eiginmanni sínum Ken Dixon. Að sögn talsmanns leikkonunnar heilsast móður og barni vel. Beals hefur upp á síðkastið slegið aftur í gegn í þáttunum The L Word sem fjalla um ástir og örlög samkynhneigðra kvenna.





**RUSSELL CROWE** Henti síma í þjón þegar hann náði ekki sambandi við eiginkonu sína.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Sleppur við fangelsi

Nýsjálenski leikarinn Russell Crowe mun hafa komist að samkomulagi við saksóknara í New York fylki til að komast undan fangelsisdómi fyrir að ráðast á mann vopnaður símtæki.

Nestor Estrada, hótelþjónn á Mercer-hótelinu á Manhattan, kærði Crowe í júní fyrir að kasta í sig síma. Crowe, sem er annálaður fyrir stirt lunderni, mun hafa verið æfur yfir því að hafa ekki getað náð símasambandi við eiginkonu sína í Ástralíu og ákveðið því að láta símann vaða.

Hefði Crowe verið fundinn sekur hefði hann átt allt að sjö ára fangelsi yfir höfði sér auk þess að vera vísað úr landi.

Samkvæmt New York Post hefur Crowe fallist á að játa á sig minniháttar afbrot og hlýtur fyrir vikið ekki þyngri refsingu en skilorðsbundinn dóm. Það engu að síður getur haft áhrif á dvalarleyfi hans vestra. Að sögn fulltrúa Útlendingaeftirlitsins getur sakfelling sem felur í sér hvers kyns ódrenglyndi falið í sér að landvistarleyfi viðkomandi verði endurskoðað.

# Vildi ekki syngja

Leikkonan undurfagra, Reese Witherspoon, hefur nýlega lokið við að leika í kvikmyndinni Walk The Line sem fjallar um líf sveitasöngvarans og ofurtöffarans Johnny Cash. Witherspoon sem leikur eiginkonu Johhny Cash, June Carter Cash, hefur viðurkennt að hafa ekki vitað að hún þyrfti að syngja sjálf í myndinni. „Þeir báðu mig um að syngja eftir að ég hafði skrifað undir samning um að leika í myndinni. Ég vissi ekki að ég þyrfti að syngja líka og ég varð mjög stressuð út af því.“ Hún viðurkennir að hafa meira að segja reynt að komast hjá því að leika í myndinni út af þessu. „Framleiðendurnir vildu endilega að leikararnir myndu syngja og á endanum held ég að það hafi bara komið nokkuð vel út. Það kenndi okkur hvernig tónlistarmenn vinna sín störf. Þótt maður hefji upp raust sína í bílnum þá kemur annað hljóð í strokkinn þegar maður þarf að mæta í upptökuverið“ segir þessi glæsilega leikkona. Kvikmyndin Walk The Line er væntanleg í kvikmyndahús á næsta ári. Joaquin Phoenix leikur hlutverk Johnny Cash í myndinni.



# Vissum að það kæmi að þessu

Miðasala er hafin á útgáfutónleika systkinanna KK og Ellenar sem verða í Fríkirkjunni þann 8. desember í tilefni af plötunni Jólin eru að koma.

Þetta er í fyrsta sinn sem þau Kristján og Ellen gera heila plötu saman. Þau hafa áður gert nokkur lög saman í gegnum árin, þar á meðal When I Think of Angels.

KK segir að þau systkinin hafi lengi ætlað að gera plötu saman. „Fólk hefur verið að reyna að ýta okkur út í þetta og mörg ónefnd plötufyrirtæki hafa séð sér gróðavon í því. Við vissum að það kæmi að þessu einhvern tímann en við vorum alveg róleg,“ segir KK, en þetta er fyrsta jólaplatan hans. „Þetta verður eina jólaplatan sem ég geri. Þetta var gaman en ég ætla bara að gera þetta einu sinni.“

Miðasalan á tónleikana fer fram í 12 Tónum, á midi.is, Skífubúðunum og BT-verslunum. Miðaverð verður tvískipt, 2.500 kr. og 1.700 kr. auk miðagjalds. KK og Ellen ætla í tónleikaferð til að fylgja plötunni eftir og verða fyrstu tónleikarnir á Eiðum þann 11. desember.



**KK OG ELLEN** Jólin eru að koma er fyrsta platan sem systkinin KK og Ellen gera saman.

# *Fín frumraun hjá Garðari*

**TÓNLIST**

**[UMFJÖLLUN]**



**CORTES**

**Garðar** THÓR CORTES

**Niðurstaða:** Platan er vel heppnuð blanda af klassískum perlum og popplögum. Garðar getur gengið stoltur frá sinni fyrstu einsöngsplötu.

Það er markaður fyrir plötur á borð við þá sem Garðar Thór Cortes hefur útgáfuferil sinn sem einsöngvari. Velgengni óperusöngvara á borð við Andrea Bocelli og „poppplötur“ Pavarotti hafa sýnt að klassískur söngur er ekki bara bundinn við gamalmenni og tragískar óperur. Velgengni Garðars á erlendri grundu sannar að söngvarinn á fátt sameiginlegt með nafna sínum Hólm úr Brekkukotsannál þegar sá snéri aftur á heimaslóðir. Það er enda ekki flutningur söngvarans sem skiptir mestu máli þegar kemur að útgáfu eins og þessari heldur að lögin séu hárrétt valin. Margir hafa flaskað á þessu atriði, tekið áhættur sem ekki hafa gengið upp og setið uppi með misheppnaða afurð fyrir vikið.
Platan hefst á hinu gullfallega lagi Nelle Fantasia. Garðari tekst einstaklega vel upp með flutningi sínum og lagið verður að teljast líklegt til vinsælda. Í kjölfarið fylgir The Prayer sem er dúett með Maríönnu Másdóttur en það þolir ekki mikla hlustun heldur verður hálf væmið þegar líður á. Eftir þessi tvö upphafslög taka þeir sem standa að vali á lögunum þó nokkra áhættu. Pavarotti gerði Caruso nánast ódauðlegt og Skýið hefur verið einhvers konar titillag Björgvins Halldórssonar. Það fyrrnefnda steinliggur og varla neitt út á flutning Garðars að setja. Kannski hefði mátt leika sér með útsetningar á laginu en þær minna óþægilega mikið á útgáfu ítalska hetjutenórsins. Það tók á hinn bóginn nokkurn tíma að venjast rödd Garðars við Skýið. Í fyrstu setti ég stórt spurningarmerki við þetta val enda lagið mjög vinsælt hjá aðdáendum Bó. Eftir nokkra hlustun og vangaveltur vandist flutningurinn hins vegar og getur Garðar verið fullsæmdur af. Lag Friðriks Karlssonar, Bæn, við texta Einars Bárðarsonar er mjög vandað og það sama má segja um Lontano. Sísta lagið á plötunni er hins vegar dúett þeirra Selmu Björns og Garðars sem mér finnst engan veginn passa inn í myndina og ætti frekar heima í umdeildri sjónvarpssöngvakeppni.

Platan Cortes er vel heppnuð poppplata sem á eftir að sóma sér vel í jólapökkum þessa árs. Það hefur verið vandað til verksins í hvívetna og ánægjulegt að sjá jafn metnaðarfulla útgáfu. Platan er vel heppnuð blanda af klassískum perlum og popplögum. Garðar getur gengið stoltur frá sinni fyrstu einsöngsplötu.

**Freyr Gígja Gunnarsson**




# Prýðilegt sunnudagsbíó

**KVIKMYNDIR**

**[UMFJÖLLUN]**

Hendur vopnasala eru blóðugar. Þeir selja öllum vopn og er slétt sama í hvaða höndum þau lenda. Skiptir þá engu máli hverjir falla fyrir byssukúlunum bara ef það eru þeirra drápstól sem notuð eru. Það hafa ekki margar kvikmyndir litið dagsins ljós um þessa iðn enda eru vel flestir vopnasalar hálfgerðir huldumenn og í langflestum tilvikum hundeltir af alþjóðlegum löggæsluyfirvöldum á borð við Interpool.

Kvikmyndin Lord of War segir frá hinum rótlausa Yuri Orlov. Hann er sonur innflytjenda frá Úkraínu sem eltust við ameríska drauminn og reka veitingahús í Litlu Ódessu. Í stað þess að feta í fótspor föður síns ákveður Orlov að reyna fyrir sér sem vopnasali. Í fyrstu gengur ágætlega en hann bíður eftir stóra tækifærinu. Þegar kommúnistastjórnin fellur árið 1991 og Sovétríkin liðast í sundur fær Orlov gullnámu upp í hendurnar því vopnabúr heimsveldisins hafði tútnað út á tímum Kalda stríðsins en var nánast gagnlaust eftir að því lauk.

Leikstjórinn Andrew Niccol á ekki langan feril að baki en ákveður engu að síður að snerta á jafn viðkvæmu máli. Leikstjórn hans er mjög traust en því miður eru allt of margar gloppur í handritinu. Það á sérstaklega við um þær tvær persónur sem eiga að vekja samúð áhorfandans með málstað sínum fyrir þeim sem minna mega sín. Jared Leto er ekki góður leikari og þegar hann fær jafn lítið hlutverk og yngri bróðir Yuri er í rauninni verður útkoman ekki góð. Það hefði verið skynsamlegra að klippa hann alveg út úr myndinni. Eiginkonan á að vera mótvægi við siðferðisbrest eiginmanns síns en Bridget Moynahan mistekst leikurinn gjörsamlega. Nicolas Cage er að venju traustur og myndin á sína bestu spretti þegar hann ferðast um stríðshrjáð lönd og sinnir viðskiptum við kolgeðveika stríðsherra. Ethan Hawke er prýðilegur sem lögreglumaðurinn Jack Valentine en það hefði verið betra að sjá meira af honum og minna af Leto. Myndina prýðir úrval af góðri tónlist þó að á köflum sé hún



**Lord of War**
**Leikstjóri:** Andrew Niccol
**Aðalhlutverk:** Nicolas Cage, Jared Leto og Ethan Hawke
**Niðurstaða:** Lord of War nær aldrei þeim hæðum sem vonast var eftir. Hún er langbest þegar Nicolas Cage er einn að ferðast um stríðshrjáð lönd og á viðskipti við kolgeðveika stríðsherra.

pínulítið klisjukennd.

Lord of War birtir okkur óvenjulegan og leyndardómsfullan heim vopnasala. Við höfum ekki áður fengið jafn mikla innsýn í þessa veröld sem þrífst á stríðshörmungum og illgirni. Myndin nær hins vegar ekki þeim hæðum sem vonast var eftir og reynist „eingöngu“ prýðileg sunnudagsskemmtun með Nicolas Cage í








## Tilboð frá Skotlandi

Skoska liðið Dunfermline sendi Val í gær tilboð í framherjann Garðar Gunnlaugsson en Garðar hefur verið undir smásjá nokkurra erlendra liða. Málið er á frumstigi en botn gæti fengist í málið fyrir helgi.

**sport**

sport@frettabladid.is

Guðmundur Hrafnkelsson: Háskólanemi og markvörður Aftureldingar

# *Asinn á Íslandi kemur á óvart*

„Það hefur verið gaman að vera á Íslandi, þó það hafi gengið svona upp og ofan í handboltanum. Það er svolítið sláandi hversu mikill hraði er í íslensku samfélagi," sagði Guðmundur Hrafnkelsson, fyrrum landsliðsmarkvörður Íslands í handbolta, en hann leikur nú með liði Aftureldingar í DHL-deildinni og stundar nám í sjúkraþjálfun við Háskóla Íslands, eftir að hafa búið erlendis um árabil.

Guðmundur segir deildarkeppnina hér á Íslandi ekki vera eins sterka eins og hún var árið 1999, þegar Guðmundur hélt í atvinnumennsku. „Mér finnst, svona heilt yfir, deildarkeppnin ekki vera eins sterk núna og hún var þegar ég lék hér á landi síðast. Það eru hins vegar fleiri efnilegir leikmenn í deildinni núna heldur en þá, sem er náttúrlega mjög jákvætt."

Afturelding er með einstaklega ungan leikmannahóp en Guðmundur gæti hæglega verið faðir nokkurra leikmanna í liðinu, svo mikill er aldursmunurinn. Hann segist þokkalega sáttur við sína frammistöðu en vonast til þess að ná meiri stöðugleika þegar líður á keppnistímabilið. „Ég hef átt ágæta leiki, en svo líka ekkert sérstaklega góða leiki. Vonandi næ ég að finna jafnvægið í næstu leikjum. Það hefur skort svolítið upp á að hafa stöðugleikann en vonandi tekst okkur ná honum og bæta leik okkar þannig. Það eru margir efnilegir strákar í liðinu sem eiga eftir að láta mikið að sér kveða í framtíðinni.



Guðmundur hefur mikla trú á landsliði Íslands og vonast til þess að liðið nái góðum árangri á næsta stórmóti. „Það hefur vantað herslumuninn upp á að liðið nái viðunandi árangri á síðustu stórmótum, en ég er sannfærður um að getan er fyrir hendi. Leikmannahópurinn er sterkur og ég hef fulla trú á því að góður árangur náist í framtíðinni."

## > ÍR-ingar bíða og bíða



Erindi stjórnar handknattleiksdeildar ÍR til stjórnar HSÍ um að leik ÍR og ÍBV verði seinkað frá 17. desember til 18. desember hefur enn ekki verið svarað. Um fimm vikur eru síðan upprunaleg beiðni var lögð inn. Þótt mótanefndin hafi hafnað beiðni ÍR á dögunum gerði hún sér samt lítið fyrir um daginn og bað ÍR um færa leik gegn Val um einn dag. ÍR tók vel í beiðnina en varð síðan að hafna henni þar sem nokkrir leikmanna liðsins eru í prófum sama dag og mótanefndin vildi færa leikinn.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

NÓVEMBER

20 21 22 **23** 24 25 26

**Miðvikudagur**

**SJÓNVARP**

- 13.10 **Íþróttir** á NFS.
- 15.40 **Meistaradeild Evrópu** á Sýn. Fréttir af leikmönnum og liðum í Meistaradeildinni.
- 17.20 **Meistaradeildin með Guðna Bergs** á Sýn. Endursýndur þáttur.
- 18.30 **Ensku mörkin** á Sýn.
- 19.00 **Meistaradeildin með Guðna Bergs** á Sýn.
- 19.30 **Meistaradeild Evrópu** á Sýn. Liverpool og Real Betis eigast við í Meistaradeild Evrópu.
- 21.40 **Meistaradeildin með Guðna Bergs** á Sýn.
- 22.20 **Handboltakvöld** á RÚV.
- 22.20 **Meistaradeild Evrópu** á Sýn. Leikur Anderlecht og Chelsea.



**DON KING** Reynir að lokka Klitschko aftur í hringinn.

Don King:

## Biður Klitschko afsökunar

**BOX** Hnefaleikafrömuðurinn umdeildi Don King hefur beðið Úkraínumanninn Vitali Klitschko afsökunar á miður fallegum orðum sem hann lét falla í garð Klitschkos í kjölfar þess að hann dró sig úr bardaganum gegn Hasim Rahman. Sömu meiðsli leiddu síðan til þess að Klitschko lagði hanskana á hilluna.

"Það er sárt að játa að maður hafi rangt fyrir sér en ég verð að gera það að þessu sinni þar sem ég veit að ég hafði rangt fyrir mér," sagði í yfirlýsingu frá King. - hbg

# Hodgson hefði viljað halda í Borgvardt

**Roy Hodgson, fráfarandi þjálfari Viking í Noregi, segist hafa viljað halda Allan Borgvardt í röðum félagsins. Stjórn félagsins vildi ekki hlusta á hann.**

**FÓTBOLTI** Roy Hodgson, þjálfari norska úrvalsdeildarliðsins Viking, segir að það hafi ekki verið sín ákvörðun að framlengja ekki samninginn danska framherjann Allan Borgvardt, fyrrum leikmann FH, sem nú hefur samið við lið Bryne í norsku 2. deildinni. Hodgson segir að það hafi verið ákvörðun stjórnarinnar að semja ekki við Borgvardt til lengri tíma en að hann hefði beitt sér lítið fyrir því að halda honum þar sem hann væri á förum frá félaginu til að taka við þjálfun finnska landsliðsins.

"Þetta var ekki mín ákvörðun heldur félagsins. Hefði það verið undir mér komið hefði ég haldið honum," sagði Hodgson í samtali við Fréttablaðið í gær. Hinn 58 ára gamli enski þjálfari hefur komið víða við á sínum ferli og þjálfað fjölda liða, til dæmis svissneska landsliðið, Inter Milan og Udinese á Ítalíu og Blackburn á Englandi.

Borgvardt fór til Viking þegar skammt var eftir af Landsbankadeildinni hér heima og gerði samning við liðið sem gilti út tímabilið, með möguleika á því að hann yrði framlengdur til lengri tíma. Eins og fyrr segir ákváðu forráðamenn Viking að gera það ekki og því ákvað Borgvardt að taka tilboði Bryne þegar það kom upp.



**ALLAN ÓHEPPINN** Ef Roy Hodgson hefði verið áfram sem þjálfari hjá Viking léki Borgvardt í efstu deild í Noregi á næsta tímabili. Hann þarf þess í stað að leika í 1. deildinni með Bryne. Allan er hér í baráttu við Valsarann Atla Svein Þórarinsson.
FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.



**HRIFINN AF BORGVARDT** Stórþjálfarinn Roy Hodgson vildi halda Borgvardt hjá Viking.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

"Ég hef hrifist mikið af Borgvardt. Hann kom til Viking sem einskonar afleysingamaður fyrir tvo af okkur bestu sóknarmönnum sem meiddust. Hann fékk ekki mörg tækifæri með aðalliðinu en á æfingum og í leikjum með varaliðinu stóð hann sig frábærlega. Mér finnst hann mjög áhugaverður leikmaður og væri ég ekki að fara frá félaginu hefði ég farið fram á að halda honum," segir Hodgson.

Hann kveðst ekki vita á hvaða forsendum sú ákvörðun um að láta Borgvardt fara sé tekin, en getur sér að það hafi eitthvað með óskir nýja þjálfarans að gera, en hinn sænski Thom Pral mun taka við stjórnartaumunum hjá Viking í janúar.

"Stjórnin spurði mig hvað mér fyndist um Borgvardt. Ég gaf honum mjög góð meðmæli og sagði að það yrði vel þessi virði að halda honum en það var ekki hlustað á mig," segir Hodgson sem furðar sig einnig á því af hverju sterkari lið en Bryne hafi ekki sýnt Borgvardt meiri áhuga en ella.

"Hann er leikmaður sem getur vel staðið sig í efstu deild á öllum Norðurlöndunum. Ég veit að það höfðu fleiri lið en Bryne spurst fyrir um Borgvardt en hann hefur eflaust haft sínar ástæður. En ég held að við munum sjá hann í efstu deild innan tíðar, hvort sem það verður með Bryne eða einhverju öðru liði." vignir@frettabladid.is



**HANS FRÓÐI** Farinn aftur til Færeyja.

Hans Fróði Hansen:

## Ekki með Blikum næsta sumar

**FÓTBOLTI** Færeyski varnarmaðurinn Hans Fróði Hansen mun ekki leika með nýliðum Breiðabliks í Landsbankadeildinni næsta sumar þar sem hann hefur ákveðið að gerast spilandi þjálfari hjá liði LÍF í heimalandi sínu.

Hans Fróði spilaði stóra rullu í liði Breiðabliks í 1. deildinni á síðasta ári eftir að hafa spilað með Fram árið 2004. Hann spilaði 15 leiki með Breiðablik, skoraði eitt mark og átti stóran þátt í velgengni liðsins á síðasta ári - vig



**ERIC CANTONA** Cantona hugsar ekki hlýtt til Malcolms Glazer.

Eric Cantona:

## Glazer elskar ekki félagið

**FÓTBOLTI** Franska knattspyrnugoðið Eric Cantona, sem gerði garðinn frægan með liði Manchester United á sínum tíma, er afar ósáttur við aðaleiganda Manchester United, Malcolm Glazer, og segir hann ekki vilja neitt annað en græða peninga á félaginu.

„Glazer veit ekkert um félagið og skilur ekki ást stuðningsmannanna á félaginu. Ég elska Manchester United en ég er ekkert hrifinn af því að Glazer sé að stjórna félaginu. Ég mun aldrei taka að mér starf hjá félaginu meðan Glazer ræður ríkjum," sagði Cantona. - mh

Heimsreisa Keflvíkingsins Harðar Sveinssonar ætlar engan enda að taka:

# Hörður á leið til hollenska félagsins Waallwijk

**FÓTBOLTI** Hörður Sveinsson, framherji Keflavíkur, mun að öllum líkindum fara til æfinga hjá hollenska félaginu RKC Waalwijk á næstunni, en hollenska félagið hefur fylgst vel með honum undanfarna mánuði.

Guðlaugur Tómasson, umboðsmaður Harðar, segir danska félag FC Midtjylland einnig hafa sýnt honum áhuga en Hörður æfði með liði félagsins fyrir skömmu. „Midtjylland ætlar að skoða sín mál eftir að hausttímabilinu lýkur, það er 9.desember. Waalwijk hefur hins vegar fylgst með Herði í svolítinn tíma og vill skoða hann nánar, áður en forráðamenn félagsins ákveða hvað gera skal. Annars er nú ekki líklegt að hreyfing komist á leikmannamálin fyrr en í janúar, þegar félagsskiptaglugginn opnar að nýju. En það er ljóst að mörg atvinnumannafélög vilja fá Hörð í sínar raðir."

Hörður Sveinsson vonast til þess að komast í atvinnumennsku í janúar en er þó alveg tilbúinn til þess að leika hér á landi áfram. „Ég tók mér tveggja vikna frí eftir að ég kom frá Danmörku. Ég er að koma mér af stað aftur þessa dagana. Ég stefni á að fara í atvinnumennsku á réttum tímapunkti en geri mér þó alveg grein fyrir því að það er ekki víst að það gangi eftir í janúar. En ég er alveg tilbúinn til þess að vera áfram hér á Íslandi. Fótboltinn hér á Íslandi er alltaf að verða betri að mínu mati." - mh



**HÖRÐUR SVEINSSON** Hörður vonast til þess að komast í atvinnumennskuna í janúar, en er þó tilbúinn til þess að leika áfram á Íslandi.

Síminn

# The Shneedles

*Austurbæjarbíói, föstudaginn 27. janúar*

“Snilld...langbesta grínsýning sem ég hef séð í mörg ár.”

- The Sydney Morning Herald, Ástralía

“Mögnuð blanda af sirkús, töfrabrögðum, trúðslátum, látbragði og alls konar gríni; The Shneedles er svo til eina sýningin í heiminum sem getur státað sig af því að höfða jafnt til eldri og yngri áhorfenda um víða veröld og staðið undir stóru orðunum.”

- The Australian, Ástralíu



“Það sem þeir búa til á sviðinu sem The Shneedles er lyginni líkast. Án þess að nota orð, fyllla þeir upp í öll kynslóðabil og brúa alla tungumálaerfiðleika. Andköf eldri áhorfenda blandast saman við skellihlátur þeirra yngri og allir sameinast í dúndrandi lófataki í gegnum alla sýninguna. Það sem er áhrifaríkast eru stundirnar á milli hápunktana, þegar hláturinn tekur sér pásu og sálin andar djúpt að sér. Lífsreynsla sem enginn ætti að verða af.”

- Suddeutsche Zetung, Þýskaland

“Takk fyrir að vera alltaf fyndnir. Ég held þið séuð frægir.”

- Frank Rigot, 7 ára

**Miðasala hefst 1. desember kl. 10:00.**

20% afsláttur til allra með GSM númer hjá Símanum.

event

**HVAÐ:** The Shneedles **HVAR:** Austurbæjarbíói **HVENÆR:** Föstudaginn 27. janúar kl. 20:00 **MIÐASALA:** Í verslunum Skífunnar, BT á Akureyri og Selfossi og á www.event.is **MIÐAVERÐ:** Aðeins 2.800 + miðagjald fyrir fullorðna og aðeins 1.900 + miðagjald fyrir yngri en 16 ára. **SÍMAAFSLÁTTUR:** Til að fá 20% afsláttinn þarftu að fara í eina af verslunum Skífunnar eða BT á Akureyri eða á Selfossi og sýna skjá GSM símans þíns. Út á hvern síma er að hámarki hægt að versla tvo miða með afslætti.

***ATH:*** *Aðgöngumiðar fást ekki endurgreiddir. Ölvun ógildir miðann. Hljóð- og myndupptökur óleyfilegar með öllu.*

MIÐASALA:
**midi.is**

NÁNARI UPPLÝSINGAR:
www.event.is




# Chelsea þarf á sigri að halda gegn Anderlecht

**Eiður Smári Guðjohnsen verður líklega í byrjunarliði Chelsea í kvöld þegar það sækir belgíska félagið Anderlecht heim. Liverpool fer áfram með sigri gegn Real Betis á heimavelli.**

**FÓTBOLTI** Líklegt er að Eiður Smári Guðjohnsen verði í byrjunarliði Chelsea sem mætir Anderlecht í Belgíu í kvöld, þar sem franski landsliðsmaðurinn Claude Makalele meiddist í leiknum gegn Newcastle United og getur ekki leikið. Mickael Essien mun að öllum líkindum taka stöðu Makalele sem aftasti miðjumaður, en Eiður mun líklega leika í stöðu framliggjandi miðjumannsins. Eiður Smári lék allan leikinn gegn Newcastle á laugardag og lagði upp fyrsta mark leiksins sem Joe Cole skoraði.

**STAÐAN Í RIÐLUNUM**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| RIÐILL E: | | | | | | |
| **PSV** | **4** | **2** | **1** | **1** | **2-3** | **7** |
| AC MILAN | 4 | 1 | 2 | 1 | 5-4 | 5 |
| **SCHALKE** | **4** | **1** | **2** | **1** | **7-6** | **5** |
| FENERBAHCE | 4 | 1 | 1 | 2 | 7-8 | 4 |
| RIÐILL F: | | | | | | |
| **LYON** | **4** | **4** | **0** | **0** | **10-2** | **12** |
| REAL MADRID | 4 | 3 | 0 | 1 | 8-5 | 9 |
| **ROSENBORG** | **4** | **1** | **0** | **3** | **4-8** | **3** |
| OLYMPIAKOS | 4 | 0 | 0 | 4 | 4-11 | 0 |
| **RIÐILL G:** | | | | | | |
| **LIVERPOOL** | **4** | **3** | **1** | **0** | **6-1** | **10** |
| CHELSEA | 4 | 2 | 1 | 1 | 5-1 | 7 |
| **REAL BETIS** | **4** | **2** | **0** | **2** | **3-6** | **6** |
| ANDERLECHT | 4 | 0 | 0 | 4 | 0-6 | 0 |
| RIÐILL H: | | | | | | |
| **INTER** | **4** | **3** | **0** | **1** | **4-3** | **9** |
| RANGERS | 4 | 1 | 2 | 1 | 5-5 | 5 |
| **ARTMEDIA** | **4** | **1** | **2** | **1** | **5-5** | **5** |
| PORTO | 4 | 1 | 0 | 3 | 7-8 | 3 |

**LEIKIR KVÖLDSINS:**

**SCHALKE-PSV EINDHOVEN**
FENEBERBAHCE-AC MILAN
**ROSENBORG-OLYMPIAKOS**
REAL MADRID-LYON
**LIVERPOOL-REAL BETIS**
ANDERLECHT-CHELSEA
**INTER-ARTMEDIA**
PORTO-RANGERS



**EIÐUR SMÁRI GUÐJOHNSEN** Eiður fær tækifæri í kvöld til þess að sanna sig á gömlum heimaslóðum, en hann bjó í Belgíu þegar Arnór faðir hans lék með Anderlecht.

Liverpool tekur á móti Real Betis á Anfield og getur tryggt sér sæti í næstu umferð með því leggja Real Betis af velli, en Real Betis á ennþá raunhæfa möguleika á því að komast áfram en til þess þarf Betis að minnsta kosti að ná jafntefli í kvöld.

Jose Mourinho, knattspyrnustjóri Chelsea, á von á erfiðum leik gegn Anderlecht en vonast til þess að leikmenn sínir sýni þá getu sem þeir búa yfir. „Við þurfum að vinna leikinn í kvöld. Það er ekki hægt að ætlast til þess að leikir á útivelli í Meistaradeild Evrópu séu auðveldir og þess vegna býst ég alltaf erfiðum leik þegar við spilum á útivelli.“

magnush@frettabladid.is



**SIR ALEX FERGUSON** Svarar eins og stjórnmálamaður aðspurður um brotthvarf Roys Keane frá United.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Sir Alex Ferguson tjáir sig loksins um Keane:

## Sorglegt að sjá á eftir Keane

**FÓTBOLTI** Sir Alex Ferguson, stjóri Man. Utd, tjáði sig í fyrsta skipti um brotthvarf Roys Keane frá Man. Utd í gær en gaf engu að síður loðin svör og vildi ekki fara ítarlega í málið sama hvað breskir blaðamenn reyndu að þrýsta á hann.

„Leikmenn eldast. Það er skelfilegi hlutinn af því að vera stjóri í langan tíma hjá sama félaginu. Það þarf oft að taka erfiðar ákvarðanir á skömmum tíma því kröfurnar eru svo miklar,“ sagði Ferguson sem minnti helst á reynslumikinn pólitíkus á fundinum.

„Þegar við tökum ákvarðanir er það gert með hagsmuni félagsins að leiðarljósi því við viljum halda félaginu á toppnum. Það er alltaf sorglegt að sjá á eftir frábærum leikmönnum en tíminn stendur ekki kyrr í fótboltanum. Stundum þarf að taka erfiðar ákvarðanir og þetta var ein þeirra,“ sagði Ferguson og neitaði að tjá sig nánar um ástæður brotthvarfsins sem hafa verið á allra vörum síðustu daga.

Fólk bíður spennt eftir því þessa dagana að Keane opni sig og segi sannleikann um brotthvarfið en líkurnar á slíku eru hverfandi þar sem líklegt er að Keane hafi skrifað undir starfslokasamning sem kveður á um að hann geti ekki tjáð sig um brotthvarfið. Spurning hvað þurfi að borga honum fyrir að segja alla sólarsöguna?

Íslenskir knattspyrnumenn í Skandinavíu:

## Hjálmar og Jóhannes að framlengja samningana

**FÓTBOLTI** Hjálmar Jónsson og Jóhannes Harðarson munu á næstu dögum ganga frá samningum við félög sín. Hjálmar er á mála hjá Gautaborg í Svíþjóð en Jóhannes hjá norska félaginu Start.

Ólafur Garðarsson, umboðsmaður þeirra beggja, vinnur nú að samningamálum fyrir þá báða. „Það er búið að bjóða báðum þessum strákum framlengingu og ég reikna með því að mál þeirra skýrist nú í vikunni. Hjálmar hefur verið meiddur á nára og fór í uppskurð ekki fyrir svo löngu, en nær sér vonandi fljótt.“

\- mh



**JÓHANNES HARÐARSON**
Jóhannes sést hér í leik með sínu gamla félagi, ÍA, en hann lék vel með Start á nýafstöðnu keppnistímabili í Noregi.



**ÖRN ARNARSON** Þarf að hvíla sig.

Örn Arnarson:

## Fer ekki á EM

**SUND** Örn Arnarson mun ekki geta tekið þátt í Evrópumeistaramótinu í sundi sem fram fer í desember á Ítalíu, og þarf að vera áfram við rannsóknir vegna hjartsláttatruflana.

Brian Marshall, landsliðsþjálfari Íslands í sundi, segir í fréttatilkynningu sem Sundsamband Íslands sendi frá sér í gær, að heilsa Arnar skipti miklu meira máli en þáttaka á Evrópumeistaramótinu.

\- mh




**STEVEN GERRARD** Hefur fulla trú á því að Liverpool fari að velgja Chelsea unfir uggum.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Steven Gerrard segir Chelsea að vara sig:

# Erum komnir á skrið

**FÓTBOLTI** Steven Gerrard, fyrirliði Liverpool, hefur sent skilaboð til Chelsea um að þeir rauðklæddu séu komnir á skrið og ætli sér að gera harða atlögu að toppsæti ensku úrvalsdeildarinnar sem Chelsea hefur verið í frá fyrsta viku tímabilsins.

“Chelsea hefur verið að gefa eftir síðustu vikurnar og vonandi getum við nýtt okkur það,” segir Gerrard, en Liverpool hefur unnið síðustu fjóra leiki sína í deildinni og er loksins komið í efri helming deildarinnar.

“Allt sem við getum gert er að einbeita okkur að því sem við erum að gera, halda áfram að færast ofar í töflunni og vona um leið að Chelsea haldi áfram að tapa stigum. Við erum vissir um að þetta tímabil geti orðið glæsilegt hjá Liverpool og það vantar ekki mikið upp á til að við séum í baráttunni um meistaratitilinn,” segir Gerrard. **- vig**



**STEVE MCCLAREN** Tekur ekki við Man. Utd.

Steve McClaren:

# Framlengdi við Boro

**FÓTBOLTI** Steve McClaren hefur framlengt samning sinn við Middlesbrough til ársins 2009 en hann hefur náð fínum árangri með liðið síðustu ár.

„Þetta félag er á hraðleið upp á toppinn og það var aldrei spurning um hvort ég hefði áhuga á að halda áfram,“ sagði McClaren sem hefur verið orðaður við enska landsliðið og stjórastöðuna hjá Man. Utd síðustu vikur en hann var hægri hönd Fergusons hjá United áður en hann tók við Borto.

„Nú get ég einbeitt mér að því að fara enn lengra með þetta lið og ég er þess fullviss að við getum það,“ sagði McClaren. **- hbg**

Bikarkeppni KKÍ:

# Fjölnir mætir Keflavík

**KÖRFUBOLTI** Fjölnir fær það erfiða verkefni að heimsækja Íslandsmeistara Keflavíkur í 32-liða úrslitum bikarkeppninnar í körfubolta. Það er önnur rimman af tveimur þar sem úrvalsdeildarfélög mætast. Hin rimman er viðureign Skallagríms og ÍR.

**DRÁTTURINN:**

**SINDRI-TINDASTÓLL**
KEFLAVÍK-FJÖLNIR
**HAUKAR B/BROKEY-GRINDAVÍK**
ÞÓR Þ.-FSU
**BREIÐABLIK-KEFLAVÍK B**
ÞRÓTTUR V./LEIKNIR-HÖTTUR
**DRANGUR-VALUR**
SKALLAGRÍMURÖ-ÍR
**REYNIR S.-HAMAR/SELFOSS**
ÍS-SNÆFELL
**KFÍ-HAUKAR**
KR B-STJARNAN
**ÍA-ÞÓR AK.**
UMFL-KR
**FJÖLNIR B-NJARÐVÍK**
VALUR B-LÉTTIR



**BJARNI JÓHANNSSON** Bjarni telur ungt lið Breiðabliks þurfa nauðsynlega á reynslumeiri leikmönnum að halda.

Blikar vilja að minnsta kosti þrjá nýja leikmenn:

# Vantar reynslumeiri leikmenn í liðið

**FÓTBOLTI** Bjarni Jóhannsson, þjálfari meistaraflokks karla hjá Breiðabliki, segist ætla að reyna að styrkja leikmannahóp sinn umtalsvert fyrir næsta keppnistímabil en Breiðablik vann 1.deildina með yfirburðum í sumar og ætlar félagið sér að tryggja stöðu sína í Landsbankadeildinni á næsta ári.

„Það er ekkert launungarmál að við ætlum okkur að styrkja leikmannahópinn. Við erum að skoða þá möguleika sem í boði eru. Það olli okkur vonbrigðum að Hans Fróði Benjaminsen skyldi ekki vera áfram. Hann lék vel með okkur síðastliðið sumar og var einn af lykilmönnum í liðinu. Nú þurfum við fyrst og fremst reynslumeiri leikmenn. Við þurfum einn sóknarmann, miðjumann og sóknarmann. Það fer nú að verða líklegra að við lítum til útlanda eftir leikmönnum, heldur en að við finnum leikmenn hér á Íslandi,“ sagði Bjarni Jóhannsson, þjálfari nýliða Breiðabliks í Landsbankadeildinni. **- mh**




Manstu?




Í minningunni virðist lífið stundum hafa verið einfaldara í æsku. Skál af Kelloggs Corn Flakes markaði byrjunina að góðum degi hjá fjölmörgum íslenskum fjölskyldum og gerir enn.

Manstu hvað stökkar flögurnar voru góðar með ískaldri mjólk? Leyfðu börnunum þínum að njóta hollustunnar og bragðsins sem gladdi þína morgna í æsku og gerir eflaust enn.

Kellogg's

# Man. Utd í erfiðum málum í Meistaradeidinni

**Strákarnir hans Sir Alex Ferguson eru í erfiðum málum eftir markalaust jafntefli á heimavelli gegn Villlarreal. Þeir mæta Benfica í lokaumferðinni og þá þarf United stig og helst þrjú til að komast áfram.**

**FÓTBOLTI** Það var mikið fjör í gærkvöld þegar fimmta umferð Meistaradeildar Evrópu fór fram, Manchester United tók á móti Villarreal og er í erfiðu málum eftir leikinn.

United byrjaði fyrri hálfleikinn með miklum látum og hurð skall nærri hælum við mark spænska liðsins hvað eftir annað í upphafi leiks. Eftir því sem leið á hálfleikinn jafnaðist leikurinn nokkuð en United hafði þó ávallt yfirhöndina. Wayne Rooney og Paul Scholes fengu báðir dauðafæri í hálfleiknum og voru klaufar að skora ekki og því var markalaust þegar blásið var til leikhlés.

United hélt áfram að sækja meir í síðari hálfleik en mikilvægi leiksins kristallaðist eftir því sem leið á hálfleikinn. Þá fóru ljótar tæklingar að koma úr öllum áttum og dómari leiksins mátti hafa sig allan við að halda leiknum niðri og áhorfendur biðu eftir því að að upp úr syði.

Spánverjarnir virtust vera sáttir við að halda stiginu því þeir lágu frekar aftarlega og vörðust sóknaraðgerðum United með kjafti og klóm. Sóknir United voru örvæntingarfullar á köflum og Sir Alex Ferguson brá á það ráð að setja Gary Neville inn af bekknum um miðjan síðari hálfleikinn til þess að fá betra sendingar af kantinum og þar af leiðandi meiri ógnun. Sir Alex ákvað einnig að fórna Darren Fletcher fyrir hinn léttleikandi Park frá Kóreu.

Þrátt fyrir mikla pressu tókst United ekki að skora og svekkjandi jafntefli því niðurstaðan. United verður að sigra Benfica í lokaumferðinni til að tryggja sig áfram en janftefli gæti þó dugað. Eitt er þó ljóst að liðið má ekki við því að misstíga sig í Lissabon.

Þrjú lið tryggðu sér farseðil í næstu umferð í kvöld en það voru Juventus, Bayern Munchen og Ajax en áður höfðu Barcelona og Arsenal tryggt sig áfram.



**JÁRN Í JÁRN** Cristiano Ronaldo og Javi Venta berjast hér um boltann á Old Trafford í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES




**FARINN EN EKKI GLEYMDUR** Stuðningsmenn Man. Utd voru strax farnir að minnast Roy Keane í gær og það á jákvæðum nótum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES



**ROY KEANE** Það er hart barist um þjónustu írska harðjaxlsins.

Keane hefur marga valkosti:

## Tilboð væntanlegt frá Celtic

**FÓTBOLTI** Roy Keane mun að öllum líkindum fá tilboð frá Glasgow Celtic á næstu dögum en líklegt er talið að Keane þurfi að slá verulega af launakröfum sínum, en hann var með 90 þúsund pund á viku hjá Manchester United sem gerði hann að einum launahæsta leikmanni félagsins.

Michael Kennedy, umboðsmaður Keane, segir áhuga margra félaga vera fyrir hendi. „Við finnum fyrir miklum áhuga. Við vitum af áhuga Celtic og munum taka tilboð frá félaginu til athugunar þegar það berst til okkar.“ - mh

Arsenal í Ísrael:

## Fimm skólar stofnaðir

**FÓTBOLTI** Fimm knattspyrnuskólar sem enska úrvalsdeildarfélagið Arsenal starfrækir voru opnaðir í Ísrael á mánudaginn. Er þetta í fyrsta sinn sem jafn stórt félag og Arsenal opnar æfingabúðir fyrir unga leikmenn á þessum slóðum. Einn skólanna er staðsettur í höfuðborginni Tel Aviv en hinir fjórir eru staðsettir á fátækraslóðum þar sem flestir íbúa eru Arabar. Þess má geta að áður hafði Arsenal opnað knattspyrnuskóla í Egyptalandi og þá er fyrhugað að félagið geri slíkt hið sama í Jórdaníu og Dubai innan tíðar. Er þetta liður í unglingastarfi félagsins og er markmiðið að uppgötva leikmenn frá framandi löndum.



**ARSENE WENGER** Wenger reynir nú allt til þess að halda Henry áfram hjá Arsenal.

Staða Thierry Henry:

## Wenger hræddur um Henry

**FÓTBOLTI** Arsene Wenger, knattspyrnustjóri Arsenal, er hræddur um það verði erfitt fyrir félagið að halda Thierry Henry þar sem samningur hans við félagið rennur út næsta vor.

„Mér finnst Henry bera djúpstæðar tilfinningar til Arsenal. Hann hefur oft sagt að hann elski félagið. Fyrir mér er það samt ljóst að hann sættir sig ekki við neitt annað en fyrsta flokks árangur, enda er hann fagmaður fram í fingurgóma. Næstu þrír mánuðir munu ráða miklu um það hvort við munum geta samið við hann að nýju,“ sagði Wenger. - mh



**PASCAL CHIMBONDA** Hefur slegið í gegn í vetur.

Pascal Chimbonda:

## Á óskalista Bayern Munchen

**FÓTBOLTI** Þýska stórliðið Bayern Munchen er á höttunum á eftir franska leikmanninum Pascal Chimbonda hjá Wigan, en leikmaðurinn hefur spilað frábærlega með þessu spútnikliði ensku úrvalsdeildarinnar í ár. Hægri bakvörðurinn Willi Sagnol mun líklega fara frá Bayern í janúar og sjá forráðamenn liðsins Chimbonda sem hinn fullkomna eftirmann hans.

“Bayern var með útsendara sem fylgdist með honum í leiknum gegn Arsenal og spurðu félaga minn um hvort hann væri falur. Ég efast stórlega um að Wigan og Paul Jewell vilji láta hann fara eftir frammistöðu hans það sem af er tímabili,” sagði Willie McKay, umboðsmaður leikmannsins, við breska fjölmiðla í gær.



**Á LEIÐ TIL RÚMENÍU** Bjartur Máni Sigurðsson og félagar í KA fara til Rúmeníu skömmu fyrir jól.

KA og Steaua Búkarest:

## Fyrri leikurinn á Akureyri

**HANDBOLTI** KA og rúmenska handknattleiksfélagið Steaua Búkarest hafa komist að samkomulagi um að spila leiki liðanna heima og að heiman. Að því er fram kemur á heimasíðu KA voru einhverjar líkur á því að báðir leikirnir færu fram ytra en af því varð ekki.

Fyrri leikur liðanna fer fram á Akureyri 3. desember en síðari leikurinn ytra verður spilaður 11. desember. KA sló út georgíska liðið Mamuli Tbilisi í síðustu umferð.

AC Milan byrjað að leita að leikmönnum:

## Carlo Ancelotti vill styrkja vörnina



**CARLO ANCELOTTI** Þjálfari Milan er farinn að huga að næstu leiktíð. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

**FÓTBOLTI** Carlo Ancelotti, þjálfari ítölsku meistarana í AC Milan, er sagður ætla að fjárfesta í allt að tveimur nýjum varnarmönnum þegar leikmannaglugginn opnar á ný í janúar. Vörn liðsins hefur ekki verið sannfærandi það sem af er leiktíð en hafa hinir mögnuðu sóknarmenn liðsins oftast náð að bjarga málunum með því að skora meira en andstæðingarnir. Hins vegar fór 3-1 tap liðsins fyrir Fiorentina um helgina illa í forráðamenn liðsins og heimta þeir úrbætur.

Vörn Milan-liðsins er með afskaplega háan meðalaldur og er helsta markmið Ancelotti að yngja hana upp. Milan er sagt hafa mikinn áhuga á hinum brasilíska Dias Felipe hjá Udinese og þeim Andrea Barzagli og Christian Zaccardo hjá Palermo - vig

Kylfingurinn David Duval að ná sér aftur á strik:

# Tekur tíma að fá sjálfstraustið aftur

**GOLF** Bandaríski kylfingurinn David Duval er á uppleið í golfheiminum eftir nokkur afleit ár og um síðustu helgi hafnaði hann í 7. sæti á sterku móti sem fram fór í Japan. Duval hafði verið með forystu eftir fyrstu tvo keppnisdagana en missti dampinn eftir því sem á leið og endaði sex höggum á eftir sigurvegaranum á endanum.

Árangurinn var hins vegar miklu betri en uppi á síðkastið því í síðustu 20 mótum hafði Duval aðeins einu sinni komist í gegnum niðurskurðinn.

„Mér líður betur og betur núna og finn að ég er á réttri leið,“ sagði Duval eftir mótið í Japan en með árangri sínum þar hoppaði hann úr 729. sæti heimslistans í það 481. Fyrir rúmum sex árum var Duval talinn besti kylfingur heims og sat hann í efsta sæti heimslistans um tíma árið 1999. Þá sigraði hann opna breska meistaramótið árið 2001 og vann sér þar með inn fimm ára keppnisrétt á PGA-mótaröðinni. Einstaklega vondur árangur hans síðustu ár skiptir þannig engu máli fyrir þátttökurétt hans á stærstu mótunum.

„Ég hef verið á toppnum en einnig náð að komast alveg á botninn. Nú er ég að ná mér upp aftur en það tekur tíma að fá sjálfstraustið aftur,“ segir Duval sem kennir meiðslum í baki og öxl um fallið sem hann hefur verið í allt frá sigrinum á opna breska.

„Ég er búinn að sætta mig við þá staðreynd að verkurinn mun aldrei fara. Nú einbeiti ég mér að því að gera mitt besta og vona að það skili mér einhverjum,“ segir Duval. - vig



**DAVID DUVAL** Er allur að hressast. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

## ÚRSLIT GÆRDAGSINS

### *Meistaradeild Evrópu:*

**A-RIÐILL:**

BAYERN MUNCHEN-RAPID VÍN 4-0

1-0 Sebastian Deisler (21.), 2-0 Karimi (54.), 3-0 Roy Makaay (72.), 4-0 Roy Makaay (76.)

JUVENTUS-CLUB BRUGGE 1-0

1-0 Alessandro Del Piero (80.)

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **B. MUNCHEN** | **5** | **4** | **0** | **1** | **9-3** | **12** |
| JUVENTUS | 5 | 4 | 0 | 1 | 9-4 | 12 |
| **C. BRUGGE** | **5** | **2** | **0** | **3** | **5-5** | **6** |
| RAPID VÍN | 5 | 0 | 0 | 5 | 2-8 | 0 |

**B-RIÐILL:**

AJAX-SPARTA PRAG 2-1

1-0 Nigel DeJong (68.), 2-0 De Jong (89.), 2-1 Petras (90.).

FC THUN-ARSENAL 0-1

0-1 Robert Pires (88.)

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **ARSENAL** | **5** | **5** | **0** | **0** | **10-2** | **15** |
| AJAX | 5 | 3 | 1 | 1 | 10-6 | 10 |
| **FC THUN** | **5** | **1** | **0** | **4** | **4-9** | **3** |
| S. PRAG | 5 | 0 | 1 | 4 | 2-9 | 1 |

**C-RIÐILL:**

BARCELONA-WERDER BREMEN 3-1

1-0 Gabri (14.), 1-1 Borowski (22.), 2-1 Ronaldinho (26.), 3-1 Henrik Larsson (71.)

PANATHINAIKOS-UDINESE 1-2

1-0 Charalambides (45.), 1-1 Iaquinta (81.), 1-2 Candela (84.).

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **BARCELONA** | **5** | **4** | **0** | **0** | **14-2** | **13** |
| UDINESE | 5 | 2 | 1 | 2 | 10-10 | 7 |
| **PANATHIN.** | **5** | **1** | **1** | **2** | **2-9** | **4** |
| W.BREMEN | 5 | 1 | 1 | 4 | 1-14 | 4 |

**D-RIÐILL:**

MAN. UTD-VILLARREAL 0-0

LILLE-BENFICA 0-0

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **VILLARREAL** | **5** | **1** | **4** | **0** | **2-1** | **7** |
| LILLE | 5 | 1 | 3 | 1 | 1-1 | 6 |
| **MAN. UTD** | **5** | **1** | **3** | **1** | **2-2** | **6** |
| BENFICA | 5 | 1 | 2 | 2 | 3-4 | 5 |

### *Enska 1. deildin:*

IPSWICH-READING 0-3

**Ívar Ingimarsson** var í byrjunarliði Reading og lék allan leikinn en Brynjar Björn Gunnarsson var ekki í leikmannahópi félagsins.

LEEDS-BURNLEY 2-0

**Gylfi Einarsson** var ekki í leikmannahópi Leeds.

LEICESTER-WATFORD 2-2

**Jóhannes Karl** Guðjónsson var í byrjunarliði Leicester og lék allan leikinn. Hann skoraði bæði mörk Leicester og þar af annað úr víti.

STOKE-DERBY 1-2

**Hannes Sigurðsson** sat á varamannabekk Stoke City en kom af bekknum á 76. mínútu.

### *EM kvenna í handbolta:*

ÍSLAND-ÍTALÍA 19-25 (11-14)

**Mörk Íslands:** Hanna Guðrún Stefánsdóttir 6, Guðbjörg Guðmannsdóttir 3, Jóna Margrét Ragnarsdóttir 2, Drífa Skúladóttir 2, Hrafnhildur Skúladóttir 2, Ásdís Sigurðardóttir 2, Gunnur Sveinsdóttir 1, Ragnhildur Guðmundsdóttir 1.

**Varin skot:** Berglind Íris Hansdóttir 25.



**DJIBRIL CISSE** Hefur verið sjóðheitur í vetur.

Stjórnarformaður Marseille:

# Vill að Cisse hætti að skora

**FÓTBOLTI** Stjórnarformaður franska úrvalsdeildarliðsins Marseille, Papa Diouf, vill að franski sóknarmaðurinn Djibril Cisse hjá Liverpool hætti að skora fyrir lið sitt þar sem það sé eina leiðin til að hann fái hann til síns félags í janúar. Marseille hefur lengi verið á höttunum á eftir Cisse en eftir að hafa átt erfitt uppdráttar í upphafi leiktíðar virðist franski landsliðsmaðurinn loksins vera búinn að finna leiðina að marki andstæðinganna.

„Cisse myndi henta Marseille og Marseille myndi henta Cisse mjög vel. En hann er að spila og skora fyrir Liverpool og það er vandamálið sem við stöndum frammi fyrir,“ sagði Papa Diouf í gær en Cisse hefur skorað fjögur mörk í síðustu sjö leikjum Liverpool.

**- vig**



**STÓRLEIKUR HJÁ BERGLINDI** Valsmarkvörðurinn Berglind Íris Hansdóttir varði 25 skot gegn Ítalíu í gær.

Ekki góð byrjun hjá íslenska kvennalandsliðinu:

# Tap fyrir Ítölum í fyrsta leik

**HANDBOLTI** Íslenska kvennalandsliðið í handknattleik hóf leik í undankeppni EM á Ítalíu í gærkvöld. Ísland er í riðli með fimm öðrum liðum og komast fjögur efstu liðin áfram í umspilsleiki sem fram fara næsta sumar.

Fyrsti leikur íslenska liðsins var gegn heimamönnum í gær og tapaðist með sex mörkum, 19-25. Íslenska liðið lék ágætlega framan af en ítalska liðið tók forystuna fyrir leikhlé og leiddi með þrem mörkum í leikhléi, 14-11. Þeirri forystu sleppti liðið aldrei í síðari hálfleik og vann sannfærandi sigur.

Haukastúlkan Hanna Guðrún Stefánsdóttir var markahæst í íslenska liðinu en besti leikmaður Íslands að þessu sinni var markvörðurinn Berglid Íris Hansdóttir, markvörður Vals, sem varði 25 skot og átti stórleik.

Guðbjörg Guðmannsdóttir skoraði þrjú mörk en aðrar voru með minna.

Næsti leikur íslenska liðsins er gegn Belgíu í dag.

**- hbg**



## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„A Mo-Jo, it's a very high-tech machine that transmits pages over the telephone! It only takes eighteen minutes a page!"**

**Svar:** Ben Fong-Torres úr kvikmyndinni Almost Famous frá árinu 2000.

# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** MARTA MARÍA JÓNASDÓTTIR **KANN AÐ META FLOTTAR SVIÐSMYNDIR Í SJÓNVARPI.**

## *Milljón litlir litakassar*



Ég kemst ekki hjá því að skoða sviðsmyndina þegar ég horfi á sjónvarp. Þegar vel tekst til spái ég í hvernig sviðsmyndin sé gerð, hver hannaði hana og hvernig hún funkerar. Þegar ég verð vitni að hinu gagnstæða endurhanna ég sviðsmyndina í huganum. Yfirleitt er ég búin að sjá út betri lausnir á mettíma, bleikmálaður bakgrunnur með túrkíslituðum blómum. Það passar við allt og er æði fallegt. Innanhússáhuginn gerir það að verkum að ég verð alltaf að horfa á Innlit útlit og Veggfóður. Þegar ég horfi á þættina vil ég sjá endalausar heimsóknir til fólks og mikinn fjölbreytileika. Endalausar heimsóknir í opin eldhús með stálsökkli er pínu þreytt og mér finnst ekki skemmtilegt þegar farið er út fyrir efnið. Ég vil bara sjá heimili og hönnun og nóg af því. Kannski væri heldur ekki vitlaust að þættirnir færu að búa til sín eigin sett, hvernig myndu þau líta út? Það yrði varla boðið upp á flöffí leðursófa og glerborð.

Aftur að sviðsmyndinni. Þegar NFS leit dagsins ljós beið ég spennt eftir að sjá settið. Sem betur fer varð ég ekki fyrir vonbrigðum. Þessir kassar með ljósinu í eru skemmtilegir og bjóða upp á endalausa möguleika, sófasettið er heldur ekki svo galið. Það er skemmtilegt hvernig sviðsmyndin getur skipt litum.

Kassarnir minna líka á nýmóðins skókassa sem hægt er að raða upp um veggi. Við fyrstu sýn fannst mér fréttasettið skrítið. Fannst óþægilegt að sjá allt vinnandi fólkið í bakgrunni og ósjálfrátt fór ég að rýna hver sæti hvar og eitthvað álíka. Núna er ég hins vegar búin að venjast þessu og finnst þetta hafa hinn mesta sjarma.



▶ **21.25** *Gaman*

THE CATHERINE TATE SHOW



▶ **21.15** *Spjall*

OPRAH



▶ **21.00** *Keppni*

SO YOU THINK YOU CAN DANCE



▶ **21.00** *Spjall*

SIRRÝ



▶ **22.20** *Fótbolti*

ANDERLECHT – CHELSEA

### SJÓNVARPIÐ

**17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Disneystundin **18.01** Líló og Stitch (48:65) **18.23** Sígildar teiknimyndir (10:42)

**18.30 Mikki mús (10:13)**
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljós**
**20.35 Bráðavaktin (10:22)** (ER, Ser. XI ) Bandarísk þáttaröð.
▶ **21.25 Skemmtiþáttur Catherine Tate (2:6)** (The Catherine Tate Show) Breska leikkonan Catherine Tate bregður sér í ýmis gervi í stuttum grínatriðum.
**22.00 Tíufréttir**
**22.20 Handboltakvöld**
**22.40 Ung, falleg og gáfuð** (Ung, vakker og begavet) Norsk heimildamynd frá 2001 eftir Anne Kjersti Bjørn um konur í röðum súrrealista sem á sinni tíð féllu nokkuð í skuggann af körlunum í þeim hópi.

**23.35** Kastljós **0.30** Dagskrárlok

### STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi 2005 **9.35** Oprah Winfrey **10.20** Ísland í bítið

**12.00** Hádegisfréttir **12.25** Neighbours **12.50** Í fínu formi 2005 **13.05** Fresh Prince of Bel Air (20:25) **13.30** Whose Line Is it Anyway? **13.55** Sjálfstætt fólk **14.30** Kevin Hill (9:22) **15.15** Wife Swap 2 (7:12) **16.00** Ginger segir frá **16.25** Tracey McBean **16.35** Könnuðurinn Dóra **17.00** Smá skrítnir foreldrar **17.25** Heimur Hinriks **17.40** Pingu **17.45** Bold and the Beautiful **18.05** Neighbours

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**19.00 Ísland í dag**
**19.35 The Simpsons (14:23)**
**20.00 Strákarnir**
**20.30 Supernanny US (3:11)** (Ofurfóstran í Bandaríkjunum) Ofurfóstran Jo Frost er komin til Bandaríkjanna.
▶ **21.15 Oprah (9:145)** (Bon Jovi's Oprah Show Debut!) Spánýir þættir með hinni einu sönnu Opruh. Oprah Gail Winfrey er valdamesta konan í bandarísku sjónvarpi.
**22.00 Missing (3:18)** (Mannshvörf)
**22.45 Strong Medicine (7:22)** (Samkvæmt læknisráði 4) Vönduð þáttaröð um kraftmikla kvenlækna sem berjast fyrir bættri heilsu kynsystra sinna.

**23.30** Stelpurnar **23.55** Most Haunted (B. börnum) **0.40** Footballer's Wives (B. börnum) **1.25** Numbers (B. börnum) **2.10** Dávaldurinn Saliesh **3.15** Fréttir og Ísland í dag **4.20** Ísland í bítið **6.15** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

### SIRKUS

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**19.00 Game TV**
**19.30 Game TV** Frábær þáttur fyrir leikjafíklana!!
**20.00 Friends 4 (24:24)**
▶ **21.00 So You Think You Can Dance (8:12)** Framleiðendur American Idol eru komnir hér með splunkunýjan raunveruleikaþátt þar sem þeir leita að besta dansara Bandaríkjanna.
**22.10 Rescue Me (8:13)** (Believe) Frábærir þættir um hóp slökkviliðsmanna í New York borg þar sem alltaf eitthvað er í gangi.
**22.55 Laguna Beach (8:11)** Einn ríkasti og fallegasti strandbær veraldar og Sirkus er með ótakmarkaðan aðgang að átta moldríkum ungmennum sem búa þar.

**23.20** Fabulous Life of **23.45** David Letterman **0.30** Friends 4 (24:24)

### SKJÁREINN

**17.55** Cheers **18.20** Innlit / útlit (e)

**19.20 Þak yfir höfuðið (e)**
**19.30 Herrarnir** Lokaþátturinn um undirbúning keppninnar um Herra Ísland.
**20.00 America's Next Top Model IV** Fjórtán stúlkur keppa um titilinn.
▶ **21.00 Sirrý** Spjallþáttadrottningin Sigríður Arnardóttir snýr aftur með þáttinn sinn Fólk með Sirrý og heldur áfram að taka á öllum mannlegum hliðum samfélagsins, fá áhugaverða einstaklinga til sín í sjónvarpssal og ræða um málefni sem snúa að okkur öllum með einum eða öðrum hætti.
**22.00 Law & Order: SVU – NÝTT!**
**22.50 Sex and the City – 1. þáttaröð**

**23.20** Jay Leno **0.05** Judging Amy (e) **0.55** Cheers (e) **1.20** Þak yfir höfuðið (e) **1.30** Óstöðvandi tónlist

### SÝN besta sætið

**7.00** Meistaradeildin með Guðna Berg

**15.40** UEFA Champions League **17.20** Meistaradeildin með Guðna Berg **18.00** Íþróttaspjallið **18.12** Sportið

**18.30 Ensku mörkin**
**19.00 Meistaradeildin með Guðna Bergs** (Meistaradeildin – upphitun)
**19.30 UEFA Champions League** (Liverpool – Real Betis) Bein útsending frá Meistaradeild Evrópu.
**21.40 Meistaradeildin með Guðna Berg** (Meistaramörk 2) Knattspyrnusérfræðingarnir Guðni Bergsson og Heimir Karlsson fara yfir gang mála í Meistaradeildinni. Þrjátíu og tvö félög taka þátt í riðlakeppninni og þar er ekkert gefið eftir.
▶ **22.20 UEFA Champions League** (Anderlecht – Chelsea) Bein útsending frá leik Anderlecht og Chelsea í Meistaradeild Evrópu.

**0.10** Meistaradeildin með Guðna Berg

### STÖÐ 2 BÍÓ

**6.20** Down With Love **8.00** Calendar Girls **10.00** Young Frankenstein **12.00** Stuck On You **14.00** Down With Love **16.00** Calendar Girls **18.00** Young Frankenstein **20.00 Stuck On You** (Óaðskiljanlegir) Óborganleg gamanmynd. **22.00 Smiling Fish & Goat on Fire** (Brosandi fiskur og geit í stuði) Rómantísk gamanmynd. Bönnuð börnum. **0.00** People I Know (Bönnuð börnum) **2.00** Confessions of a Dangerous Mind (Bönnuð börnum) **4.00** Smiling Fish & Goat on Fire (Bönnuð börnum)

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### E! ENTERTAINMENT

**12.00** The E! True Hollywood Story **13.00** E! News **13.30** Good Girls Gone Bad **14.00** 101 Craziest TV Moments **15.00** 101 Craziest TV Moments **16.00** 101 Craziest TV Moments **17.00** 101 Craziest TV Moments **18.00** Fight For Fame **19.00** E! News **19.30** It's Good To Be **20.00** The E! True Hollywood Story **21.00** 101 Even Bigger Celebrity Oops! **22.00** E! News Special **22.30** The Anna Nicole Show **23.00** Wild On **0.00** E! News **0.30** The Soup UK **1.00** E! News Special **1.30** The Anna Nicole Show

### AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

### ENSKI BOLTINN

**14.00** Man. City – Blackburn frá 19.11 **16.00** Sunderland – Aston Villa frá 19.11 **18.00** Chelsea – Newcastle frá 19.11

**20.00 Þrumuskot (e)**
**21.00 Að leikslokum (e)** Snorri Már Skúlason fer með stækkunargler á leiki helgarinnar.
**22.00 Charlton – Man. Utd. frá 19.11**

**0.00** Birmingham – Bolton frá 22.11 **2.00** Dagskrárlok


ERTU EKKI MEÐ MYNDLYKIL FRÁ DIGITAL ÍSLANDI?




Sjáðu NFS, RÚV, Sirkus og Popptíví í stafrænum hágæðum.
Þú getur leigt myndlykil fyrir aðeins 500 kr. á mánuði.*

Myndlyklar frá Digital Íslandi fást í öllum verslunum Og Vodafone, Skífunnar og á áskriftardeild á Krókhálsi.

*Leigja verður myndlykilinn minnst í þrjá mánuði.

digital ísland

NFS ALLTAF, ALLS STAÐAR

## VIÐ MÆLUM MEÐ...

Ung, falleg og gáfuð — Sjónvarpið **kl. 22.40**

*Leonora Carrington aðhylltist súrrealismann*

### *Konur innan súrrealismans*



Í þessari margverðlaunuðu, norsku heimildamynd er blandað saman gömlum myndskeiðum, leiknum atriðum og viðtölum. Fjallað er um konur úr röðum súrrealista sem féllu á sinni tíð nokkuð í skuggann af karlkyns súrrealistunum. Farið er í ferðalag um lendur súrrealismans í fylgd með ungri, norskri listakonu, Vilde von Krohg, og í þeirri ferð hittum við Leonoru Carrington. Hún er á níræðisaldri og er eini eftirlifandi kven-súrrealistinn sem starfaði í París á fjórða áratug síðustu aldar.

## TALSTÖÐIN FM 90,9

**6.58** Ísland í bítið. Samsent með Stöð 2 **9.10** Allt og sumt

**12.25** Fréttaviðtalið. **13.10** Sögur af fólki e. **14.10** Hrafnaþing **15.10** Síðdegisþáttur Fréttastöðvarinnar **17.59** Á kassanum. Illugi Jökulsson.

**18.30** Fréttir Stöðvar 2 **19.00** Ísland í dag **19.30** Allt og sumt e. **21.30** Á kassanum e. **22.00** Íðdegisþáttur Fréttastöðvarinnar e.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.05** Árla dags **6.50** Bæn **7.30** Morgunvaktin **9.00** Fréttir **9.05** Laufskálinn **9.40** Slæðingur **10.13** Pipar og salt **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttayfirlit **12.03** Hádegisútvarp

**12.20** Fréttir **12.45** Veður **12.57** Dánarfr. **13.00** Vítt og breitt **14.03** Útvarpssagan **14.37** Miðdegistónar **15.03** Orð skulu standa **16.00** Fréttir **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá **18.00** Fréttir

**18.25** Spegillinn **18.50** Dánarfr. **19.00** Vitinn **19.30** Laufskálinn **20.10** Sáðmenn söngvanna **21.00** Út um græna grundu **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Bókaþátturinn **23.05** Fallegast á fóninn

**0.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Einn og hálfur með Magnúsi R. Einarssyni **7.30** Morgunvaktin **8.30** Einn og hálfur með Gesti Einari Jónassyni **10.03** Brot úr degi

**12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Dægurmálaútvarp Rásar 2 **18.00** Kvöldfréttir **18.24** Auglýsingar **18.25** Spegillinn

**19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Tónlist að hætti hússins **20.00** Ungmennafélagið **21.00** Konsert með Ska-P **22.10** Popp og ról

**0.00** Fréttir

## BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík síðdegis. **7.00** Ísland Í bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland í dag. **19.30** Bragi Guðmundsson – með ástarkveðju

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**8.00** Arnþrúður Karlsdóttir **10.00** Rósa Ingólfsdóttir **11.00** Bláhornið **12.25** Meinhornið **14.00** Kjartan Gunnar Kjartansson

**15.00** Hildur Helga **17.00** Gústaf Nielsson **18.00** Meinhornið **19.00** Bláhornið **20.00** Arnþrúður Karlsdóttir **22.00** Rósa Ingólfsdóttir

**23.00** Kjartan G. Kjartansson **0.00** Hildur Helga **2.00** Gústaf Nielsson **3.00** Rósa Ingólfsdóttir **4.00** Kjartan G. Kjartansson 5.00 Arnþrúður Karlsdóttir

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying



**14.00** *Umræða*

HRAFNAÞING

## NFS

07.00 Ísland í bítið 09.00 Fréttavaktin fyrir hádegi

**12.00** Hádegisfréttir **12.15** Íþróttafréttir **12.20** Veðurfréttir **12.28** Leiðarar dagblaða **12.40** Hádegisviðtal **13.00** Íþróttir/lífsstíll **14.00** Hrafnaþing/Miklabraut **15.00** Fréttavaktin **18.00** Kvöldfréttir/Íslandi í dag/íþróttir/veður

**18.30** **Kvöldfréttir NFS.**
**18.54** **Ísland í dag**
**19.30** **Yfirlit frétta og veðurs.**
**19.35** **Kvölddagskrá**
**19.40** **Samantekt úr Fréttavaktinni** frá því fyrr um daginn.
**21.10** **Frontline** (Assault on Gay America)
**21.55** **Kvölddagskrá**

**23.00** Endursýningar

## ERLENDAR STÖÐVAR

**EUROSPORT**

**12.30** Cross-country Skiing: World Cup Beitostolen **13.15** Biathlon: World Cup Oestersund Sweden **14.45** Boxing **16.00** All sports: WATTS **16.30** Football: UEFA Cup **18.00** Biathlon: World Cup Oestersund Sweden **19.00** Olympic Games: Olympic Magazine **19.30** All Sports: Wednesday Selection **19.40** Sailing: Inside Alinghi **19.45** Equestrianism: World Cup Stuttgart **20.45** Polo: Cartier International Polo **21.15** Golf: Challenge Tour **21.45** Sailing: Bermuda Gold Cup **22.15** All Sports: Casa Italia: Road to Torino 2006 **22.30** Adventure: X – Adventure Raid Series **23.00** Football: UEFA Cup

**NATIONAL GEOGRAPHIC**

**12.00** When Expeditions Go Wrong **13.00** Insects from Hell **13.30** Insects from Hell **14.00** Seconds From Disaster **15.00** Seconds from Disaster **16.00** Megastructures **17.00** When Expeditions Go Wrong **18.00** Megacities **19.00** Bug Attack **20.00** Seconds From Disaster **21.00** Seconds from Disaster **22.00** Megastructures **23.00** When Expeditions Go Wrong **0.00** Seconds from Disaster **1.00** Megastructures

**ANIMAL PLANET**

**12.00** Meerkat Manor **12.30** Monkey Business **13.00** Big Cat Diary **13.30** Predator's Prey **14.00** Nightmares of Nature **14.30** Animal Precinct **15.00** Animal Cops Houston **16.00** Pet Rescue **16.30** Wildlife SOS **17.00** Amazing Animal Videos **17.30** Big Cat Diary **18.00** Meerkat Manor **18.30** Monkey Business **19.00** Chimpanzee Diary **19.30** Predator's Prey **20.00** Weird Nature **20.30** Supernatural **21.00** Miami Animal Police **22.00** Meerkat Manor **22.30** Monkey Business **23.00** A Nose for Crime **0.00** Pet Rescue **0.30** Wildlife SOS **1.00** Weird Nature **1.30** Supernatural

**DISCOVERY**

**12.05** 2050 Future Storm **13.00** Rex Hunt Fishing Adventures **13.30** Lake Escapes **14.00** Extreme Engineering **15.00** Extreme Machines **16.00** Scrapheap Challenge **17.00** A Bike is Born **17.30** A Bike is Born **18.00** American Chopper **19.00** Mythbusters **20.00** Collision Course **21.00** The Greatest Ever **22.00** The Road to Le Mans **22.30** The Road to Le Mans **23.00** Mythbusters **0.00** Forensic Detectives **1.00** FBI Files

**MTV**

**12.00** Boiling Points **12.30** Just See Mtv **14.00** Pimp MY Ride **14.30** Wishlist **15.00** Trl **16.00** Switched ON **17.00** Just See Mtv **17.30** Mtv:new **18.00** Hit List UK **19.00** Mtv Making The Movie – Episode details to be announced **19.30** Making The Video – Episode to be announced **20.00** Trippin **20.30** The Osbournes **21.00** Top 10 AT Ten -Travis **22.00** Jackass **22.30** Andy Milonakis Show **23.00** The Lick

**JETIX**

**11.50** Braceface **12.20** Jacob two-two **12.50** So Little Time **13.20** Goosebumps **13.50** Black Hole High **14.15** Spider-Man **14.40** Moville Mysteries **15.05** Digimon II **15.30** Totally Spies **16.00** W.I.T.C.H. **16.30** Sonic X






## HRÓSIÐ

*...fá Ásta Guðmundsdóttir, Guðbjörg Kr. Ingvarsdóttir og Ragna Fróða fyrir vel heppnaða tískusýningu á Hótel Borg.*

**ÞRÍR SPURÐIR**

# Eru jólagjafainnkaup hafin hjá þér?



**Gott að byrja snemma**

Já, þau eru bara hafin svei mér þá. Þau hófust í vikunni. Ég er nú ekki vön að byrja svona snemma á því að kaupa jólagjafir en ég fór til útlanda nýlega og kýldi þá á nokkrar jólagjafir. Það er ósköp þægilegt að vera búin að kaupa nokkrar gjafir svona snemma.

**LINDA ÁSGEIRSDÓTTIR** Leikkona.



**Vil helst byrja fyrr**

Já, þau eru nýhafin og mér finnst ég vera búin að gera allt of lítið. Ég vil helst byrja mun fyrr en þetta og finnst ég vera að byrja ofboðslega seint núna. Mér finnst gott að ljúka þessu af og vera laus við stressið sem fyrst.

**SESSÝ** Söngkona.



**Konan sér um þetta**

Já, þeim er að ljúka í þessum töluðu orðum. Konan sér um þetta allt saman, ég bara fylgi með og elti hana til London til að klára gjafirnar. Það er aldrei stress í kringum jólin hjá mér, bara gaman.

**JÓI FEL** Bakarameistari.



**LÁRÉTT** **2** hreinsiefni **6** hróp **8** planta **9** fugl **11** fyrir hönd **12** heill **14** flatfótur **16** borðaði **17** á skakk **18** X **20** bardagi **21** engi.

**LÓÐRÉTT** **1** væla **3** löng og lág hæð **4** grænmeti **5** dýrahljóð **7** stjórnmál **10** einkar **13** suss **15** getraun **16** svif **19** tveir eins.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** **2** sápu, **6** óp, **8** sar, **9** lóa, **11** pr, **12** allur, **14** ísig, **16** át, **17** ská, **18** tíu, **20** at, **21** akur.
**LÓÐRÉTT:** **1** góla, **3** ás, **4** paprika, **5** urr, **7** pólitík, **10** all, **13** uss, **15** gátu, **16** áta, **19** uu.

**[ VEISTU SVARIÐ ]**

1 Angela Merkel.
2 Tvö ár.
3 Gunnar Heiðar Þorvaldsson.

allt matur
Alla föstudaga

MAGNÚS JÓHANN VILHJÁLMSSON: TEKUR ÞÁTT Í HERRA ÍSLANDI

# Fyrsti samkynhneigði keppandinn

Magnús Jóhann Vilhjálmsson, sem býr sig af kappi undir Herra Ísland sem hefst á Broadway á fimmtudag, er fyrst keppandinn í sögu Herra Íslands sem hefur komið út úr skápnum.

Magnús segir það aldrei hafa komið til greina að leyna samkynhneigð sinni í keppninni. „Ef ég hefði þurft að gera það hefði ég hætt við að taka þátt," segir Magnús, sem hefur verið í sambúð með Skildi Eyfjörð í rúmt ár.

Í keppninni í ár, sem verður sýnd í beinni á Skjá einum, fá áhorfendur í fyrsta sinn að kjósa sigurvegarann með SMS-skilaboðum, rétt eins og verið hefur í Idol-keppninni. Mun dómnefndin því gegna því hlutverki að gefa sitt álit á keppendunum og sjá áhorfendur um afganginn. Aðspurður segist Magnús ekki vita hvort sú staðreynd að hann sé samkynhneigður muni hafa áhrif á stigagjöf í hans garð. „Það getur vel verið að það hafi annað hvort jákvæð eða neikvæð áhrif. Ef fólk er ekki að fíla mig eða það að ég sé samkynhneigður þá verður bara að hafa það."

Magnús, sem er nítján ára, vill ekki líta á sig sem brautryðjanda í keppinni en vonar að hann eigi eftir að hafa einhver áhrif. „Mér finnst ég frekar vera að brjóta ísinn. Það þarf kannski bara að einhver geri þetta," segir hann. „Ég bjó í sveitabæ í Noregi í átta ár. Það er erfitt að vera samkynhneigður úti á landi og vera í skápnum."

Æfingar eru í fullum gangi fyrir Herra Ísland og hefur Magnús haft í nógu að snúast. „Við höfum verið nánast á hverjum degi í tvær vikur að æfa. Þetta er öðruvísi en maður bjóst við en ég sé engan veginn eftir því að hafa viljað taka þátt."



**MAGNÚS JÓHANN VILHJÁLMSSON** Magnús kom út úr skápnum í fyrrasumar og segir varla hafa mætt neinum fordómum.

Magnús kom út úr skápnum í fyrrasumar og segist hafa verið hræddur fyrst eftir að hann tók ákvörðunina. Samt sem áður segist hann ekki hafa mætt fordómum af neinu ráði. Til að mynda hafa félagar hans í Herra Íslands komið mjög vel fram við hann. „Það hefur komið mér á óvart hversu vel hinir hafa tekið þessu. Ég hef ekki mætt neinum fordómum," segir Magnús Jóhann Vilhjálmsson.

freyr@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Detroit-rokkararnir ofursvölu, The **White Stripes**, fóru á barinn Sirkus á Klapparstíg á laugardagskvöld og fannst svo gaman að þau ákváðu að halda eftirteiti þar á sunnudagskvöldinu eftir tónleikana sem tókust afbragðsvel. Staðurinn var troðinn af trend-liði 101 Reykjavíkur og mátti þar sjá marga helstu neðanjarðarrokkara borgarinnar. Meðal gesta voru Þorgeir Guðmundsson kvikmyndagerðarmaður og RASS-meðlimur ásamt konu sinni Sigrúnu Hrólfsdóttur listakonu, Ragnar Kjartansson listamaður og söngvari í Trabant, Krummi í Mínus og Henrik í Singapore Sling. Einnig voru á staðnum Jón Sæmundur í Nonnabúð og Ási Már og Harpa Einars hönnuðir. Meg White lét ekki á sig fá að enski plötusnúðurinn spilaði ekkert nema gallhart teknó – og dansaði villt.



Eins og frægt er orðið sást til félaganna Eiðs Smára Guðjohnsen og Damien Duff á djamminu á dögunum en þeir félagar þræddu skemmtistaði Reykjavíkurborgar að næturlagi. Það sem færri vita hins vegar er að Damien Duff lenti í miður skemmtilegri lífsreynslu þegar félagar hans úr Chelsealiðinu voru í syngjandi sveiflu á dansgólfinu. Skyndilega vatt kófdrukkinn einstaklingur sér inn á staðinn og seldi upp á miðju gólfinu. Vildi ekki betur til en svo að Duff varð á milli með þeim afleiðingum að hann þurfti að fara heim á hótel að skipta um föt svo hann gæti haldið gleðinni áfram fram á rauða nótt.



thomas@frettabladid.is

Breyttur afgreiðslutími í Skaftahlíð 24
Virka daga kl. 8–18.
Helgar kl. 11–16.
SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000
OG ER OPINN ALLA DAGA FRÁ KL. 8–22.
Fíton/SÍA F1014416
DV FRÉTTABLAÐIÐ vísir

# Helen Mirren dáðist að kjól Elvu Óskar

Spennumyndaflokkurinn Örninn bar sigur úr býtum sem besta dramatíska þáttaröðin á alþjóðlegu Emmy-verðlaunahátíðinni sem fram fór í New York á mánudagskvöldinu. Þáttaröðin bar sigurorð af Spooks sem hefur verið sýndur á RÚV, rússnesk þáttaröð um lífið í hernum og New Tricks. Danir reyndust sigursælir á hátíðinni því Unge Anderson vann flokkinn „Besta sjónvarpsmyndin".

Elva Ósk Ólafsdóttir var fulltrúi okkar Íslendinga í Stóra eplinu en hún leikur sem kunnugt er systur Hallgríms í þáttunum en hann er hálf-íslenskur eins og alþjóð veit. Að sögn Elvu Óskar höfðu langflestir veðjað á Spooks og komu verðlaunin því þægilega á óvart. „Það var haldið upp á þetta fram á rauða nótt í Rainbow sal Rockefeller Center," sagði Elva Ósk og hló enda kunna frændur vorir Danir listina að fagna allra þjóða best.



**ELVA ÓSK ÓLAFSDÓTTIR** Fer beint til Danmerkur frá New York og tekur þar þátt í upptökum á þriðju seríu Arnarins en tökulið er væntanlegt til Íslands í byrjun sumars á næsta ári.

„Strax eftir hátíðina var öllum boðið í kokkteil og eftirrétti en síðan héldu hóparnir hver í sína áttina," bætti hún við, þreytt en ánægð.

Það var Gabriella Spanic, leikkona frá Venesúela, sem afhenti framleiðanda þáttanna, Sven Clausen, verðlaunin við mikið lófatak. Strax á eftir þurfti hópurinn að fara í blaðamannaviðtöl. Elva Ósk gat því ekki séð þegar Hillary Clinton afhenti Opruh Winfrey verðlaunin fyrir framlag sitt til sjónvarps.

Kjóllinn sem Elva Ósk klæddist vakti óskipta athygli á svæðinu og hún kölluð Snædrottningin af samferðarfólki sínu vegna hvíta litarins á kjólnum. Breska leikkonan Helen Mirren kom sérstaklega að máli við Elvu og hrósaði hönnuninni en Þórunn María Jónsdóttir hafði veg og vanda af honum.

Elva Ósk sagði það hafa verið forréttindi að hafa fengið að vera þátttakandi í þessu öllu saman. „Það kom samt á óvart hversu stuttur rauði dregillinn var. Maður stillti sér engu að síður bara upp og brosti. Þetta var bara alveg eins og bíómyndunum." - fgg

# Nýir eftirársbílar

## - from Russia with love



Seljum þessa fínu bíla
frá Mercedes Benz sem framleiddir
voru 2002 / 2003 en eru nýir, ónotaðir og óskráðir
1. skráningardagur - þegar þú færð hann

Um er að ræða Mercedes Benz C-Class,
C 200 K, C 240 og C 320 með
Elegance eða Avantgarde-pökkum
**Ekki amalegt**

Flestir bílarnir eru mjög vel útbúnir:
Leðurinnrétting, rafstýrð framsæti með minnis-
pakka, glertopplúga, sjónvarp, Xenon-ljós,
ESP stöðugleikakerfi og svo mætti lengi telja
**Ekki ónýtt**

Allir bílarnir hafa farið í gegnum nálarauga
Ræsis-manna sem hafa gengið úr skugga
um að bílarnir séu í 100% standi
**Ekki slæmt**

3 ára víðtæk ábyrgð frá
Verði / Íslandstryggingu fylgir öllum bílunum

Síðast en ekki síst:
Alveg hrikalega gott verð og frábær kjör

VÖRÐUR ÍSLANDSTRYGGING

Mercedes-Benz

MASTER

Glæsibæ, Álfheimum 74, 104 Reykjavík, sími 540 2200, www.masterbill.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**





GÆLDU•VIÐ•BRAGÐLAUKANA
FAXE
LÉTTUR ÖLLARI
AMBER




**BAKÞANKAR**
**SIGRÍÐAR DAGGAR AUÐUNSDÓTTUR**

## *Ekki algilt*

Viðbrögð forsætisráðherra, þegar hann tók við krónu konunnar sem ungliðahópur Femínistafélags Íslands afhenti honum til að minna á launamun kynjanna á dögunum, ollu mér miklum vonbrigðum. Í fyrsta lagi varð ég fyrir vonbrigðum með hann frá jafnréttissjónarmiði en einnig báru þau vott um slælega pólitíska dómgreind.

**KONURNAR** afhentu Halldóri barmmerki, krónu sem flipi hafði verið tekinn úr sem táknaði launamun kynjanna samkvæmt könnun VR. Viðbrögð Halldórs voru snubbótt og vandræðaleg. „Þetta er nú ekki algilt," var nánast hið eina sem hann sagði.

**AUMINGJA** Halldór kom þar með upp um tvo veikleika í sínu fari. Annars vegar fólst í þessum orðum hans viðhorf hans til þess baráttumáls sem jafnréttissinnum hefur tekist að vekja hve mestu athyglina á að undanförnu og kveikt hefur mikið umtal í þjóðfélaginu. Ég leyfi mér ekki að taka dýpra í árinni og segja að í orðum hans felist gamaldags karlrembuviðhorf og dæmigerð tilhneiging karlveldisins til þess að efast um að misrétti kynjanna sé í raun jafnmikið og konur vilji halda fram. Hitt er alveg nóg út af fyrir sig.

**ÞAÐ** er bara svo ömurlegt að heyra valdamesta ráðamann landsins, sem hefur það meginhlutverk að gæta hagsmuna þjóðarinnar, gera lítið úr því misrétti sem helmingur landsmanna býr við. Auðvitað er það ekkert algilt, að konur fái 65 prósent af launum karla, það er einfaldlega meðaltal, og eins og Halldór á að vita eru þar af leiðandi tilfelli þar sem launamunurinn er talsvert meiri en 65 prósent, því stundum er hann minni.

**HALLDÓR** hefði getað notað tækifærið og fagnað framtaki ungliðanna og tekið undir með þeim, líkt og flokksbróðir hans og félagsmálaráðherra Árni Magnússon gerði af svipuðu tilefni, og heitið því að beita sér og ríkisstjórn sinni í því skyni að útrýma þessu misrétti. Það hefði verið mjög snjallt pólitískt séð, en jafnframt eðlilegt af manni í hans stöðu sem hefur það hagsmunagæsluhlutverk sem honum ber að sinna.

**NEI,** Halldór er hvorki nægilega mikill jafnréttissinni, né nægilega góður pólitíkus til að hafa látið sér detta það í hug við þessar aðstæður og olli þar af leiðandi þjóðinni vonbrigðum. Enda kom það í ljós í skoðanakönnun Fréttablaðsins í gær, að hann nýtur minnsta trausts allra stjórnmálamanna. Hann getur svo sem sjálfum sér um kennt.





SJÓN: **ARGÓARFLÍSIN**

★★★★★
„... SNJALLT VERK OG FEIKILEGA VEL SKRIFAÐ ..."
- Kolbrún Bergþórsdóttir, Blaðið

„ALVEG FANTASKEMMTILEG BÓK"
- Illugi Jökulsson, Talstöðinni

„ÞETTA ER LISTILEGA SKRIFUÐ SAGA"
- Silja Aðalsteinsdóttir, TMM

„MAGNAÐUR SKÁLDSKAPUR ... "
- Halldór Guðmundsson, Fréttablaðið



# NORÐURLANDA-MEISTARI OG KRÓNPRINS



JÓN HALLUR STEFÁNSSON: **KROSSTRÉ**

★★★★
„KROSSTRÉ ER SÉRLEGA VEL SKRIFUÐ BÓK"
- Kolbrún Bergþórsdóttir, Blaðið

★★★★
„HÖRKUSPENNANDI... GLÆSILEG SAKAMÁLASAGA"
- Páll Baldvin Baldvinsson, DV

„SAGAN ER ALGER NAUTN OG MAÐUR ÖFUNDAR BARA ÞÁ SPENNUFÍKLA SEM EIGA EFTIR AÐ LESA HANA"
- Silja Aðalsteinsdóttir, TMM




BJARTUR

Fiton/SÍA FI015301






„Ég mæli með TEFAL®
Fyrsta flokks pottum og pönnum"

Úlfar Eysteinsson matreiðslumeistari
á veitingahúsinu *"Þrír frakkar hjá Úlfari"*



MODEL AKRANESI
HAGKAUP *Skemmtilegast að versla*
RADIONAUST AKUREYRI
BRÆÐURNIR ORMSSON
Lágmúla 8 • Sími 530 2800
www.ormsson.is
ORMSSON SMÁRALIND